

38

## Mein name ist Derrick

Horst Tappert lék Oberinspektor Stephan Derrick, lögreglumanninn réttvísa sem tryggði glæpamönnum í München makleg málagjöld, í nærri aldarfjórðung.




Heitasta jólagjöfin
dúnsokkar
Aðeins 5.900,-
Betra BAK
Opið í dag til kl. 19



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. desember 2008 — 348. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**LAUGARDAGUR**



**VANTAR VERKSMIÐJUR Á ÍSLANDI**

Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður talar um handverk, verksmiðjuvit og vísanir í fortíðina.

VIÐTAL 32





FYLGIR Í DAG

**VEÐRIÐ Í DAG**





**ÉL VESTAN TIL** Í FYRSTU Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt en þó norðaustan 5-10 á Vestfjörðum og við Breiðafjörð. Víða él á vesturhelmingi landins annars þurrt og bjart með köflum. Áfram frost.

VEÐUR 4

# AGS segir virkjanir orsök ofþenslunnar

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir virkjanaframkvæmdir vera upphaf þenslutímans á Íslandi. Fyrrverandi iðnaðarráðherra segir þetta vera mikla einföldun.**

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) segir framkvæmdir tengdar áliðnaðinum vera upphafið að ofþenslu íslensks efnahagslífs. Þetta kemur fram í skýrslu sjóðsins um Ísland.

Þar segir: „Hin langvinna þensla hagkerfisins, sem fjárfestingar í áliðnaði hrutu af stað og var viðhaldið með snaraukinni einkaneyslu, og greiður aðgangur að fjármagni ýtti undir, ól af sér ójafnvægi í þjóðarbúskap og gerði fjármálakerfið berskjaldað fyrir utanaðkomandi áhrifum.“

„Já, þarna segir að framkvæmdir tengdar álverum hafi komið ofþenslunni af stað, ýtt þessum bolta sem síðan rúllar af stað. Ég held þó að þeir telji fleiri þætti spila þar inn í. En jú, tímasetningarnar á framkvæmdum voru þannig að allt hjálpast að,“ segir Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Valgerður Sverrisdóttir, fyrrum iðnaðarráðherra, telur þetta mikla einföldun. „Auðvitað er það þannig að hér voru mikil umsvif í sambandi við stóriðjuframkvæmdir. Samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar átti ekki að fara í framkvæmdir fyrir austan og vestan á sama tíma, eins og varð, en við það varð ekki ráðið.“

Það hafi einnig haft mikil áhrif þegar bankarnir komu inn á húsnæðismarkaðinn og jöklabréf upp á hundruð milljarða. „En ein af ástæðum þenslunnar er að sjálfsögðu sú mikla uppbygging sem átti sér stað. En hins vegar þá getum við sagt í dag að eins gott er að af þessum framkvæmdum, sem skapa verðmæti og þjóðinni gjaldeyri, hafi orðið.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir umsögn AGS athyglisverða. „Þetta er það sem við vöruðum við á sínum tíma. Stórvirkjana- og stóriðjufjárfestingarnar voru frumorsakavaldur þenslunnar. Þær settu verðbólguskrúfuna af stað og leiddu af sér vaxtahækkun. Því miður er allt það versta sem varað var við að rætast, ekki síst þegar horft er til lækkandi álverðs og orkusölu. Öllu var veðjað á álið.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**LJÓSIN LAÐA** Nemendur og starfsfólk Ísaksskóla luku haustönninni með jólaballi í gær. Síðan tók við langþráð frí. Síðasti kennsludagur var í skólum víðast hvar í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN



**LISTAHESTUR** Cholla málar á striga sem stillt er upp á trönur í girðingu hans. Hann unir sér vel við sköpunina.
FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Hross sýnir verk í Feneyjum:

## Abstrakt-verk hests slá í gegn

**MENNING** Til stendur að setja upp sýningu á abstrakt-málverkum í Feneyjum á næstunni. Málverkin eru eftir Cholla, hest frá Nevada í Bandaríkjunum. Þau hafa selst á hundruð þúsunda króna.

Cholla hóf ferilinn fyrir fjórum árum þegar eigandi hans var að mála girðingu. „Hann virtist mjög áhugasamur um það sem ég var að gera. Maðurinn stakk upp á því að ég léti hann hafa pensil,“ segir Renee Chambers. Síðan hefur Cholla ekki hætt að mála.

Talsmaður Guidecca-listasafnsins í Feneyjum segist fyrst hafa séð málverk eftir Cholla í vor, og hafi þá alls ekki áttað sig á að það væri eftir hest. **- sh**

Formaður skilanefndar:

## Landsbankinn helmingi minni

**EFNAHAGSMÁL Eignir Landsbanka hafa rýrnað um helming, miðað við áætlun skilanefndar gamla bankans.**

**Skilanefndin vill freista þess að fá um 1.000 milljarða fyrir eignir bankans eftir nokkur ár. Að auki komu 1.300 milljarðar frá ríkinu inn í nýja bankann eftir yfirtöku.**

**Eignir bankans voru hins vegar metnar á 4.500 milljarða fyrir hrun bankanna. Eignirnar voru að mestu útistandandi lán.**

**- kóp, ikh /** **sjá síðu 4**


OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
ALLTAF í Skeifunni
24 Skeifan
HAGKAUP
Ein ferð betra verð


Benedikt XVI páfi lýsti yfir áhyggjum sínum vegna kreppunnar:

## Páfi biður fyrir Íslendingum

**UTANRÍKISMÁL** Benedikt XVI. páfi óskar íslenskum stjórnmálamönnum „visku og framsýni“ við að ráða fram úr fjármálakreppunni. Páfi lét þessi orð falla er Elín Flygenring, sem nýlega tók við sem fastafulltrúi Íslands við Evrópuráðið í Strassborg, afhenti trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands gagnvart Páfagarði á fimmtudag.

Páfi sagðist þess fullviss að íslenska þjóðin, sem væri þekkt fyrir seiglu sína og hugrekki, muni standa af sér þessa erfiðleikatíma og öðlist efnahagslegan stöðugleika á ný. Til þess sé þörf á skynsömum og ábyrgum ákvörðunum, sem byggi á siðrænum gildum.

Benedikt XVI. lagði áherslu á, að Páfagarður fylgdist áhyggjufullur með þeim þrautum sem fólk og heilu þjóðríkin gengju nú í gegnum af völdum alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Hann fylgdist vel með þeim tillögum sem fram kæmu um leiðir til að koma á stöðugleika á ný í fjármálakerfi bæði einstakra landa og alþjóðlega.

„Ég bið fyrir því að þeir sem bera ábyrgð á pólitískum og efnahagslegum ákvörðunum láti visku, framsýni og almannaheill ráða för,“ sagði páfi. **- aa**






HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR



Opið til 22
Kringlan



4 dagar til jóla

## SPURNING DAGSINS



*Sigríður, ertu í skýjunum yfir þessu?*

„Já, í sjöunda himni.“

Sigríður Klingenberg spákona sló heimsmet þegar hún spáði fyrir 198 manns í 37 þúsund feta hæð.

Tólf kílóa ostur reyndist þjófi þung byrði þegar hann hljóp af vettvangi glæps:

# Ostakrækir hnuplar úr Búrinu

**MATUR** Írskur gáda-osthleifur var numinn á brott af heimili sínu í fyrrinótt og skömmu síðar varpað á jörðina. Osturinn, sem staðið hafði á afgreiðsluborði ostaverslunarinnar Búrsins við Nóatún, komst aftur óskaddaðar í réttar hendur.

Eirný Sigurðardóttir, eigandi Búrsins, vann fram eftir í fyrrinótt og raðaði í gjafakörfur bakatil í búðinni. Þegar nokkuð var liðið fram yfir miðnætti varð hún vör við umgang frammi. Þegar hún kannaði málið sá hún þar mann rogast með stærðar ost út um dyrnar.

„Ég hljóp á eftir honum alveg tjúlluð,“ segir Eirný. Þegar út var komið skrikaði þjófnum fótur svo hann missti ostinn.

Um var að ræða tólf kílóa gáda-ost frá írskum bóndabæ. Verðmæti hans er ríflega áttatíu þúsund krónur. „Osturinn slapp,“ segir Eirný. „Hann er ekkert skemmdur.“

Eirný ætlar ekki með málið lengra. „Nei, ekki núna rétt fyrir jól.“ Hún segist hafa áhyggjur af ástandinu fyrst menn séu farnir að brjótast inn til að næla sér í ost í matinn.

Eirný hefur þegar uppnefnt þjófinn Ostakræki og telur að þar sé á ferð fjórtándi jólasveinninn. **- sh**



**Í BÚRINU** Eirný segist himinlifandi að hafa fengið ostinn aftur, enda mikils virði. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Grænir fingur glæpamanna:

## Kannabisrækt upprætt nyrðra

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Blönduósi upprætti fíkniefnaframleiðslu á Skagaströnd í fyrrakvöld. Húsleit var gerð í einbýlishúsi vegna gruns um kannabisræktun. Grunurinn reyndist á rökum reistur og fundust þar um 150 kannabisplöntur og ýmis tæki og tól til ræktunar.**

**Tveir voru handteknir á staðnum. Þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum.**

**Ræktunin mun hafa verið vel á veg komin en ekki er talið að afrakstur hennar hafi verið kominn í dreifingu. Málið er í rannsókn. - sh**

Útvarpið veitir viðurkenningu:

## Þórunn verðlaunuð af RÚV

**VERÐLAUN** Stjórn Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins veitti í gær Þórunni Valdimarsdóttur, rithöfundi og sagnfræðingi, viðurkenningu sjóðsins fyrir árið 2008 og 600 þúsund króna verðlaun.



**ÞÓRUNN VALDIMARSDÓTTIR**

Viðurkenningin hefur verið veitt frá árinu 1956. Kristín Steinsdóttir hlaut hana í fyrra og Jón Kalman Stefánsson árið þar áður.

Í stjórn sjóðsins eru Eiríkur Guðmundsson og Jórunn Sigurðardóttir frá Ríkisútvarpinu, Pétur Gunnarsson og Kristín Steinsdóttir frá Rithöfundasambandinu og formaðurinn Skafti Þ. Halldórsson frá menntamálaráðuneytinu. **- sh**

Samfylking kannar þingmenn:

## Enginn notið sérkjara í banka

**STJÓRNMÁL Innan Samfylkingar hefur verið athugað hvort þingmenn hennar hafi notið sérkjara eða óeðlilegrar fyrirgreiðslu í bankakerfinu. Svo var ekki, segir á heimasíðu flokksins.**

**Með þessu er brugðist við sögum um að meirihluti þingheims hafi fengið lán á öðrum kjörum en almenningur og að skuldir þeirra hafi verið afskrifaðar.**

**„Samfylkingin hvetur til málefnalegrar umræðu um það sem aflaga hefur farið í samfélaginu og lýsir óbeit sinni á innihaldslausu slúðri og rógburði,“ segir einnig þar. - kóþ**

### ICESAVE-REIKNINGARNIR

**Newcastle tapar miklu**

Byggingarsjóður Newcastle býst við að tapa 43 milljónum punda á viðskiptum sínum við íslenska banka.

# Hagræðir og ræður tugi lögreglumanna

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Stefán Eiríksson, hefur auglýst eftir tuttugu og þremur lögreglumönnum til starfa. Tilfærslur verkefna, svo og lækkanir á föstum kjörum í hagræðingarskyni, skila embættinu stórum upphæðum.**

**LÖGGÆSLUMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur auglýst eftir tuttugu og þremur lögreglumönnum til starfa. Mikil hagræðingarvinna hefur farið fram innan embættisins og þrátt fyrir aukinn kostnað, svo og niðurskurð telur hann að dæmið muni ganga upp. Á fimmta tug umsókna hafa borist. Umsóknarfrestur rennur út á Þorláksmessu.

Umsóknirnar sem borist hafa eru bæði frá nýútskrifuðum lögreglumönnum svo og þeim sem hafa hug á að snúa aftur til starfa á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra.

„Við miðuðum við þær forsendur sem við okkur blasa í fjárlagafrumvarpi og gerðum okkur grein fyrir því að við þyrftum að skera niður samkvæmt fyrirliggjandi kröfum, svo og út af hallarekstri á þessu ári,“ útskýrir hann. „Það gerum við meðal annars með því að loka afgreiðslu okkar í Borgartúni og flytja leyfamálin, það er afgreiðslu vegabréfa, ökuskírteina og þess háttar, yfir til sýslumannsins í Kópavogi. Það sparar okkur 10-20 milljónir.“

Þá verða gerðar breytingar á fyrirkallsdeildinni, einnig í hagræðingarskyni, að sögn Stefáns. Hún verður lögð niður í núverandi mynd. Starfsmenn og verkefnin færast inn á svæðisstöðvarnar og í almennu deildina. Þar sparast einnig tugir milljóna.

„Síðan erum við að hagræða í launamálunum með því að lækka föst kjör yfirmanna og allra sem eru á einhvers konar fastlaunasamningum, um allt að fimm yfirvinnutíma á mánuði. Einnig að draga úr yfirvinnu almennt séð um sama tímafjölda. Það skilar einnig hagræðingu á ársgrundvelli upp á 70 til 80 milljónir.

Með þessu móti getum við ráðið inn í þessar rúmlega tuttugu stöður um áramótin.“

Stefán segir rekstur lögreglunnar ekkert sérlega auðveldan á þessum erfiðu tímum.

„Það er auðvitað ekki séð hver endanleg niðurstaða verður hjá okkur. Við erum ekki komnir með tryggingu fyrir að við getum ráðið allt þetta fólk. En ef við fáum viðurkenningu á fjáraukalögum á þeim aukna kostnaði sem við höfum orðið fyrir á þessu ári, bæði vegna verðlagshækkana og viðbúnaðar vegna náttúruhamfara, mótmælaaðgerða og fleira, þá ætti þetta að smella.“

jss@frettabladid.is



**NÝIR LÖGREGLUMENN** Hópur nýútskrifaðra nemenda úr Lögregluskóla ríkisins hefur sótt um starf á höfuðborgarsvæðinu. Myndin er frá nýafstaðinni útskrift lögregluskólans, þar sem 32 voru brautskráðir. MYND JÚLÍUS SIGURJÓNSSON



**STEFÁN EIRÍKSSON** Ef viðurkenning fæst á auknum kostnaði lögreglu í haust þá smellur dæmið saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**OBAMA OG CLINTON** Clinton-hjónin hafa ekki fyrr en nú viljað gefa upp hverjir styrkja góðgerðarstofnun forsetans fyrrverandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stofnun Bills Clinton:

## Fé frá ríkjum og frægu fólki

**BANDARÍKIN, AP** Clinton-stofnunin, góðgerðastofnun Bills Clinton fyrrverandi Bandaríkjaforseta, hefur birt opinberlega lista yfir alla styrktaraðila sína. Það er gert í þeim tilgangi að ljóst verði hvaða fjárhagstengsl gætu hugsanlega haft áhrif á störf Hillary Clinton í embætti utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Samkvæmt upplýsingunum fékk stofnuninni meðal annars fé frá ríkisstjórnum Sádi-Arabíu og Noregs, fyrirtækjum á borð við hið umdeilda öryggisfyrirtæki Blackwater, og frægu fólki á borð við Steven Spielberg.

Alls hafa framlög til stofnunarinnar frá upphafi numið 492 milljónum dala, sem samsvarar nærri 60 milljörðum króna samkvæmt gengi gærdagsins. **- gb**

### VEITINGAHÚS

**Útiveitingar á Ölstofunni**

Ölstofa Kormáks og Skjaldar á Vegamótastíg hefur fengið jákvætt svar frá byggingarfulltrúa við fyrirspurn um það hvort leyfi fáist fyrir útiveitingar með sæti fyrir tólf manns á lóðinni við krána.

### DANMÖRK

**Piparkökuhúsið féll saman**

Eitt hús féll saman í jarðskjálftanum sem varð á Skáni nýlega. Það var piparkökuhús í Danmörku. Húsið er nú til sölu á eBay.






Löng biðröð myndaðist við hús Fjölskylduhjálpar Íslands í gær:

# Átta hundruð fjölskyldur þáðu aðstoð

**SAMFÉLAGSMÁL** Löng biðröð myndaðist í gær við hús Fjölskylduhjálpar Íslands í Eskihlíð þegar þriðja og síðasta matarúthlutun fyrir jólin fór fram.

Til Fjölskylduhjálparinnar leitar meðal annars fólk úr lágtekjuhópum, öryrkjar, einstæðir foreldrar, eldri borgarar og aðrir þeir sem tekst ekki að láta enda ná saman.

„Að minnsta kosti þrjú hundruð fjölskyldur fengu úthlutað hjá okkur í dag,“ sagði Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, eftir úthlutun gærdagsins. Í fyrri úthlutunum, 10. og 17. desember, höfðu samtals fimm hundruð manns leitað til samtakanna eftir aðstoð. Samtals þáðu því átta hundruð fjölskyldur aðstoð Fjölskylduhjálparinnar fyrir þessi jól.

Matarskammturinn var vel útilátinn, enda fjöldi fyrirtækja og einstaklinga sem styrkja Fjölskylduhjálpina fyrir jólin. Hver fjölskylda fékk hátíðarmat, eins og hamborgarhrygg, meðlæti, gos, ís, epli og mandarínur, auk annarra matvæla.

Ásgerður Jóna segir framlögin gera gæfumuninn. „Þetta var mjög vel útilátið hjá okkur, enda studdu margir vel við bakið á okkur nú fyrir jólin, bæði með matargjöfum og öðrum framlögum.“ **- hhs**




**BEÐIÐ EFTIR MATNUM** Um þrjú hundruð fjölskyldur sóttu jólamatinn til Fjölskylduhjálpar Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ILVA
einfaldlega betri kostur
7.990,-
Linyee. Ljósakróna. Satín m/kristal.B. 24, H. 47 cm. Einnig til hvít. 7.990,-
13.450,-
Highgloss. Spegill. 40x80 cm. 13.450,- 40x120 cm. 17.400,- 55x160 cm. 29.500,- Einnig til hvítur.
7.390,-/stk
Tibet. Púði, ull. Verð 9.900,-/stk. NÚ 7.390,-/stk.
6.400,-
Helen. Skál, sporöskjulaga. B. 44 cm. L. 56,5 cm. 6.400,-
4.990,-
Kitchen. Hitakanna. 1 lítri. Stál. Einnig til hvít eða grá. 4.990,-
© ILVA Ísland 2008
7.990,-
Barok. Vasi. Keramik. 35x45 cm. 7.990,-
shop online
Verslaðu á ilva.is
Sendum um allt land
5.900,-
Molise. 100% bómull. 140x200 cm. 5.900,-
1.990,-
Office. Kortaveski. Stál. 1.990,-
1.990,-
Bigso. Myndaalmbúm. Hvitt. 30 bls. 35x32 cm. Einnig til grátt. 1.990,-
25
frábærar hugmyndir að jólagjöfum
3.990,-
Salt'n pepper. Salt-/piparkvörn sett, með ljósi. 3.990,-
6.900,-
Dream. Koddi. 50x70 cm. 55% andadúnn. 6.900,-
frá 4.990,-
Allison. Glervasi. H. 45 cm. 4.990,- H. 55 cm. 5.990,-
14.900,-
Crystal. Borðlampi. Glær. H. 44 cm. 14.900,- Skermur seldur sér.
frá 2.990,-/stk.
Classic. Kertastjaki. H.33 cm. 2.990,-/stk.
Gjafakort
eru gefin út á þjónustuborði ILVA. Frábær gjöf fyrir upphæð að eigin ósk.
1.990,-
Base. Handklæði. 70x130 cm. Ýmsir litir og stærðir. 1.990,-
3.990,-
Kvikmyndastjörnur. Svart/hvítar myndir. Fjölbreytt úrval. 30x40 cm. 3.990,-
990,-
Ypsilon. Karafla, 1l. H. 25,5 cm. 990,-
3.990,-/stk.
Comfy. Baðsloppur. Dömu/Herra. 3.990,-/stk.
HAFLIÐI RAGNARSSON CHOCOLATIER
19.900,-
Sevilla. Borðlampi, svartur skermur plís. Einnig til hvítur. 19.900,-
19.900,-
Dream. Sæng. 135x200 cm. Moskus/andardúnsæng. 19.900,-
1.990,-
Marseille. Fljótandi sápa. 500 ml. Ýmsar tegundir. 1.990,-
frá 7.990,-
Herregaard. Kertastjaki. H.41 cm. 7.990,- H.100 cm. 19.990,-
Ekta íslenskt handgert konfekt sem kemur í glæsilegum gjafapakkningum.
frá 1.490,-
Hannah. Kertastjaki. Silfurlitaður, svartur eða brúnn. H. 41 cm. 1.490,- H. 52 cm. 1.890,- H. 70 cm. 2.290,-
Jól 2008
Opið til kl. 22:00 alla helgina - skoðaðu jólabæklinginn á www.ilva.is
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardag 10-22 sunnudag 12-22 mánudaga - föstudaga 11-19

## GENGIÐ 19.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,11 | 121,69 |
| Sterlingspund | 181,12 | 182 |
| Evra | 169,72 | 170,66 |
| Dönsk króna | 22,779 | 22,913 |
| Norsk króna | 17,332 | 17,434 |
| Sænsk króna | 15,474 | 15,564 |
| Japanskt jen | 1,3619 | 1,3699 |
| SDR | 187,47 | 188,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

217,6413

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Menntamálanefnd frestar auglýsingatakmörkunum RÚV en leyfir nefskattinn:

# Vonbrigði og óvissa fyrir Skjáinn

**FJÖLMIÐLAR** Ákvörðun menntamálanefndar um að fresta gildistöku laga um RÚV veldur starfsmönnum sjónvarpsstöðvarinnar Skjásins miklum vonbrigðum og skapar óvissu um framtíð fyrirtækisins. Þetta segir framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Sigríður Margrét Oddsdóttir.

Þetta gæti sett áform fyrirtækisins, um að endurráða alla starfsmenn sína, í uppnám.

Þrátt fyrir að fresta takmörkununum leyfir nefndin engu síður að nefskattur verði settur á landsmenn, til að standa undir rekstri RÚV.

Sigurður Kári Kristjánsson, formaður nefndarinnar, segir að hér sé ekki um tekjuaukningu fyrir RÚV að ræða. Skatturinn skili sömu tekjum og afnotagjöldin áður.

Spurður segist hann alltaf hafa viljað treysta markaðnum fyrir þessum rekstri „en við viljum sjá afleiðingar þess betur að takmarka fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði“. Viðamiklar umsagnir hafi borist nefndinni sem þurfi að skoða.

„Ég vona auðvitað að Skjárinn nái að þreyja þorrann fram að 15. febrúar, þegar nefndin skilar niðurstöðu um frumvarpið,“ segir Sigurður Kári. - kóþ



SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

Niðurskurður gagnrýndur:

# Aðhaldið vekur reiði prófessora

**MENNTAMÁL** Prófessorar við ríkisháskóla eru óánægðir við áætlaðan niðurskurð á fjárframlögum til Háskóla Íslands, sem gert er ráð fyrir á endurskoðuðum fjárlögum. Í tilkynningu frá Félagi prófessora við ríkisháskóla segir að HÍ veiti nú þegar hagkvæmustu menntun sem völ er á við íslenska háskóla, samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Með niðurskurðinum sé ráðist gegn mikilvægustu vaxtarbroddum háskólastarfsemi í landinu, framhaldsnámi og rannsóknum, og starfskjörum prófessora sem bera höfuðábyrgð á kjarnastarfsemi háskólans. - sh

31 fær ríkisborgararétt:

# Frá tólf ára til næstum níræðs

**ALÞINGI Fólk frá samtals nítján ríkjum fær íslenskan ríkisborgararétt að ákvörðun allsherjarnefndar Alþingis.**

**Fólkið kemur víða að úr heiminum; frá Króatíu, Litháen, Mexíkó, Chile, Nígeríu, Bandaríkjunum, Búlgaríu, Íran og Rússlandi svo dæmi séu tekin.**

**Tólf ára Taílendingur er yngstur nýju Íslendinganna og 87 ára Króati elstur.** - bþs

Barnaskóli Hjallastefnunnar:

# Hæsta meðaleinkunnin

**MENNTAMÁL** Níu ára börn í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ tóku samræmdu prófin í íslensku og stærðfræði í fyrsta skipti í haust og kom skólinn best út miðað við hina barnaskólana í Garðabæ.

„Við náðum mjög góðum árangri og þökkum kynjaskiptingunni þennan árangur,“ segir Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri. „Allir skólarnir í Garðabæ eru mjög frambærilegir og flottir og þeir eru allir yfir landsmeðaltali,“ segir hún. „Við þökkum kynjaskiptingunni þennan árangur.“

Meðaleinkunnin var 8,4 í stærðfræði og 7,2 í íslensku en meðaleinkunnin yfir allt landið er 6,8 í stærðfræði og 6,4 í íslensku. - ghs

## DÓMSTÓLAR

### Sekt fyrir að auglýsa áfengi

Breki Logason, fyrrverandi ritstjóri tímaritsins Hér og nú, hefur verið dæmdur til að greiða 300 þúsund króna sekt fyrir að hafa birt áfengisauglýsingu í blaðinu. Breki bar að Hér og nú hafi verið fylgirit DV og ritstjóri DV því verið ábyrgðarmaður þess. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ábyrgðin sé Breka sem ritstjóra.

# Eignir Landsbanka rýrna um helming

**Gamli Landsbanki átti 4.500 milljarða króna fyrir hrun. Skilanefnd metur eignir bankans nú á þúsund milljarða. NBI fékk 1.300 milljarða. Íslendingar greiða 150 milljarða fyrir Icesave. Aðrir kröfuhafar verða líklega af 2.000 milljörðum.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við áætlum að eignir gamla Landsbankans séu um 1.000 milljarða króna virði, en það er alls ekki endanlegt mat,“ segir Lárus Finnbogason, formaður skilanefndar bankans.

Þá er gert ráð fyrir að þær verði seldar eftir þrjú til fimm ár. „Ef við værum að selja þær núna þá fengjum við miklu minna fyrir þetta,“ segir Lárus.

Skömmu fyrir bankahrunið, í lok september, námu eignir Landsbankans um 4.500 milljörðum króna, samkvæmt upplýsingum fyrri eigenda. Þær voru að nærsum tveimur þriðju fólgnar í lánum til viðskiptavina, að miklu leyti með veði í eignum og fyrirtækjum.

Samkvæmt stofnefnahagsreikningi NBI, Nýja Landsbankans, eru eignir hans 1.300 milljarða króna virði. Samanlagt eru eignir gamla og nýja bankans um 2.300 milljarðar. Eignirnar frá því fyrir hrun virðast því hafa rýrnað um næstum helming.

Lárus segir rýrnun eigna ekki koma á óvart. „Þetta eru hreinar hamfarir á fjármálamörkuðunum. Fyrirtækin sem hafa fengið lánað standa líka misjafnlega.“

Skuldir NBI nema um 1.100 milljörðum. Óvíst er um heildarskuldir fyrir hrun en um mitt árið námu þær hátt í 4.000 milljörðum. Innlán, hér og erlendis, voru stór hluti þess.

Lárus segir að rætt sé við kröfuhafa um að fá hlut í NBI og þeir taki vel í það. „Það versta sem þeir gætu hugsað sér er að eignirnar yrðu metnar núna og gert upp við þá með skuldabréfi. Þá ættu þeir enga möguleika á virðishækkun sem gæti komið til seinna, verði nýju bankarnir arðvænlegir.“

Lárus telur enn fremur að Íslendingar beri hluta Icesave-reikninganna, enda þótt eignir dugi langt.

Um 1.300 milljarðar voru á þessum reikningum. Ætlað er að íslenski innstæðutryggingasjóðurinn greiði um 650 milljarða en fái um 500 til baka af eignum bankans. Bretar og Hollendingar greiði annað eins og eignir komi á móti. 300 milljörðunum sem eftir eru verði skipt milli aðila. „Gatið sem stendur eftir, þegar búið er að láta eignirnar upp í, er því um 150 milljarðar,“ segir Lárus.

Fleiri eiga kröfur á gamla bankann en innstæðueigendur. Ætla má að lítið eða ekkert fáist í kröfur upp á um 2.000 milljarða króna, eftir því sem næst verður komist. - ikh



**YFIRMENN GAMLA LANDSBANKANS** Lárus Finnbogason, formaður skilanefndar, Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. Skilanefndin telur að eignir gamla bankans nemi um 1.000 milljörðum króna og að Íslendingar greiði 150 milljarða króna fyrir Icesave. Það gerir um hálfa milljón króna á hvern Íslending. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Það eru hreinar hamfarir á fjármálamörkuðunum. Fyrirtækin sem hafa fengið lánað standa líka misjafnlega.
>
> LÁRUS FINNBOGASON FORMAÐUR SKILANEFNDAR LANDSBANKANS

Jón Gerald Sullenberger:

# Búðin opnuð á komandi ári

**VERSLUN Ný lágvöruverðsverslun Jóns Geralds Sullenberger verður „að sjálfsögðu“ opnuð á næsta ári, segir hann. Undirbúningur gangi vel og gríðarlegur áhugi sé meðal almennings.**

**Hátt í 200 tölvuskeyti hafi borist frá fólki sem lýst hefur yfir stuðningi sínum við hugmyndina.**



JÓN GERALD SULLENBERGER

**Jón segist hafa rætt við nokkra hugsanlega fjárfesta, en enn sé ekkert í hendi, enda fáir sem eigi fjármagn afgangs þessa dagana.**

**„En ég get ekki betur séð en að þetta muni allt ganga vel og ég skora á þá sem eru með ódýrt og gott húsnæði á lausu að láta í sér heyra,“ segir hann.** - kóþ

Veði ekki aflétt af íbúð:

# Fasteignasalinn greiði bætur

**DÓMSMÁL** Fasteignasali sem annaðist viðskipti með íbúð í Kólguvaði hefur verið dæmdur til að greiða kaupendunum tvær milljónir króna vegna mistaka sem hann gerði. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að fasteignasalinn hafi tekið við 25 milljóna króna láni frá hjónum sem keyptu íbúðina. Í stað þess að létta veðláni af íbúðinni notaði fasteignasalinn peningana, fyrir mistök að eigin sögn, til að greiða skuld seljanda íbúðarinnar við annan aðila. Það fé tapaðist síðan því seljandinn varð gjaldþrota. Starfsábyrgðartrygging fasteignasalans greiddi 23 milljónir en nú hefur hann verið dæmdur til að greiða þær tvær milljónir sem út af standa eftir uppgjör við kaupendurna. - gar




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**AÐFARARNÓTT SUNNUDAGSINS**

Seint í kvöld fer að hvessa með suðurströnd landsins þegar lægð mjakar sér austur á bóginn fyrir sunnan land. Má seint í nótt búast við norðaustan hvassviðri eða jafnvel stormi með suður- og suðausturströndinni með kafaldsbyl og snjókomu. Á sunnudagsmorgun verður veðrið verst suðaustan og austan til með snjókomu og skafrenningi. Lægir smám saman.



**Á MORGUN**
15-20 m/s við SA- og A-ströndina annars 5-10

**MÁNUDAGUR**
10-18 m/s SV-til annars hægari

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| New York | -1° |
| Orlando | 26° |
| Osló | 2° |
| París | 10° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Toys R Us

# Lokaspretturinn til jóla

# -25%

# Afsláttur af öllum vörum fram á aðfangadag

Kópavogur Smáratorg 3. Sími 550 0800
Reykjavík, Korputorg. Sími 585 0600
Akureyri Glerártorg. Sími 461 4500

**KJÖRKASSINN**



*Er réttlætanlegt hjá Ríkislögreglustjóra að fækka lögfræðingum í efnahagsbrotadeild?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 20% |
| NEI | 80% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er eðlilegt að innflytjendur þurfi að standast íslenskupróf til að fá ríkisborgararétt?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Þingforseti verst kröfum um afnám aðstoðarmanna landsbyggðarþingmanna:

# Tekist á um aðstoðarmennina

**ALÞINGI** Í sparnaðar- og niðurskurðarvinnu Alþingis síðustu dægrin hefur verið lagt til að aðstoðarmenn þingmanna landsbyggðarkjördæmanna verði slegnir af. Áætlað er að kostnaður við kerfið nemi um 60 milljónum á ári.

Þingmenn úr röðum stjórnarliða hafa lagt til að fyrirkomulaginu verði hætt, meðal annars Ármann Kr. Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. Í ræðu við aðra umræðu fjárlaga kallaði Ármann það lúxus. Ólöf Nordal Sjálfstæðisflokki og Árni Páll Árnason hafa líka talað í sömu átt.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON



STURLA BÖÐVARSSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, tekið tillögunni þungt og raunar lagst gegn henni.

Þingmenn landsbyggðarkjördæmanna fengu að ráða sér aðstoðarmenn í þriðjungsstarfi á fjórðungi af launum þingmanna fyrr á árinu. Rót þeirrar ráðstöfunar er að finna í umræðum um síðustu breytingu kjördæmaskipunarinnar en við hana stækkuðu landsbyggðarkjördæmin til muna. Er aðstoðarmönnunum ætlað að viðhalda tengslum þingmanna kjördæmanna við kjósendur og styrkja um leið störf þeirra í þinginu.

Þrír þingmenn landsbyggðarkjördæmanna hafa ekki ráðið sér aðstoðarmenn. Það eru Árni Johnsen Sjálfstæðisflokki, Eygló Harðardóttir Framsóknarflokki og Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda flokknum. **-bþs**

Óeirðir í Svíþjóð:

# Kveikt í bifreiðum og gámum

**SVÍÞJÓÐ, AP Harkalegar óeirðir brutust út í Málmey í Svíþjóð eftir að menningarmiðstöð múslima var lokað.**

**Mikill fjöldi fólks lét ófriðlega í hverfinu, þar sem menningarmiðstöðin var til húsa, bæði á miðvikudags- og fimmtudagskvöld.**

**Chaley Nilsson, talsmaður lögreglunnar, segir engan hafa slasast, en kveikt var í nokkrum gámum, ruslatunnum, aftanívögnum og að minnsta kosti tveimur bifreiðum. Einn maður hefur verið handtekinn. Mótmælin hófust strax á mánudag og hafa vaxið dag frá degi. - gb**










# Hagar sektaðir fyrir undirboð í verðstríði

**Högum gert að greiða 315 milljónir fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu í verðstríði árið 2005. Sektin er sú hæsta fyrir slíkt brot. Alvarlegt, segir Samkeppniseftirlitið. Galið, segir forstjóri Haga sem hyggst ekki una úrskurðinum.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið (SE) hefur lagt 315 milljóna króna stjórnvaldssekt á Haga, sem meðal annars reka verslanir Bónuss, Hagkaupa og 10-11, fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni í verðstríði lágvöruverslana árið 2005. Sektin er sú hæsta sem um getur fyrir þess konar brot.

Málið snýst um verðstríð sem hófst í lok febrúar árið 2005 þegar Krónan, í eigu Kaupáss, kynnti allt að fjórðungs verðlækkun á algengustu dagvörum. Bónus lýsti því í kjölfarið yfir að þeir myndu „verja vígi sitt“ og standa við þá stefnu að bjóða ávallt lægsta verðið. Verðstríðið vatt mjög upp á sig og á tímabili voru mjólkurvörur til dæmis seldar fyrir nánast ekki neitt til að laða fólk í verslanir. Nettó tók einnig þátt í stríðinu.



**MJÓLK HÖMSTRUÐ** Verðstríðið milli lágvöruverslananna gekk langt og náði hámarki þegar mjólkurvörur fengust nánast gefins í búðunum. Bónus tapaði 700 milljónum á stríðinu. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Í áliti SE segir að í ljósi þess að Hagar hafi um sextíu prósenta hlutdeild á dagvörumarkaði teljist fyrirtækið í markaðsráðandi stöðu. Það hafi síðan misnotað þá stöðu sína með ólögmætri undirverðlagningu. Finnur Árnason, forstjóri Haga, kom meðal annars fram í fjölmiðlum og sagði tap þeirra af verðstríðinu um 700 milljónir króna.

SE segir að með þessu hafi Hagar fest það orðspor í sessi að engum muni líðast til frambúðar að bjóða upp á vörur á lægra verði en gengur og gerist í Bónus. Sú hegðun sé til þess fallin að veikja samkeppni fremur en hitt.

Segir í úrskurðinum að í ljósi þess að brotið sé alvarlegt og til þess fallið að valda almenningi og atvinnulífinu miklu samkeppnislegu tjóni sé 315 milljóna króna sekt viðeigandi.

Finnur Árnason, forstjóri Haga segir engan hafa orðið fyrir skaða af því að Bónus seldi ódýrar vörur. „Viðskiptavinir njóta þess og ég held að enginn hafi skaðast nema þá fyrirtækið sjálft.“ Hann segir rétt að halda því til haga að upphaflega hafi rannsóknin farið af stað „að kröfu ýmissa aðila þar sem átti að rannsaka háa verðlagningu í matvöruverslun.“ Hún hafi hins vegar snúist upp í það að nú eigi að sekta fyrir undirverðlagningu. Þá sé rétt að geta þess að Hagar hafi ekki átt frumkvæðið að verðstríðinu.



FINNUR ÁRNASON

Þá hafnar Finnur því að Hagar séu markaðsráðandi. Samkvæmt lögum eigi markaðsráðandi aðili að geta starfað án þess að taka tillit til keppinauta og viðskiptavina. „Og það er algjörlega af og frá að við getum það,“ segir hann.

Finnur segir niðurstöðunni verða áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, og enn lengra ef þörf krefur. Hann segist bjartsýnn á að úrskurðinum fáist hnekkt. „Ég hef trú á því. Í mínum huga er hann algjörlega galinn.“

**stigur@frettabladid.is**

## HÆSTA SEKTIN

Sektin er sú hæsta sem lögð hefur verið á fyrirtæki fyrir brot gegn ákvæði um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Eimskipafélagið var sektað um 310 milljónir fyrir ári, en áfrýjunarnefndin lækkaði þá sekt í 230 milljónir. Olíufélögin voru á sínum tíma sektuð um hálfan annan milljarð fyrir brot gegn öðru ákvæði samkeppnislaga sem kveður á um verðsamráð.

Stefna vegna ummæla í frétt um erjur innan Kraftlyftingasambands Íslands:

# Fréttablaðið sýknað af kröfum Hjalta

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Fréttablaðið og ritstjóra þess af kröfum Hjalta Árnasonar vegna fréttar sem birt var í október 2007.

Í frétt Fréttablaðsins var rætt við Jóhönnu Eiríksdóttur sem hafði sagt af sér formennsku í Kraftlyftingasambandi Íslands eftir aukaþing sambandsins. Taldi Hjalti að sér vegið og stefndi Fréttablaðinu með kröfu um tíu milljóna króna miskabætur, refsingu og ómerkingu ummæla.

Hjalti vildi að þrenn ummæli yrðu dæmd ómerk. Í fyrsta lagi fyrirsögnin: „Kraftlyftingamenn sem vilja lyfjapróf þröngvuðu formanni sínum frá völdum“, í öðru lagi ummælin „Ekki hafi verið vilji fyrir því meðal áhrifamanna í sambandinu vegna þess að því myndu fylgja regluleg lyfjapróf“ og í þriðja lagi: „... í raun eru tveir menn sem stjórna eiginlega öllu. Þar á hún við þá Auðun Jónsson og Hjalta Úrsus Árnason, en hvorugur þeirra situr í stjórn sambandsins“.



**HJALTI ÁRNASON** Stefndi Fréttablaðinu eftir frétt af málefnum kraftlyftingamanna.

Héraðsdómur sagði hvorug fyrrnefndu ummælin tvö beinast sérstaklega að Hjalta heldur að ótilgreindum hópi kraftlyftingamanna sem voru á áðurnefndum fundi. Hjalti gæti ekki fengið ómerkt ummæli sem beindust að ótilgreindum hópi.

Þá sagði héraðsdómur síðustu ummælin, þar sem Hjalti er nefndur á nafn, lýsa skoðun Jóhönnu. Skoðanir sem ekki séu settar fram á ærumeiðandi hátt verði að telja innan marka þess tjáningarfrelsis sem varið sé af stjórnarskránni.

Hjalti kvaðst í gær mundu áfrýja dómnum til Hæstaréttar.

OPIÐ
til 22:00
öll kvöld til jóla



# Landslið
## matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Holtagörðum, Kringlu, Smáralind, Skeifu, Spöng og Garðabæ og aðstoðar þig við val á jólakjötinu. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

# *Landsliðið aðstoðar*
## *við val á jólakjötinu*

Holtagarðar, Kringla, Smáralind, Skeifa, Spöng og Garðabær
laugard. 20. des. og sunnud. 21. des.
kl. 15:30 - 18:00

# Besti hryggurinn
## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaups. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!




**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað eru heildarkröfurnar háar í þrotabú Samsonar?*
2. *Hvar er dýrast að kaupa jólabækurnar?*
3. *Hver var dæmdur fyrir að ráðast á dómara?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 90

Háskólaráð fer fram á aukafjárveitingu til að standa við samfélagslega ábyrgð:

# Háskólinn í verulega alvarlegri klemmu

**MENNTUN** Háskólaráð fer fram á aukafjárveitingu til Háskóla Íslands (HÍ) vegna niðurskurðar á fjárveitingu til skólans og aukinnar ásóknar nemenda.

Í ályktun ráðsins frá því í fyrradag segir að HÍ hafi brugðist við kalli stjórnvalda um að opna dyr sínar fyrir umsóknum um nám á vormisseri 2009 til þess að bregðast við auknu atvinnuleysi sem hlýst af fjármálakreppunni. HÍ rýmkaði umsóknarfrestinn, opnaði fyrir umsóknir í fögum þar sem venjulega er ekki bætt við nemendum á miðju skólaári og nú hafa alls 1.630 umsóknir borist. Á sama tíma hefur fjárveiting ríkisins til skólans verið skorin niður um tæpan milljarð sem eru tíu prósent af áætlaðri fjárveitingu.

„Við erum í verulega alvarlegri klemmu,“ segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskólans. „Annars vegar stöndum við frammi fyrir því að þurfa hugsanlega að segja nei við fólk sem er atvinnulaust og gerir verulegar væntingar til þess að komast í háskólanám eða þá að segja já og taka þá áhættu að það bitni á gæðum námsins.“ Spurð hvort HÍ geti leyft sér að minnka kröfur sínar um gæði segir hún, „það kemur hreinlega ekki til greina“.

Dregist hefur að svara umsækjendum vegna þessa en Kristín segist vongóð um að fjárlagafrumvarp liggi fyrir á mánudag en þá kemur háskólaráð saman. Hún segist ekki vilja segja til um það hversu há fjárveitingin þurfi að vera eða hversu mörgum HÍ geti tekið við fáist aukafjárveitingin ekki. - jse



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR** Rektorinn stendur frammi fyrir því, við þau kjör sem háskólinn býr nú við, að þurfa annaðhvort að hafna vongóðum umsækjendum eða eiga á hættu að gæði námsins minnki.





**Sverrir er kominn á geisladisk**

Yndislega heillandi geisladiskur með **grípandi góðum lögum og bráðskemmtilegum smellnum textum** eftir **Sverri Norland**. Kassagítarinn og munnharpan góða eru vitaskuld á sínum stað, og auk þess þriggja manna úrvalshljómsveit og snjall bakraddaflokkur. Nú færðu á einum diski lögin, sem Sverrir hefur undanfarið verið að flytja út um allt við frábærar undirtektir, svo sem **Heimsins elsta ungfrú, Manni/kona, Eplasöngur, Það var til orð, Þarf þitt þel og Hol djúpsvört nótt.** Diskur handa öllum, sem hafa gaman af **vandaðri tónlist** og unna **góðri textagerð** á móðurmálinu eina og sanna.
Handa allri fjölskyldunni og öllum vinum nær og fjær.

**Fæst í öllum helstu plötu- og bókaverslunum.**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# Bílarisar fá neyðarlán sem krefjast fórna

**Bandaríkjastjórn hefur ákveðið að veita bandarísku bílaframleiðendunum sem verst standa, GM og Chrysler, milljarða dala í neyðarlán fram í mars gegn því að þau grípi til róttækra ráðstafana til að koma rekstrinum á réttan kjöl.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti og ríkisstjórn hans hafa ákveðið að veita Detroit-bílarisunum þremur, GM, Chrysler og Forda, alls 17,4 milljarða dala í skammtíma-neyðarlán, gegn því að fyrirtækin og starfsfólk þeirra taki á sig umtalsverðar fórnir.

„Að leyfa bílafyrirtækjunum að fara í þrot væri ekki ábyrgt,“ sagði Bush forseti í ávarpi um málið í gær. Gjaldþrot þessara stóru fyrirtækja, sem störf milljóna manna eru háð, myndi að sögn Bush veita „vinnandi Bandaríkjamönnum stærra högg en hægt er að sætta sig við“.

Talsmaður Bandaríkjastjórnar sagði að GM og Chrysler, sem standa verst, yrði veittur aðgangur að 13,4 milljörðum dala strax núna í desember og í janúar. GM fær 9,4 milljarða og Chrysler fjóra milljarða. Forsvarsmenn Ford hafa sagt fyrirtækið geta komist af án tafarlausra neyðarlána, en fari hin tvö í þrot gæti það dregið Ford með í fallinu.

Bush sagði björgunaraðgerðirnar útheimta fórnir af hálfu fyrirtækjanna sem væri í samræmi við það sem útlistað var í frumvarpinu um slíkar aðgerðir sem strandaði í öldungadeild þingsins fyrir viku. Fyrirtækjunum sem þiggja fjárhagsaðstoðina er gert að sýna fram á það innan þriggja mánaða að þau geti komist út úr fjárhagskröggunum upp á eigin spýtur. Ef slíkar áætlanir liggja ekki fyrir áður en marsmánuður er úti mun fyrirtækjunum vera gert að endurgreiða neyðarlánin, sem þau myndu augljóslega eiga mjög erfitt með að gera.

„Tíminn til að taka harkalegar ákvarðanir til að koma rekstrinum á réttan kjöl er núna; annars er eini valkosturinn gjaldþrot,“ sagði Bush. „Bílafyrirtækin og verkalýðsfélögin verða að skilja hvað er í húfi og taka erfiðar ákvarðanir sem eru nauðsynlegar til umbóta.“

Aðgerðapakki Bush-stjórnarinnar er þannig úr garði gerður að hann leysir úr brýnasta skammtímavanda bandarísku bílaframleiðendanna, en skilur langtímalausn málsins eftir til úrlausnar fyrir arftakann. Barack Obama og ný ríkisstjórn hans tekur við völdum 20. janúar.

Vegna eftirspurnarhruns eru bílaframleiðendur víðar um heim í kröggum. Á yfirstandandi fjárhagsári mun Toyota skila halla af rekstri bílaframleiðslu sinnar, í fyrsta sinn síðan fyrirtækið hóf að birta slíkar tölur árið 1941.

audunn@frettabladid.is




**MIKIÐ Í HÚFI** Detroit-búi gengur hjá veggjakrots-ópi eftir hjálp. Milljónir starfa kynnu að tapast vestra verði bílarisarnir GM, Chrysler og Ford gjaldþrota. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


SÓFAR Í ÖLLUM VERÐFLOKKUM á gamla verðinu

OPIÐ ALLA HELGINA



Reykjavík / Oslo

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

exó


Karlmaður dæmdur í 200 þúsund króna sekt:

# Fékk sekt fyrir illa meðferð á hrossi

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur til að greiða 200 þúsund króna sekt í ríkissjóð, eða sæta 14 daga fangelsi, fyrir illa meðferð á hrossi. Atvikið átti sér stað á hlaði við bæinn Vatnsenda við Elliðavatn í Kópavogi, í apríl 2007.

Upphaf málsins var að Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmis, kærði athæfið eftir að Kompás sýndi myndir af manninum slá hrossið ítrekað með píski og höndum af afli í höfuð og í hægri síðu. Hann sparkaði svo með hægra hné fast í kvið hrossins.

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins tilkynnti nokkru síðar að málið hefði verið fellt niður. Því vildi héraðsdýralæknirinn ekki una og krafðist rökstuðnings fyrir niðurfellingunni. Hann skaut síðan ákvörðun lögreglustjóra til ríkissaksóknara, sem lagði fyrir lögreglu að taka málið til áframhaldandi rannsóknar.

Dýralæknir, sem var dómkvaddur matsmaður, sagði svo, eftir að hafa skoðað myndband af atvikinu, að þessi hegðun hestamannsins ætti ekkert skylt við tamningu. Niðurstaða hans var því að maðurinn hefði farið illa með hestinn, hrekkt hann og meitt. - jss



**MYNDBANDIÐ** Meðferð mannsins á hestinum náðist á myndband.



OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA
JÓLATRÉ
FERSK OG ILMANDI
GOTT VERÐ MIKIÐ ÚRVAL
Skapaðu hlýleika heima
Heitt súkkulaði alla helgina í jólatrjáa-skóginum
50% AFSLÁTTUR
Jólatrésfótur
Stöðugur og tekur 2½ líter af vatni
TILBOÐ
Hyasintuskreyting
verð frá 995kr
TILBOÐ
Leiðiskross
Litir: hvítur blár og rauður
með ljósi og gengur fyrir rafhlöðum
2950kr
LJÓSASERÍUÚRVALIÐ
FRÁBÆR TILBOÐ
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300
heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
hefurðu kíkt á heimasíðuna okkar: www.gardheimar.is
Skreyttar leiðisgreinar í ÚRVALI!
VERÐ FRÁ
1550KR



# Ingólfsstræti 5 til leigu

326,5 m² verslunar eða skrifstofuhúsnæði í miðbænum. Um er að ræða 210 m² jarðhæð með tveimur inngöngum og kjallari 116,5 m². Lofthæð á jarðhæð er 3,60. Í húsnæðinu var rekið gallerý.

**Húsnæðið er laust til afhendingar. Nánari upplýsingar gefur þröstur í síma 8970634.**




Aukning í þorsk- og síldarverðmætum:

# Aflaverðmæti jókst um rúma sjö milljarða

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam sjötíu milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 62,8 milljarða á sama tímabili í fyrra. Aflaverðmæti hefur aukist um 7,2 milljarða eða 11,4 prósent á milli ára.

Aflaverðmæti botnfisks í janúar til september 2008 nam 49,3 milljörðum og jókst um 5,1 prósent miðað við sama tímabil árið 2007. Verðmæti þorskafla var 23,4 milljarðar og jókst um 1,2 prósent frá fyrra ári.



**VIÐ BYRGGJU** Töluverð aukning er á aflaverðmæti frá fyrra ári. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Verðmæti síldaraflans í janúar til september nam rúmum sex milljörðum sem er 120,7 prósent aukning frá sama tímabili árið 2007. - shá



**RÝNT Í GÖGN** Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, og Katrín Jakobsdóttir varaformaður kynntu í gær tillögur flokksins um tekjur og sparnað í ríkisrekstrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# VG vill auka skatta á tekjur yfir 6 milljónir

**VG vill auka skattheimtu um allt að sex milljarða með þríþrepaskiptum tekjuskatti, hærri fjármagnstekjuskatti og sköttum á fjármagnstekjur.**

**ALÞINGI** Forysta VG kynnti í gær tillögur flokksins um ráðstafanir í ríkisrekstrinum. Ná þær bæði til aukinnar tekjuöflunar og aukins sparnaðar. Afrakstrinum á að verja til að draga úr niðurskurði í velferðarkerfinu.

Veigamesta tekjuöflunarleið VG felst í breytingu á tekjuskattskerfinu. Vill flokkurinn að tveimur nýjum skattþrepum verði bætt við þannig að sérstakt álag upp á þrjú prósent leggist ofan á tekjur sem fara yfir sex milljónir á ári og átta prósenta álag leggist á laun umfram 8,4 milljónir á ári. Að mati flokksins færir þessi ráðstöfun ríkissjóði á þriðja milljarð króna á næsta ári. Við efstu mörk næmi skattheimtan tæpum 43 prósentum af tekjum. Tillaga VG er að þessi ráðstöfun verði í gildi út árið 2010.

VG vill líka að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr tíu prósentum í fjórtán. Fjármagnstekjur að 120 þúsund krónum á ári verði undanþegnar skattinum. Með þessu móti gætu tæpir þrír milljarðar innheimst á næsta ári.

Þá leggur flokkurinn til að fólki, sem lifir á fjármagnstekjum einum saman, verði gert að telja fram tekjur og greiða af þeim hefðbundna skatta. Samtals afla tillögurnar ríkissjóði á sjötta milljarð króna á næsta ári.

VG leggur líka til sparnaðaraðgerðir umfram þær sem er að finna í fjárlagafrumvarpinu eins og það lítur nú út. Vill flokkurinn að Varnarmálastofnun verði lögð niður og nauðsynleg starfsemi hennar flutt annað. Við það gætu sparast um 800 milljónir á næsta ári. VG vill líka hætta við stofnun Sjúkratryggingastofnunar, spara í yfirstjórn ráðuneyta og opinberra stofnana, hætta við þátttöku í heimssýningunni í Kína 2010 og afleggja fastar dagpeningagreiðslur til ráðherra, þingmanna á ferðalögum. Flokknum reiknast til að með þessum ráðstöfunum gætu sparast á annan milljarð króna á næsta ári.

Þeim fjármunum sem vinnast vill flokkurinn verja til að hverfa frá hugmyndum stjórnvalda um skerðingu í almannatryggingakerfinu og niðurskurði og gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu. bjorn@frettabladid.is

Robert Dariusz Sobiecki er eftirlýstur af lögreglu:

# Nauðgara enn leitað

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan leitar enn að Robert Dariusz Sobiecki, sem dæmdur var nýverið í Hæstarétti í þriggja ára fangelsi fyrir að nauðga stúlku á salerni á Hótel Sögu.

Lögreglan lýsti eftir manninum 12. desember síðastliðinn. Ekkert hefur til hans spurst, að sögn Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir að hinn eftirlýsti hafi ekki komist úr landi undir réttu nafni.



**ROBERT DARIUSZ SOBIECKI**

Robert Dariusz Sobiecki er 19 ára. Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir hans eða dvalarstað eru beðnir að hafa samband við lögregluna í síma 444 1100. - jss

Tollgæslan fær nýjan bíl:

## Gegnumlýsir heilu gámana

**TOLLGÆSLA Tollgæslan fær á næstunni nýjan bíl með afar öflugum tæknibúnaði. Með búnaðinum í bílnum verður hægt að gegnumlýsa heilu gámana til að leita eftir hvers kyns ólöglegu eða illa fengnu góssi.**

**Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var tæknibúnaðurinn settur í bílinn, sem er af Volvogerð, í Kína. Bifreiðin kom hingað til lands fyrir fáeinum dögum. Með henni kom kínverskur sérfræðingur sem er þessa dagana að kenna starfsfólki tollsins á búnaðinn. Sex manns munu starfa á bílnum. Áætlað er að hann verði tekinn í notkun í janúar.** - jss

Borgaryfirvöld vilja hætta rekstri dómsmáls vegna lóðar á Sturlugötu:

# Fallast á dómsátt í lóðadeilu

**REYKJAVÍKURBORG** Borgarráð hefur samþykkt að leysa ágreining vegna lóðarinnar Sturlugötu 10 með dómsátt.

Eins og kunnugt er stefndi S-10 borginni eftir að samningur um að fyrirtækið fengi lóð við hlið húss Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) fyrir 260 milljónir króna var dreginn til baka af hálfu borgarinnar. ÍE telur lóðina vera sína eign og mótmælti viðskiptunum harðlega. Eigandi S-10 er eigandi byggingar ÍE og telur lóðina hafa fylgt með þegar félagið keypti húsið á sínum tíma.

Samkvæmt dómsáttinni fær S-10 vilyrði um að eftir fimm ár fái félagið forgang að lóðinni og að þá verði skipulagi svæðisins lokið. ÍE hefur hins vegar ekki fallið frá sínum kröfum vegna lóðarinnar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarráði sátu hjá við afgreiðslu málsins. Sögðu þeir tilefni dómsmálsins vera algjöran viðsnúning sem orðið hafi þegar meirihluti borgarstjórnar stóð ekki við samþykkt meirihluta borgarráðs. „Það er því ekki að undra að þeir sem fengu samþykkta lóðarúthlutun, sem síðan var tekin af þeim af sömu aðilum, hafi farið í dómsmál, enda hringlandaháttur þáverandi meirihluta þyngri en tárum taki," sagði í bókun fulltrúa Samfylkingarinnar. - gar



**STURLUGATA 10** Félagið sem samdi um kaup á lóðinni á Sturlugötu 10 fyrir 260 milljónir króna getur fengið hana eftir fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HB Grandi:

## Náðu að veiða síldarkvótann

**SJÁVARÚTVEGUR** Skip HB Granda náðu að veiða kvóta félagsins af íslenskri sumargotssíld á vertíðinni. Að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar, deildarstjóra uppsjávarsviðs HB Granda, var búið að veiða og vinna alls um 5.500 tonn af síld þegar vart varð við sýkinguna í stofninum. Frá þeim tíma hefur aflanum verið landað til bræðslu.

Það er ljóst að tekjuskerðing félagsins varð veruleg vegna sýkingarinnar þar sem ekki var hægt að vinna síldina til manneldis. Nú tekur við biðtími og næsta verkefni verður loðnuveiðar eftir áramótin. - shá



**ELDISÞORSKUR** Sláturfiskurinn er 2,3 kíló að þyngd að jafnaði.

Þorskeldi HB Granda:

## Slátra 50 tonnum á næstunni

**FISKELDI** HB Grandi hyggst slátra um fimmtíu tonnum af eldisþorski úr sjókvíum fyrirtækisins í Berufirði. Byrjað verður að slátra þorski á milli jóla og nýárs og lokið verður við slátrunina eftir áramótin. Þorskurinn verður unninn hjá fiskiðjuveri félagsins á Akranesi í fersk flakastykki og send með flugi á markað erlendis.

Kristján Ingimarsson, forstöðumaður fiskeldis HB Granda á Djúpavogi, segir þorskinn vera úr seiðaklaki á Stað við Grindavík á vegum Icecod árið 2005 sem fóru austur sem hundrað gramma seiði vorið 2006, og þá sett í sjókvíar. Stærð sláturfisksins er um 2,3 kíló að jafnaði, segir Kristján. - shá

Röng túlkun í héraðsdómi:

## Dómur fyrir árás ómerktur

**DÓMSTÓLAR Hæstiréttur hefur ómerkt dóm yfir manni á fimmtugsaldri sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi fyrir ári í átta mánaða fangelsi fyrir grófa árás á sambýliskonu sína. Málinu er vísað aftur í hérað til meðferðar.**

**Ástæðan er sú að við fyrri meðferð var notaður túlkur sem ekki hafði hlotið löggildingu sem dómtúlkur, en konan er frá Venesúela og talar ekki íslensku.**

**Fjallað var um málið í fjölmiðlum í fyrra, þegar konan sakaði manninn, sem var flugmaður fraktflugvélar, um að hafa smyglað sér til landsins. Meint smygl var rannsakað af lögreglunni á Suðurnesjum en rannsókninni síðan hætt.** - sh

Bæjaryfirvöld í Garðabæ:

## Vegagerð var utan skipulags

**DÓMSMÁL** Vinnuvegur sem bæjaryfirvöld gáfu framkvæmdaleyfi fyrir og létu leggja að verslunar- og þjónustusvæði í Urriðaholti í Garðabæ árið 2005 var utan skipulagssvæðis. Af þessum ástæðum hefur úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála fellt framkvæmdaleyfið úr gildi. Vegurinn var lagður yfir beitarhólf sem eigendur jarðarinnar Selskarðs höfðu girt. Telja þeir sig eiga beitarrétt þar á svæðinu. Úrskurðarnefndin vildi ekki skera úr um réttmæti beitarréttarins. Rétturinn gæti þó verið fyrir hendi og þess vegna ættu eigendur Selskarðs lögvarða hagsmuni af því að vegamálið yrði tekið til úrskurðar. - gar







Siðareglur þingmanna:

# Samfylkingin skilar bráðum siðareglum

**STJÓRNMÁL** Athugasemdum Samfylkingarinnar vegna draga að siðareglum þingmanna hefur enn ekki verið skilað til forsætisnefndar, en Lúðvík Bergvinsson þingflokksformaður býst við að þær verði afgreiddar á næsta þingflokksfundi.

„Við höfum í raun afgreitt þetta, en svo hefur ekki gefist tími til að senda þetta frá okkur,“ segir hann.

Drögin fjalla meðal annars um að þingmenn upplýsi hér eftir um eignir sínar, launuð störf og helstu hagsmunatengsl. VG og Framsókn skiluðu inn sínum athugasemdum við drögin í haust.



LÚÐVÍK BERGVINSSON

Málið hefur nú velkst um þingsali í um tuttugu mánuði. - kóp

# Brigslað um skrök á þingi

**Kristinn H. Gunnarsson bað Ögmund Jónasson um að hætta að skrökva á Alþingi í gær. Líflegar umræður spunnust um eftirlaunakjör þingmanna.**

**ALÞINGI** Við upphaf þingfundar í gær kvaddi Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda flokknum, sér hljóðs vegna auglýsingar frá ASÍ og BSRB sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Í auglýsingunni, sem bar yfirskriftina Afnemum forréttindin, lýstu samtökin yfir andstöðu við frumvarp oddvita ríkisstjórnarflokkanna um breytingar á eftirlaunalögum ráðherra og þingmanna.

Kristinn spurði Ögmund Jónasson, þingmann VG og formann BSRB, út í auglýsinguna og vildi vita til hvaða forréttinda væri verið að vísa. Hvort það væru réttindi BSRB-félaga fram yfir ASÍ-félaga.

Í svari sínu sagði Ögmundur Kristin vera sérstakan kapítula í þingsögunni. Nú hafi hann tekið að sér að tala máli oddvita ríkisstjórnarinnar fyrir sérréttindum í lífeyrismálum. Sagði hann frumvarpið skapa þingmönnum og ráðherrum meiri réttindi er gerist almennt. Kristinn væri að reyna að reka fleyg inn í verkalýðshreyfinguna.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sjálfstæðisflokki, blandaði sér í umræðurnar og sagðist ofbjóða að launþegasamtökin blönduðu sér í umræðu um þingmál með því að birta auglýsingu í dagblaði.

Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sagði kostulegt að fylgjast með umræðunni og vildi koma á framfæri hver vilji framsóknarmanna í málinu væri. Hann stæði til að þingmenn væru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það væri gegnsætt og einfalt og með því væri tómt mál að tala um að þingmenn nytu sérréttinda.

Kristinn hafði ekki sagt sitt síðasta og sagði það hafa dregist upp úr Ögmundi að þau forréttindi sem hann vill að verði afnumin felist í að samkvæmt frumvarpinu njóti þingmenn betri kjara en þeir sem greiði í A-deildina. Það sé hins vegar ekki rétt. „Hann veit að hann er að segja ósatt,“ sagði Kristinn og tók til við að bera saman tölur máli sínu til stuðnings. Niðurstaðan væri sú að lífeyrisgreiðslur þingmanna skertust ef þeir nytu annarra tekna um leið. Slíkt eigi ekki við um þá sem greiða í A-deildina. „Af hverju á ekki hið sama að gilda um alþingismenn að þessu leyti og alla aðra í þjóðfélaginu?“ spurði Kristinn og sagði Ögmund fara með ósannindi í þinginu tvo daga í röð. „Hann er í þeim pólitíska leik að reyna að breiða út ósannindi um kjör alþingismanna af því að hann heldur sig hafa einhvern ávinning af því að tala niður stöðu alþingismanna,“ sagði hann. Fleiri gerðu slíkt hið sama, þeir ættu að hætta því og fara að segja satt og hætta að skrökva.



**KRISTINN** sagði Ögmund skrökva á Alþingi í gær. Ögmundur sagði ekki hægt að læra af Kristni að fara rétt með sannleikann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ögmundur brást við með að segja margt hægt að læra af Kristni en ekki að fara rétt með sannleikann. „Það lærum við ekki af honum,“ sagði Ögmundur og vísaði þannig orðum hans á bug.

bjorn@frettabladid.is






Ástandið í Simbabve:

# Harðorðir ráðherrar

**SIMBABVE, AP** Utanríkisráðherrar Norðurlandanna fimm – Íslands, Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur – hafa sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir segja að þeim „blöskri hin grafalvarlega staða mannúðarmála“ í Simbabve og hvetja til þess að „óstjórn“ Roberts Mugabe forseta taki tafarlaust enda.



ROBERT MUGABE

Ráðherrarnir taka fram að lönd þeirra haldi áfram að veita íbúum Simbabve mannúðaraðstoð. En þeir vísa jafnframt ábyrgðinni á hörmungarástandinu í landinu alfarið til stjórnvalda þar. Talsmenn SÞ segja 1.123 manns hafa dáið úr kólerufaraldri.

Mugabe, sem hefur verið við völd í 28 ár, vísaði á bug erlendri gagnrýni og sagði að Simbabve myndi „aldrei hrynja“. - aa

# netto




**ÞÚ SPARAR 1.000 kr**

HUMAR Í ÖSKJU 2 kg

**2.990 kr/pk.**

~~3.990~~ kr/pk.



**30% afsláttur**

EKTA HANGIFRAMPARTUR, ÚRB.

**1.539 kr/kg**

~~2.199~~ kr/kg



KONFEKTTERTA

**1.595 kr/stk.**

~~1.895~~ kr/stk.

AFTER DINNER MINTS

**99 kr/pk.**







NÓA SIRÍUS KONFEKT HVÍTUR KASSI

**1.699 kr**




**ÓTRÚLEGT VERÐ!**

MALT & APPELSÍN DÓS 500 ml

**99 kr/stk.**

TILBOÐIN GILDA 20. - 21. DESEMBER

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Kíktu á tilboðin á www.netto.is

KEA *Klikkar ekki!*

Birt með fyrirvara um prentvillur.



OPIÐ TIL KL.
22
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA

# PÁLL ÓSKAR

## Í HAGKAUP SMÁRALIND KL. 15

**Páll Óskar** er kominn í þrumustuð fyrir jólin og ætlar að skemmta sér og öðrum í Smáralind **í dag kl. 15**.

Hann tekur nokkur af sínum vinsælustu lögum á sviðinu fyrir framan **Hagkaup** og áritar svo diskinn sinn inni í versluninni.

**Komdu í Smáralind og skemmtu þér með Páli Óskari fyrir jólin!**

BYLGJAN
Í BEINNI
alla helgina

NÆG
BÍLASTÆÐI
FYRIR ALLA
500 ný bílastæði
í stórglæsilegu bílastæðahúsi við Smáralind

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# JÓLIN

## ERU Í SMÁRALIND

Kynnið ykkur jóladagskrá Smáralindar á **smaralind.is**



## LAUGARDAGUR 20. DES.

**Stanslaus skemmtun á Hagkaupssviðinu kl. 14-20**
Skoppa og Skrítla, Dansskóli Jóns Péturs og Köru, Páll Óskar, Samkór Kópavogs, Kolkakvartettinn, Tríóið Þrjár raddir.

**Jólatréssvið kl. 16-19**
Sellódúettinn, Kolkakvartettinn, Skuggabaldur.

**Göngugata kl. 15.30-18.30**
Dansskóli Jóns Péturs og Köru og skemmtileg sirkusatriði.

**Jólaskemmtun í Vetrargarðinum kl. 15-16**
Örn Árnason og Bjarni töframaður stýra frábærri jólaskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Þeir taka á móti góðum gestum og að sjálfsögðu kíkir jólasveinninn í heimsókn.

**SKOPPA OG SKRÍTLA**
skemmta kl. 14

**FRÁBÆR DANSATRIÐI**
frá Dansskóla Jóns Péturs og Köru

**JÓLASKEMMTUN Í VETRARGARÐINUM KL. 15-16**
Örn Árnason og Bjarni töframaður, Sigga Beinteins og María Björk með Söngvaborg, Lóa ókurteisa, Masi, Subbi sjóræningi, Helga Möller

**LIFANDI TÓNLIST Á JÓLATRÉSSVIÐINU**
Sellódúettinn kl. 16
Kolkakvartettinn kl. 18.30
Skuggabaldur kl. 19

**KOMDU OG SJÁÐU SIRKUSATRIÐI Í GÖNGUGÖTUNNI KL. 18**






# Ósammála um hvort nýtt mál sé að ræða

**Verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar segir ákæruvaldið fallið á tíma og krefst þess að rannsókn á skattamálum Baugsmanna verði dæmd ólögmæt. Sækjandi segir um nýtt mál að ræða þar sem séu sömu sakborningar og í Baugsmálinu.**

**BAUGSMÁL** Rannsóknin á skattamálum Baugsmálsins brýtur gegn reglum um hæfilegan málshraða, auk þess sem þegar hafa verið gefnar út tvær ákærur í málinu, segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Verjandi Jóns Ásgeirs krafðist þess í byrjun nóvember að rannsókn málsins yrði dæmd ólögmæt. Það sama gerðu verjendur Kristínar Jóhannesdóttur og Stefáns Hilmarssonar. Krafa verjanda Stefáns var felld niður þar sem í ljós kom að hann var ekki ákærður í málinu. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Gestur segir ákæruvaldið fallið á tíma í málinu, sem hófst með húsleit í höfuðstöðvum Baugs Group 28. ágúst 2002.

Augljóslega er um þriðju ákæruna í sama málinu að ræða, segir Gestur. Rannsókn á meintum skattalagabrotum hafi klárlega hafist á sama tíma og rannsókn á öðrum hlutum Baugsmálsins. Gögn úr húsleitinni árið 2002 séu til að mynda notuð í öllum hlutum málsins.

Gestur vísar einnig í dóm Hæstaréttar þar sem Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri var dæmdur vanhæfur. Þar komi skýrt fram að mál sem rekja megi til húsleitarinnar, og rannsökuð voru sem eitt mál í byrjun, teljist enn sama málið.



**Í DÓMSAL** Gestur Jónsson (til vinstri) verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir saksóknara í málinu vanhæfan þar sem hann hafi meðal annars leitt húsleit í höfuðstöðvum Baugs Group árið 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gestur gerir einnig athugasemdir við hæfi Helga Magnúsar Gunnarssonar, saksóknara efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, til að sækja málið. Vísar Gestur til þess að Helgi Magnús hafi á sínum tíma verið virkur í rannsókn á Baugsmálinu. Hann hafi stjórnað húsleitinni hjá Baugi, og verið vitni ákæruvaldsins.

Jón Ásgeir, Kristín og fleiri voru ákærð í hinu upphaflega Baugsmáli sumarið 2005. Þeim ákærum var vísað frá dómi, en Jón Ásgeir var endurákærður ásamt fleirum.

„Það er ekki verið að ákæra fyrir sömu sakargiftirnar aftur,“ segir Helgi Magnús. Hann segir málið fráleitt það sama og þegar hefur verið ákært og dæmt í.

Rétt sé að rannsóknin eigi að hluta sömu rætur, og að sömu sakborningar séu í málunum. Þó sé málið augljóslega ekki það sama, enda aðrar sakargiftir og önnur málsatvik.

Helgi hafnar því alfarið að hann sé vanhæfur til að sækja málið, eins og Gestur heldur fram. Það sé dómara í málinu að taka afstöðu til þessarar kröfu.

Dómari ákvað í gær að málflutningur um kröfu verjanda Jóns Ásgeirs verði flutt 8. janúar, og 12. janúar verði fjallað um kröfur verjanda Kristínar. Þingfesta á ákæru á hendur þeim og fleirum 20. janúar.

**brjann@frettabladid.is**






**ÍSRAELSKT EFTIRLIT** Ísraelskir hermenn og skriðdreki við landamæri Gazasvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hamas segja vopnahléi á Gazaströnd lokið:

# Ísraelar uppfylltu ekki skilyrðiin

**PALESTÍNA, AP** Hamas-samtökin lýstu því formlega yfir í gær að vopnahléi þeirra á Gazaströnd væri lokið. Ísraelar segja formlegt samkomulag um vopnahlé aldrei hafa verið í gildi, en lýstu þó áhuga sínum á að samkomulaginu yrði haldið áfram.

Það voru Egyptar sem höfðu milligöngu um að Hamas-samtökin og Ísraelar gerðu með sér óformlegt vopnahléssamkomulag fyrir hálfu ári. Allan þennan tíma hafa Ísraelar haldið íbúum á Gazasvæðinu í einangrun, sem sjaldnast fékkst rofin til að koma þangað brýnustu nauðsynjum með þeim afleiðingum að neyðin þar hefur vaxið dag frá degi.

Ísraelar hafa auk þess sent herlið sitt hvað eftir annað til árása inn á þéttbýlt Gazasvæðið og haldið áfram að elta uppi liðsmenn Hamas á Vesturbakkanum. Hamas-samtökin segja allt þetta vera gróf brot á vopnahlésskilyrðum og því sé ekki réttlætanlegt að framlengja vopnahléið. Strax í gær var nokkrum heimatilbúnum flugskeytum skotið yfir landamærin frá Gazaströnd til Ísraels, en ekki ollu þau neinu tjóni. Ísraelsher segir einnig að skotið hafi verið á ísraelska hermenn frá Gazaströnd, en enginn hafi þar heldur orðið fyrir tjóni.

Á miðvikudag og fimmtudag var einnig skotið heimatilbúnum flugskeytum frá Gazasvæðinu til Ísraels, og á fimmtudag gerði ísraelski herinn tvisvar árás á grunaða árásarmenn á Gazasvæðinu. **- gb**




Gjafir sem gagn er að
Silit
Áhöld, pottar, pönnur og fylgihlutir í eldhúsið - úrvalið er á ef.is
KitchenAid
Keramík steytill til að mylja hráefni.
VERÐ 1.690
Sker epli í báta og skilur frá kjarna.
VERÐ 2.950
Hvítlaukspressa með uppdraganlegu sigti.
VERÐ 3.690
SEVERIN
Gæði á góðu verði
Sjálfvirk 600w brauðbakstursvél. 12 stillingar fyrir brauð-, botna- og kökugerð. Viðloðunarfrí form. Stáláferð.
VERÐ 19.990
Öflug 600w safapressa.
VERÐ 13.990
8 bolla kaffikanna sem sýður vatnið.
VERÐ 15.900
Saeco
Frábær jólatilboð á betri kaffivélum
Saeco Incanto Deluxe
Sjálfvirk 1200 w kaffivél með Digital skjá og SBS kerfi, 2 kötlum úr ryðfríu stáli, keramík kvörn, 300g baunahólfi ofl. Tekur einnig malað kaffi.
HÁTÍÐARVERÐ
79.990
FULLT VERÐ 139.900
Saeco Talea Touch
Sjálfvirk 1300 w kaffivél með Digital snertiskjá og SBS kerfi, 2 kötlum úr ryðfríu stáli, keramík kvörn, 250g baunahólfi ofl. Tekur einnig malað kaffi.
HÁTÍÐARVERÐ
89.990
FULLT VERÐ 159.900
MEÐ SNERTISKJÁ
KitchenAid
Gjöf til framtíðar
KitchenAid 5KIT780EWH
Hágæða brauðrist með tímastilli.
VERÐ 37.900
KitchenAid 5KSB52EWH
500w blandari með 5 hröðum, stórum stálhníf og glerkönnu.
VERÐ 29.900
KitchenAid 5KFPM770H
650 W matvinnsluvél með fjölnota blaði úr stáli, deigblaði, eggjaþeytara ofl.
VERÐ 47.900
TOSHIBA
Hágæða LCD sjónvörp í öllum stærðum
Panasonic NNE205
19 lítra 800w örbylgjuofn með afþýðingu.
VERÐ 14.990
Panasonic
Örbylgjuofnar í úrvali
Matreiðslubók á íslensku með 150 uppskriftum fylgir
GRÆNMETISKVÖRN FYLGIR TILBOÐI
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR
TILBOÐSVERÐ
69.920
FULLT VERÐ 87.500
KitchenAid KSM150 Hvít
DENON
Hljómtæki og heimabíó í miklu úrvali
WilliamBounds
Hágæða pipar- og saltkvarnir
- margar gerðir
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
375 **-1,90%**

**Fjöldi viðskipta:** 133
**Velta:** 250 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EXISTA** | +50,00% | **STR-BURÐARÁS** | -7,93% |
| **ÖSSUR** | +1,13% | **ATLANTIC PET.** | -6,78% |
| | | **BAKKAVÖR** | -5,05% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 218,2 +4,50%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,10 +0,00% ... Bakkavör 2,63 -5,05% ... Eimskipafélagið 1,27 -0,78% ... Exista 0,06 +50,00% ... Icelandair Group 13,25 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 75,00 -0,40% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,09 -7,93% ... Össur 98,30 +1,13%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Eitraður kokteill

Meðal gesta í Markaðnum með Birni Inga á Stöð 2 í dag kl. 11 verður dr. Jónas Haralz, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, ráðuneytisstjóri og hagfræðingur og síðar stjórnarmaður í Alþjóðabankanum í Washington. Jónas mun þar meðal annars fjalla um þá stöðu sem komin er upp í efnahagsmálum þjóðarinnar, ræða gjaldmiðilsmálin og komandi landsfundi flokkanna þar sem mörkuð verður stefna í Evrópumálunum. Í viðtalinu vísar Jónas meðal annars til ákvæða EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. án bakhjarls í Evrópska seðlabankanum og án innviða Evrópusambandsins. sem eitraðs kokteils, hvorki meira né minna.



### Pólitíkin áberandi

Aðrir gestir í þætti dagsins eru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, og pallborðsmenn verða alþingismennirnir Ólöf Nordal og Árni Þór Sigurðsson, auk Skúla Helgasonar, framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar, þar sem staða ríkisstjórnarinnar, fjárlögin og niðurskurður ríkisútgjalda verður til umræðu, auk þess sem spáð verður í komandi ár þar sem ef til vill verður gengið til aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

## Breyta ekki stærðarflokkun

Hætt hefur verið við reglubundna endurskoðun stærðarflokkunar skráðra fyrirtækja í NASDAQ OMX Nordic kauphöllunum í janúar.

Í tilkynningu kauphallarsamstæðunnar kemur fram að þetta sé gert vegna einstæðra markaðsaðstæðna sem nú séu uppi í heiminum, en óvenjumörg fyrirtæki hefðu annars færst á milli flokka. „Fyrirtæki sem skráð eru í NASDAQ OMX Nordic kauphallir verða því á fyrri helmingi næsta árs áfram skráð í sömu stærðarflokka,“ segir í tilkynningunni, en það eru stór fyrirækі, miðlungsstór og smá (*large*, *mid* eða *small cap* á ensku). **- óká**

# Nýsköpun í kreppunni

„Við önnum varla eftirspurn, eins og er,“ segir Valur Þór Gunnarsson, höfundur Kreppuspilsins, en fyrsta upplag kom í verslanir fyrir um viku, eftir að það hafði selst upp í forsölu.

Kreppuspilið hefur enda vakið þó nokkra athygli frá því að fyrstu fréttir bárust af framleiðslunni undir lok nóvember síðastliðins. Munu yfir 20 erlendir fjölmiðlar hafa sett sig í samband við aðstandendur spilsins og viljað fjalla um það. Þar á meðal má nefna Financial Times og eitt stærsta dagblað Finna.

Valur segir framleiðsluna hafa gengið vel enda hafi bæði vinir og ættingjar verið virkjaðir í pökkunarvinnu. „Og það hefur skilað sér í skemmtilegu framleiðsluferli og algjöru kreppuverði.“

Tölvuleikja- og sprotafyrirtækið Gogogic hannar og gefur spilið út, en í nýlegri tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að það sé að öllu leyti framleitt hér á landi og að hönnun þess hafi frá upphafi miðast við að halda kostnaði í lágmarki „en skemmtun í hámarki“. **- óká**



**VIÐ PRENTVÉLARNAR** Valur Þór Gunnarsson hugmyndasmiður og Sigurður Eggert Gunnarsson hjá Gogogic taka við fyrstu eintökum Kreppuspilsins hjá Ísafoldarprentsmiðju.

# Bílarisum bjargað vestanhafs

George W. Bush, fráfarandi forseti Bandaríkjanna, greindi frá því í gær að stjórnvöld ætli að veita bandarísku bílaframleiðendunum General Motors og Chrysler neyðarlán sem eigi að forða þeim frá gjaldþroti.

Bush sagði Bandaríkjamenn vilja koma bílaiðnaðinum til bjargar og sé aðkoma stjórnvalda eina leið þeirra nú um stundir. Hann vitnaði sömuleiðis til gagnrýnisradda bandaríska þingmanna frá í síðustu viku og lagði áherslu á að forsvarsmenn bílaframleiðendanna leggi fram drög að rekstraráætlun sem leiða fyrirtækin aftur að beinni og betri braut en þau eru nú stödd á.

Forsvarsmenn Ford, sem leituðu upphaflega til stjórnvalda ásamt hinum fyrirtækjunum, sögðust geta keyrt á eigin fé enn um sinn.

Lánið hljóðar upp á 17,4 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 2.100 milljarða íslenskra króna og verður tekið úr neyðarsjóði sem í eru 700 milljarðar dala og ætlað til bjargar fjármálafyrirtækjum í vanda.

Stærstur hluti lánsins, 13,4 milljarðar, verður veittur fljótlega en fjórir milljarðar til viðbótar ef þurfa þykir í febrúar.

Bandaríska dagblaðið The New York Times hefur eftir aðalhagfræðingi Comerica Bank í Bandaríkjunum að þótt neyðarlánið geti fleytt báðum fyrirtækjunum yfir erfiðasta hjallann sem fram undan er sé of snemmt að segja til um hvort það dugi til. **- jab**



**GEORGE W. BUSH** Forseti Bandaríkjanna skömmu áður en hann tilkynnti að stjórnvöld vestra hygðust koma bílafyrirtækjunum til hjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





NITRO
595 amx8bg05f
Spy gleraugu:
Verð
6.900 kr.
25% afsláttur
595 MR1194
M2r götuhjálmur slash
Verð áður 23.000 kr.
Verð nú
17.250 kr.
595 p91
Spidi jakki, GP leather
Verð nú
55.440 kr.
25% afsláttur
595 OX35557
M2r krosshjálmur
Lady Skull barnahjálmur
Verð áður 15.900 kr.
Verð nú
11.925 kr.
N1
35% afsláttur
906 0180120
Hleðslutæki 2/6/12amp
12V Carstech
Verð áður 6.900 kr.
Verð nú
4.490 kr.
33% afsláttur
893 010-00610-00
Garmin GPSMAP 520
GPS Plotter
• Innbyggt loftnet
• Straumkapall til að beintengja
• Festingar
• Hlífðarlok á skjá
• Leiðbeiningar á ensku
Verð áður 89.900 kr.
Verð nú aðeins
59.950 kr.
GARMIN
16% afsláttur
GARMIN
893 010-00621-02
Garmin Nuvi 250 GPS tæki
• 12V straumkaplar í bíl
• Sogskálar á rúðu
• Mælaborðsplatti
• Leiðbeiningar á ensku
Verð áður 23.900 kr.
Verð nú aðeins
19.990 kr.
Rataðu á réttu gjafirnar
16% afsláttur
Nýttu þér frábær tilboð í stórverslun N1 við Bíldshöfða eða verslunum N1 og Nítró um land allt.
063 2001152320
3T rofatengi, hvítt
Verð áður 623 kr.
Verð nú
498 kr.
20% afsláttur
581 55519
Rafgeymir
• Rafgeymir, 55Ah , 540a. Hægri plúspóll
• Stærð (L x B x H): 242 x 175 x 175mm
• Passar í eftirfarandi bíla:
Allir VW, Skoda, Renault, Opel, Ford
Verð áður 15.410 kr.
Verð
12.900 kr.
33% afsláttur
DVD
356 7645650310
Las Vegas DVD/útvarp 4x45w
Verð áður 29.900 kr.
Verð nú
19.990 kr.
A358 85060598
Scott DVD ferðaspilari
DVD
Verð aðeins
14.900 kr.
45% afsláttur
060 1024110-9
Skrúfvél Shall 3,6V
Verð aðeins
3.100 kr.
28% afsláttur
760 412096
Ennisljós LED
Verð áður 2.755 kr.
Verð nú
1.990 kr.
29% afsláttur
063 2001070140
Kassi m/kapalrúllu ásamt fjöltengi og framlengingarsnúru
Verð áður 14.875 kr.
Verð nú
9.980 kr.
13% afsláttur
24% afsláttur
889 H02A339
Toppasett 39 stk.
3/8" í áltösku
Verð áður 10.580 kr.
Verð nú
7.490 kr.
25% afsláttur
945 CRACKLFLAME
Arinkubbur (sem brakar í)
Verð áður 769 kr.
Verð nú
526 kr.
262 410682
2 tonna hjólatjakkur, legubretti, 2 tonna búkkar og 2 stopparar
Verð áður 7.998 kr.
Verð nú
6.990 kr.
525 FG6091
Bónpakki nano svampur, sápa, bón og glerhreinsir
Verð áður 3.295 kr.
Verð nú
2.490 kr.
Opið til 16 laugardaga í N1 stórverslun
N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 Opið: Mánudaga til föstudaga 8–18, laugardaga 10–16
N1 verslanir um allt land: Hafnarfirði, Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi, Ólafsvík, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.
WWW.N1.IS
Sími 440 1000
Meira í leiðinni


HÚSASMIÐJAN
Hyasintur
10 kr
2 stk á mann
meðan birgðir endast
10 stk
Túlípanar
1499
2 stk
Jólastjarna
1199
Jólavörur
- á frábæru verði í Blómavali
Opið
til kl. 22:00
alla daga til jóla
í Blómavali og
Húsasmiðjunni
Skútuvogi
Lifandi jólatré, verðlisti 2008
Normannsþinur
Rauðgreni
Veljum íslenskt
Stafafura
Veljum íslenskt
Hæð í cm verð verð verð
70-100 2.990 1.599 1.999
101-150 4.990 2.799 3.999
151-200 5.990 4.999 6.999
201-250 6.990 8.699 10.999
Sjávarréttasúpa
m/brauði
190 kr
milli kl. 11:30-14:00
alla helgina
í Skútuvogi
20-50%
afsláttur af
völdum vörum
EGG
50%
afsláttur af
öllum vörum
Soldis
Silkitré & silkiblóm
SAMA VERÐ
ALLAR JÓLASERÍUR
Á SAMA VERÐI
OG Í FYRRA
Kaffi Garður
Heitt súkkulaði
m/rjóma
og íslensk smákaka
milli kl. 14:30-17:00
alla helgina
190 kr
ÍS
10 kr
í Blómavali
Skútuvogi

# 50%

## afsláttur af **öllu** jólaskrauti í Húsasmiðjunni og Blómavali










**Verkfærahirsla**
Keter, 48 x 28 x 62 sm
5024487




**Flíspeysa**
Softshell, herra, úr efni sem andar og hrindir frá sér.
5860526-9,5860695-8




**Bita- toppasett**
**Hitachi,** 60 stk.
5249147

BLACK& DECKER




**Hleðsluskrúfvél**
3.6V, LI-ON rafhlaða.
5246008

## Gjafakort

Gjafakort Húsasmiðjunnar og Blómavals eru frábær lausn fyrir þá sem þurfa að finna gjöf en geta ekki ákveðið hvað á að gefa. Kortin gilda í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt.

blómaval




**Blandari**
**Bomann,** m/glerkönnu.
1840828




**Electrolux ryksuga**
Quickstop ZVQ2102 1800w.M/Fjarstýringu á sogkrafti.Turbo haus fyrir teppi ásamt fleiri hausum. Stillanleg lengd á röri.
1805259

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vandinn við mannabreytingar:

## Traust

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Eftir bankahrunið hefur hiti dægurumræðunnar meir beinst að uppgjöri við það liðna en ákvörðunum um endurreisn efnahagslífsins. Að sama skapi hafa kröfur um mannabreytingar fremur byggst á hugmyndum um makleg málagjöld en sjónarmiðum um traust á því sem koma skal. Stóri vandinn er svo sá að þessi viðhorf verða ekki með öllu skilin í sundur.

Mikilvægt er að allir þeir sæti réttlátri ábyrgð sem með stórkostlegu gáleysi eða beinlínis vegna brota í stafi hafa átt þátt í því hvernig fór með bankana. Í sjálfu sér er merkilegt að full samstaða skuli hafa tekist á Alþingi hvernig staðið skuli að rannsókn á þessum álitaefnum. Þetta á bæði við um hugsanlega refsiverða háttsemi og mat á dýpri orsökum þess sem gerðist.

Þessari samstöðu hefur sannarlega ekki verið veitt verðug athygli. Með réttu hefur verið bent á ýmsa veikleika löggjafarvaldsins. Einingin um þessa málsmeðferð er hins vegar dæmi um styrkleika. Hitt viðfangsefnið er ekki síður snúið þegar að því kemur að ákveða að hve miklu leyti er nauðsynlegt að skipa nýjum mönnum til verka í þeim tilgangi að byggja upp sem mest traust á þeim miklu og erfiðu ákvörðunum sem ráða munu mestu um viðsnúninginn í framtíðinni.

Formenn beggja stjórnarflokkanna hafa ekki viljað útiloka að til breytinga geti komið á skipan ríkisstjórnarinnar. Væntanlega ber að skilja það svo að fyrir þeim vaki fyrst og fremst að skjóta nýjum stoðum undir það traust sem aðgerðaáætlun um framtíðina þarf að njóta. Ekki verður séð að rök standi til að fórna einum ráðherra fremur en öðrum í refsingarskyni fyrir liðinn tíma.

Ýmsir hafa beint spjótum sínum að viðskiptaráðherranum í umræðum um uppstokkun af þessu tagi. Hann er að vísu ekki með öllu laus við að hafa gefið umdeilanlegar yfirlýsingar. En í samanburði við aðra samflokksmenn sína hefur hann sýnt styrk í viðbrögðum við bankahruninu. Síðar meir á það örugglega eftir að teljast pólitískt afrek að halda bönkunum opnum þann örlagaríka dag sem fylgdi neyðarlögunum.

Verði viðskiptaráðherranum fórnað er það af einhverjum öðrum ástæðum en þeim að hann sé ólíklegri en aðrir ráðherrar Samfylkingarinnar til að geta tekist á við endurreisnina. Af dómsmálaráðherranum fer almennt það orð að hann hafi stýrt ráðuneyti sínu af röggsemi. Nú við fyrstu endurreisnarráðstafanir í ríkisfjármálum hefur hann alfarið vísað ábyrgð á ákvörðunum þar að lútandi á embættismenn sína og fjárveitingavaldið. Það lítur út eins og ósk um að aðrir komi og axli þunga þeirra mála sem bíða framundan.

Af þessum tveimur dæmum má ráða að hugsanleg uppstokkun eða breyting á skipan manna í ríkisstjórn verður misauðveld fyrir formenn stjórnarflokkanna. Aðalatriðið er að slíkar ákvarðanir endurspegli ekki innanbúðar togstreitu í stjórnarflokkunum heldur trúverðugleika gagnvart framtíðinni.

Vandinn með trúverðugleika Seðlabankans snýr ekki aðallega að uppákomum síðustu vikna. Þar skiptir meira máli að í nokkur ár hafa hagsvið og bankastjórn haft ólíka framtíðarsýn á gjaldmiðilinn. Bankastjórnin hefur ekki með rökum getað véfengt álit hagsviðsins. Þessi stjórnunarvandi er alkunnur bæði heima og erlendis. Augljóslega má taka á honum með tvenns konar hætti. En annan hvorn kostinn þarf ríkisstjórnin að taka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gagnsæi og trúnaður

Á Alþingi, fimmtudaginn 18. desember, sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra: „Það hefur ákveðinn leyndarhjúpur umleikið störf bæði skilanefnda og banka á síðustu vikum. Þar er við okkur sjálf að sakast. Við þurfum að bregðast við því og auka verulega upplýsingamiðlun bæði til almennings og fjölmiðla um þessi störf og starfsemi.“ Í Morgunblaðinu, föstudaginn 19. desember, sagði Lárus Finnbogason, formaður skilanefndar Landsbankans: „Við báðum kröfuhafana að skrifa undir yfirlýsingu um að upplýsingarnar væru í trúnaði. Við verðum að halda þann trúnað.“ Fer þetta saman?



### Undir stýri

Í sparnaðartillögufarganinu öllu kemur hér ein. Ráðherra undir stýri! Um fimmtíu milljónir sparast vegna launa bílstjóranna og milljóna tugi mætti fá fyrir sjálfa bílana. Þá peninga mætti nota í margt gagnlegt.

### Egill efstur

Hér var um það skrifað fyrir nokkrum vikum að baráttan um nafnbótina Maður ársins, að mati hlustenda Rásar 2, stæði helst á milli Bjarna Harðarsonar, Egils Helgasonar og Harðar Torfasonar. Þetta var matið í heita pottinum í Vesturbæjarlauginni þá. Í sama potti er nú rætt um að Egill sé svo gott sem kominn með þetta og þeir Bjarni og Hörður þurfi virkilega að spýta í lófana til að eiga möguleika. Dramatísk yfirlýsing Egils um eigið vonleysi og hugsanlegan landflótta er sögð hafa gert útslagið. Við henni fékk hann ótal hvatningarskeyti um að herða upp hugann. Og annað eins af atkvæðum í kjörinu góða.



bjorn@frettabladid.is

# Orðspor og sjálfsvirðing



**SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR**

**Í DAG** | Sjálfsmynd Íslendinga

How do you like Iceland?“ Við gerum oft grín að okkur sjálfum fyrir að spyrja útlendinga þessarar spurningar. Hún minnir okkur á unglinginn sem við einu sinni vorum. „Krakkar, hvernig finnst ykkur ég vera?“ er spurningin sem brennur á vörum þess sem er ekki lengur barn en heldur ekki orðinn fullorðinn. Þegar unglingurinn fullorðnast vex hann vanalega upp úr þessu öryggi. Það er þó fjarri því að vera óbrigðult.

Ímyndarskýrslan svokallaða, sem var afrakstur sérstaks starfshóps á vegum forsætisráðherra sem hafði það hlutverk að „móta stefnu Íslands…og leggja fram tillögur að skipulagi ímyndarmála og aðgerðum til að styrkja ímynd Íslands“ er lituð þessu öoryggi. Það var óöryggi í gervi oflætis hins unga sem flýtur áfram á bylgju velgengni. Nú þegar fjarar undan þessari velgengni reynir verulega á frelsið og kraftinn sem að dómi skýrsluhöfunda er einmitt kjarninn í ímynd Íslands.

Einn helsti tilgangurinn með gerð ímyndarskýrslunnar var að taka saman þá þætti sem gætu gefið jákvæða ímynd af Íslandi: „Samhæfð markaðssetning allra hagsmunaaðila á einkennum og sérstöðu þjóðar er áhrifaríkasta leiðin til að hafa áhrif á ímynd lands.“ (Ímynd Íslands: styrkur, staða, stefna, bls. 12). Nú, þegar fjármálakerfi Íslands er hrunið – atburður sem væri nær að kalla hneykslið en hrun – sést glöggt hversu lítils ímyndarsköpun af þessu tagi má sín þegar á reynir. Ímynd okkar verður ekki til með því að ákveða hugmyndir sem svo eru markaðssettar og aðrar þjóðir gleypa hráar. Hún veltur á gerðum okkar og verkum. Allt í einu stöndum við frammi fyrir því að sú jákvæða ímynd sem við vildum skapa okkur var kaffærð af afleiðingum gerða okkar og því orði sem af þeim fór. Íslenska bankahneykslið er tilefni einnar stærstu frétta ársins hjá Time. Við mætum ýmist vorkunn, samúð, háði eða meinfýsni þegar fjármálahrunið ber á góma erlendis. Það sem okkur var dýrmætast, orðstírinn, er laskað.

Það sem máli skiptir núna er að við spyrjum okkur hreinskilnislega hvað okkur finnist um okkur sjálf. Ekki í markaðslegum tilgangi heldur til að leiða fram sannleikann.

Eins og er, erum við flest ósátt við okkur. Við áteljum okkur fyrir að hafa ekki getað veitt þeim öflum meira aðhald sem leiddu okkur út í spillingu og óreiðu í þeim mæli sem hér gerðist. Það var ekki auðvelt við aðstæður þar sem hefur ríkt þöggun, skoðanakúgun og andvaraleysi. Fyrst og fremst erum við reið út í stjórnvöld sem þjónuðu peningamönnum fremur en almenningi. Orðspor okkar veltur nú á því hvernig við gerum tildrög fjármálahneykslisins upp og hvernig við tökum á því. Þess vegna er t.d. ólíðandi að fólk sem græddi stórfé á innherjaviðskiptum skuli enn vera í lykilstöðum í fjármálakerfinu og í opinberri stjórnsýslu og að enn skuli útrásarvíkingar eiga fjölmiðla. Fjárreiður allra stjórnmálaflokka, sem sýna hvaða fyrirtæki hafi stutt þá, ættu fyrir löngu að hafa verið gerðar opinberar. Hvers vegna er það ekki gert nú?

Enn fremur þarf að gera róttækar stjórnskipulegar breytingar hér á landi. Ein tegund íslensku spillingarinnar á rætur að rekja til þess að stjórnvöld ráða embættismenn eftir flokkslínum. Embættismenn á að ráða af verðleikum einum saman og til þess að þeir verði ekki auðsveipir handlangarar framkvæmdavaldsins verða þeir að geta haft sjálfstæðar skoðanir.

Næstu áratugi verður orðspor Íslands væntanlega órjúfanlega tengt hruninu. Það er hryggilegt en um leið felst í því stórt tækifæri. Það verður nefnilega ekki síður horft til þess hvernig okkur muni takast að endurbyggja samfélagið. Í því samhengi skiptir mestu máli að við spyrjum okkur sjálf hvers konar samfélag við viljum. „Do we like us?“ er spurning þeirra sem eru vaxnir upp úr gelgjunni. Þess vegna þurfa Íslendingar að spyrja sig hvers konar samfélag þeir vilji láta í arf til næstu kynslóða. Við spurðum okkur aldrei hvort við vildum verða bankasamfélag. Ef þeirrar spurningar hefði verið spurt þá er víst að einhverjir hefðu innt eftir því hvort við byggjum yfir nægri reynslu, þekkingu, siðferðisstyrk og hefðum til þess að breytast í það bankaveldi sem við urðum á örfáum árum.

Nú þegar reynt verður að gera út á orkunýtingu á næstu árum verðum við að spyrja okkur hvort við viljum vera samfélag sem leggur heiminum til hráefni í áldósir, eins og Paul Hawken, bandarískur umhverfisfræðingur, benti á í fyrirlestri sem hann hélt hér nýlega. Eða viljum við heldur reyna að nýta orkuna með hætti sem er til fyrirmyndar á heimsvísu í stað þess að sóa henni í efni sem er allt of orkufrekt í framleiðslu. Ef við erum sátt við og stolt af því sem við gerum út á hér á landi þá öðlumst við þá sjálfsvirðingu sem er forsenda þess að aðrir virði okkur.

*Höfundur er heimspekingur og í sérfræðingaráði Framtíðarlandsins.*

# Samvinna og samstillt átak

**UMRÆÐAN**

Höskuldur Þórhallsson skrifar um Framsóknarflokkinn



**HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON**

Þjóðin býr nú við erfiðari kjör nú en oft áður og því miður hefur samdrátturinn líklega bitnað fyrst á þeim sem síst skyldi.

Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika verðum við að hafa hugfast að það er gott að búa á Íslandi. Við eigum ríkulegar auðlindir til sjávar og sveita og ef okkar farnast að nýta þær skynsamlega verða okkur allir vegir færir. Með samvinnu og samstilltu átaki munum við á ný snúa gæfunni okkar í hag.

Efnahagsþrengingarnar sem nú ganga yfir geta verið upphafið að nýjum tímum, nýjum skrefum sem verða stigin þjóðinni til farsældar. Við erum fámenn þjóð í stóru landi og áherslur og kröfur fólks geta verið mismunandi milli landshluta. Þess vegna verðum við á hverjum tíma að taka ákvarðanir sem tryggja það að lífsskilyrði og lífskjör séu sambærileg hvar sem er á landinu.

Ef síðustu atburðir hafa kennt okkur eitthvað þá er það fyrst og fremst að hin sjálfhverfa einstaklingshyggja er búin. Samvinna, samstillt átak er næst á dagskrá. Í samvinnuhugsjóninni felst að skapa umhverfi þar sem allir geta keppt innan sanngjarns ramma og útiloka einokun og fákeppni. Þannig munum við framsóknarmenn ávallt beita okkur fyrir því að atvinnulífið verði frjálst en að leikreglurnar séu skýrar og að þeirra sé gætt.

Öflug fyrirtæki verða nefnilega að standa undir velferðarkerfi sem á að vera fyrir alla óháð búsetu, stöðu og efnahag. Aðeins þannig munum við búa til samfélag þar sem allir njóta grunnmannréttinda og hvernig sem ástatt er hjá fólki þá á enginn að þurfa að líða skort í landi sem er jafn ríkt af auðlindum og okkar. Með þetta að leiðarljósi munum við framsóknarmenn leggja okkur fram við að leggja grunn að farsælli framtíð þessa lands.

*Höfundur er í framboði til formanns Framsóknarflokksins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
MIKIÐ fyrir LÍTIÐ
Coca Cola 69
Gleðileg jól!
17.990
RAFMAGNSGÍTAR
•10W magnari, poki og snúra fylgja
•Kjörið sett fyrir byrjendur
299
PIPARKÖKUR
•400 gr
39.990
TROMMUSETT
•Eitt með öllu. Kjuðar fylgja líka
•Flottur byrjendapakki
990
AIR FOOTBALL
•Fjörugt fótboltaspil
Lifandi leiðisgreinar og krossar.
Verð frá kr 990.
pr. stk
999
DVD MYNDIR
•Fjöldi flottra titla
ALLT JÓLASKRAUT Á 40% AFSLÆTTI
FRÁ 699
HANNAH MONTANA
•Gloss + lyklakippa, kr 699
•Naglalakka sett, kr 1190
•Snyrtibox, kr 3590
VERÐ ÁÐUR KR 29.990
19.990
GASGRILL
•3 brennarar + hliðarhella
2990
SPIDERMAN KULDASKÓR
•St 24-33
JÓLATRÉSSALA
Sala á lifandi trjám á eftirtöldum stöðum: Fiskislóð, Dalvegi og við Korputorg.
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# Eymundsson mælir með íslenskri tónlist



Sigur Rós - Með suð í eyrum við spilum endalaust
Verð: 2.499,-




Dr. Spock - Falcon Christ
Verð: 2.999,- CD+DVD




FM Belfast - How To Make Friends
Verð: 1.999,-



Reykjavík! - The Blood
Verð: 2.199,-




Retro Stefson - Montaña
Verð: 2.199,-



Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Láttu ljós skína í hönd mína

**UMRÆÐAN**

Íris Böðvarsdóttir skrifar um hamfarir og sálgæslu

Síðastliðið ár hefur verið mörgum Sunnlendingum erfitt. Suðurlandsskjálfti reið yfir hinn 29. maí og olli miklu tjóni og erfiðleikum hjá mörgum einstaklingum. Eftir á að hyggja má segja að fyrir marga hafi hann ekki valdið miklu efnislegu tjóni heldur sálrænni vanlíðan sem fólk á erfitt með að vinna bug á sjálft. Á þeim mánuðum sem eru liðnir frá Suðurlandsskjálfta hefur fjöldi einstaklinga fengið stuðning og aðstoð á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Flestir ná fyrri líðan og láta ekki hugsanir um jarðskjálftann trufla sig frekar.

Þó er það svo að enn í dag líðum mörgum illa vegna Suðurlandsskjálftans og eru það helst börn og aldraðir. Það sem viðheldur hræðslu flestra er ótti við annan stóran jarðskjálfta. Börn eiga oft erfitt með að sofna sjálf á kvöldin og leita í rúm foreldra á nóttunni. Þeim líður illa með að vera ein heima stutta stund og mega ekki sjá af foreldrum sínum. Sálfræðingar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafa nú sinnt tæplega 100 einstaklingum á öllum aldri með viðtölum og meðferð. Mörgum er sinnt í samvinnu við heimilislækna viðkomandi til að reyna að hafa meðferð eins heildstæða og mögulegt er og til einföldunar fyrir skjólstæðinginn. Þrátt fyrir að brátt séu liðnir sjö mánuðir frá Suðurlandsskjálftanum getur fólk enn í dag átt um sárt að binda vegna afleiðinga hans. Þá er mikilvægt að leita sér hjálpar í gengum sinn heimilislækni eða með að hringja í aðalnúmer HSu og biðja um viðtal við sálfræðing.

**Annars konar hamfarir**

Það má segja að aðrar og annars konar hamfarir hafi dunið yfir landsmenn í haust með falli bankanna og fjármálakerfisins. Fjárhagslegum grunni er kippt undan fjölda fjölskyldna og atvinnuleysi eða ótti um atvinnumissi er raunveruleiki margra. Fjárhagsáhyggjur er gott eldsneyti fyrir kvíða og depurð. Neikvæðar hugsanir um framtíðina og sjálfan sig eru til þess fallnar að valda margs konar kvíða og depurðareinkennum. Fyrstu einkenni um vanlíðan eru oft líkamleg og geta komið fram án þess að viðkomandi geri sér grein fyrir uppruna þeirra. Þreyta og verkir í stoðkerfi, herðum og höfði eru algeng einkenni og oft verða breytingar á matarlyst. Svefntruflanir eru einnig algengar og birtast oft á þann veg að fólk á erfitt með að sofna eða vaknar seinni hluta nætur og nær ekki að festa svefn aftur.



ÍRIS BÖÐVARSDÓTTIR

Á þessum tímum skiptir miklu máli að reyna að hafa stjórn á hugsunum sínum. Neikvæðar hugsanir valda og viðhalda kvíða og depurð. Því er mikilvægt að bera kennsl á slíkar hugsanir og reyna að breyta þeim í annað og meira jákvæðara. Þetta hljómar einfalt en getur reynst þrautinni þyngri. Oft geta neikvæðar hugsanir fengið frítt flæði í huga okkar án þess að við jafnvel tökum eftir því. Sé fólk farið að finna fyrir mikilli vanlíðan getur verið nauðsynlegt að leita sér aðstoðar í því stuðningskerfi sem við höfum í kringum okkur hvort sem það eru góðir og traustir vinir eða fagfólk opinberra stofnana.

**Besta gjöfin**

Fólk þarf að gera sér grein fyrir því að vanlíðan þess hefur áhrif á allt umhverfi. Í því ljósi horfi ég sérstaklega til barna sem verða fyrir áhrifum af streitu og tímaleysi foreldra sinna. Það má segja að það liggi í hlutarins eðli að uppspenntir og þreyttir foreldrar hafa oft litla þolinmæði gagnvart börnum sínum og verða pirraðir yfir litlum hlutum. Það getur valdið breytingu í hegðun barna til hins verra og valdið vanlíðan. Foreldrar sitja eftir með samviskubit og líður illa yfir að sinna börnum sínum lítið. Slíkt verður ekki endilega bætt með gjöfum eða efnislegum hlutum, heldur tíma og samveru. Besta jólagjöfin handa börnum er ekki sú sem endilega er keypt dýrum dómi heldur sú sem hefur ómetanlegt innihald - dýrmætan tíma sem kemur ekki aftur. Fátt þykir börnum skemmtilegra en að leika við foreldra sína og fá athygli þeirra óskipta. Þau gera oft litlar kröfur um hamingju sem Hannes Pétursson ljóðskáld lýsir svo vel í einu ljóða sinna.

*Þegar þú leiðir mig*
*skín ljós inn í hönd mína*
*og það svæfir*
*allar svartar hugsanir*

Í umræðu landsmanna síðastliðnar vikur hefur verið mikið fjallað um gildi og lífsgæði. Það er ljóst að það er erfitt að segja við einstakling sem hefur tapað miklum fjármunum að hann eigi að þakka fyrir góða heilsu. En raunin er sú að í lokin myndu allir velja heilbrigði fremur en efnisleg gæði. Hinn heilbrigði hefur margar óskir en hinn sjúki aðeins eina. Lífsgæði felast í heilbrigði, vinum og fjölskyldu. Oft eru það einfaldir hlutir sem gleðja mest og maður man eftir. Það er hættulegt að feta inn á þá braut að manni líði ekki vel nema maður sé að eignast hluti. Það er þó nauðsynlegt að allir fá uppfyllt grunnþarfir sínar um fæði og skjól til þess að líða vel. Því miður er raunin ekki sú í annars þessu góða landi okkar.

Kæru foreldrar, gefið börnunum ykkar tíma og nærveru í jólagjöf. Ekki láta börnin eiga minningar um örþreytta foreldra á aðfangadagskvöld vegna allra þeirra krafna sem við setjum sjálfum okkur fyrir jól. Seinna meir gæti minning barnanna ykkar um góða samveru verið dýrmætasta eign þeirra. Ég óska öllum landsmönnum gleðilegra jóla og velfarnaðar á komandi ári.

*Höfundur er yfirsálfræðingur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.*

# Eignarréttur varðar veginn

**UMRÆÐAN**

Helgi Áss Grétarsson skrifar um kvótakerfið

Í grein sem birtist 18. desember sl. í Fréttablaðinu og bar yfirskriftina „Kvótinn varðaði veginn“ sagði m.a.: „Að svo miklu leyti sem útvegsfyrirtækin rísa ekki undir skuldum, eru veðin – það er að segja kvótinn, þjóðareignin – komin aftur í hendur ríkisins, sem á nú nýju bankana.“ Þessi ummæli er vert að íhuga af tveim ástæðum, annars vegar hvað varðar eignarhaldið á kvótanum og hins vegar hvað varðar eignarhaldið á nýju bönkunum.

Um fyrrnefnda atriðið hefur sú trúarsetning verið síendurtekin um langt árabil að fiskveiðiréttindi útgerða fiskiskipa, smárra og stórra, séu þjóðareign í krafti þeirrar yfirlýsingar í lögum að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Við nánari skoðun kemur hins vegar í ljós að óveiddur fiskur í sjó telst ekki eignarhæft verðmæti og þjóðin, án nánari aðgreiningar, getur ekki verið aðili að eignarrétti. Þegar af þessum ástæðum á þjóðin engan kvóta né nokkurn annan fiskveiðirétt.

Síðarnefnda atriðið er ferskara umfjöllunarefni og verður nú vikið að því.

**Staða hinna gömlu og nýju banka**

Fyrir setningu neyðarlaganna í byrjun október sl. voru á Íslandi starfandi þrír viðskiptabankar sem voru einkafyrirtæki og í eigu hluthafa þeirra. Ef bankarnir hefðu verið teknir til gjaldþrotaskipta með hefðbundnum hætti hefði það orðið hlutverk skiptastjóra að koma eignum þeirra í verð fyrir lánardrottna og aðra kröfuhafa. Gömlu bankarnir eru nú í lögbundnu ferli sem er ígildi gjaldþrotaskiptameðferðar. Lánardrottnar og aðrir kröfuhafar „eiga“ í reynd „þrotabúin“ þó að meðferð á eignum bankanna lúti stjórn aðila á vegum hins opinbera, þ.e. svokallaðra skilanefnda og aðstoðarmanna í greiðslustöðvun.



HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Með ýmsum ákvæðum neyðarlaganna var gengið á réttindi þeirra sem höfðu lánað viðskiptabönkunum fé, m.a. var rétthæð krafna breytt. Vafi leikur á að slíkt standist ákvæði um vernd eignarréttinda í stjórnarskrá og í Mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig voru margar eignir teknar út úr bönkunum og færðar í hendur nýrra banka sem sagðir eru í eigu íslenska ríkisins. Réttir eigendur þessara verðmæta hafa hins vegar ekki enn fengið kaupverðið greitt og vaknar þá sú spurning hvort það séu ekki „eigendur“ þrotabúa gömlu bankanna sem í reynd eiga þá nýju.

**Varnaðarorð bandarísks lögmanns**

Hinn 16. desember sl. hélt virtur bandarískur lögmaður, Lee C. Bucheit, erindi við lagadeild Háskóla Íslands um skuldsetningu ríkja í fjármálakreppum. Með hliðsjón af því sem þar kom fram er líklegt að erlendir kröfuhafar gömlu bankanna eigi í handraðanum öflug lagarök sem geta knúið íslenska ríkið í enn meiri skuldasúpu. Það stafar aðallega af þeim aðgerðum sem gripið var til í krafti neyðarlaganna og nefndar voru hér að framan. Að mati undirritaðs væri það sennilega vel sloppið ef ríkið gæti leyst þennan hnút með því að eftirláta lánardrottnunum allar eignir og skuldir hinna nýju banka.

**Eignarréttur og réttarríkið**

Vernd eignarréttar er án efa mikilvæg brjóstvörn borgaranna gegn of sterku ríkisvaldi. Reynsla undanfarinna missera bendir til að jafnframt sé hætta á ferðum ef eignarréttindi of fárra og of öflugra aðila beri ægishjálm yfir ríkisvaldið. Ákveðið jafnvægi er sennilega nauðsynlegt til að tryggja að helstu viðmið réttarríkisins séu virt og að lagaframkvæmd endurspegli hinn vandrataða meðalveg á milli almannahagsmuna og hagsmuna einkaaðila.

Á þeim umbrotatímum sem nú eru eykst eftirspurn eftir málflutningi þeirra sem boða einfaldar söguskýringar og fagrar töfralausnir. Ástæða er til að varast slíkan málflutning. Grunnreglur réttarríkisins hafa staðist tímans tönn og ólíklegt er að gildi þeirra sé minna nú.

*Höfundur er lögfræðingur.*


1011
BÓNUSVÍDEÓ
Nýjustu myndirnar þegar þér hentar
Bónusvídeó er komið inn í verslanir 10-11
Nú geturðu leigt þér allar nýjustu myndirnar – þegar þér hentar – í verslunum 10-11
Glæsibæ, Grímsbæ, Lágmúla, Laugalæk, Engihjalla, Eggertsgötu, Hjallabrekku, Staðarbergi
... og fleiri verslanir bætast við reglulega
25% afsláttur
af Coke 2 l og Doritos 200 g
fyrir þá sem leigja sér mynd.
...alltaf opið!
www.10-11.is

# NÓATÚN
*fyrir jólin*



20% afsláttur

1.598 kr. kg

**Nóatúns**
Hamborgarhryggur



**Húsavíkur hangikjöt**
Úrbeinað

20 ár á toppnum!

Úr kjötborði
2.998 Kr. kg



**Húsavíkur hangikjöt**
Með beini

20 ár á toppnum!

Úr kjötborði
1.798 kr. kg



**Aliönd**
Frönsk, ca. 4,2 kg

3.998 Kr. kg



**Móa Veislufugl**
Með fyllingu

976 kr. kg

EXPO • www.expo.is




**Coke light**
4 x 2 L

499 kr. pk.



**VSV Humar**
A flokkur

4.989 kr. kg



**Eðalfiskur**
Reyktur og grafinn lax

25% afsláttur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

## Allar verslanir opnar t

# NÓATÚN
*fyrir jólin*



**Jólalambið**
Nýslátrað lambakjöt



**Kalkúnn**
Ferskur
**1.258** Kr. kg

# HÁTÍÐARMATUR Í ÚRVALSFLOKKI



Úr kjötborði
**Grísabógur**
Reyktur
**698** kr. kg



Úr kjötborði
**Grísahryggur**
Með pöru
**998** kr. kg



**Búrfells hamborgarhryggur**
Með beini
**998** kr. kg



**Egils Hvítöl**
1,25 L
**229** kr. stk.



**Egils Jólaöl**
0,5 L
**119** kr. stk.

## Hangikjötsborð Nóatúns



Húsavíkur hangilæri
Húsavíkur hangiframpartur
Húsavíkur hangilæri tvíreykt
Húsavíkur sauða hangilæri
Húsavíkur sauða hangiframpartur
Tvíreykt sauðafille



## Fjölbreytt úrval af ferskum ávöxtum og grænmeti

# il kl. 21 fram að jólum*

*Selfoss til kl. 22

# Glatast fullveldi við aðild að Evrópusambandinu?

UMRÆÐAN

Eiríkur Bergmann skrifar um Ísland og ESB



EIRÍKUR BERGMANN

Í þeirri umræðu sem undanfarið hefur blossað upp um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu hafa margir haft áhyggjur af fullveldinu, sjálfu fjöreggi þjóðarinnar. Allt frá því í sjálfstæðisbaráttunni hefur vernd fullveldisins verið grundvallarmál í íslenskum stjórnmálum og því ekki að undra að spurt sé hvort fullveldið glatist við aðild að ESB? Til að svara þeirri spurningu þarf annars vegar að skoða raunverulega merkingu fullveldisins og hins vegar núverandi stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni.

Ísland tengist Evrópusambandinu nú þegar nánum böndum en höfuðmarkmið EES-samningsins er að tryggja einsleitt markaðssvæði sem nær yfir aðildarríki ESB og EFTA. Ísland varð hluti af innri markaði ESB, sem er innsti kjarni evrópskrar samvinnu auk þess að taka þátt á fjölmörgum öðrum samstarfssviðum, svo sem menntamálum, vísinda- og menningarssamstarfi, félagsmálum, neytendamálum, jafnréttismálum, heilsuverndarmálum og umhverfismálum. EES-samningurinn nær hins vegar ekki til samstarfs ESB á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs, utanríkisviðskipta og Efnahags- og myntbandalagsins. Stofnanauppbygging EFTA og ESB er enn fremur æði ólík.

### Virkur þátttakandi

Stofnanakerfi Evrópusambandsins er yfirþjóðlegt og byggir á þjóðréttarlegu lagakerfi sem gengur framar landsrétti einstakra aðildarríkja. Evrópurétturinn er að þessu leyti einstakur og orðið hefur til sjálfstætt réttarkerfi þar sem aðildarríkin hafa á öllum sviðum ríkisvalds – löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds – framselt ákvarðanatökurétt í afmörkuðum efnisþáttum til sameiginlegra yfirþjóðlegra stofnana, til framkvæmdastjórnarinnar, Evrópuþingsins og Evrópudómstólsins.

Þessi einstæða staða Evrópusambandsins, sem byggir á framsali ákvarðanatöku og þar með ríkisvalds, gerir EES-samninginn einnig æði sérstakan í flóru milliríkjasamninga, með honum samþykktu EFTA-ríkin í EES að byggja á reglum ESB, umfram eigin lög, á þeim sviðum sem samstarfið nær til. Þar með yfirfærðust þessi sérstæðu þjóðréttarlegu einkenni ESB-réttarins yfir á EES-samninginn því leitast var við að veita EES-reglum stöðu í landsrétti Íslands, Noregs og Liechtenstein, sem er sambærileg við stöðu ESB-reglna í landsrétti aðildarríkjanna. Ísland er með öðrum orðum nú þegar komið á bólakaf í Evrópusamrunann og jafnvel má halda því fram að við séum eins konar aukaaðilar að Evrópusambandinu.

### EES og stjórnarskráin

Í aðdraganda þess að EES-samingurinn var lögfestur á Alþingi árið 1993 var hart deilt um hvort í honum fælist framsal á fullveldi. Tekist var á um hvort samningurinn bryti í bága við fullveldisákvæði stjórnarskrárinnar. Nefnd fjögurra sérfræðinga komst að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn stæðist fullveldisákvæði stjórnarskrárinnar og útheimti ekki endilega breytingu á henni því samningurinn fæli aðeins í sér takmarkað og ekki verulega íþyngjandi valdaframsal.

Meðal fræðimanna var hins vegar hart deilt um túlkun nefndarmanna á fullveldisákvæðum stjórnarskrárinnar. Til að mynda hélt dr. Guðmundur Alfreðsson því fram að þar sem löggjafarvaldið innan EES væri efnislega í höndum stofnana ESB gengi EES-samningurinn gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Hann taldi samninginn fela í sér framsal valds í afmörkuðum þáttum á öllum þremur valdsviðum ríkisins. Hann benti til að mynda á að í reynd hafi Alþingi ekki möguleika á að breyta EES-frumvarpi að efni til enda næði lagasamræming þá ekki fram að ganga og sagði einsdæmi að fullvalda ríki framselji ríkisvald með þeim hætti til stofnana sem ríkið er ekki aðili að. En snúum okkur þá að fullveldinu sem slíku.

### Hvað er fullveldi?

Íslensk stjórnmálahefð mótaðist að miklu leyti í sjálfstæðisbaráttunni og sú orðræða sem þá varð til lifir enn góðu lífi í íslenskri stjórnmálaumræðu. Grundvallarhugmynd þjóðernisstefnunnar var að íslensk þjóð ætti að vera frjáls og fullvalda í eigin landi. Sjálfstæðið varð hið endanlega markmið frelsisbaráttunnar og Íslendingar litu á fullveldið sem einhvers konar endurreisn þjóðveldisins. Þrátt fyrir að sjálfstæðisbarátta Íslendinga stæði í nánu samspili við álíka hugmyndafræðilegar hræringar í Evrópu þá virtust Íslendingar líta svo á að sjálfstæðisbaráttan væri að vissu leyti séríslenskt fyrirbæri.

En jafnvel þótt Íslendingar geti verið staðráðnir í að vernda fullveldið, er þó ekki til neinn sameiginlegur skilningur á því hvað það merkir í raun og veru. Því má spyrja: Hvað er fullveldi?

### Fullveldi Vestfalíu

Rekja má notkun fullveldishugtaksins til skrifa franska lögspekingsins Jean Bodin á síðari hluta sextándu aldar og Bretans Thomas Hobbes á fyrri hluta sautjándu aldar. Samkvæmt þeim felur raunverulegt fullveldi í sér fulla og algilda stjórn, allt vald ríkisins, sem annaðhvort er í höndum eins manns, sem þá er fullvaldurinn, eða í höndum vel skilgreinds hóps valdamanna. Segja má að fullveldið hafi fyrst orðið til sem merkingarbært hugtak í stjórnmálum í kjölfar Vestfalíusamninganna 1648, sem bundu enda á 30 ára stríðið. Með Vestfalíusamningunum varð til það sem hægt er að kalla samfélag þjóða í Evrópu, sem byggðist á alþjóðlegum lögum á grundvelli fullveldisins. Fram að því, frá miðöldum, höfðu ríki Evrópu orðið til í valdabaráttu konunga yfir aldir.

Með tilkomu þjóðríkisins, eftir að krafan um lýðræði kom fram í kjölfar upplýsingarinnar og frönsku byltingarinnar, færðist fullveldið frá einvöldum konungi eða fursta til þjóðarinnar. Þá fóru menn að líta svo á að það væri þjóðin, það er að segja; fólkið, þegnarnir, almenningur, sem framseldi valdið til fulltrúa sinna í lýðræðislegum kosningum. Smám saman varð sá skilningur almennur að ríki heims hefðu yfirráð yfir eigin landsvæði og einkarétt til sjálfstjórnar innanlands. Fyrirkomulagið felur í sér stjórnleysi að því leyti að ekkert yfirvald er til æðra hinu fullvalda ríki. Ágreiningur milli ríkja er leystur með samningum þeirra á milli, að öðrum kosti með átökum, jafnvel vopnuðum átökum ef því er að skipta.

Þetta ríkjakerfi stjórnleysis sem varð til með Vestfalíusamningunum endaði í átökum og upplausn í Evrópu þegar fyrri heimsstyrjöldin brast á. Eftir heimsstyrjöldina síðari tók svo við nýtt ríkjakerfi sem byggði á alþjóðalögum og skuldbindandi þátttöku í alþjóðastofnunum á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið, Evrópuráðinu og Evrópusambandinu. Í lagalegri umræðu er því stundum haldið fram að framsal á valdheimildum ríkisins til alþjóðlegra stofnana feli í sér afsal fullveldis. En fullveldishugtakið er ekki aðeins lagalegt heldur einnig síður pólitískt gildishlaðið og í þessari merkingu hefur það meðal annars verið notað til að höfða til þjóðernistilfinninga í viðleitni til að koma í veg fyrir framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana.

### Fullveldi og alþjóðasamfélag

Alþjóðasamfélagið sem þróaðist upp úr miðri tuttugustu öld byggði áfram á fullveldi þjóðríkisins en í nokkuð breyttri mynd. Komnir fram mun fleiri gerendur heldur aðeins hið fullvalda ríki, ekki aðeins alþjóðlegar stofnanir, heldur einnig alþjóðleg félagasamtök og fjölþjóðlegar fyrirtækjasamsteypur. En hver er þá merking fullveldisins í núverandi ríkjakerfi?

Í lagalegum skilningi eru fullvalda ríki einvörðungu þau sem eru viðurkennd sem slík af öðrum ríkjum og hafa rétt til yfirráða innanlands. Ríki hafa heldur ekki rétt til íhlutunar í innanlandsmálum annarra fullvalda ríkja. En nú er ekki lengur aðeins einn fullvaldur, heldur stjórnkerfi sem getur til að mynda byggt á valddreifingu í anda Montesquieu. Fullveldið hefur núorðið skýran lýðræðislegan svip, þann að þegnarnir eiga að geta valið sér sitt eigið stjórnarform.

Þegar sagt er að fullveldið í þessum gamla skilningi Bodins og Hobbes, sem algjört, sjálfstætt alvald, sé ekki lengur til staðar er ekki átt við að stjórnkerfi ríkjanna hafi liðast í sundur heldur aðeins að ríkið hafi ekki lengur sömu stjórn á þróun mála innanlands og áður var. Hnattvæðing efnahagslífsins hefur til að mynda orðið til að flæði vöru, þjónustu og fjármagns milli landa er slíkt að stjórnvöld í einstaka ríkjum hafa ekki á því mikla stjórn. Þá er komið að hinni hlið fullveldisins, ytri hliðinni, en fullveldið felur einnig í sér rétt ríkisins til að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi, til að mynda í því augnamiði að takast á við sameiginleg viðfangsefni í tilvikum þar sem samtakamáttur er líklegri til árangurs heldur en að hvert og eitt fullvalda ríki beiti sér óháð aðgerðum annarra ríkja.

### Fullveldið og ESB

Evrópusambandið hefur skýra sérstöðu í flóru ríkjasamtaka. Aðildarríkin hafa framselt ríkisvald til sameiginlegra yfirþjóðlegra stofnana en það gerir ESB ansi frábrugðið hefðbundnum ríkjasamtökum á borð við Evrópuráðið, Alþjóðaviðskiptastofnunina, Sameinuðu þjóðirnar, Norðurlandaráð, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Vestur-Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið sem byggja á milliríkjaskipulagi.

Þetta einstaka skipulag Evrópusambandsins fellur að vissu leyti illa að hefðbundnum skilningi á fullveldishugtakinu. Evrópusambandið er hvorki hefðbundin alþjóðastofnun sem byggir á milliríkjagrunni né fullvalda sambandríki, heldur yfirþjóðleg samtök ríkja sem hafa kosið að deila fullveldi á afmörkuðum sviðum. Því má segja að Evrópusambandið sé í aðra röndina í það minnsta eins konar tilraun til að öðlast á nýjan leik hlutdeild í því valdi sem hefur flætt frá fullvalda ríkisstjórnum með aukinni hnattvæðingu.

### Innra og ytra fullveldi

Samkvæmt framansögðu er almennt hægt að líta svo á að fullveldi hafi í það minnsta tvær hliðar; annars vegar inn á við, að ríkið hafi einkarétt á að ráða málefnum innan eigin landamæra og hins vegar út á við, rétt til að taka þátt í samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi.

Samkvæmt hefðbundnum skilningi felur fullveldið semsé í aðra röndina í sér að ríki eigi að ráða sínum innanlandsmálefnum sjálf, án utanaðkomandi íhlutunar, eins og hin þjóðréttarlega skilgreining segir til um og að framan var greint frá. Á undanförnum áratugum hefur hnattvæðing viðskipta, menningar og vísinda hins vegar gert ríki heims gagnkvæmt háð hvert öðru. Í samræmi við það hefur skilningur margra á fullveldishugtakinu að sumu leyti breyst. Fullvalda ríki geta samkvæmt því framselt fullveldi sitt til alþjóðlegra stofnana með sérstökum þjóðréttarsamningum sem fá þar með heimild til að fara með ákvarðanatökuvald á tilteknum afmörkuðum sviðum. Þetta er gert í þeirri viðleitni að ná betur utan um tiltekin viðfangsefni sem ríkin ráða ekki við hvert og eitt.

Því er til að mynda hægt að líta svo á að ríki heims geti ekki verið fullvalda í umhverfismálum nema með því að vinna saman að mengunarvörnum. Einstaka ríki geta heldur ekki haft fulla stjórn á eigin fjármálamarkaði þegar fjármálaviðskipti yfir landamæri eru opin eins og núverandi fjármálakreppa sýnir svo ljóslega. Það er meðal annars vegna þessarar þróunar sem ríki Evrópu hafa í síauknum mæli kosið að deila fullveldi sínu í sameiginlegum stofnunum til að takast á við sameiginleg viðfangsefni. Til að mynda er hægt að líta svo á að áhrif ríkis í tilteknum málaflokki sé meiri með því að deila ríkisvaldi í sameiginlegum stofnunum og jafnvel er hægt að halda því fram að aðild ríkisins að yfirþjóðlegri stofnun feli í sér aukið fullveldi á því sviði heldur en ríkið annars hefði.

Í hinum hnattvædda heimi verður ytri hlið fullveldisins því ekki síður mikilvæg heldur en sú innri, fullveldi ríkja felst núorðið ekki síst í réttinum til að taka þátt í starfi alþjóðastofnana, þar sem ákvarðanir einstakra svæða og heimsbyggðarinnar allrar eru teknar.

Svo dæmi sé tekið þá eru Texas og Bæjaraland ekki fullvalda ríki og geta því ekki tekið þátt í starfi alþjóðastofnana, nema í gegnum ríkisstjórnir sínar, Bandaríkin og Þýskaland. Ísland er hins vegar frjálst og fullvalda ríki og hefur í krafti þeirrar stöðu fulla heimild til að taka þátt í starfi alþjóðastofnana.

Í þessu samhengi er áhugavert að Ísland hefur fram að þessu kosið að nýta ekki fullveldisrétt sinn í stofnunum Evrópusambandsins.

*Höfundur er dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst.*



STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS „Þrátt fyrir að sjálfstæðisbarátta Íslendinga stæði í nánu samspili við álíka hugmyndafræðilegar hræringar í Evrópu þá virtust Íslendingar líta svo á að sjálfstæðisbaráttan væri að vissu leyti séríslenskt fyrirbæri,“ segir greinarhöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Í hinum hnattvædda heimi verður ytri hlið fullveldisins því ekki síður mikilvæg heldur en sú innri, fullveldi ríkja felst núorðið ekki síst í réttinum til að taka þátt í starfi alþjóðastofnana, þar sem ákvarðanir einstakra svæða og heimsbyggðarinnar allrar eru teknar.*



FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM
Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
LOGITECH DESKTOP
Nettur hljóðnemi sem fer lítið fyrir á borði USB 2.0
4.990
abigs
DVP-570X
MARGMIÐLUNARSPILARI
Full HD 1080P DOLBY DIGITAL HDMI H.264
Sarotech Abigs DVP-570X er 1080p HD margmiðlunarspilari og hýsing með HDMI tengi. Spilar öll helstu skráarform eins og MKV, AVI, OGG o.fl. Tengjanlegur við netið svo að hægt er að lesa skrár af heimanetinu.
49.990
LEIKIR Í ÚRVALI OG Á BETRA VERÐI
PC - PS3 - PS2 - PSP - XBOX
OPIÐ LENGUR FRAM AÐ JÓLUM
20.DES FRÁ 10:00 TIL 22:00
21.DES FRÁ 10:00 TIL 22:00
22.DES FRÁ 09:00 TIL 22:00
23.DES FRÁ 09:00 TIL 23:00
2.5" 260S ABIGS SPILARI
Fyrirferðalítill margmiðlunaspilari með innbyggðum FM sendi
24.990
ICYBOX 3010HW
Nýr þráðlaus HD spilari m. upptöku, kortalesari HDMI og USB Uplink
44.990
A6 WACOM BAMBOO ONE
Teiknaðu inn í myndvinnsluforritin á tölvunni með teikniborði frá Wacom
12.990
LOGITECH MX AIR
Þráðlaust mús með hreyfiskynjara sem virkar á borði og í lausu lofti
15.990
LOGITECH EX 110
Þráðlaust lyklaborð með ábrenndum ísl. stöfum og mús
8.990
LOGITECH ATTACK 3
Stýripinni með 11 forritanlegum tökkum, þægilegu handfangi og USB
3.490
19" SAMSUNG 923NW
19" Samsung 923NW glæsilegur breiðtjaldsskjár með 1440x900 í upplausn, 1000:1 í Dynamic skerpu og 5ms viðbragðstíma.
28.990
CREATIVE HN700
Lokuð kraftmikil heyrnartól sem minnka umhverfishljóð
7.990
4GB MP3 SANDISK
4GB MP3 spilari með allt að 15 tíma hleðslu, innbyggður hljóðnemi og heyrnatól fylgja
12.990
MSI GEFORCE N9500GT
512MB MSI N9500 GDDR2 PCI-Ex skjákort með DirectX 10
18.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750
HLÍÐASMÁRA 10 S: 414 1760


FRÁBÆR TILBOÐ
í Krónunni!
30% afsláttur
1329 kr. kg
ÍM hamborgarhryggur með beini
22% afsláttur
895 kr. kg
Móa Veislufugl með fyllingu
44% afsláttur
ÚRBEINAÐUR
1399 kr. kg
Allra hamborgarhryggur úrbeinaður
10% afsláttur
Kea Hangilæri úrbeinað
10% afsláttur
Kea Hangiframpartur úrbeinað
40% afsláttur
498 kr. kg
Grísabógur hringskorinn
30% afsláttur
549 kr. kg
Grísalæri í heilu
20% afsláttur
ÍM HANGIKJÖTIÐ ER REYKT Á HÚSAVÍK
2398 kr. kg
ÍM hangilæri úrbeinað
368 kr. stk.
Stóruvalla Hangiflot
287 kr. stk.
Stóruvalla Hamsatólg
689 kr. stk.
ÍM Jólasíld
20% afsláttur
1098 kr. kg
FS Skata kæst
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana
Opnunartímar í Krónunni í dag 20. des:
Krónan Höfða 10-22
Krónan Lindum 10-22
Krónan Granda 10-20
Krónan Árbæ 10-21




| Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Akranesi | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |
|---|---|---|---|---|---|
| 11-21 | 11-21 | 10-20 | 10-20 | 11-18 | 10-17 |



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR** Er alin upp við að prjóna og sauma og lærði handverkið af ömmu sinni og mömmu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vantar verksmiðjur á Íslandi

Skortur á verksmiðjum á Íslandi er mjög bagalegur fyrir íslenska hönnuði, segir **Steinunn Sigurðardóttir** fatahönnuður sem segir að eingöngu með því að stefna saman hönnuðum og verksmiðjum sé hægt að hefja alvöru framleiðslu á íslenskri hönnun. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** leit við á vinnustofu frægasta fatahönnuðar Íslands og ræddi um nýja og gamla tíma

Þegar blaðamann ber að garði í vinnustofu Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar er hún að skoða prótótýpu vetrarlínunnar 2009. „Þú ert einstaklega heppin að fá að sjá þetta,“ segir hún kímin og leiðir blaðamann í allan sannleika um hið flókna vinnuferli sem hönnun á tískulínu er. „Þetta ætlum við ekki að nota,“ segir hún og sýnir mér flíkur sem hafa lent undir fallöxinni. Svo er annar stafli með flíkum sem verða í línunni, breyttar og bættar vitaskuld. Þær verða sendar til baka í verksmiðjuna, og næst þegar Steinunn ber þær augum verður sniðið orðið rétt svo ekki sé minnst á litina. „Ekki horfa á þessa liti,“ segir hún mér.

Það er ekki einfalt mál að búa til tískulínu og stór hluti af þeirri vinnu er einmitt samskiptin við verksmiðjuna sem framleiðir vöruna fyrir hönnuðinn. Steinunn er margreynd í þeim, enda með áratuga reynslu sem hönnuður. Hún sýtir hins vegar hversu fáar fataverksmiðjur og verksmiðjur sem nýtast hönnuðum eru starfandi á Íslandi.

„Það eru allir að tala um að hönnun eigi að vera okkar björgunarhringur og að nú eigum við að fara að trúa á íslenska hönnun og kaupa hana. En ég hef alltaf sagt við alla sem eru í hönnun, finnið verksmiðju til að framleiða hönnunina ykkar, þannig er best að byrja,“ segir Steinunn sem er þeirrar skoðunar að það þurfi að stefna saman íslenskum hönnuðum og fulltrúum verksmiðja á þeirra sviði, bjóða þeim hreinlega til landsins og láta hönnuðina funda með þeim, þannig væri fyrsta skrefið stigið í átt að alvöruframleiðslu á íslenskri hönnun.

> ” Ísland er fullt af prótótýpum, það eru allir að búa til eitt stykki, en við verðum að finna verksmiðju sem getur framleitt vörurnar

### Græt yfir stöðunni

„Ísland er fullt af prótótýpum, það eru allir að búa til eitt stykki, en við verðum að finna verksmiðju sem getur framleitt vörurnar. Þetta litla og fallega er dásamlegt en eingöngu með því að stefna saman hönnuðum og verksmiðjum er hægt að byggja eitthvað upp. Ég græt yfir því hvernig staðan er núna hér á landi þar sem nær engar verksmiðjur eru til lengur, en við eigum enn það mikla handverksþekkingu á Íslandi að við ættum líka að geta byggt eitthvað nýtt upp.“

Steinunn veit hvað hún er að tala um því sjálf hefur hún mikla reynslu af samskiptum við verksmiðjur. Hún vann í fjölda ára fyrir frægustu hönnuði/tískumerki heims eins og Calvin Klein, Gucci og La Perla og kynntist því vel hvar bestu verksmiðjurnar fyrir hinar ýmsu ólíku flíkur eru. Þegar hún sjálf fór svo af stað með hönnun undir eigin nafni var hún því orðin sjóuð í samskiptum við verksmiðjur og vissi hvert átti að leita. „Ég vinn með verksmiðjum úti um allan heim, í Hong Kong, Eystrasaltslöndunum, á Ítalíu.“

Steinunn segir að það hafi engin verksmiðja á Íslandi þann vélakost og tækni til að framleiða prjónafötin hennar eins og sakir standa. Hún bendir blaðamanni á ýmis atriði í frágangi á nýtilbúnum kjól úr sumarlínunni 2009. Kjólinn, sem er úr fínprjónuðu reioni og lagður kögri, væri ekki hægt að framleiða hér vegna skorts á vélum.

En hönnunin er auðvitað jafn íslensk og áður og þykir Steinunni það leiðinlegur misskilningur að halda að hönnun sé ekki íslensk nema hún sé framleidd hér á landi. „Ég hitti konu um daginn sem sagði mér að hún hefði hætt við að kaupa íslenskan hönnunargrip vegna þess að hann var ekki framleiddur á Íslandi. Ég hugsaði með mér að fyrir þessu hefði átt að hugsa fyrir tíu árum, áður en allar verksmiðjur lokuðu.“

### Þróun kemur okkur í koll

Sú þróun sem átti sér stað fyrir tíu til fimmtán árum, þegar íslenskar fataverksmiðjur lögðu flestar upp laupana, vegna samkeppninnar við innflutta ódýrari vöru, kemur okkur í koll núna bendir Steinunn á, þegar áhugi á íslenskri hönnun hefur aukist. „En ég get sagt þér að fyrir tíu árum, þegar ég kom heim, þá vildi enginn kaupa íslenska framleiðslu.“

Eftir efnahagshrunið mikla hefur mikið verið rætt um að efla íslenska hönnun og að góðum og gegnum íslenskum sið þá á allt að gerast hratt. En Steinunn bendir á að þegar framleiðsla lagðist af týndist niður kunnátta. Hún segir miður hvað Íslendingar eru fljótir að fara í gegnum svona ferli, að hafna einhverju sem byggir á gamalli hefð fyrir nýtt.

Steinunn segist þó fullviss um að þó að tækjabúnaður sé af skornum skammti hér á landi þá sé mikil handverksþekking enn þá til staðar. En það sé mjög mikilvægt að hlúa að

FRAMHALD Á SÍÐU 34

## Veturinn 2008



Rétt eins og hönnun Steinunnar vísar í náttúru og menningu Íslands kallast myndirnar af flíkunum hennar á við gamlar myndir. Mary Ellen Mark ljósmyndari myndar fyrir Steinunni og hún gerir úr myndunum meira en tískumyndir eins og Steinunn bendir á.







# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni



**Scierra fleece samfestingur.**
Hlýr og góður samfestingur undir veiðigallann, skíðagallann og í alla útivist.
**Verð aðeins 12.995**



**Simms Freestone dömu vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur með kvensniði ásamt sterkum Simms skóm.
**Fullt verð 44.800 – Jólatilboð aðeins 34.900**



**Simms L2 Gore tex vöðlupakki**
Vandaðar Simms Gore-tex vöðlur ásamt Simms skóm.
**Fullt verð 56.800 – Jólatilboð aðeins 45.800**



**DAM öndunarvöðlur með stígvélum**
Þriggja laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum
**Verð aðeins 29.995**



**Ron Thompson vöðlupakki**
Vandaðar neoprenvöðlur ásamt vatnsheldum veiðijakka með útöndun.
**Fullt verð 27.990 – Jólatilboð aðeins 21.995**



**Ron Thompson vöðlutaska**
Vatnsheldur botn. Motta til að standa á. Lok með loftun
**Verð aðeins 4.995**



**Felugallar úr þrívíddarcamo**
Án efa besti felugallinn á markaðnum. Notast yfir kulda og / eða regngalla. Buxur og jakki.
**Fullt verð 18.995 – Jólatilboð aðeins 15.995**



**Rjúpnavesti**
Vinsæl og sterk vesti með mörgum vösum fyrir bráðina, skotfæri, gps tækið, samlokuna og fleira.
**Verð aðeins 12.995**



**MAD felulitavöðlur**
Neoprenvöðlur í felulitum fyrir skotveiðimanninn.
**Fullt verð 24.900 – Jólatilboð aðeins 15.995**



**DAM öndunar-vöðlupakki**
Vinsælar öndunarvöðlur ásamt vöðluskóm.
**Fullt verð 35.990 – Jólatilboð aðeins 27.995**



**Okuma SLV fluguhjól**
**Vinsælt hjól á frábæru verði**
**Verð aðeins frá 10.995**



**Simms Guide veiðivesti**
Eitt besta vestið á markaðnum.
**Verð aðeins 14.995**



**Scierra IC3 fluguhjól**
**Large arbour hjól. 3 aukaspólur og hjólataska.**
**Verð aðeins 14.995**



**Ron Thompson reykofn**
Töfraðu fram veislumáltíð á fáeinum mínútum. Þrjár stærðir. Eigum einnig reyksag.
**Verð aðeins frá 6.995**



**DAM hnífasett**
Vandaðir aðgerðarhnífar ásamt stáli og skurðarbretti. Nauðsynlegt í veiðitúrinn
**Verð aðeins 4.995**



**MAD skotveiðijakki.**
Vatnsheldur jakki með útöndun. Innri flíspeysa fylgir
**Fullt verð 35.995 – Jólatilboð aðeins 24.995**



**Mad Duffel Bag**
Stór taska í felulitum.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Gerviandasett**
12 stokkendur. Blýsökkur og bönd fylgja. Góður poki undir allt settið fylgir með.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Gervigæsir**
12 grágæsaskeljar í kassa. Þrjár stellingar. Festijárnin fylgja með. Nauðsynlegt í gæsaveiðina
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**DAM sjóveiðipakki**
6 feta sterk DAM sjóstöng ásamt DAM sjóveiðihjóli með raðara og dýptarmæli
**Fullt verð 27.995 – Jólatilboð aðeins 16.995 (takmarkað magn)**



**Mad sólarhleðslutæki**
Þetta tæki gerir þér kleift að hlaða gsm símann, mp3 spilarann eða önnur smátæki með dagsbirtunni
**Verð aðeins 10.995**



**Öryggishólf**
Nettir skápar fyrir skotfæri eða verðmætin á heimilinu. Digital læsing.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Beretta skotveiðibakpoki**
Vinsælir bakpokar meðal skotveiðimanna. Festing fyrir byssu. Vatnsheld veðurhlíf í felulitum fylgir pokanum.
**Verð aðeins 16.995**



**Norconia útsýnissjónauki**
Fyrir veiðimanninn, í stofugluggann eða sumarbústaðinn. 18-36 x stækkun. Þrífótur fylgir
**Fullt verð 35.880 – Jólatilboð aðeins 29.900**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940 | SPORTBÚÐIN | VEIÐIHORNIÐ

Veiðibúðin á netinu
veidimadurinn.is

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
sportbudin.is

Síðumúla 8 - Sími 568 8410
veidihornid.is









**VORIÐ 2009** Íslenskar konur geta hlakkað til þess að Vorlínan 2009 kemur í verslanir í febrúar.

MYNDIR/MARY ELLEN MARK.

FRAMHALD AF SÍÐU 32

henni og ekki nóg gert í þeim málum eins og sakir standa. „Það vantar mikla handmennt í grunnskólana aftur. Það er svo gott fyrir krakka að geta tjáð sig með því að teikna og skapa almennt. Skapandi hugsun er auðvitað góð fyrir hvern sem er hvort sem það er viðskiptafólk, lögfræðingar eða stjórnmálamenn.“

### Lærði að prjóna og sauma hjá ömmu

Sjálf lærði Steinunn að prjóna og sauma hjá ömmu sinni. „Sjáðu þessa bók,“ segir hún og dregur fram bók með sýnishornum af prjónastílum og útsaumi sem hún gerði í barnaskóla. „Þessi hefur ferðast með mér út um allan heim.“ Steinunn segist sjálf vera gott dæmi um það hvernig þekking á handverki verður að einhverju meira. „Ég hafði alltaf mikinn áhuga á að prjóna og sauma. Mamma var heimavinnandi húsmóðir og saumaði allt á okkur. Amma vann á saumastofu, ég kenni þeim tveimur nú eiginlega um hvar ég endaði. Ég er alin upp við að mála og sauma. Það byrjar allt þar,“ segir Steinunn og hlær.

„Kanntu að prjóna?“ er svo spurning sem hún dembir skyndilega á blaðamann sem verður að játa á sig að vera lítið gefin fyrir hannyrðir. „Ég er rosalega góð prjónakona, var alltaf kölluð the „knitting queen“ í skólanum.“ Og Steinunn upplýsir hvernig hún hefur ferðast um allan heim til að kenna prjónaskap. „En ég neita að kenna fólki að prjóna eftir uppskrift. Að prjóna er verkfræðihugtak fyrir mig sett saman af sex atriðum, fitja upp, fella af, slétt og brugðið, auka út í og þrengja, allt þar á milli er síðan samsetning og henni getur fólk ráðið,“ segir Steinunn sem hefur látið nemendur prjóna á puttunum með tónlist í eyrunum, og þannig látið nemendur finna fyrir prjónafestu og þeir lært að prjóna eftir sínum takti. „Það er svo mikilvægt að brjótast út úr hinu hefðbundna, það besta sem getur komið fyrir handverkið er að þú kunnir það svo vel að þú getir brotist undan því,“ segir Steinunn.

Vanþekking á hönnunarsögu okkar er mikil og dregur úr tækifærum til þess að nota arfleifðina til að skapa eitthvað nýtt. „Ég er oft í Þjóðminjasafninu að skoða gamla hluti og ég held að ég eigi allar þær myndabækur sem þar hafa verið gefnar út og vil meina að besta tískubók sem gefin hefur verið út sé Til gagns og fegurðar eftir Æsu Sigurjónsdóttur,“ segir Steinunn en tenging hönnunar hennar við íslenska arfleifð er stór þáttur í hennar hönnunarferli.

> það besta sem getur komið fyrir handverkið er að þú kunnir það svo vel að þú getir brotist undan því.

### Tilvísanir í sögu og náttúru

Slaufurnar sem hún notar mikið á flíkurnar sínar eru til dæmis tilvísun slifsins í íslenska þjóðbúningnum og myndir af fyrirsætum í nýjustu línunni hennar kallast meðvitað á myndir af íslenskum konum í þjóðbúningum, uppstilltum hjá ljósmyndara. En það er ekki alltaf hlaupið að því að vinna með arfleifðina, þegar hún er ekki vel dókúmenteruð. Steinunn minnist þess þegar hún setti allt á annan endann í leit sinni að heimildum um gamalt teppi sem var á hönnunarsýningunni „Ómur“. Þetta var vel þekkt ullarteppi með íslenskum fánalitum sem hvergi var hægt að finna neinar heimildir um. „Það var síðan eldri kona sem gat sagt mér nánar frá þessu teppi sem reyndist vera gamalt Álafossteppi frá 1944 og nú má sjá mynd af því í bókinni Þjóðin, landið og lýðveldið eftir Vigfús Sigurgeirsson. En af hverju er ekki verið að framleiða það enn þá, ég bara spyr?“

Fyrir utan að sækja innblástur í hefðir fær Steinunn sinn megininnblástur úr íslenskri náttúru og hún sækist beinlínis eftir því að ná áferð landslagsins inn í flíkur sínar; yfirborð jökulsins flyst yfir í efni og verður að flík. Þannig nær hún eflaust að verða jafn íslensk og raun ber vitni, þrátt fyrir langa dvöld erlendis í tískuhúsum þar sem Ísland nær ekki máli. „Ísland spilar rosalega stóran þátt í fegurðarskyni okkar Íslendinga og náttúran á stóran þátt í því, hún gerir okkur skapandi. Þeir sem hafa ferðast mikið um heiminn vita að við búum á mjög framandi stað.“

## Vinnur með arfleifðina





**UPPÁBÚNAR** Slifsið á þjóðbúningi íslenskra kvenna er innblástur að slaufunum sem eru svo áberandi í hönnun Steinunnar sem sjá má á hér að ofan og á fyrri síðu. Myndirnar eru úr bókinni Til gagns og fegurðar eftir Æsu Sigurjónsdóttur.



**ÁLAFOSSTEPPIÐ** Leiðinlegt er að mati Steinunnar að teppið sé ekki í framleiðslu lengur. Mynd úr bókinni Þjóðin, landið og lýðveldið.

# nettó

Góðar bækur á betra verði




38% afsláttur

SÆMI ROKK

**3.026 kr**

~~4.880 kr~~




40% afsláttur

STEBBI RUN

**3.288 kr**

~~5.480 kr~~




40% afsláttur

SÓLKROSS

**2.814 kr**

~~4.690 kr~~




40% afsláttur

SAMSPIL

**2.994 kr**

~~4.990 kr~~




35% afsláttur

MEÐAN HJARTAÐ SLÆR

**3.237 kr**

~~4.980 kr~~




35% afsláttur

TVÖFALDIR FJÖTRAR

**2.587 kr**

~~3.980 kr~~




36% afsláttur

Í HÚSI AFA MÍNS

**2.995 kr**

~~4.680 kr~~




37% afsláttur

ÉG HEF NÚ SJALDAN VERIÐ ALGILD

**3.137 kr**

~~4.980 kr~~




30% afsláttur

ÉG HEF FYRR HEYRT ÞENNAN SÖNG

**3.136 kr**

~~4.480 kr~~




35% afsláttur

FARÐU ALDREI FRÁ MÉR

**1.937 kr**

~~2.980 kr~~




35% afsláttur

RIPLEYS - ÓTRÚLEGT EN SATT

**3.244 kr**

~~4.990 kr~~




33% afsláttur

KVÖLDBÓK LÍNU

**1.997 kr**

~~2.980 kr~~

TILBOÐIN GILDA 20. - 21. DESEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.netto.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG FRÁ KL.10.00-20.00
1554
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
30% afsláttur 1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG..
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
523 kr./kg. MERKT VERÐ 872 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
UNGNAUTAHAKK 1085 kr./kg.
MERKT VERÐ 1549 KR./KG.
4 STK MEÐ BRAUÐI
30% AFSLÁTTUR
UNGNAUTAHAMBORGARAR
559 kr. MERKT VERÐ 798 KR./KG.
598
ÍSLANDSGRÍS GRÍSAPURUSTEIK
598 kr./kg.
40% AFSLÁTTUR
ÍSLANDSGRÍS GRÍSAHAKK
539 kr./kg. MERKT VERÐ 899 KR./KG.
989
F.O KÆST OG SÖLTUÐ SKATA
989 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
798
F.O. KÆST OG SÖLTUÐ TINDASKATA
798 kr./kg.
998
N.F SALTFISKUR ÚTVATNAÐUR
BEINLAUS M/ROÐI 998 kr./kg.
298
BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR
900g 298 kr.
498
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 498 kr./kg.
698
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.
498
N.F. HÁKARL
100g 498 kr.
FRÁ BJARNARHÖFN
289
MJÓLKU HÁTÍÐARFETAOSTUR
250g 289 kr.
79
ES orkudrykkur
250ml 79 kr.
Sama innihald.
Bara ódýrari!
698
MJÓLKU HÁTÍÐARSKYRTERTA
600g 698 kr.
ALLIR BESTU NÓAMOLARINIR Í EINUM KASSA.
1598
NÓA KONFEKT 650g
1598 kr.
3998
DAGVAKTIN
DAGVAKTIN DVD-DISKAR
3998 kr.
498
TE & KAFFI JÓLAKAFFIÐ 400g
MALAÐ EÐA BAUNIR
498 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAG 10.00-20.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# TILBOÐIN GILDA TIL SUNNUDAGS

## SS JÓLAKJÖTIÐ MEÐ 30% AFSLÆTTI




**30% AFSLÁTTUR**

HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR
**1574 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2248 KR./KG.




**30% AFSLÁTTUR**

SS HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
**2141 kr./kg.**
MERKT VERÐ 3058 KR./KG.




**30% AFSLÁTTUR**

SS GRÍSA HAMBORGARHRYGGUR
**1315 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1878 KR./KG.




**25% AFSLÁTTUR**

KF KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
**1424 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

VINSÆLASTI HRYGGUR LANDSINS




**30% AFSLÁTTUR**

HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI
**1329 kr./kg.** MERKT VERÐ 1898 KR.

Ali

HAMBORGAR-HRYGGUR
**30% AFSLÁTTUR**
VIÐ KASSANN




**30% AFSLÁTTUR**

HAMBORGARHRYGGUR ÚRB.
**1749 kr./kg.** MERKT VERÐ 2498 KR.




**30% AFSLÁTTUR**

ÍSLANDSGRÍS SVÍNA-HAMBORGARHRYGGUR
**1329 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

**129 kr. stk**



**NÝBAKAÐ BAGUETTE**
**ALLA DAGA Í BÓNUS**




**40% AFSLÁTTUR**

FJALLA HANGILÆRI ÚRBEINAÐ **1798 kr./kg.** MERKT VERÐ 2998 KR./KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAG 10.00-20.00

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# Mein name ist Derrick!

Ástsælasti leikari Þjóðverja og Íslandsvinurinn **Horst Tappert** lést fyrir viku, 85 ára að aldri. Hann lék Oberinspektor Stephan Derrick, lögreglumanninn réttvísa sem tryggði glæpamönnum í München makleg málagjöld, í nærri aldarfjórðung. ***Klemens Ólafur Þrastarson og Kjartan Guðmundsson*** litu yfir sögu Derricks, og áhuga landsmanna á honum í gegnum tíðina.

Hann var andlit trausts, réttvísi og staðfestu Vestur-Þýskalands í rúmlega hundrað löndum í nærri aldarfjórðung. Þættirnir um Derrick sannfærðu margan manninn um að Þjóðverjar væru þrátt fyrir allt mannlegir. Breyskir, vissulega, en yfirleitt vel meinandi. Þeir iðrast sinna misgjörða í lok þáttar og yfirvaldinu finnst hryggilegt að þurfa að festa í járn enn einn villuráfandi sauðinn.

Rannsóknarlögreglumaðurinn Stephan Derrick var á að líta yfirvegaður og rólegur í tíðinni, jafnvel dauflegur. En undir niðri sauð í djúpstæðri réttlætiskennd, sem fékk útrás vikulega, allt samkvæmt réttum reglum og án mikillar geðshræringar.

Derrick birtist fyrst árið 1974 og kom í kringum þrjú hundruð manns bak við lás og slá áður en yfir lauk, árið 1998. Þá neitaði leikarinn að halda þessu áfram, enda orðinn 75 ára gamall. Hann sagðist ekki nenna lengur að setja upp hárkollu á morgnana.

### Samræðulöggæsla

Það var margt sérstakt við þessa suður-þýsku löggu. Víst var Derrick vopnaður Walther-byssu en til hennar var einungis gripið í ýtrustu neyð; hann gómaði ekki hina hrösunargjörnu með klækjum eða offorsi.

Raunverulegt vopnabúr Derricks var réttlætiskenndin og samviskubitið sem hann ól í brjósti hins seka. Hann tók morðingjann gjarnan á eintal og höfðaði til göfugri hvata hans, þar til sá seki féll saman og játaði. Glæpamaðurinn varð lögreglumanninum í raun þakklátur fyrir að fá að gangast við sekt sinni; að varpa af sér byrðum fortíðar.

Tvisvar var Oberinspektorinn kenndur við konu, en tók í bæði skiptin skyldustarfið fram yfir fjölskyldulíf. Hann bjó einn alla tíð, í lítilli íbúð í München. Allt þar til í síðasta þættinum að Europol bauð honum vinnu í Hollandi.

Derrick gerði engan mun á ríkum og fátækum, en kenna mátti á svipbrigðunum ef honum misbauð hvernig fólk hagaði lífi sínu. Ítalski rithöfundurinn Umberto Eco hefur bent á að Derrick var að því leytinu ólíkur bandarískum kollega sínum Columbo, að sá síðarnefndi bugtaði fyrir, þjónaði og viðhélt samfélagi voldugra. En Derrick mætti hnarreistur og hvessti augun á auðmenn, engu síður en fátæka. Allir með óhreina samvisku, háir sem lágir, óttuðust þennan virðulega holdgerving réttvísinnar, um leið og hann steig út úr BMW-bílnum sínum og bauð gutentag.

### Sigur meðalmennskunnar

Gífurlegar vinsældir þáttanna komu framleiðendum og öllum öðrum á óvart. Og ekki bara innanlands. Mörg hundruð milljónir Kínverja munu til dæmis hafa horft á Derrick og Harry leysa málið í hverri viku. Margir hafa reynt að útskýra þessar miklu vinsældir. Hafa sumir bent á að þeir hafi í raun verið keimlíkir og röktu vinsældir þeirra til hversu auðmeltir þeir væru og tilþrifalitlir.

Áhorfendur fengu sinn vikulega skammt og hvorki of né van. Í hverjum þætti var endurtekið efni. Aðferðafræði Derricks hefur verið lýst en einnig má benda á að oftast sótti Harry bílinn (sjá neðar) og aðstoðarmaðurinn Willy Berger rétti einhverjum símann á skrifstofu sem var eins útlítandi í áratugi, máluð í daufgrænu formalíni.

Umberto Eco kallaði þetta „rafmagnaða meðalmennsku“. Karakterarnir væru meira miðlungsfólk en venjulegt miðlungsfólk. Það sæti því stjarft við heima í stofu. Vinsældir Derricks væru til marks um sigur meðalmennskunnar.

### Leikari fyrir rælni

Horst Tappert var eini þýski leikarinn sem átti og á enn aðdáendaklúbba um heim allan. Sjálfur staðgengill Drottins á jörðu, Jóhannes Páll páfi, var yfirlýstur aðdáandi og bauð aðalleikaranum í Vatíkanið árið 1999.

Tappert var sonur embættismanns og fæddist árið 1923. Hann var sendur í herinn í heimsstyrjöldinni síðari og var tekinn höndum af óvinahernum.

Í skemmtilegri útgáfu ævisögu hans segir að þegar stríðinu lauk hafi hann sótt um vinnu sem bókhaldari við leikhús í Saxlandi. Deildarstjórinn var ekki við þann daginn en í staðinn ræddi Tappert við listrænan stjórnanda. Hann var ráðinn sem aukaleikari og starfaði við leiklistina allar götur frá 1945.

Í frítímanum naut hann þess að fiska og veiða og var lítið fyrir skemmtanahald og þotulíf. Ekki segir mikið af fyrri ástum hans, en árið 1957 kvæntist hann hinni norsku Ursulu Pistor, og varð það hans þriðja hjónaband. Ursula var enn við hlið Tapperts á laugardaginn fyrir viku þegar hann féll frá.




**ÍSLENSK Í SAFNIÐ** Fréttaritari DV í München færði Horst Tappert íslenska lögregluhúfu að gjöf árið 1988. Horst var að sögn himinlifandi, enda kom upp úr dúrnum að hann safnaði lögregluhúfum hvaðanæva að úr heiminum.



**SKYLDAN KALLAR** Síðasta verkefni Tapperts sem leikari var að ljá teiknimynd um þá félaga Derrick og Klein rödd sína árið 2004.

## „Harry, náðu snöggvast í bílinn“

Karl-Ulrich Müller, sendiherra Þýskalands á Íslandi, segir að Derrick hafi verið ein vinsælasta og þekktasta sjónvarpsþáttaröð Þýskalands.



**KARL-ULRICH MÜLLER**

„Setningin „Harry, náðu snöggvast í bílinn“ varð á allra vörum. Vonbrigði jafnt þýskra sem erlendra sjónvarpsáhorfenda urðu mikil þegar Horst Tappert dró sig í hlé árið 1997,“ segir Müller, og bætir við að Horsts Tappert sé minnst þessa dagana í helstu dagblöðum og tímaritum í Þýskalandi.

„Árangur hans í hlutverki Derricks nær langt út fyrir landamæri Þýskalands. Útsending þáttanna í meira en hundrað löndum hefur átt sinn þátt í að gefa fólki nýja mynd af Þýskalandi, og hugsanlega vakið varanlegan áhuga á Þýskalandi og Þjóðverjum. Við Þjóðverjar getum stundum enn í dag notið góðs af því,“ segir Karl-Ulrich Müller.

## „DERRICK“ SÆKIR ÍSLAND HEIM

Það vakti skiljanlega mikla athygli þegar Horst Tappert sótti Ísland heim í lok maí árið 1987, enda þættirnir um lögregluforingjann Derrick þá löngu búnir að festa sig í sessi sem eitt allra vinsælasta sjónvarpsefni landsins. Auk þess var Ísland ekki enn orðið hipp og kúl í augum útlendinga á þessum tíma og þótti því tíðindum sæta að jafn merkilegir pappírar og herr Tappert létu svo lítið að heiðra Frónbúa með mikilfenglegri nærveru sinni.

Horst og frú voru meðal farþega í fyrsta áætlunarflugi þýska flugfélagsins Lufthansa hingað til lands. Megintilgangur heimsóknarinnar var þó ekki að „góma illvirkja“ eins blaðamaður DV benti réttilega á í einni af mörgum og ítarlegum fjölmiðlaumfjöllunum um komu Tapperts á sínum tíma, heldur var Horst heiðursgestur á sumarhátíð Germaníu, vináttufélags Íslands og Vestur-Þýskalands, á Hótel Loftleiðum.

Á þessum árum tíðkaðist það mjög hjá íslenskum fjölmiðlum að taka á móti öllum frægum útlendingum með áleitnum spurningum á borð við „How do you like Iceland?“ um leið og viðkomandi steig út úr tollinum í flugstöðinni. Mörgu fyrirmenninu vafðist tunga um tönn við þessar aðstæður, enda oft þreytt og ringlað eftir langt flug. Gætti þá gjarnan pirrings hjá blaðamönnum, sem þótti það heldur mikil vanvirðing hjá gestunum góðu að geta ekki myndað sér fastmótaðar skoðanir á landi og þjóð eftir allt að klukkustundarlanga dvöl í Leifsstöð. Þýski leikarinn hafði ráð undir rifi hverju þegar kom að því að svara spurningum fjölmiðla, eins og sést á samtali hans við blaðamann Morgunblaðsins við komuna til landsins:

*Tappert sagði í stuttu ávarpi við komuna til landsins að hann hefði heyrt mikið um fegurð Íslands en fyrstu áhrifin af landinu við að sjá flugstöðvarbygginguna væru yfirþyrmandi. „Ég er ákaflega undrandi; ég þekki nú tvær gullfallegar flughafnir í Evrópu. Önnur er í Keflavík en hin er í Nizza. Og þetta er mikið hrós,“ sagði Tappert.*

*Tappert sagðist vera mjög ánægður með að vera kominn hingað til lands þar sem atvinna hans væri metin að verðleikum. Hann sagðist vonast til að svo mætti verða lengi enn og að hann myndi eyða skemmtilegum stundum á Íslandi.*

*(Morgunblaðið, 2. júní 1987)*

Á sumarhátíð Germaníu flutti Horst erindi um starf sitt sem kvikmyndaleikara við góðar undirtektir. Einnig söng Ólöf Kolbrún Harðardóttir óperusöngkona einsöng og Róbert Arnfinnsson leikari las á þýsku upp úr Kristnihaldi undir jökli.



**RITHANDARSÝNISHORN** „Sá vinsæli Derrick gat ekki kvartað yfir viðtökunum hjá hinu meinta veika kyni … og flykktust að honum blómarósir á öllum aldri“, segir í umfjöllun DV um sumarhátíð Germaníu 1987. Á myndinni, sem tekin er við það tilefni, er þó erfitt að greina hið breiða aldursvið sem blaðamaður vísar til.

## EN HVAÐ MEÐ HARRY KLEIN?

Harry Klein birtist fyrst á skjánum í svart/hvítu lögguþáttunum Der Kommissar, sem hófu göngu sína í þýsku sjónvarpi árið 1969. Þessar löggur störfuðu á morðdeildinni í München, líkt og Derrick síðar.

Fritz Wepper lék Harry í Kommissar-þáttunum og hélt því auðvitað áfram þegar þessi aðstoðarmaður Kommissarsins var færður með húð og hári yfir í nýja þætti um Derrick árið 1974. Þar var hann hækkaður í tign og gerður að inspektor.



Í Derrick-þáttunum var Harry ómissandi hjálparhella. Hann var ungur, töff og svolítið vitlaus, og sá oftar en ekki um skítverkin, svo sem að setja fólk í handjárn, eða að sækja bílinn. Á meðan leysti Derrick gjarnan málið með rökleiðslu og samræðu. Harry litli kom alltaf jafn steinhissa til baka.

Eftir að Derrick var tekinn af dagskrá 1998 fékk leikarinn Fritz Wepper nóg að gera, sérstaklega í sjónvarpi, en hann slapp aldrei alveg úr þekktasta hlutverki sínu og hefur gjarnan leikið lögreglumenn síðan. Í einni gamanmyndinni tók hann að sér hlutverk Harry Groß.

Af einkalífi Fritz Wepper er það að segja að hann hefur orð á sér fyrir að hafa tekið stjórnuhlutverk sitt og -líferni full alvarlega. Hann hefur sjálfur þurft að spjalla við laganna verði sökum óreglu.

Litli bróðir hans, Elmar Wepper, hefur vakið athygli og hlotið verðlaun fyrir leik, en hann þykir vandfýsnari leikari. Þess má geta að árið 1974 fékk Elmar vinnu við Kommissar-þættina, og lék þá Erwin Klein, litla bróður Harrys!


15 milljónir
í pottinum fyrir
réttu jólatölurnar
Veldu þér glitrandi jólatölur fyrir kl. 18.40 í dag og vertu með til vinnings. **Gleðileg jól!**
FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA
Lottó
ENNEMM / SÍA NM36439

# *Hvað varð um Von Trapp-börnin?*

Samkvæmt nýjustu tölum úr Kolaportinu er mest selda myndin í ár Sound of music: Á notuðum DVD-diskum. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** leitaði uppi Liesl, Friedrich, Louisu, Kurt, Brigittu, Mörtu og Grettl og komst að því að þau hafa komið við á hinum ótrúlegustu stöðum; í Playboy, Neverlandi Michaels Jackson og í blómaskreytingum McCains.

## ➜ FRIEDRICH VON TRAPP




Elstur drengjanna var hinn fagurlimaði Friedrich von Trapp. Nicholas Hammond datt í lukkupottinn þegar hann fékk hlutverkið því hans átrúnaðargoð í æsku var sjálf stjarna kvikmyndarinnar; Julie Andrews.

Ólíkt Liesle var hann staðráðinn í því að verða leikari og hafði reyndar fengið nokkur lítil hlutverk í sjónvarpi áður en hann sló í gegn í Söngvaseið. Leikaraferillinn varð þó heldur brösóttur eftir Alpadvölina og ætli toppurinn þar sé ekki þá helst sjónvarpsseríur um Spider Man sem sýndar voru á árunum 1977-79. Þegar ekkert gekk í Hollywood ákvað Hammond að flytjast til Ástralíu og býr þar nú, kvæntur en barnlaus, í Sydney og skrifar handrit að sjónvarpsmyndum.

## ➜ LOUISA VON TRAPP




Heather Menzies fór með hlutverk hinnar fjörugu Louisa von Trapp. Heather var þrettán ára þegar hún fékk hlutverk Louisu en þá hafði hún getið sér góðs orðs fyrir frammistöðu sína í leikritinu My Three Sons. Segja má að lífsferill Louise sé hvað einna dramatískastur þeirra Trapp-systkina. Hún ákvað að veðja á leiklistina eins og Hammond og lék meira að segja aftur með Julie Andrews – í kvikmyndinni Hawaii.

Eftir það byrjaði brasið. Fleiri spennandi rullur dúkkuðu ekki upp en þess í stað sat Heather fyrir nakin í tímaritinu Playboy árið 1973 og birtist á heilum fimm síðum fáklædd. Fljótlega eftir þá myndatöku skildi hún við fyrri eiginmann sinn, John Cluett, eða á sama ári og segir sagan að eiginmanninum hafi mislíkað uppátækið.

Tveimur árum síðar kynntist Heather hinum geðþekka sjónvarpsleikara Robert Uric og dró sig þá smám saman í hlé og varð á skömmum tíma þriggja barna móðir.

Urich dó hins vegar fyrir sex árum eftir 28 ára hjónaband og á sama tíma sigraðist Heather á leghálskrabbameini. Hún starfar nú við krabbameinsdeild háskólans í Michigan en býr í Los Angeles ásamt krökkunum sínum.

## ➜ BIRGITTA VON TRAPP




Angela Cartwright hafði öðlast frægð löngu áður en Söngvaseiður kom inn í spilið og áður en hún varð fjögurra ára. Hún var orðin það sem kallast barnatískumódel þegar hún var aðeins þriggja ára og jafngömul lék hún dóttur Paul Newman's í Somebody Up There Likes Me. Ári síðar var hún orðin heimsþekkt meðal tískuritstjóra og ljósmyndara í Bretlandi sem og Bandaríkjunum.

Eftir að hafa marserað með Von Trapp-börnunum hélt hún áfram að leika um sinn, gekk vel og kom víða við. Má þar meðal annars nefna sjónvarpsþættina Lost in Space og Make Room for Daddy. Þó kom að því að Angela missti áhugann á leiklist og sneri sér, eins og fyrrum fyrirsætum finnst gjarnan heppilegt, að ljósmyndun og starfar hún sem slíkur í Los Angeles í dag.

Angela hefur verið gift í rúm þrjátíu ár og á tvö börn. Þess má geta að Angela er ein fyrsta kvikmyndastjarnan sem tók veraldarvefinn upp á sína arma og er með heimasíðuna angela-cartwright.com.

## ➜ LIESL VON TRAPP




Elst barnanna var stúlkan sem valhoppaði og tók lagið í garðskálanum með kærastanum; Liesl Von Trapp. Leikkonuna Charmian Carr dreymdi hins vegar um allt annað en sviðsframa og var skráð í áheyrnarprufur fyrir myndina að sér forspurðri. Foreldrar hennar voru báðir leikarar svo að hún vissi að hlutverk í kvikmynd myndi gleðja þau meira en gott einkunnaspjald svo að hún lét til leiðast.

Hvað kvikmyndir varðar lét Charmian því nægja að leika Liesl en hennar beið þó frami á öðru sviði þar sem hún kom á fót afar farsælli innanhússhönnunarstofu. Charmian rekur í dag arkitektastofuna sína en einn hennar þekktasti kúnni er sjálfur Michael Jackson og hefur hún hannað ýmislegt í Neverlandi fyrir hann.

Charmien kynntist fyrrum eiginmanni sínum, Jay Brent, meðan á kynningarferð fyrir kvikmyndina stóð árið 1967 og eignaðist með honum tvær dætur. Þau skildu eftir 24 ára hjónaband og býr hún nú með þremur labradorhundum. Hún eyðir frístundum sínum í garðinum eða fer á skíði, dansar eða hjólar og er víst enn jafn lipur og létt og hún var í Söngvaseið forðum daga. Hún hefur skrifað tvær bækur um þá lífsreynslu að leika Liesl; Forever Liesl og Letters to Liesl.




## ➜ MARTA VON TRAPP




Debbie Turner var næstyngst barnanna, eða aðeins sex ára, þegar hún kom fram sem Marta litla. Ferill hennar hófst enn fyrr en ferill Angelu Cartwright en hún var aðeins sex mánaða þegar hún fór að birtast í auglýsingum. Þannig hafði hún um langt skeið á undan Söngvaseiði leikið í auglýsingum og þar af í yfir þrjátíu slíkum fyrir leikfangaframleiðandann Mattel. Hún hætti þó alveg að leika eftir að hafa skilað af sér hlutverki Mörtu og skellti sér þess í stað á skíði og varð atvinnumanneskja um skeið í skíðaíþróttinni.

Þegar skíðaferlinum lauk lagði Debbie stund á innanhússhönnun með blómaskreytingar sem aðalfag og þykir ansi lunkin í sínu fagi. Hennar frægustu skreytingar hingað til eru án efa þær sem hún hannaði fyrir John McCain á landsfundi Repúblikanaflokksins í ár.

Debbie á fjórar dætur og býr í úthverfi Minniapolis í Minnesota. Þeir sem vilja kynna sér blómaskreytingar Debbie Turner er bent á vefsíðuna debbieturneroriginals.com.

## ➜ KURT VON TRAPP




Duane Chase lék yngri Von Trapp-bróðurinn og sýndi lipra takta sem hinn hrekkjótti Kurt. Ólíkt Trapp-börnunum dreymdi hann ekki um frægð og frama og hefur forðast sviðsljósið eftir fremsta megni. Hann útskrifaðist með mastersgráðu í landafræði og lifir rólyndislífi í Seattle ásamt eiginkonu sinni þar sem hann dundar sér við að hanna tölvuforrit fyrir landafræðinga. Svo vel hefur honum gengið að halda sig til hlés að almenningur sem og fjölmiðlar vita lítið hvað drífur á daga hans.

## ➜ GRETL VON TRAPP




Kym Kareth, sem lék hina yngstu Gretl, langaði mikið að verða kvikmyndastjarna og reyndi fyrir sér sem slík í nokkur ár. Hún hafði þó ekki erindi sem erfiði og tók þess í stað ákvörðun um að feta hefðbundna menntaveginn, lærði listasögu og mannfræði og flutti svo til Parísar þar sem hún starfaði sem fyrirsæta um skeið.

Draumurinn um leikkonuframann hefur þó ásótt hana alla tíð og hún hefur gert fjölda tilrauna til að eiga endurkomu í bransann og fengið lítil hlutverk í sjónvarpsseríum til að mynda, svo sem Lost in Space og My three Sons. Í dag er hún einhleyp, á einn son og er um þessar mundir enn einu sinni að láta reyna á það hvort fólk hafi nokkuð virkilega gleymt henni sem Gretl.

MJÓLKA ER GÓÐ!




# Rjóminn í rjómanum

- NÝJAR UMBÚÐIR
- NÝ VARA
- NÝR VALKOSTUR

MJÓLKA

www.mjolka.is

# ÞÚ FINNUR JÓLA

## ÚRVAL FALLEGRAR

Tefal

**POTTAR OG PÖNNUR FRÁ *Tefal***
*Pottþétt gæði* - enda líklega mest seldu pottar og pönnur landsins um árabil.

Tefal

**PÖNNUKÖKUPANNAN FRÁ *Tefal***
Náðu meistaratöktum í pönnukökugerð um hátíðarnar. *Þú býrð að því alla ævi!*
(Þessi er líka fyrir spanhellur)
VERÐ KR. 6.950,-

Tefal

**JAMIE OLIVER PROFESSIONAL SERIES FRÁ *Tefal***
Pottar og pönnur sem slegið hafa í gegn um allan heim.

**NUDDSESSAN LJÚFA FRÁ *Nordica***
Nú er landanum nauðsynlegra en oft áður að setjast niður og finna stress og þreytu líða úr kroppnum með því að setjast á Nudd-Sessuna góðu. Handhægar stillingar.
VERÐ KR. 39.900,-
OBH NORDICA

SO 960.27
Solis
**NAGLA-SNYRTISETT FRÁ *Solis***
VERÐ KR. 12.990,-
*Frábær vara - gott verð!*

**NAGLA-SNYRTISETT FRÁ *Solis***
VERÐ KR. 9.490,-
SO 960.36

ZWILLING

**ELDHÚSHNÍFAR AF BESTU GERÐ FRÁ *Zwilling***
Matgæðingar og atvinnukokkar sækjast í þessa hnífa.

Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE

**ÚRVALS LEIRVARA FRÁ *Emile Henry***
Þú býrð vel með Emile Henry. Komdu og kynntu þér úrvalið í þessari fallegu vöru.

AT-3030
AEG
**BRAUÐRIST FRÁ *AEG***
VERÐ KR. 4.990,-

KF-3030
**KAFFIVÉL FRÁ *AEG***
VERÐ KR. 4.790,-

OBH NORDICA *Ómissandi tæki í öll alvöru eldhús.*

NOR-9850
**ELDHÚSVOG FRÁ *Nordica***
VERÐ KR. 8.995,-

NOR-2232
**BRAUÐRIST FRÁ *Nordica***
VERÐ KR. 5.590,-

**HNÍFABRÝNI FRÁ *Nordica***
VERÐ KR. 9.900,-

***HÁGÆÐA HEIMILISTÆKI***

**FRÁBÆRT MÍNÚTUGRILL FRÁ *Rommelsbacher***
*Þýsk gæði*
VERÐ KR. 19.900,-

**BÖKUNARVÖRURNAR FRÁ *SiliconZone***
Allt verður skemmtilegra og þægilegra.
(Fæst aðeins í ORMSSON Smáralind)

brabantia
solid company

**STRAUBORÐ FRÁ *Brabantia***
Falleg og vel hönnuð strauborð.
VERÐ KR. 10.900,-

Tefal

**ÚRVALS STRAUJÁRN FRÁ *Tefal***
*„Það er unun að strauja með Tefal!"*
VERÐ FRÁ KR. 5.490,-

AEG
**DRAUMARYKSUGAN FRÁ *AEG***
*Þær gerast ekki betri .!!*
VERÐ FRÁ KR. 21.900,-

AEG
**SKAFT-RYKSUGAN SNJALLA**
- Snúrulaus hleðsluryksuga með skafti eða handryksuga
- 9,6 V
- Pokalaus -Auðvelt að tæma
- Tvær hraðastillingar
- Rafdrifinn bursti/sópur tveir aukaburstar fylgja
- Hleðslustandur fylgir

VERÐ KR. 26.900,-

## NJÓTIÐ VÖRUÚRVALSINS Í VERSLUNUM ORMSSON OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900

ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333

ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751

ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038

ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900

# GJÖFINA Í ORMSSON

## GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI

*Mikið úrval Wii-aukahluta!*

QONIX



CRD-7777

**ÚTVARPSVEKJARI FRÁ *Qonix***
FM/AM · Vekur með útvarpi eða hringingu, tveir vekjaratímar, innbyggður hitamælir.
VERÐ KR. 4.450,-



**GOTT ÚTVARPSTÆKI FRÁ *Qonix***
VERÐ KR. 10.900,-

OLYMPUS

OLYMPUS-DPCI



**SJÓNAUKI FRÁ *Olympus***
Skarpur og þægilegur í öll ferðalög – líka í leikhúsið og á völlinn.
VERÐ KR. 6.490,-



VERÐLÆKKUN!

Nintendo

**DS -LEIKJATÖLVAN FRÁ *Nintendo***
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglaða á öllum aldri.
VERÐ KR. 27.900,-



Nintendo

**Wii -LEIKJATÖLVAN FRÁ *Nintendo* SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET**
Ný upplifun! Skórkostleg skemmtun fyrir alla aldurshópa! Magnað leikjaúrval!
VERÐ KR. 49.900,-

SANGEAN

SANGEAN-RCR-5



**ÚTVARPSVEKJARI FRÁ *Sangean***
FM/AM · Vekjaraklukka með tveim mismunandi vekjaratímum · 10 stöðva minni
VERÐ KR. 8.900,-

SANGEAN

SANGEAN-WR-2



**ÚTVARP FRÁ *Sangean***
FM/AM · Innbyggt loftnet - hægt að tengja aukaloftnet · Magnari: 3,7W RMS · Aux inngangur · Tengi fyrir heyrnartól · Fjarstýring
VERÐ KR. 29.900,-

OLYMPUS

OLYMPUS FE-360



**FRÁBÆR STAFRÆN MYNDAVÉL FRÁ *Olympus***
**8 milljón pixlar** • 3x aðráttarlinsa (36-108mm) • Stór 2,5" LCD skjár • 19 handhægar tökustillingar • Videoupptaka með hljóði • Nærmyndataka (macro) niður að 5cm • Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja • Fæst í 3 litum: silfur, svört og blá
VERÐ KR. 26.900 KR.

OLYMPUS

OLYMPUS MJU-1010



**STAFRÆN MYNDAVÉL FRÁ *Olympus***
**10.1 milljón pixlar** • 7x aðdráttarlinsa (37-260) • Stór 2,7" LCD skjár • Veðurvarin • Videoupptaka með hjóði • Hristivörn • Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
*Ný hágæða myndavél–kynnið ykkur nánar!*
VERÐ KR. 44.900 KR.

SHARP

SHARP XLUH25H



**HLJÓMTÆKJASTÆÐA FRÁ *Sharp***
· USB afspilun · Hljóðstyrkur 2 X 10W RMS · Spilar MP3/ WMA / CD -R/RW · Tvískiptir hátalarar
VERÐ KR. 27.900,-



SAMSUNG LE40A557P2

**40" SJÓNVARP FRÁ *Samsung***
Full HD (1920:1080 · Mikil og góð litaskerpa (40.000:1)
Movie plus (engin draugur og mýkri mynd)
Clear panel skjár (betri mynd og skarpari litir)
VERÐ KR. 269.900,-



SHARP LC-32D44SBK

**32" SJÓNVARP FRÁ *Sharp***
HD ready · 1366 x 768 upplausn (16:9) · Skerpa: 1500:1 (10.000:1 Dynamic) · Svartími: 6 ms · Birta: 450 cd/m2 · Sjónsvið: 176°/176° · DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort · 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video, 3,5mm Jack-hljóð
VERÐ KR. 169.900,-

*ÍSLANDSVINUR Í 35 ÁR*

Pioneer

PIONEER DV-310



**DVD SPILARI FRÁ *Pioneer***
**Fjölkerfa DVD spilari með DivX** · Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska · Spilar MP3 og WMA tónlist · Sýnir JPEG myndir, MPEG · Spilar bæði PAL og NTSC · Tenglar: 1xUSB að framan, 1xEuro-SCART (RGB), 1xComponent out, Digital coaxial hljóð út.
Fáanlegur svartur og silfurlitaður
VERÐ KR. 16.900,-

*HÁGÆÐA SJÓNVÖRP OG HLJÓMTÆKI*

**HÖFUÐTÓL FRÁ *Pioneer***
Tíðnisvið: 5–25,000 Hz
VERÐ KR. 6.990,-



**VANDAÐUR STJÖRNUSJÓNAUKI**
AstroMaster-70AZ
Heillandi heimur opnast þér.
TILBOÐSERÐ KR. 18.900,-

CELESTRON





**OPNUNARTÍMAR Í LÁGMÚLA 8 og SÍÐUMÚLA 9:**
*Laugardag 20. desember frá kl. 11-18*
*Sunnudag 21. desember frá kl. 13-18*

**OPNUNARTÍMAR Í SMÁRALIND:**
*Opið til kl. 22 - alla daga til jóla*

NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR Í ***SÍÐUMÚLA 9***
*KÍKIÐ INN – Kynnið ykkur verð og gæði!*

**ORMSSON**

ÖLL VERÐ MEÐ FYRIRVARA UM GENGISBREYTINGAR KRÓNUNNAR

# Leitað að rétta hljómnum

Við orgelið í Hallgrímskirkju situr maður að leita að rétta hljómnum. Hann var örlagavaldur eins frægasta orgelleikara landins og faðir hans var elsti kaupmaður í heimi. *Jón Sigurður Eyjólfsson* tók **Hauk Guðlaugsson** tali.



**HAUKUR VIÐ ORGELIÐ** Það tekur langan tíma að finna réttu hljómblönduna í takka- og pinnasúpunni á orgelinu. En þegar hún er fundin og tónlistin ómar þá geta sálir manna orðið ofurseldar þessu hljóðfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvað ætlar þú nú að verða þegar þú ert orðinn stór?“ spurði Guðlaugur Pálsson kaupmaður á Eyrarbakka Hauk son sinn. Guðlaugur opnaði verslunina sína árið 1917, þá rétt um tvítugt, og vissulega var það ekki tekið út með sældinni að reka verslun á stríðsárunum. Honum leist því lítt á blikuna þegar Haukur svaraði því til að hann langaði að verða myndlistarmaður. „Þá verður þú fátækur maður allt þitt líf,“ sagði kaupmaðurinn.

„Það var mikið listalíf á Eyrarbakka á þessum árum,“ rifjar Haukur upp. „Guðmunda Nielsen, organistinn í kirkjunni, átti mikinn þátt í því en hún setti þarna upp Guðmundubúð, þar sem Rauða húsið er núna, og kenndi þar öllum að spila. Þar á meðal móðurbróður mínum Kristni Jónassyni.“ Kristinn tók síðan litla frænda sinn undir sína handleiðslu og þegar kaupmannssonurinn var leiddur að orgelinu í „Húsinu“ sem svo var nefnt, þrettán ára gamall, segir hann að eins konar fíkn hafi heltekið sig. „Og hún hefur heljartök á mér enn þá,“ segir Haukur og hlær við. „Langlífi er nú þekkt í ættinni svo ætli ég verði ekki á valdi hennar nokkuð lengi í viðbót,“ segir Haukur og brosir við.

**Leiddi Karl Sighvatsson að orgelinu**

Það má til sanns vegar færa því Guðlaugur faðir hans komst í heimsmetabók Guinness sem elsti kaupmaður í heimi og þar að auki komust allar föðursystur kaupmannsins, þrjár talsins, á tíræðisaldur. „Hann var að alveg þangað til hann féll frá, þá 97 ára,“ segir Haukur. „Nokkru áður hafði blaðamaður spurt hann hvort hann ætlaði ekki að fara að hætta sem kaupmaður. Hann svaraði því til að hann væri búinn að vera svo lengi kaupmaður að hann fengi sennilega ekki vinnu við neitt annað,“ rifjar Haukur upp og hlær við.

Haukur fór í orgelnám til Þýskalands og síðar til Rómar þar sem hann nam hjá Maestro Fernando Germani sem hafði verið aðalorganisti við Péturskirkjuna í Róm. Síðar fór Haukur til Akraness þar sem hann varð organisti í kirkjunni og kenndi og stjórnaði kórum. Þá kemur til hans ungur drengur í píanónám, Karl J. Sighvatsson að nafni. Ekki verður annað séð en Haukur hafi orðið nokkur örlagavaldur í lífi hans. „Hann var alveg í sérflokki, átti afar auðvelt með að læra,“ rifjar Haukur upp. „Ég hafði það fyrir vana að fara með þá sem ég sá að höfðu neistann í sér inn í kirkju, stillti orgelið á hæsta styrk og leyfði þeim að spila svolítið. Þeim þótti það venjulega afar tilkomumikið og voru margir eftir það ofurseldir orgelinu.“ Og svo fór einnig með þennan efnilega dreng.

Karl er þekktari fyrir feril sinn í rokk- og popptónlist, þar sem hann lék á Hammond-orgel en hann fór einnig í klassískt orgelnám til Austurríkis og tónsmíðanám til Bandaríkjanna. „Mér þótti þetta afar athyglisvert sem hann var að spila í þessum hljómsveitum og mátti þar oft heyra hvað hann átti auðvelt með að improvísera,“ segir Haukur.

**Aldrei vísa neinum úr kór**

Haukur segir það ekki galna samlíkingu að kórstjórn sé eins og að leika á mennskt hljóðfæri. En kórstjórn reynir á meira en tónlistarhæfileikann. „Ég hef í kórstarfinu reynt að útiloka helst aldrei neinn og haft það félagslega í fyrsta sæti en tónlistarlegan metnað frekar þar á eftir.“

Haukur var söngmálastjóri frá 1974 til 2001. Söngmálastjóri hefur það verk að kenna söngflokkum, halda námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeina þeim um söngkennslu og söngstjórn. Hann vinnur að því með prestum og organistum að söngurinn í kirkjunum verði sem fegurstur.

Haukur hefur nú samið og gefið út kennslubækur í organleik og var þriðja heftið að koma út fyrir stuttu en þau tvö fyrstu hafa verið þýdd á ensku. „Það er erfitt að fá útgefanda að slíkri bók hér á landi þar sem það eru ekki margir í námi og orgelleik. Öll fjölskyldan hefur lagst á eitt við að koma þessu í kring, kona mín Grímhildur Bragadóttir, sem er bókasafnsfræðingur, hefur lesið handritið yfir og Bragi Leifur sonur okkar sem er tölvunarfræðingur hefur tekið myndir og gefið góð ráð og svo hefur Guðlaugur, hinn sonur okkar, skrifað nóturnar.“ Bókin er tileinkuð minningu Karls J. Sighvatssonar.

Svanhildur Ingibjörg, dóttir Hauks frá fyrra hjónabandi er, eins og Guðlaugur, ekki laus við tónlistarfíknina en hún er í kirkjukórnum á Eyrarbakka.

Þetta geta ekki verið annað en flókin fræði hugsar blaðamaður þegar Haukur gerir hlé á máli sínu og heldur áfram að leita að réttu hljómblöndunni í orgelinu í Hallgrímskirkju, umkringdur tökkum og pinnum. Hann les af minnisblaði sínu en byrjar svo að toga út pinnana og stíga fótstigin. Svo er allt til reiðu, Haukur byrjar að spila og hefði blaðamaður líklega ákveðið á þessari stundu hvað hann skyldi gera þegar hann yrði stór.

## → NÁMS- OG STARFSFERILL HAUKS

**Haukur Guðlaugsson** er fæddur á Eyrarbakka 1931. Hann hóf píanónám 13 ára og lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1951. Hann stundaði orgelnám við Staatliche Hochschule für Musik í Hamborg 1955-1960 og framhaldsnám í orgelleik við Accademia di Santa Cecilia í Róm hjá Maestro Fernando Germani 1966, 1968 og 1972. Hann var tónlistarkennari og kórstjóri Vísis á Siglufirði 1951-1955 og skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi 1960-1974 og organisti og kórstjóri Akraneskirkju 1960-1982 og kórstjóri Karlakórsins Svana. Hann var söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar 1974-2001. Hann starfar nú á eigin vegum við orgelleik og ritstörf.



**GUÐLAUGUR PÁLSSON** Faðir Hauks komst í Heimsmetabók Guinness sem elsti kaupmaður í heimi. Hér er hann í verslun sinni á Eyrarbakka.



**KARL J. SIGHVATSSON** Haukur leiddi Karl heitinn að orgelinu í kirkjunni á Akranesi. Eftir það varð ekki aftur snúið.


32 TOMMUR
Ódýrt LCD sjónvarp
99.989
Max verð
Hisense LCD32W57
32" LCD sjónvarp • 1366 x 768 punkta upplausn • Skerpa: 5000:1 • svartími: 6,5ms • HD Ready • Stafrænn DVBT móttakari • 3 HDMI tengi ofl.
SONY
PLAYSTATION 3
RESISTANCE 2
Leikur fylgir
Max verð
74.989
PS3 og Resistance 2
Max verð
3.989
Fullt verð 4.989
12 þættir
DAGVAKTIN
Max verð
1.989
Troðfull búð af tilboðum
42 TOMMUR
Pixel Plus HD
Philips 42PFL3403
42" LCD Pixel Plus HD • 1366x768 punkta uppl. • Digital Crystal Clear • LCD WXGA Active Matrix TFT • Skerpa: 26.000:1 • Digital DVB-T mótt. • HDMI • USB ofl.
Max verð
219.989
Fullt verð 239.989
19 TOMMUR
Innbyggður DVD spilari
United TVD7056
19" LCD • Innb. DVD spilari • Uppl: 1440x900 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi ofl. • 12v og 220v
Max verð
59.989
Fullt verð 59.989
Með iPod vöggu
Panasonic SCEN38
2x8w samstæða • iPod vagga með hleðslu • CD spilari • Klukka með vekjara og svefnrofa • Útv. með minnum • USB ofl.
Max verð
32.989
Fullt verð 34.989
Ódýr og góður GSM
Samsung C170
Einfaldur GSM • 65.000 lita CSTN skjár • Titrari • Handfrjáls hátalari • Diktafónn • Fjölradda tónar • FM útvarp ofl.
Max verð
8.989
Samlokugrill
Melissa 643096
750w samloku-grill fyrir 2 sneiðar
Max verð
3.989
Fullt verð 4.989
DECT sími
Philips CD1401B
Þráðlaus DECT sími • 20 númer í minni • 12 tíma hleðsla í notkun og 5 dagar í bið • Endurval í síðustu 10 númer • Sýnir númer sem hringir
Max verð
5.789
Fullt verð 6.489
Hársett með keramik
Melissa 635085
1800w hárblásari • Keramik sléttujárn • Keramik krullujárn • Ion afrafmögnun • 2 hraðarr • Kaldur blástur ofl.
Max verð
8.989
Pokalaus ryksuga
Kenwood VC6200
1600w ryksuga • HEPA filter • 4.,5m kapall
Max verð
6.989
Fullt verð 8.989
Philips HD7810SV
1450w Senseo kaffivél • Hellir upp á 1 - 2 bolla í einu.
Max verð
15.989
Philips Senseo gjafapakki fylgir
DVD myndir 3 fyrir 2
989 kr.
á stk.
OPIÐ KL. 11-22 ALLA DAGA TIL JÓLA
MAX RAFTÆKI - KAUPTÚNI 1 GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM - SÍMI 412 2200 - WWW.MAX.IS
MAX RAFTÆKI

# Ætla að hamstra blóðþrýstingslyf og sefandi geðlyf fyrir rithöfunda

**Jóhann Páll Valdimarsson** bókaútgefandi hefur verið gerður útlægur úr nokkrum apótekum eftir að hafa hamstrað nikótínnefúða. **Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur, þekktur sem Siggi Stormur, hamstraði evrur en ætlar sér jafnvel að hamstra hundamat. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fékk að heyra hvar þeir vilja helst stinga leynilegu upptökutæki um þessar mundir.

## Á RÖKSTÓLUM

*Hver er ykkar fyrsta minning hvors um annan?*

**Siggi Stormur:** Það er eitthvað tengt bókum – það liggur alveg fyrir. Eflaust eitthvað tengt Iðunni þar sem hann var sjálfsagt hlaupandi inn og út þegar hann var yngri. Svo kom hann sér fljótlega á kortið sem ráðandi aðili í bókaheiminum.

**Jóhann Páll:** Ég tók fyrst virkilega eftir Sigga í veðurfréttunum á Stöð 2 þegar hann hafði kvöldið áður spáð stórfenglegri hitabylgju.

Hitabylgjan gekk ekki eftir en þjóðin var öll komin út á götu í Dr. Gunna-skyrtum og stuttbuxum því Siggi hafði sagt svo glaðbeittur að ekki bara ætti hitabylgjan að standa næsta dag heldur út vikuna. Kvöldið eftir voru flestir komnir með kvef, enda enginn gáð til veðurs heldur bara treyst spánni.

Siggi átti alveg ógeðslega bágt og reyndi að skýla sér á bak við það að hitabylgjan hefði bara tafist aðeins á leiðinni. En ég held hún hafi aldrei komið! Þetta var sérstaklega slæmt því þú skynjar það þegar Siggi Stormur er að segja veðurfréttirnar – að hann er þessi manngerð sem vill færa okkur góð tíðindi – þannig að það er alveg hroðalegt fyrir hann að lenda í svona.

**Siggi Stormur:** Haha. Jú, ég reyni, ef ég mögulega get, að vera á jákvæðari nótunum. Það er bara nóg af öðrum vandamálum fyrir þótt ég sé ekki að mála þetta svartara en það er.

**Jóhann Páll:** Siggi er að spá á alveg kolvitlausum stað á plánetunni. Þetta eru í raun hrikaleg örlög – að vilja svo mikið gleðja fólk með góðu veðri og vera veðurspámaður á Íslandi! Þetta er algjör klikkun. Þér væri nær að vera veðurfræðingur á Spáni.



**JÓHANN PÁLL OG SIGGI** Jóhann Páll Valdimarsson segist yfirleitt vera orðinn úttaugaður þegar kemur að því að reyna að skreyta jólatréð og myndi því einfaldlega spreyja tréð hans Sigga með úðabrúsa. Siggi er á því að Jóhann Páll sé afar rómantískur og myndi því hengja rauða hjartalaga sælgætispoka á tréð hans Jóhanns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Jóhann Páll: Siggi er að spá á alveg kolvitlausum stað á plánetunni. Þetta eru í raun hrikaleg örlög – að vilja svo mikið gleðja fólk með góðu veðri og vera veðurspámaður á Íslandi! Þetta er algjör klikkun. Þér væri nær að vera veðurfræðingur á Spáni.

### Langar að taka upp samtal Ingólfs Arnarssonar

*Byrjum á máli vikunnar. Leynilegum hljóðupptökum og manninum með hattinn. Hvaða samtal Íslandssögunnar mynduð þið vilja heyra?*

**Siggi Stormur:** Mig langar mikið til að heyra hljóðupptökur af samtölum Geirs Haarde og Davíðs Oddssonar síðustu vikur og mánuði. Þar hefur ýmislegt verið sagt sem þarf að koma upp á yfirborðið. Þarna er einhver tenging á milli þeirra sem mér hugnast ekki og við erum sannarlega ekki að heyra það sem skiptir máli.

Það er búið að búa til einhverja mynd af þessum samskiptum út á við sem við eigum að halda að sé í lagi en hún er ekki í lagi. Ímynd Geirs hefur veikst í gegnum þetta allt og fyrst og fremst vegna þess að maður veit að það er annar þarna á bak við sem stýrir.

**Jóhann Páll:** Ég myndi vilja heyra þessi samtöl líka. Maður hefur oft spurt sig, og líka fyrir hrunið, hvað fari eiginlega á milli Davíðs og Geirs. Það hefur eiginlega verið alveg sama að hverju fjölmiðlar hafa spurt Geir – hvort verið sé að ræða búfjárrækt eða annað – í hverju viðtali þurfti hann alltaf að nefna það svona í leiðinni hvað það væri nú verið að vinna gott verk í Seðlabankanum.

Hvers vegna þurfti Geir ævinlega að nikka til Davíðs og minna þjóðina á Davíðs „góðu verk“. Þessi viðbrögð hans eru á allan hátt fullkomlega óeðlileg og eiga sér einhverja skýringu. Hvort það er það að Davíð eigi mynd af Geir á Goldfinger eða annað þá er það í það minnsta eitthvað sem við vitum ekki. Svo myndi ég vilja fara aftur til sirka ársins 870. Hvað var það eiginlega sem Ingólfur Arnarsson sagði við félaga sína þegar hann var að telja þeim trú um að þetta væri góður staður fyrir landnám. Hvað var það eiginlega sem hann sagði sem fékk þá til að setjast að á þessum útnára?

### Stórtækir jólasveinar

*Nú eru jólin á næsta leyti og jólasveinarnir farnir að gefa gott í skóinn. Hvað mynduð þið gefa hvor öðrum í skóinn ef þið fengjuð að vera jólasveinn?*

**Jóhann Páll:** Ég myndi gefa Sigga barómet og kjöthitamæli í skóinn.

**Siggi Stormur:** Barómet er einmitt á jólagjafalistanum mínum! Ég myndi gefa Jóhanni farmiða til Kúbu. Fáguð en framandi menning. Einmitt að hans smekk.

**Jóhann Páll:** Nú er ég gapandi hissa. Siggi gæti ekki hafa fundið betri skógjöf fyrir mig. Kúba er einn áhugaverðasti staður sem ég hef komið til og ekkert gæti glatt mig meira. Ég hef venjulega farið erlendis eftir jólatörnina til að komast aftur til sjálfs míns en ég núna algjörlega miður mín að ég sé ekki að ég komist neitt í almennilegt loftslag því það er jú auðvitað hreinlega siðlaust að kaupa gjaldeyri á þessu verði.

En ég ætla bara rétt að vona að Siggi gefi mér þetta í skóinn því þá get ég kannski réttlætt ferðina.

### Hunda- og kattamatur á listanum

*Það er óhjákvæmilegt að ræða kreppu. Margir hafa hamstrað. Hafið þið hamstrað eitthvað? Og ef þið ættuð að hamstra einhverjar þrjár vörur – hvaða vörur yrðu fyrir valinu?*

**Jóhann Páll:** Nei. Eða jú! Ég hef hamstrað nikótín-nefúða. Ég hætti að reykja fyrir mörgum árum og ætlaði að taka þetta með öllum þeim fráhvarfseinkennum sem fylgja: Cold turkey og því. Þá sagði góður lungnalæknir við mig: Allt í lagi, Jóhann minn, ef þú hefur tíma til að vera þunglyndur mánuðum saman þá skaltu bara gera þetta eins og þú vilt. Hann þurfti ekki að segja meira.

En ég er háður þessu á nákvæmlega sama hátt og tóbakinu nema þetta er ekki skaðlegt eins og það. En ég sem sagt rauk hér á milli apóteka og prúttaði um verð á þessu og það er búið að gera mig útlægan úr mörgum apótekum og ég er ekki að ljúga þessu. Mér nefnilega gekk prúttið vel til að byrja með og hef gjarnan fengið eins og tíu til fimmtán prósenta afslátt þegar ég hef verið að kaupa einhverja tíu brúsa í einu.

Svo hefur yfirleitt verið kallað á yfirmann í viðkomandi apóteki þegar ég er að standa í svona miklu prútti. Svo hefur mér verið tilkynnt að næst þegar ég kæmi yrði afslátturinn mun minni, svo næst þegar ég kem endar það ævinlega

## ➜ VISSIR ÞÚ?

...**Siggi Stormur** sefur yfirleitt á bakinu en Jóhann Páll getur bara sofið í fósturstellingunni.

...**Siggi Stormur** á hunda

... **Jóhann Páll** á ketti

...**Jóhann Páll** sogast að Armani-fötum og á fullan fataskáp af vönduðum flíkum. Fæstar þeirra notar hann þó.

...**Siggi stormur** hefur hins vegar dálæti á flottum jeppum og er í jeppaklúbbi NFS. Hann segir þó jeppana fyrsta til að fjúka af lúxuslistanum ef kreppir að.

...ef **Siggi** ætti að passa kettina hans **Jóhanns Páls** meðan Jóhann Páll færi á bókamessu í Þýskalandi myndi hann grilla handa þeim skötusel með hvítlauk og gefa þeim hvítvín út í vatnið.





**GJAFABRÉF** Hjálparstarfs kirkjunnar eru vinsælar jólagjafir og margir sem kjósa að gefa hænur, geitur og vatn. Á gjofsemgefur.is er líka hægt að nálgast gjafabréf fyrir jólagjöf handa barni á Íslandi.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447





GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir




Íslenskt barnaefni á DVD
Fæst í öllum betri verslunum




Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Loksins eru þjóðargersemar okkar Íslendinga komnar út á DVD mynddiski. Hér er að finna fjöldann allan af þjóðsögum og ævintýrum, þar á meðal Bakkabræður, Gilitrutt og 18 barna faðir í Álfheimum.

Einvala lið leikara er að finna á disknum og má þar nefna Örn Árnason, Árna Tryggvason, Ragnheiði Steindórsdóttur, Sigurð Sigurjónsson og Þröst Leó Gunnarsson svo einhverjir séu nefndir.

Móðurfélagið ehf.
Hægt er að panta á modurfelagid@simnet.is eða í síma 891-6075.

Gjafakort
Gjöf konunnar
MISTY
Laugavegi 178
Sími 551 3366
www.misty.is

visir.is
„...ég sá það á vísi"




Eva Ásrún er ljósmóðir og vinnur fulla vinnu á mæðravernd Landspítalans svo frítíminn er lítill en hann er nýttur til hins ýtrasta.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Þyrfti að baka meira

**Eva Ásrún Albertsdóttir ljósmóðir, húsmóðir og söngkona situr ekki auðum höndum um helgina nema þá rétt á meðan hún er í jólaklippingunni og kannski á tónleikunum sem hana dreymir um.**

„Það er alltaf nóg að gera. Fyrir utan hefðbundið jólaannríki er ég að fara í jólaklippinguna í dag og leggja lokahönd á þátt sem ég verð með að morgni annars í jólum á Rás 2." Þannig svarar Eva Ásrún spurningu um hvort hún eigi eitthvað ógert fyrir jólin sem hún ætli að hespa af um helgina. Þegar nánar er grennslast kemur fleira í ljós. Hún þarf til dæmis að sinna Rokkskólanum sem hún rekur og er að klára haustönn. „Ég ætla að ljúka við að ganga frá upptökum og senda nemendum þær og svo eru skráningar fyrir næstu önn," segir hún og kveðst líka vera með afmælishald á dagskránni. „Valdimar sonur minn verður fjórtán ára á Þorláksmessu og ég þarf að huga að því. Er nýbúin að halda annað afmæli því Guðmundur Þórir varð ellefu ára 13. desember. Ég á sem sagt tvo jólastráka."

Eva Ásrún er rík þegar að er gáð því hún á fimm börn, þrjú barnabörn og tvær tengdadætur. Því er í mörg horn er að líta. Hún kveðst búin að kaupa flestallar jólagjafirnar en eiga eftir að pakka inn. „Ég er að vinna fulla vinnu í mæðraverndinni á Landspítalanum svo frítíminn er lítill en hann er nýttur til hins ýtrasta. Ég sendi vinum og kunningjum jólakveðjur í útvarpinu eins og ég er vön og svo skrifa ég á eins mörg kort og ég kemst yfir en það er þó eitthvað sem ég læt mæta afgangi. Það er svo margt annað að stússa. Er til dæmis búin að baka fjórar sortir en þær eru eiginlega allar búnar svo eiginlega þyrfti ég að baka meira."

Enn hefur Eva Ásrún ekki gefið sér tíma til að fara á tónleika á aðventunni en langar að sjá til hvort hún komist á einhverja um helgina. „Mig dreymir um að setjast niður og slaka á á góðum tónleikum," segir hún. „Það er svo notalegt."

*gun@frettabladid.is*


SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!




Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

**Útsölustaðir:** Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan, Blómaval, Nóatún Hafnarfirði og Heilsuhornið Akureyri.

heilsa
–hafðu það gott

**JÓLABALL** verður haldið í Jólaþorpinu í Hafnarfirði á morgun, sunnudaginn 21.desember, klukkan 15. Söngvaborg mætir á ballið sem verður haldið utandyra.




Hlý jólagjöf



Jakkar og stuttkápur

kr. 14990

*margar gerðir*
*Stærðir 36-48*

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




Lögð er áhersla á náttúruleg og endurunnin efni á sölubás Sólheima í Kringlunni. RÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Bývaxkerti, gulrótamarmelaði og ýmsir listmunir standa til boða.

# Sólheimar koma í bæinn

**Íbúar Sólheima í Grímsnesi verða með jólamarkað á göngugötu Kringlunnar í dag. Þar verður hægt að kaupa vörur á borð við gulrótamarmelaði, bývaxkerti og handgerðar sápur.**

„Við ákváðum með litlum fyrirvara að koma í bæinn,“ segir Ásta Jakobsdóttir sem rekur verslunina Völu á Sólheimum. Íbúar Sólheima í Grímsnesi verða með bás á göngugötu Kringlunnar í dag þar sem verða til sölu munir sem búnir hafa verið til á öllum vinnustofunum á Sólheimum og vörur frá Garðyrkjustöðinni Sunnu. „Áherslan er lögð á að vinna með endurunnin eða náttúruleg efni,“ segir Ásta um vörurnar sem eru í boði og tekur sem dæmi bývaxkerti, útikerti, handgerðar sápur, tréverk, listaverk, endurunnar pappírsskálar, leirverk, vefnað, gulrótamarmelaði og jólachutney. Blaðamann fýsir að vita hvað er í jólachutneyinu og Ásta útskýrir. „Í því eru tómatar, laukur, paprika, furuhnetur, krydd og rúsínur,“ segir hún og mælir með því á jólasteikina.

Síðustu tvö ár hefur jólamarkaður Sólheima einungis verið haldinn heimavið og Ásta segir bæinn hafa breyst í nokkurs konar jólaþorp. Núna ákváðu íbúarnir hins vegar að skella sér í bæinn vegna fjölda fyrirspurna.

Söluhagnaðurinn rennur til uppbyggingar á vinnustofunum og til samfélagsins á Sólheimum en þetta er síðasti dagurinn sem básinn stendur í Kringlunni.

*solveig@frettabladid.is*


Mætum í
Fjarðarportið
Kapplahrauni 2, Hafnafirði



Frábær stemming fyrir alla þá sem vilja gera góð kaup

Opið Laugardag - sunnudag - mánudag og þriðjudag frá kl 12:00-18:00

Örfáir básar lausir.

Fyrir alla þá sem eru með einhverjar vörur til að selja,nýtt eða notað.

Fjarðarportið uppl. í síma 578-3040



Landfræðingurinn Unnur Sigurþórsdóttir klappar hér klárum Húsdýragarðsins í hestagerðinu. Meðal þess sem boðið er upp á í dag í Laugardalnum er rómantísk jólaferð í 150 ára jólaskreyttum hestvagni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Geitaklapp og hestaferð

**Þegar taktur jólaundirbúningsins stigmagnast er friðsæl skemmtun að fara með börn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þar verður mikið um dýrðir og jólasveinar og freistandi uppákomur um helgina.**

„Til allrar hamingju eiga margir lausa stund á aðventunni til að heimsækja okkur í Húsdýragarðinn og njóta þeirrar friðsælu og fallegu jólastemningar sem þar er að finna,“ segir Unnur Sigurþórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Fjölskyldu- og húsdýragarðsins í Laugardal. Garðurinn er börnum og fjölskyldufólki sem kærkomin vin í jólays höfuðborgarinnar.

„Veðrið í jólamánuðinum hefur komið meira að segja trjánum í hátíðaskap, enda afar rómantísk umgjörðin í garðinum. Við höfum verið með þétta dagskrá fyrir börn á hverjum degi, jafnt heimatilbúin atriði sem aðkeypt, en mesta púðrið hefur farið í Dýrmund og Rottó fyrir þessi jól,“ segir Unnur og vísar til Jóladagatals Dýrmundar sem æska landsins fylgist með spennt í Sjónvarpinu.

„Dýrmundur verður með leiðsögn klukkan 13 í dag og skemmtir gestum með sínum rómaða fróðleik og kjánaskap. Á hverjum degi klukkan 13.30 kíkir svo jólasveinn dagsins í garðinn, en hingað kemur sveinki til að hvíla sig eftir að hafa gefið í skóinn. Að svo búnu fer hann út að spjalla við krakkana, en það verður að segjast eins og er að jólasveinarnir eru ekki alltaf í fínu fötunum, enda nývaknaðir og oftast í götóttum buxum og lopapeysu,“ segir Unnur og bætir við að jólasveinarnir séu númer eitt hjá litla fólkinu í desember.

„Þá verður hægt að skella sér í ferð í 150 ára gömlum, fallegum og jólalegum hestvagni frá klukkan 14 til 15 í dag, en það er ákaflega rómantísk upplifun,“ segir Unnur um hestvagninn sem skreyttur er hátt og lágt, og dreginn af einni af hryssum húsdýragarðsins.

Og það er nóg um að vera þessa síðustu aðventuhelgi í garðinum.

„Skoppa og Skrítla gleðja gesti garðsins í veitingatjaldinu klukkan 15 í dag, en þær njóta mikilla vinsælda hjá yngsta fólkinu,“ segir Unnur og bætir við að njóta megi ljúfmetis í mat og drykk í veitingatjaldinu á meðan opið er. „Húsdýrin eru inni yfir vetrartímann, en hreindýr, refir og minkar ganga úti allt árið. Einn af heimatilbúnum viðburðum okkar er geitaklapp að lokinni selagjöf á morgnana, en þá leyfum við gestum að klappa dúnmjúkum geitum sem er skemmtilegt því þær eru vanalega mest í sínum stíum en afar gæfar og kelnar í samskiptum sínum við mannfólkið.“

*thordis@frettabladid.is*


Gefðu hlýja gjöf.
Yfirhafnir kvenna í frábæru úrvali



- Jakkar
- Úlpur
- Ullarkápur
- Dúnkápur
- Vattkápur
- Hattar
- Húfur

Opið á Sunnudögum Til jóla frá kl.13-17
Næg bílastæði

Topp HÚSIÐ

Mörkinni 6
Sími 588 5518
Opið virka daga Frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17



LAGERÚTSALA
HÆÐARSMÁRA 4, KÓPAVOGI



Lagerútsölu lýkur fimmtudaginn 18/12

OPIÐ 13-19
Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengs 900 kr.
Náttföt 1200 - 2500 kr.
Sloppar 2500 kr.
Sundfatnaður 1500 kr.
og margt margt fleirra



Peysuúrval



Síðar Jakkapeysur
Merinó/kasmír ullarpeysur
Viscose og bómullarpeysur
Silkipeysur - Blússuúrval

Munið gjafakortin

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun
að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,
fimmtudag og föstudag frá kl:1200-19:00
laugardag frá kl 11:00-16:00

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ
GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



**SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR** hefur ákveðið að hafa hlaðsölu Jólamarkaðarins á Elliðavatni opna alla virka daga frá klukkan 13 til 20 fram að jólum vegna mikillar eftirspurnar eftir íslenskum jólatrjám.






Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali.
Stærðir: 40 - 47
**Verð: 11.500.- 12.450.-**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán-lau 10-18
**lokað á sunnudögum**
Á Þorláksmessu verður opið 10 - 20
**www.misty.is**









Rúmlega tvö þúsund jólasveinar hlupu af stað. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jólar hlaupa til góðs

**Rúmlega tvö þúsund jólasveinar sáust á hlaupum í Hamborg í Þýskalandi.**

Jólasveinahlaup var haldið í Hamborg þann 14. desember síðastliðinn. Rúmlega tvö þúsund manns skráðu sig til leiks og voru lang flestir íklæddir jólasveinabúningum. Hlaupið var í kringum Binnen Alster vatnið, um þriggja kílómetra langa leið en ágóði af skráningargjöldum rann til góðgerðarmála.

Einnig var keppt í hundrað metra spretthlaupi og hefur sjálfsagt verið gaman að sjá rauða og hvíta karla og konur með hvítt skegg spretta úr spori.

Þrátt fyrir að jólasveinarnir í Hamborg hafi verið margir hafa þó fleiri jólasveinar komið saman áður og hlaupið. Heimsmetið á England, en í Liverpool komu eitt sinn saman 3.991 jólasveinn og tók þátt í hlaupi.

*- sg*

# Í húsi kaupmanns

**Leikskólabörnum er boðið í stássstofuna í Síverstsenshúsi í Hafnarfirði tvær síðustu vikurnar fyrir jól.**

Síversenshús er elsta hús Hafnarfjarðar. Þar er sérstök jóladagskrá á aðventunni og á hana flykkjast leikskólabörn úr bænum og nágrannasveitarfélögum. Tekið er á móti þeim í stássstofunni og þar er þeim sagt frá fjölskyldunni sem bjó í húsinu fyrir 200 árum og jólahaldi hennar. Svo er farin skoðunarferð um húsið og spjallað um jólin í gamla daga, jólaeplin, kertin og ótta fólks við álfa og jólasveina. Einnig er börnunum sagt frá heimsókn danska krónprinsins í húsið sem þáði þar súkkulaði með rjóma.

Að lokum heilsar jólasveinn í hversdagsfötum uppá hópinn, segir sögur og syngur jólalög.

*- gun*



Hópar leikskólabarna streyma í Síverstsenshús í Hafnarfirði á aðventunni.




Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854



**Jólatré til skreytinga fyrir fyrirtæki og stofnanir**



**Sígræna jólatréð**
*– eðaltré ár eftir ár*

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta



**Við mætum kreppunni 25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta**



**Vandaður slökunarstóll**
Rafknúinn hvíldarstóll sem auðveldar fólki að setjast og standa upp.







Vönduð ítölsk sófasett



Vandað leðursófasett 3+1+1

www.valhusgogn.is
Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardag kl. 11-19 - Sunnudag kl. 13-16**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

# Sparnaður og góðverk í senn

**Á vefsíðunni undir5000.is er hagkvæmur vefur fyrir þá sem vilja finna vandaðar jólagjafir á góðu verði án þess að þeytast um víðan völl. Ágóði af síðunni rennur auk þess að hluta til góðgerðarmála.**

„Við vorum nokkur hérna hjá auglýsingastofunni Kapital sem fórum að velta fyrir okkur hvað væri hægt að gera sniðugt fyrir jólin. Oft missir fólk sig í alls kyns innkaupum í desember og þarf síðan að blæða fyrir það í janúar. Okkur langaði að finna einhverja leið til að spara fyrir jólin án þess að gera þau leiðinleg,“ segir Guðrún Heimisdóttir, tengill hjá auglýsingastofunni Kapital, en hún, ásamt góðum hópi, kom af stað vefsíðunni undir5000.is þar sem finna má ódýrar gjafahugmyndir.

„Við vildum hjálpa fólki að finna sniðugar jólagjafahugmyndir sem myndu kosta undir 5.000 krónum, þar sem það er oft hámarkið þegar ætlunin er að spara,“ segir Guðrún og heldur áfram: „Við ákváðum því að setja saman vefinn undir5000.is og fá fyrirtæki til að koma inn með vörur sínar.“


Guðrún stendur hér í forgrunni ásamt góðum hópi starfsmanna Kapital sem tóku þátt í að útbúa gjafasíðuna undir5000.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vefurinn virkar eins og hugmyndakassi þar sem gjafahugmyndir eru flokkaðar niður í sex flokka og eru allar vörurnar undir 5.000 krónum. „Kannski bætum við fleiri flokkum við síðar. Markmiðið er að hafa hugmyndirnar það fjölbreyttar að þær henti flestum,“ segir Guðrún áhugasöm.

„Fyrirtækið borgar 10.000 krónur fyrir að koma með vörur inn á vefinn. Af þeirri upphæð fara 5.000 krónur í byrjunarkostnað á síðunni og 5.000 krónur renna til góðgerðarmála. Greiddar eru 5.000 krónur fyrir allar vörur sem fyrirtækið setur inn eftir það og rennur sú upphæð beint til góðgerðarmála,“ útskýrir hún. Þau góðgerðarmál sem hljóta styrki eru Barnaspítali Hringsins, mæðrastyrksnefnd og ABC-barnahjálp. Fyrirtækin velja sjálf hvað þeirra peningur fer í og hugmyndin er að skipta á milli. „Með þessum hætti geta minni aðilar, sem hafa kannski ekki mikið á milli handanna til að setja í auglýsingamál, komið inn með einar, tvær eða fleiri vörur,“ segir Guðrún og bætir við að þannig fái allir eitthvað fyrir sinn snúð.

„Við erum mjög ánægð með góðar móttökur og viðbrögð. Mörg fyrirtæki hafa tekið þátt og við höfum fengið skemmtilegar sögur frá fólki úti í bæ. Þó svo við séum ekki með vefverslun þá erum við með tengla yfir á sölusíður og vitum til þess að fólk hafi fundið vöru, pantað hana á síðu fyrirtækisins og fengið hana daginn eftir,“ segir Guðrún ánægð og nefnir að vonir standi til að í framtíðinni verði hægt að kaupa vörur á síðunni sjálfri. „Fólk getur líka sent hugmyndir að sniðugum vörum á vefinn og skilaboð en auk þess er hægt að senda ábendingu til vina og vandamanna um vörur.“ Einnig er hægt að útbúa óskalista sem hægt er að prenta út.

„Í stað þess að eitt fyrirtæki úti í bæ sé að gefa pening í góðgerðarmál þá erum við búin að útbúa farveg fyrir smá pening hér og þar sem hefði kannski ekki safnast annars. Síðan sést staðan á góðgerðarteljaranum á síðunni,“ segir Guðrún og brosir.

*hrefna@frettabladid.is*




**Diplómanám**

- Almenn lína í rekstri og stjórnun (45 ein.)
- Útvegsrekstrarfræði (45 ein.)
- Flugrekstrarfræði (45 ein.)
- Rekstrarfræði (60 ein.)

Nánari upplýsingar um nám á háskólastigi í s. 514 9601 eða á ave@tskoli.is

zetor

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

**Eitthvað að huxum**




Bók frá Kjalarútgáfunni, sem hefur að geyma knöpp skoðanaskipti unglingspilts og eldri manns, þar sem víða er komið við í 567 dæmum á vettvangi daglegs lífs og mannlegs eðlis. Bókina prýða ljósmyndir teknar af Birni Erlingssyni, Kristjana F. Arndal hefur gert kápumynd sem skírskotar til ævistarfs höfundar Þorgeirs Þorgeirssonar, en eftir hann hafa áður komið út ljóðabækurnar **Dagsformið** 2005 og **Endurfundir** 1992.

Kjölur útgáfa • Skólagerði 6 • 200 Kópavogi
kjolur@kjolur.com • Símar: 564 1020 - 895 1028




**Opnunartími fram til jóla**
18.19. og 22. des. 12-20
20. og 21. des. 11-17
23. desember 11-18
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727

www.nora.is
Comptoir de Famille
Nóra

DKNY DONNA KARAN NEW YORK

TILBOÐ AF VÖLDUM DKNY ÚRUM



STÁL & GYLLT ÚR TILBOÐ KR 19.600



VERÐ Í EVRÓPU € 149

GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
Úrsmíðameistari
MJÓDDINNI
Álfabakka 16
Sími 587 4100

ALLT HEIMILI

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María 512 5473

Hugi 512 5447

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið






Jólatréð er 33 metra hátt.

# Ljósin í Vatíkaninu

**Risastórt jólatré lýsir upp Péturskirkjuna í Róm.**

Jólin eru líklega á fáum stöðum jafn hátíðleg og á heimili páfans í Vatíkaninu. Ferðamenn flykkjast til Rómar til að hlýða á Benedikt páfa predika á aðfangadagskvöld.

Vatíkanið er nú komið í jólabúning og spilar þar stórt hlutverk jólatréð á torginu framan við Péturskirkjuna. Kveikt var á trénu við hátíðlega athöfn 13. desember. Það er 33 metra hátt og var gefið af bænum Gutenstein í Austurríki. *- sg*

# Jólakertin ljóma skært

**Kerti lýsa upp mörg heimili um jólin.**

Kertin hafa verið hluti af jólunum um ómunatíð. Kerti og spil, var sungið í baðstofunum og ljóst að þessi ljósgjafi hefur verið mönnum ofarlega í huga á hátíðarstundu.

Þó að kertin séu ekki jafn dýrmæt í dag og á árum áður spila þau enn stóran þátt í hátíðarhaldi á jólum. Kveikt er á kertum í kirkjum og á hverjum sunnudegi á aðventu er kveikt á einu kerti. Þannig teljum við inn jólin.

Kerti geta einnig verið hin glæsilegasta skreyting. Þó verður að gæta varúðar enda getur fögur skreyting breyst í stórt bál og þannig breytt gleðilegum jólum í heldur sorglega brunarúst. *- sg*


Gæta verður fyllsta öryggis þegar kveikt er á kerti. NORDICPHOTOS/GETTY






# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 20. DESEMBER 2008

**HÖNNUN**

## Höggmyndir og húsakynni úr ís

**INNLIT**

## Ævintýraland Dóru Kjartansdóttur

**GUÐRÍÐARKIRKJA**

## Blátt áfram töfrandi

FRÉTTABLAÐIÐ



**Á ils.is getur þú:**

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á ils.is:**

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

**Greiðslumat**
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

**Lánsumsókn**
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður



HEIMILISHALD
RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

# Ófá handtökin

Undirbúningur jólanna er misjafn á hverju heimili. Fólk tekur jólahreingerninguna og fjölda smákökusorta misalvarlega og þar af leiðandi er jólastressið misjafnlega mikið. Öll vitum við innst inni að jólin snúast ekki um gljábónuð gólf. Samt er tilhneigingin til að setja sér fjarstæðukennd takmörk í þrifum, bakstri og jólakortaskrifum svo sterk að varla sleppur nokkur við hjartslátt og súran seyðing í maga á Þorláksmessukvöld. Nema ég.

Búskaparár mín eru enn ekki orðin það mörg að ég hafi komið mér upp ströngum jólahefðum. Við hjónin eyðum jólum og áramótum í foreldrahúsum og búum enn við æskujólin. Við sleppum því létt frá bakstri og þrifum. Aðdragandi jólanna líður átakalaust hjá og við hneykslumst jafnvel á æðibunuganginum í þeim sem hendast með þvegilinn milli veggja og gera sig ekki ánægða með minna en sjö sortir. Við erum sjálfsagt of góðu vön.

„Ég man ekki eftir jólastressi í sveitinni þegar ég var lítil. Alltaf var heimilið samt hreint og ilmandi á aðfangadag, jólagardínurnar komnar upp og allir baukar fullir af ljúffengum kökum og laufabrauði."

Ég man ekki eftir jólastressi í sveitinni þegar ég var lítil. Alltaf var heimilið samt hreint og ilmandi á aðfangadag, jólagardínurnar komnar upp og allir baukar fullir af ljúffengum kökum og laufabrauði. Steikin var jafnan komin á borðið á slaginu sex. Þetta gerðist án þess að ég yrði þess mikið vör. Við systurnar skreyttum piparkökur og föndruðum pappírsskraut í rólegheitum. Við sóttum jólatréð í skógarreitinn í brekkunni, skreyttum það á Þorláksmessu og eftir að borðhaldi lauk á aðfangadagskvöld voru pakkarnir opnaðir í einum rykk. Eitthvað hefur samt þurft til að koma þessu öllu heim og saman.

Ein jól áttum við hjónin í útlöndum og þurftum að sjá um okkur sjálf. Ég sá í hillingum hvernig allt myndi ilma nýþvegið og fínt hjá okkur. Kökubaukarnir stæðu fullir í búrhillunni og sortirnar ekki undir sjö. Aðdragandi jólanna leið þó hjá eins og áður og smákökusortirnar urðu ekki fleiri en ein. Á aðfangadag hlupum við um borgina í leit að jólasteikinni og fundum eina frosna önd. Hún var ekki þiðnuð fyrr en um kvöldið og við borðuðum jólamatinn um tíu leytið. Hvorugt okkar hafði strokið yfir gólfin, héldum sjálfsagt að hitt ætlaði að gera það, og engar hengdum við upp jólagardínurnar. Mér var hugsað til æskujólanna, hvernig allt var tilbúið á slaginu sex, nánast eins og fyrir töfra. Handtökin hafa verið ófá og vinnudagur mömmu ansi langur í annan endann.



**Forsíðumynd:** Anton Brink tók mynd á heimili Dóru Kjartansdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

# Handleikur spaðann og hugsar til ömmu

Þegar þess er farið á leit við Salóme Þorkelsdóttur, fyrrverandi forseta Alþingis, að sýna lesendum eftirlætishluti í sínu innbúi koma eldhúsáhöld frá ömmu hennar fyrst upp í hugann, ásamt kaffiboxinu góða sem hefur fylgt henni í rúm sextíu ár.

„Ég held að ég nefni smáhluti úr eldhúsinu sem eru samgrónir lífi mínu og húshaldi og eiga persónulega og langa sögu," segir Salóme strax og kveðst fyrst og fremst hafa í huga kleinujárnið og pönnukökuspaðann hennar ömmu sinnar en hvort tveggja eignaðist hún þegar hún gifti sig árið 1947.

„Kleinujárnið er nú ekki mikið notað," segir hún svolítið afsakandi. „Ég baka yfirleitt ekki kleinur en járnið á sinn sess í eldhússkúffunni. Pönnukökuspaðinn hefur hins vegar fylgt mínu daglega heimilishaldi frá upphafi, ýmist við pönnukökubakstur eða þegar ég baka jólasmákökurnar. Hann er langbestur af þeim spöðum sem ég á og mér þykir verulega vænt um hann," segir Salóme og bætir því við að hugurinn leiti ósjálfrátt til ömmu hennar þegar hún handleikur spaðann enda hafi hún verið iðin við pönnukökubakstur.

„Amma var fædd 1870. Hún giftist afa sem var fæddur 1860 þegar hún var 21 árs gömul og lifði þar til hún varð 91 árs. Síðustu árin var hún í skjóli foreldra minna eftir að hún hætti búskap þegar afi dó 1943," fræðir Salóme okkur en kveðst ekki vita hvort spaðinn hafi fylgt ömmunni frá upphafi hennar húshalds. „Hann var alla vega kominn til ára sinna þegar ég eignaðist hann og hjá mér er hann búinn að vera í 61 ár svo það er eðlilegt að skaftið sé farið að láta á sjá og málningin sé næstum afmáð," segir hún brosandi.



**„Við höfum lifað saman súrt og sætt í gegnum tíðina, pönnukökuspaðinn minn og kaffiboxið og höfum ekki hugsað okkur að breyta til," segir Salóme sem einnig heldur upp á gamla kleinujárnið hennar ömmu sinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Enn einn mikilvægur smáhlutur í eldhúsinu hjá Salóme er kaffiboxið sem hún kveðst hafa fengið árið 1947 í upphafi búskapar síns. „Þá var það vel merkt O. Johnson og Kaaber, hvítt með bláum röndum eins og kaffipokarnir frá Kaaber en nú eru rendurnar næstum horfnar og merkingin með enda hef ég handleikið boxið í 61 ár," segir hún hlæjandi. „Það hvarflar samt ekki að mér að skipta og fá mér nýtt ílát undir kaffið. Við höfum lifað saman súrt og sætt í gegnum tíðina, pönnukökuspaðinn minn og kaffiboxið og höfum ekki hugsað okkur að breyta til!"

*- gun*



# JÓLATILBOÐ




# REKKJUNNAR

## KAUFFMANN DRAUMASÆNGUR

KAUFFMANN

Í Rekkjunni færðu hinar margrómuðu Kauffmann hitajöfnunardúnsængur þar sem Outlast hitajöfnunarefnið kemur mikið við sögu. Kauffmann hefur sérhæft sig í hágæðasængum frá árinu 1896. Þegar litið er til gæða þá er Kauffmann fremstur meðal jafningja. Allt framleiðsluferlið snýst um gæði og vandvirkni. Sængurnar eru handgerðar og fara í gegnum strangt gæðaeftirlit áður en þeim er vandlega pakkað. Allar Kauffmann sængur eru ofnæmisprófaðar. Allur dúnninn, sem notaður er, kemur frá köldustu stöðum heims, svo sem Síberíu, Grænlandi, Kanada og Íslandi.

Outlast












**OPIÐ**
laugardag
frá kl.11-18
og sunnudag
frá kl. 12-18

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M





Á efri myndinni eru Feneyjar og á þeirri neðri stórborgin New York.



eBoy skreytir líka hjóla- og snjóbretti.



Sérstök músar-motta.



Stuttermabol-irnir eru með áhugaverðum myndum.

# Með augum Net-drengja

New York, London, París og Feneyjar birtast fólki í nýju ljósi á plakötum frá fyrirtækinu eBoy. Þar fást einnig aðrar skemmtilegar og stundum furðulegar vörur.

eBoy er skemmtilegt fyrirtæki og merki sem stofnað var af þremenningunum Steffen Sauerteig, Svend Smital and Kai Vermehr. Undir merkjum eBoy eru búnir til ýmsir forvitnilegir hlutir allt frá leikföngum og stuttermabolum til flókinna listaverka sem seld eru á plakötum.

Nokkrir af viðskiptafélögum þeirra eDrengja eru Adidas, Coca-Cola, Diesel, DKNY, Nike, Nestle og Kellogs. Hægt er að skoða og kaupa hönnun þeirra félaga á vefsíðunni http://hello.eboy.com -sg


Nú er komið af því loksins á Íslandi

Trivial Pursuit

Stelpur á móti strákum

Hvað myndar bókstafinn O í plakati kvikmyndarinnar The simpsons Movie?

Hvert var söluhæsta ítalska tískuvörumerki heims árið 2007?




Hvaða íslenska hljómsveit söng um kindina Einar?

Hvaða söng-og leikkona kallaði fyrsta ilmvatnið sitt Glow?

Fæst í verslunum um land allt

Inniheldur:
1200 spennandi spurningar fyrir stelpur og stráka
2 teningar fylgja
Hægt er að spila án spilaborðs

Dreifingaraðili:
REYKJALUNDUR Lagnir Umbúðir Leikföng

# ego dekor

## COMO HNOTA



Stækkanlegt borð
Stærð: 200cm(288cm)X110cm
Verð 139.000,-

Vegghengdur skenkur
Stærð: Br:180cm D:42cm H:62cm
Verð: 108.000,-



Skápur
Stærð: Br:132cm D:42cm H:132cm
Verð: 138.000,-



Rio stóll
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð:
14.800,-



Opal leðurstóll
Staflanlegur.
Fáanlegur í svörtu, brúnu og hvítu leðri
Verð:
15.800,-



Sjónvarpsskenkur
Br: 243cm D:56cm H: 36cm
Verð: 108.000,-

*Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á liðnu ári*



Delta barstóll
Fáanlegur í rauðu, orange og glæru
Verð: 35.000,-



Glerskápur
Br: 117cm D:40cm H:190cm
Verð. 128.000,-

## EIKARHÚSGÖGN



Skenkur
Br: 180cm D:45cm H:125cm
Verð: 139.000,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 160cm(248cm)X100cm
Verð. 89.000,-



Sjónvarpsskenkur m/rennihurðum
Stærð: Br:200cm D:50cm H:48cm
Verð: 89.000,-
Einnig fáanlegur í Br: 160cm



New England tungusófi
Stærð: 252cm X 165cm
Færanleg tunga
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð: 154.000,-



Plaza tungusófi
Fáanlegur í nokkrum litum
Stærð: 295cmX162cm
Verð áður: 248.000,-
-20%
TILBOÐSVERÐ: 198.400,-



Borðstofuborð
Stærð: 200cmX100cm
Verð. 95.000,-
Einnig fáanlegt í hvítu

Anatolia stóll
Verð: 29.000,-

hönnun: www.skissa.net

**Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is**












Hildur Yeoman sýnir teikningar í Garðastræti 2. Á einni þeirra klæðist módelið rauðum jólakjól eftir Hildi sjálfa. MYND/HILDUR YOEMAN

# Goðsögur lifna við

● Innblástur að tískuteikningum sínum sækir Hildur Yeoman fatahönnuður meðal annars í goðsögnina um Ledu og svaninn en nú stendur yfir sýning á teikningum hennar.

Hildur Yeoman fatahönnuður sýnir um þessar mundir tískuteikningar í Garðastræti 2. Þar er vinnustofa og verslunin Thelma Design til húsa en Hildur teiknar allar tískuteikningar fyrir merkið Thelma Design.

Myndirnar teiknar Hildur á tau og saumar síðan út í þær. „Margar tískuteikninganna á sýningunni innihalda svani og er innblástur þeirra sóttur í grísku goðsöguna um Ledu og svaninn. Ég sýni myndir af stúlkum í fatnaði frá hinum ýmsum erlendu fatahönnuðum og er ein íslensk skvísa þeirra á meðal sem ég hef gefið nafnið Guðrún,“ útskýrir Hildur en á myndinni er Guðrún í rauðum jólakjól eftir Hildi sjálfa og heldur á íslenska fánanum. Sá kjóll hangir uppi á sýningunni Jólakjólar sem staðið hefur yfir í Listasafni ASÍ og lýkur á morgun.

Opið er í Garðastræti 2 frá klukkan 12 alla daga fram að jólum. *- rat*





Burberry I SportMax I Sportmax Code I Filippa K I Patrizia Pepe I GK Reykjavík I Rutzou I Lee I Wrangler

GK REYKJAVÍK

**20% jólaafsláttur í verslunum GK.**

Velkomin í nýja verslun okkar í Smáralind.

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU AF VÖRUM FRÁ FILIPPA K, PATRIZIA PEPE, SPORTMAX.

JÓL 2008

**KONUR OG MENN** I LAUGAVEGUR 66 OG SMÁRALIND




Íslensk hönnun
í sinni fjölbreytilegu mynd

ÍSLENSK HÖNNUN epal

ERUM MEÐ VÖRUR EFTIR
RÚMLEGA 20 ÍSLENSKA HÖNNUÐI

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal











Birtan í Guðríðarkirkju er blátt áfram töfrandi og skapar hátíðlega jólastemningu með þessum fallega krans aðventunnar.



# Í töfrum húss Guðs og safnaðar hans

● Nýjasta hús drottins vors er Guðríðarkirkja í Grafarholti. Kirkjan er látlaus og fögur og býr yfir sérstæðum sjarma með altaristöflu undir berum himni sem sýnir sjónarspil allra veðra. Kirkjan er íslensk smíð og hugverk frá grunni; hvort sem litið er til smáatriða innanhúss eða utan.

„Það skemmir ekki fyrir að vera trúaður þegar maður teiknar kirkju, en trúna sem verkfæri þarf ekki frekar en að vera kennari til að teikna skóla. Hins vegar er gaman að teikna kirkju því þá rifjast upp barnatrúin og maður setur sig betur inn í helgisiðina, sem er skemmtilegt, enda kirkjan hús Guðs og safnaðar hans," segir Þórður Þorvaldsson, arkitekt hjá Arkþingi, sem ásamt samstarfskonu sinni, Guðrúnu Ingvarsdóttur, vann samkeppni um nývígða og stórfallega Guðríðarkirkju í Grafarholti.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég teikna kirkju. Sköpunargleðin fær virkilega að njóta sín því formið er frjálsara og ekki eins fastmótað og í hefðbundnara húsnæði. Kirkjur nútímans endurspegla samfélagið hverju sinni og eru oft lítið kirkjulegar í útliti enda orðnar hálfgerðar menningarmiðstöðvar með innbyggðum safnaðarheimilum og þurfa að mæta því fjölbreytta kirkju- og safnaðarstarfi sem nútímamaðurinn krefst," segir Þórður, sem sótti innblástur í lífið sjálft; það sem hann fæst við í daglegu starfi og úr ferðalögum um heiminn.

„Húsið á sér enga fyrirmynd, en svo lengi lærir sem lifir og í farteskinu situr sitt lítið af hverju sem sést hér og þar. Guðríðarkirkja er alveg sjálfstæð fæðing og einstök að tvennu leyti því allt innanstokks er íslensk hönnun og smíði, og í hvorum enda kirkjuskipsins eru garðar, sem okkur þykja mjög vel heppnaðir. Annar þeirra er lokaður, hátíðlegur altarisgarður, en með honum fáum við þrívíða altaristöflu þar sem kross stendur í spegiltjörn í ósnertanlegum, guðlegum garði undir berum himni. Andinn er því mjög kirkjulegur, hátíðlegur og friðsæll," segir Þórður sem fékk hönnuðinn Reyni Sýrusson til að hanna kirkjubekki Guðríðarkirkju, en þess má geta að fyrirtækið GÁ húsgögn tók að sér að bólstra stóla, grátur og brúðarstóla.

„Þórður bað mig að teikna stól inn í kirkjuna og gaf mér fimm daga til starfans. Ég hellti mér því út í verkefnið og svaf lítið næstu daga, en kom þá með tvær tillögur að stólum sem þeim Þórði og Guðrúnu leist vel á og bjó til nákvæma eftirlíkingu í smækkaðri útgáfu sem ég mætti með á fund prests og sóknarnefndar sem snarféllu fyrir stólnum líka," segir Reynir sem hannar flest sín verk í einveru undir þýðum ómum hljómlistar.

„Stólarnir eru úr gegnheilu birki og í kassalaga formi, sem stenst betur tímans tönn en bogadregnar línur.

Þá má festa saman í bekki og í sama stíl hélt ég áfram að hanna inn í kirkjuna alla þá lausu hluti sem þurfti, eins og prédikunarstól, skírnarfont, moldunarkassa og skóflu, sálmabókahillur, sálmatöflu og fleiri hluti sem allir eru með sama handbragði." *- þlg*



Hér má sjá fjólubláan bjarma altarisgarðsins lýsa upp veggi Guðríðarkirkju utan frá.



Séra Sigríður Guðmarsdóttir er sóknarprestur Guðríðarkirkju.



Guðríðarkirkja.


Séð innan úr kirkjuskipinu yfir í altarisgarðinn þar sem tignarlegur kross sést speglast í tjörn út um glugga bak við altarið.


Logandi kerti setja hlýlegan blæ á kirkjuna.


Skírnarfontur úr stuðlabergi, birki og gleri eftir Reyni Sýrusson. Í baksýn má sjá stóla hans sem tengja má saman í bekki. MYND/REYNIR SÝRUSSON


Altarið er látlaust og í kassalaga formi eins og aðrir húsmunir Guðríðarkirkju. Úr gegnheilu birki eftir Reyni Sýrusson. MYND/REYNIR SÝRUSSON


Moldunarkassi og skófla til moldunar við útfarir, eftir Reyni Sýrusson. MYND/REYNIR SÝRUSSON

● **HÁTÍÐLEG HELGILISTAVERK** Íkonar eru helgilistaverk sem oftast eru máluð á tréplötur. Á þeim eru andlitsmyndir af Jesú Kristi, Maríu mey og dýrlingum. Yfirleitt eru nöfn og skammstafanir letraðar inn á myndina sem gefa til kynna um hvaða persónur er að ræða.

Algengustu íkonarnir sýna Maríu með Jesúbarnið í fanginu. Langflestir þessara Maríu-íkona sýna hana annars vegar sitja með barnið, sem gerir blessunarmerki með fingrum, í kjöltu sinni og benda á það og hins vegar halda á því með báðum höndum og halla því að vanga sínum. Í Kirkjuhúsinu fást íkonar í úrvali.







Jólalegt er um að litast hjá Dóru jólabarni.


Dóra hefur sankað að sér fallegu jólaskrauti erlendis frá og var stór hluti þess keyptur í Boston.


Dóra er mikil hundakona og endurspeglast það í innanstokksmunum.


Hjá Dóru kennir ýmissa grasa og er mikil vinna að þurrka af öllu skrautinu.


Fjölskylduhornið er á skattholi þar sem kertum er stillt inn á milli.

**FJÁRSJÓÐIR DÓRU** Litlir hlutir og skrautmunir hér og þar, frá ýmsum heimshornum, prýða híbýli Dóru og fjölskyldu hennar. Enda er húsmóðirin forfallinn safnari í sér.



# Með gimsteina draumahúsi vi

Heimili Dóru Kjartansdóttur Welding er líkt og ævintýraland, uppfullt af litlum fjársjóðum og kynjaverum. Dóra er mikill safnari í sér og elskar glingur og smáhluti auk þess sem heimilishundarnir eiga sinn heiðurssess á heimilinu.

Úti við sæinn á Seltjarnarnesi býr Dóra Kjartansdóttir Welding ásamt fjölskyldu sinni og tveimur myndarlegum hundum. Heimilið er hlýlegt og persónulegt og einkennist af fallegum smáatriðum.

„Ég hef verið smáhlutasjúk frá því ég man eftir mér og segir ein frænka mín að þetta sé ættgengt. Við erum alveg glingursjúkar," segir Dóra og hlær. „Fólk gerir grín að mér þegar ég kaupi kertastjaka eða eitthvað og spyr hvort ég ætli núna að setja þetta utan á húsið, ég er bara lögð í einelti með þetta," segir hún kímin. „Ég lauma oft inn hlutum og síðan tekur maðurinn minn kannski eftir þeim eftir tvo mánuði."

Dóra segist alltaf geta fundið stað fyrir nýja hluti og eru jólin því hennar tími. „Ég tími ekki að setja gamla dótið niður eða geyma neitt þannig að ég treð jóladótinu með. Ég hef gaman af að blanda saman og er mjög hrifin af gömlum hlutum. Síðan elska ég kerti og glingur þannig að frá því tekur að rökkva í ágúst og fram að jólum er algjörlega minn tími."

Svo skemmtilega vill til að húsið sem Dóra býr í núna var draumahúsið hennar og hafði hún lengi rennt til þess hýru auga. „Sumir hafa grínast með að þetta sé svona eins og The Secret. Fyrir átján árum bjó ég í Vesturbænum og alltaf þegar ég fékk mér göngutúr með frumburðinn gekk ég framhjá þessu húsi og hugsaði með sjálfri mér að hérna skyldi ég einhvern tíma búa," segir Dóra með blik í augum og segist þakka Guði fyrir það á hverjum degi að búa í þessu yndislega húsi þegar hún heyrir öldugjálfrið. - hs


Mikil birta flæðir um stofuna í gegnum stóra glugga og er mikil lofthæð. Skúturnar í efstu gluggunum voru keyptar í Dóminíkanska lýðveldinu og kallast á við umhverfi hússins sem er við sjóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Töluverður stærðarmunur er á hundunum tveimur. Sá stóri er franskur fjárhundur og heitir Lúkas Logi en sá litli er af kínverskum ættum og kallast Benjamín Skreppur. Sá stóri er um 50 kíló en sá minni einungis um fimm kíló.

# í
# ð sæinn


Hér er Dóra í Dyngjunni, en það er nafnið sem hún hefur gefið tómstundaherberginu sínu sem er hennar uppáhald.


Eiginmaður Dóru réði HTH eldhúsinnréttingunni frá Bræðrunum Ormsson.


Skenkurinn er hluti af borðstofumublum sem keyptar voru í Húsgagnahöllinni.


Borðstofuhúsgögnin voru keypt í Húsgagnahöllinni og segir Dóra þau fylla vel í stórt rými hússins.

**NORRÆNN ARKITEKTÚR Í ALDARBYRJUN** Nordic Architects nefnist ný bók sem komin er út hjá Arvinius Förlag í Stokkhólmi. Hún vekur bæði athygli á nýlegum verkum reyndra norrænna arkitekta og hæfileikamanna á uppleið. Íslensku arkitektastofunni Arkitektar Hjördís & Dennis var boðið að vera með í bókinni og fjallað er um sendiherrabústaðinn í Berlín sem lokið var við að byggja árið 2006 samkvæmt verðlaunatillögu þeirra. Bókin er 448 síður með 350 ljósmyndum. Forsíðuna prýðir tvö hundruð þúsund fermetra hótel í Las Vegas sem heitir Mondrian and Elano Hotel og er eftir dönsku arkitektana JDS Architects.





# JÓLAÚTSALA
## ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

Calia Italia
3+2 sófi á alvöru útsöluverði
**Kr. 335.480.-**
Verð áður 419.800.-
Ítölsk hönnun, gæði og framleiðsla



# Íslensk og amerísk húsgögn

Gæða amerísk húsgögn á **40%** afslætti núna fyrir jólin. Við sérsmíðum einnig íslenska hornsófa, tungusófa og sófasett eftir máli. Erum með mikið úrval af áklæðum. Komdu við og skoðaðu úrvalið. Verðið gæti einnig komið þér skemmtilega á óvart.

sætir sófar | SETT

**SETT EHF** • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 1400 • FAX: 554 2453 • WWW.SETT.IS
**OPNUNARTÍMI:** MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA **11:00 - 18:00**
LAUGARDAGA **11:00 -16:00** • SUNNUDAGA **13:00 -16:00**

## hönnun



**HREINDÝRAMOTTA** Rjúkandi kaffi eða kakóbolli er góður í morgunsárið á jóladag. Hönnunarfyrirtækið TRIBE hefur hannað glæsilega og jólalega glasamottu sem gerir fyrsta bollann á jólamorgni þeim mun jólalegri. Glasamottan hefur fengið nafnið Upon a Midnight Clear eftir frægu jólalagi sem samið var árið 1849. Á glasamottunni stendur gullslegið hreindýr sem breytir hvaða hversdagslega bolla í jólabolla. TRIBE var stofnað árið 2006 í Singapore. Sjá www.tribe.com.





Spegilglansandi, lítill og sætur kertastjaki úr Mirale á 3.360 krónur.



Glansandi og jólalegt gullkerti úr Byggt og búið í Kringlunni á 249 krónur.



Hjartalaga gjafakassi með gylltu loki úr Tiger á 200 krónur.

# Gulls ígildi

Gull er hlýlegur og jólalegur litur. Í réttu magni geta gulllitaðir munir búið til notalega stemningu á heimilinu.

Gull er merkilegur málmur sem hefur þekkst í að minnsta kosti 5.500 ár. Málmurinn þykir aðlaðandi og er mjög verðmætur og því ekki skrítið að gullliturinn hafi verið notaður í ýmsa muni í gegnum tíðina, oft til að endurspegla ríkidæmi.

Gull er mjúkur, gljáandi, gulur, þungur, hamranlegur og linur málmur sem er ónæmur gegn flestum efnum. Gullið er því tilvalið í skartgripagerð en sjaldan er gullið alveg hreint heldur blandað öðrum málum. Karöt segja til um hreinleika þess. Til dæmis er 18 karata gullhringur 18 hlutar af hreinu gulli og 6 hlutar af íblöndunarefnum.

Gull er hægt að móta og teygja á alla kanta en eina únsu af gullu er hægt að fletja út í þynnu sem er um fimm metrar á kant. Slíkar þynnur eru notaðar til að gylla til dæmis listmuni en þykkt þynnunnar getur verið um 0,000127 millimetrar sem er um 400 sinnum þynnri en mannshár. *- sg*



Fallegur bolli með sérstæðri gulláferð úr versluninni Unika í Fákafeni á 1.490 krónur.



Kerti sómir sér vel í þessum sérstaka kertastjaka úr Uniku í Fákafeni á 1.590 krónur.




**HLAUPSTÓLLINN** Dessert eða Eftirrétturinn eftir hönnuðinn Daniel Klajnberg er girnilegur á að líta. Eftir góða máltíð er örugglega gott að hlamma sér í eftirréttinn og láta matinn sjatna. Hægindastólarnir eru mótaðir úr frauðplasti og er einnig hægt að fá fótskemil í sömu línu.





# Gömul og gild leikföng

Litrík og háværr plastleikföng hafa ráðið ríkjum undir jólatrénu hin síðari ár. Hvernig væri að leyfa ímyndunarafli barnanna að njóta sín og gefa þeim klassísk og einföld leikföng? Hjá versluninni Pommenyc á Netinu má finna ýmislegt skemmtilegt. Þar er til dæmis til sölu hefðbundinn rugguhestur úr viði sem hefur verið í framleiðslu í fimmtíu ár. Stafakubbar úr viði geta bæði nýst til að byggja úr en eru einnig hentugir til að læra stafrófið af. Hver man svo ekki eftir gömlu Monchichi-öpunum? Sjá store.pommenyc.com/home.html




30%
afsláttar-
dagar
afsláttur
af öllum hjólum til jóla
6-8 ára
Norco
Eliminator
Verð áður:
36.200
Verð nú:
25.340
Norco
Katmandu
Verð áður:
84.000
Verð nú:
58.800
8-10 ára
Norco
Diva
Verð áður:
39.000
Verð nú:
27.300
Giant
Yukon Disc
Verð áður:
93.000
Verð nú:
65.100
6-8 ára
Norco
Spice
Verð áður:
36.200
Verð nú:
25.340
8-10 ára
Norco
Detonator
Verð áður:
39.000
Verð nú:
27.300
3-6 ára
Norco
Rainbow
Verð áður:
21.700
Verð nú:
15.190
2-4 ára
Príhjól
Transporter
Verð áður:
11.900
Verð nú:
8.330
VISA/Mastercard - raðgreiðslur
MARKIÐ
www.markid.is • Sími 553 5320 • Ármúla 40
PIPAR • SÍA • 82371


Lynx.
GOLFVÖRUR
Gamla
verðið
enn í fullu gildi
Pro Quip Silk Touch
Besti gallinn skv. Todays Golfer.
Jakki aðeins kr. 14.990
Buxur aðeins kr. 9.990
Vindvesti aðeins kr. 6.560
silk touch
WATERPROOF
HIPPO Driverar
Frábærar umsagnir
í golfblöðum.
Verð frá kr. 14.875
HiPPO
Golfsett í poka
Heilt sett frá kr. 29.700
Hálft sett í poka frá kr. 14.820
Rafmagnsgolfkerra
Powerhouse Freedom.
28 AH geymir kr. 45.500
Fjarstýrð kr. 64.500
Opnunartími
til jóla
13 til 18
HOWSON Attacker Rescue
Margverðlaunaður hálfviti.
Herra og dömu,
verð aðeins kr. 4.990
Howson
Barna- og unglingagolfsett
Í poka verð frá kr. 9.900
Í standpoka kr. 15.800
Pútter, kylfa og
kúlur kr. 5.300
Ferðapokar
Verð frá kr. 3.870
Á hjólum kr. 6.970
Frábær tilboð
á öðrum vörum
Golf Outlet
Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800



Íslensk hönnun og sérmíði.

Smíðum sófa og hornsófa eftir máli.

Veljum íslenskt – okkar hagur! SI

1975 GÁ HÚSGÖGN

Ármúla 19 • Sími: 553-9595

www.gahusgogn.is • gahusgogn@gahusgogn.is

Miele



vilborga@centrum.is

**Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Most Trusted Brand 2008

best brands 2008 das deutsche markenranking

Verð frá kr.: 22.995

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200



Ferðalangar á íshátíð í Hokkaido, Sounkyo, í Japan. Umgjörðin minnir örlítið á heimkynni jólasveinsins.

# Í ríki Vetrar konungs

Menn hafa í gegnum tíðina gert ótrúlegustu höggmyndir og húsakynni úr ís, þar sem heilu hótelin og bæirnir hafa risið fyrir tilstuðlan verkvits og listrænna hæfileika.

Menn smíða oft ótrúlegustu hluti úr ís og þannig hafa skúlptúrar og flóknar byggingar litið dagsins ljós.

Ísskúlptúrar eru annaðhvort raunsæislegir eða abstrakt og oft búnir til í tengslum við árstíðabundna viðburði eins og vetrarhátíðir, sem haldnar eru víðs vegar um heim. Árlega fer slík hátíð fram í Quebec í Kanada þar sem eins má finna eina íshótel Norður-Ameríku.

Líftími bæði íshöggmynda og íshótela er háður veðráttu og slík húsakynni þarf því iðulega að endurhanna og -byggja frá grunni eftir árstíðaskipti. Nýjum arkitektum og hönnuðum gefst því tækifæri til að spreyta sig og þegar gengið er inn í þessa ævintýralegu vetrarheima verður upplifun hótelgesta aldrei söm á milli ára. - rve



Inngangurinn að íshótelinu í bænum Jukkasjarvi í Svíþjóð. Hótelið hlaut heiðursverðlaun Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2007 fyrir mat og matargerðarlist. NORDICPHOTOS/GETTY



Gestur lætur fara vel um sig í Hôtel de Glace sem ætíð hýsir mörg íslistaverk.



Hôtel de Glace sem var opnað í Quebec árið 2001 er það eina sinnar tegundar í Norður-Ameríku. NORDICPHOTOS/GETTY



Glæsilegur ísskúlptúr fyrir framan Pálskirkju í Minnesota meðan á vetrarhátíð stendur.



Séð inn í hluta af verslunarkjarna í Dubai þar sem arkitektar, hönnuðir og listamenn hafa fengið að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn.




## ÚT ER KOMIN GLÆSILEG BÓK UM ELÍAS B. HALLDÓRSSON LISTMÁLARA

UPPHEIMAR

Við gerð bókarinnar var ekkert til sparað. Bókin er í stóru broti, 232 blaðsíður á vönduðum pappír og ítrustu kröfur voru gerðar, jafnt við ritun, myndvinnslu og hönnun sem prentun og frágang. Bókina prýða um 300 ljósmyndir af verkum Elíasar og úr ævi hans. Fjöldi fólks lagði hönd á plóg við gerð bókarinnar og hafði það að leiðarljósi að hún mætti verða sem glæsilegust og bera listamanninum fagurt vitni.

## VIÐBRÖGÐ LESENDA ERU Á EINN VEG:

„Þessi bók er öllum til sóma, aðstandendum, málaranum góða, höfundum, forlaginu, prentsmiðjunni – og kaupendum. Einhver flottasta bók ársins."
*Guðmundur Andri Thorsson, rithöfundur*

„Glæsiverk og vandað í alla staði."
*Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar*

„Mikinn dýrgrip getur nú að líta í verzlunum, þar sem er bókin mikla um Elías."
*Þorsteinn frá Hamri, skáld*

„Elíasarbók er stórglæsileg. Þessi útgáfa er þrekvirki."
*Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur og útgefandi*

„Mér líst stórvel á Elíasarbók."
*Hermann Stefánsson, rithöfundur*

„. . . með því sem best gerist í útgáfu bóka af þessu tagi."
*Ísak Harðarson, skáld*

„Þetta er mikil bók – með fallegri verkum sem maður hefur séð og handfjatlað – það verður miðað við hana framvegis í þessum bransa."
*Jón Kalman Stefánsson, rithöfundur*

„Þetta er með fallegri málverkabókum sem ég hef séð á markaðnum."
*Svanur Jóhannesson, bókbindari*

„Glæsileg og stórmerk bók."
*Magnús Sigurðsson, rithöfundur*

„ Bókin er sannkallað fágæti. Það er uppörvandi að menn skuli enn ráðast í svo metnaðarfullar útgáfur."
*Sigurður Svavarsson, bókaútgefandi*

„Það er allt fallegt við þessa bók. Pappírinn, uppsetningin, litgreining, efnisröðun – að ógleymdum undurfallegum myndum Elíasar. Og pökkuð inn í sólskin."
*Valgerður Benediktsdóttir, réttindastofu Forlagsins*

Bókin um Elías B. Halldórson fæst á **uppheimar. is** og í stærri bókaverslunum


ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
OBH NORDICA
OBHNordica 7130
PIZZAOFN fyrir frosnar eða heimatilbúnar pizzur. Bakar pizzu á 4-5 mín. Góður í bökur, baguette og samlokur. 3 stillingar Yfir og undirhiti. Pizzuspaði fylgir.
VERÐ 13.495 FRÁBÆRT VERÐ
Melissa 635070
Sléttujárn með keramik plötum.
VERÐ 2.495 FRÁBÆRT VERÐ
MELISSA
Melissa 643096
750W SAMLOKUGRILL fyrir 2 sneiðar
VERÐ 3.995 FRÁBÆRT VERÐ
ide line
Ideline 746087
175w Handþeytari með 5 hraðastillingum og Turbo.
VERÐ 2.995 FRÁBÆRT VERÐ
Melissa 631015
Þægilegur hitapúði með 3 stillingum.
VERÐ 3.995 FRÁBÆRT VERÐ
Melissa 646036
180w TÖFRASPROTI með ryðfríum hnífum, 600ml og 400ml skálum, 2 hröðum og ryðfríum hnífum. Auðvelt að hreinsa.
VERÐ 4.495 FRÁBÆRT VERÐ
OBH NORDICA
OBHNordica 2232
2ja sneiða BRAUÐRIST með mylsnubakka. Burstað stál.
VERÐ 4.995 FRÁBÆRT VERÐ
Melissa 631130
FÓTANUDDTÆKI með 3 stillingum. Loftbólur frá 36 holum. Meira en 150 nuddstaðir fyrir fætur.
VERÐ 5.995 FRÁBÆRT VERÐ
exido
SLÉTTIR LÍKA HÁRIÐ
Exido 235009
1800w HÁRBLÁSARI með sléttikömbum, 2 hröðum og 2 aukahlutum.
VERÐ 6.995 FRÁBÆRT VERÐ
MELISSA
Melissa 630013
BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR með LCD skjá sem mælir efri og neðri mörk ásamt púls, 2x50 mælingar í minni.
VERÐ 7.995 FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips HP4696
Gjafasett með 8 hausum, s.s. krullujárni, krullubursta, sléttu-, vöfflu- og slöngulokkajárni.
VERÐ 8.995 FRÁBÆRT VERÐ
UNITED
United MWO7103
20 lítra og 700w ÖRBYLGJUOFN með snúningsdisk og afþýðingarmöguleika.
VERÐ 8.995 FRÁBÆRT VERÐ
MELISSA
Melissa 646071
500w BLANDARI með 2 stillingar, 1,5 lítra glerskál sem þolir klakabrot. Burstað stál.
VERÐ 9.995 FRÁBÆRT VERÐ
exido
Exido 244002
700w SAFAPRESSA sem tekur hart grænmeti og heila ávexti. 2 hraðar. 1,8l matari. Auðvelt að hreinsa.
VERÐ 9.995 FRÁBÆRT VERÐ
Panasonic
Panasonic MCCG475
2500W RYKSUGA með 350W sogkrafti, HEPA filtera kerfi, stillanlegu röri, vönduðum gúmmíhjólum ofl.
VERÐ 14.995 FRÁBÆRT VERÐ
KENWOOD
Kenwood FP250
MATVINNSLUVÉL og BLANDARI með 750w Dual Drive System, 2 hröðum og púls, 2,1 lítra skál. Stál.
TILBOÐ 19.995 FULLT VERÐ 24.995
elna
Elna ELNA2100
Einföld og góð SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðir saumfóta, Overlock ofl.
VERÐ 34.995 FRÁBÆRT VERÐ
OBH NORDICA
OBH 6088
Vönduð NUDDSESSA sem auðvelt er að festa við stól. Shiatsu og víbringsnudd. 6 mismunandi kerfi. Ótrúleg upplifun.
VERÐ 39.995 FRÁBÆRT VERÐ
DeLonghi
DeLonghi ESAM4000
Fullkomin 1,8l Espresso KAFFIVÉL með kaffikvörn, Cappucino System - blandar saman gufu, lofti og mjólk. Malar kaffibaunir og býr til kaffið.
VERÐ 72.995 FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS Senseo
kaffikönnurnar vinsælu
VÖNDUÐ GJAFA ASKJA FYLGIR
KENWOOD
Kenwood KM266
Öflug 900w 4,3l hrærivél með 4,3l skál úr ryðfríu stáli, breytilegum hraðastilli, blandara, safapressu, sítruspressu, hakkavél, þeytara, hnoðara og hrærara. CD diskur með 90 uppskriftum fylgir.
TILBOÐ 49.995 FULLT VERÐ 59.995
NÝ SENDING KOMIN
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
Heimilistæki
ht.is
EYRARVEGI 21 SELFOSSI SÍMI 480 3700
GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK SÍMI 464 1600
GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI SÍMI 460 3380
SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK SÍMI 569 1500


Gaman er að hafa jólakortin sýnileg yfir hátíðarnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jólakort á snúru

**Hvað á að gera við öll þessi jólakort sem berast fyrir jólin?**

Fjöldi jólakorta rennur inn um póstlúgur Íslendinga fyrir hver jól. Flestir verða glaðir við slíkar sendingar en eftir stendur vandamálið hvað eigi að gera við þessi kort sem fólk hefur oft á tíðum eytt tíma í að búa til, eða í það minnsta að velja.

Ef hillupláss er takmarkað á heimilinu gæti verið sniðug lausn að hengja jólakortin á snúru sem fest hefur verið á vegg. Þannig verða kortin hluti af jólaskreytingu heimilisins og fá heiðurssess meðan á hátíðardögunum stendur. *- sg*


Jólasveinar standa keikir í gluggasyllu. NORDICPHOTO/GETTY

# Sveinar einn og átta

**Fátt er jólalegra en rauðklæddu jólasveinarnir.**

Jólasveinar fanga hinn sanna anda jólanna. Hvort sem þeir eru íslenskir eða bandarískir þá koma þeir vel út sem styttur, brúður og jólaskraut á grenitrénu. Gaman er að safna jólasveinum og kannski ekki úr vegi að kynna einn inn í fjölskylduna fyrir hver jól. Þannig eignast hver jólasveinn sína sögu og minnir eigandann á liðin jól. *- sg*







HPI Savage X 4,6
ÖFLUGUR FJARSTÝRÐUR BENSÍN TORFÆRUTRUKKUR.
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími 587-0600
www.tomstundahusid.is

JÓLAGJÖFIN Í ÁR
ÍSLENSK HÖNNUN
ALVÖRU GÖNGUSKÓR


STÆRÐIR: 36-47 STÆRÐIR: 36-47 STÆRÐIR: 36-47

Fæst í eftirtöldum verslunum:

- Intersport
- Steinar Waage
- Clarks búðin - Laugavegi
- Skóbúð - Selfoss
- Tangó - Höfn
- Lækurinn - Neskaupsstað
- Kaupfélag Héraðsbúa - Egilsstöðum
- Kaupfélag Skagfirðinga - Sauðárkróki
- Skóbúð Húsavíkur
- Skóhúsið - Akureyri
- Verslunin Nína - Akranesi
- Hafnarbúðin - Ísafirði
- Skóbúðin - Keflavík

ASKJA

Við mætum kreppunni og bjóðum 25% afslátt
afslátt af öllum húsgögnum til áramóta

Vandaður slökunarstóll
með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir
Verð nú kr. 89.000.-
Verð áður kr. 119.000.-

Vandaður slökunarstóll
Rafknúinn hvíldarstóll sem auðveldar fólki að setjast og standa upp. Komdu og prófaðu.
Verð m/ ákl. nú kr. 119.000.-
Verð áður kr. 159.000.-
Verð m/leðri nú kr. 148.500.-
Verð áður kr. 198.000.-

Vandaður stóll
Afar vandaður og sérlega þægilegur stakur stóll frá Italsofa með snúningi.
Verð m/ ákl. nú kr. 44.000.-
Verð áður kr. 55.000.-
Verð m/leðri nú kr. 64.000.-
Verð áður kr. 99.000.-

Vandaður slökunarstóll
Með leðuráklæði og skemli. Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.
Verð nú kr. 89.000.-
Verð áður kr. 119.000.-




www.valhusgogn.is
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardag kl. 11-19 - Sunnudag kl. 13-16
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

**Golfarar - veiðimenn!**
Fjarlægðarmælarnir fást hjá okkur



ÍSMAR
Síðumúla 28
s. 510-5100
www.ismar.is

**Lúxus 2ja herb. íbúð í miðbænum**
**Leigist til skemmri eða lengri tíma. íbúðin er fullbúin húsgögnum, þvottavél, þurrkari, internet og TV. Upplýsingar gefur Ísak, s. 822 5588.**

húsaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Rvk - Hfj**
**2ja - 3ja og 4ja herbergja íbúðir til leigu. Langtímaleiga. Upplýsingar á www.heimahagar.is**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

BÚSETI

100 fm 4ra herb. hæð með sérinngangi til leigu við Öldusslóð í Hfj. Þar af eitt herb. sér á gangi. Laus fyrir jól. Verð 120 þús. og innif.Uppl. í s. 663 4455.

Snyrtileg vel skipulögð 3 herb. íbúð í hv. 105. Leiga 105þ. á mán. S. 824 4555.

Björt og falleg 70 fm 3ja herb. íbúð á besta stað í 101. V. 110 þús. Langtíma leiga. Uppl. í s. 692 0099.

Appartment 90m2 í Garðabæ ósamþ nýleg mjög opin hátt til lofts. V 110þús 8927858

R-109 Snyrtileg 2ja herb kj-íbúð í fallegu og rólegu hverfi. V. 79þús. Sími 695 1790

65.fm íbúð í tvíbýli í Mos. Leigist frá 1.jan Uppl. í s. 821 4978 & 555 4968.

Lítið einbýlishús á sv. 108 til leigu. Gluggjatjöld, þvottvél, ísskápur og internet. Laus strax. Leiga samkomulag. House 108 Rvk. for rent. Avalable now. Tel. 692 1568 & 691 9833.

Glæsileg 3herb. 89 fm útsýnis íbúð á 7 hæð í hverfi 111. Leigist reglusömu og reyklausu fólki á 120 þús. á mán. S.616-9448

81fm íbúð til leigu á sv. 111. Laus 1 jan. 2009. Uppl. í s. 897 7689 & 566 7589.

ÍBÚÐ laus í jan! 60fm í Árbænum, barnvænt hverfi, ódýr húsgögn í boði, rosa kósí íbúð! Allt innifalið (líka net) 95þús/mán. Nánari uppl. 8673891

Til leigu herb. í kóp. m/eldhúsinn., íssk og wc. Aðgangur að þvottavél. Leiga 33 þús. Uppl. í síma 8605581.

9 stk. herbergi til leigu í Mosó, sameiginlegt bað og eldhús. Verð 30-40 þús. á mán. pr. stk. m/rafm. hita og internet. uppl. í síma 8612295

Skemmtileg 3 herb. íbúð við Hringbraut við Rvk m/sérinngangi til leigu á 90 þús. Laus strax. Uppl. í s. 893 7379.

2ja herb. penthousíbúð í Garðabæ til leigu. Stutt í alla þjónustu. Leiga 90þ. á mán. allt innif. Uppl. í s. 899 0764.

Til leigu 50fm, 2 herb. íbúð v. Reykjavíkurveg í Hafnarf. Laus strax. Uppl. í síma 893 9777

**Íbúðir til leigu**
2ja eða 3ja herbergja íbúðir til leigu, leiguverð með hússjóði 82.000 kr.-99.300 kr. Sjá www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

Parhús í Heimalind Kópav.165 fm, 5 svefnh. Leiga 150 þ.kr. leigist til 1. júlí 2009. Uppl. í síma 822 0920 eða formi@internet.is

Reykjavík Hátún 55 fm 2 herbergja. Allt uppgert og nýtt. Uppl. bjorgvin@igl.is 892 4578

Íbúð til leigu, 140fm í hverfi 105. 4 stór svefnherb. V 110 þús. Uppl. í s. 899 4353.

2ja herb. íbúð til leigu með sérinngangi á sv. 200. Laus 1 jan. aðeins f. reglus. Uppl. í s. 893 3475.

4.herb. 87.fm íbúð í 101. Rvík til leigu. Laus 1.Jan. Uppl. í s. 661 2489

Stúdíóíbúð í fossvogi. C.a 25 fm. 1.mán trygging. Uppl. í s. 557 5058 & 866 4754

Íbúð/Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Íbúð til leigu í 109. 2-3 herb., 40fm. M/ ísskáp og þvottavél. V. 75 þ. Uppl. í S 899 9066

Herb. til leigu í 220. Hentar vel sem skrifst. eða gistir. 33 fm. Verð 35þ. S. 693 7815

Newly furnished 20fm studio apartment, Dugguvogur. Washing machine, dryer, and internet included. Available now. Price 59.000 p/month. Tel. 824 6692.

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

Til leigu 40 fm stúdíó í Dalshrauni. Verð 59 þús. og herbergi frá 25 þús. Uppl. í s. 770 5451 & 770 5500.

**Íbúð til leigu - Lækkað verð**
Til leigu stórglæsileg 3-4 herb. íbúð við Strandveg með sjávarútsýni. Húsið er afar vandað með lyftu og bílageymslu(laus strax). Íbúðin er 123 fm á stærð og leigist með heimilistækjum á 130þ. Uppl. í s. 862 4682.

**4ra herb. Íb í hverfi 104**
Til leigu 4ra herb. Íbúð í lyftuhúsi við Ljósheima. Sanngjörn leiga. Upplýsingar í síma 892 7798.

45 fm íbúð til leigu í hverfi 101. Skilvísum greiðslum og reglusemi áskilin. Uppl. í s. 568 1848 eða 820 6073.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Ég (39 kk.) og sonur minn 8 ára óskum e. ca. 3herb. frá áramótum. Sanngjörn leiga óskast gegn skilvísum gr. S. 615 3120.

1.Janúar. Reglusamur og reyklaus maður óskar eftir lítilli íbúð í 101 eða 105. á 50-60 þús. Uppl. í s. 616 8623.

Einbýlishús til leigu í Vesturbergi. 6 herb. 150 þ. + hiti & rafm. Uppl. í s. 693 7815.

## Sumarbústaðir

**Jólagjöf sumarhúsaeigandans**
Öryggiskerfi frá Boðtækni. Boðtækni ehf, Kirkjulundi 17, 210 Gbær. S. 554 0500. www.bodtaekni.is

## Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK, jarðhæð. Innfalið í leigu, heitt og kalt vatn + rafmagn. Til afhendingar strax. S. 577 4747 eða Sigurður í 892 3482 eða á hogni@hofdabilar.is

Verslunarhúsnæði óskast, 50-100 fm á góðu verði. Laust í Janúar, Áslaug s: 694-4166

Til leigu 82.5 fm mjög gott iðnaðarhúsnæði að Dalshrauni í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893 9777.

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Rafís ehf.

**Rafvirkjar óskast**
Rafís ehf óskar eftir að ráða rafvirkja. Verða að geta unnið sjálfstætt. Umsóknir og ferilskrár sendist á sissi@rafisehf.is Öllum umsóknum verður svarað.

**Geysir verslun í Hafnarstræti**
**óskar eftir að ráða hresst fólk í afgreiðlsustörf um helgar. Upplýsingar á netfang elmar@geysirshops.is**

starf.is

Stýrimaður óskast á línubát. Upplýsingar. í síma 894 3851.

**Ræstingar!**
Starfskraftur óskast til almennrar ræstistarfa í p.nr 104 RVK og 203 KÓP. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist til halldor@allthreint.is

KAFFI ZIMSEN HAFNARSTRÆTI 18 Vantar starfsfólk á bar og í sal. Einnig vantar dyraverði, tekið verður á móti umsækjendum á staðnum Hafnarstræti 18 milli kl. 13.00-16.00 föstudag og laugaedag KAFFI ZIMSEN

Szukamy kontaktów z Polska. Odkryj mozliwosci biznesu z Herbalife. Informacje przez telefon 863 6523.

**ATVINNA Á ÍSLANDI**
Þú getur fiskað fyrir milljón eða meira á einum degi. Frjálsar smábátaveiðar munu veita þjóðinni þúsundir starfa. Aðalsteinn Agnarsson

## Atvinna óskast

Kona og maður frá Lettlandi óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. S. 8457158

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Inni-kisan Stella er týnd. Hún hvarf frá Eskihlíð 12b 13. des. Þeir sem hafa orðið hennar var vinsaml. hafið samb. í síma 662 6950. Hennar er sárt saknað.

## Tilkynningar

Kærleikssetrið

**Heilunarguðsþjónusta**
**Sunnudaginn 21. des. kl. 17.00 verður hin árlega heilunarguðsþjónusta haldin í Fríkirkjunni í Reykjavík í samstarfi Fríkirkjunnar, Sálarrannsóknarfélags Íslands og Kærleiksseturs. Þessi heilunar, kærleiks og friðarstund er öllum opin.**
**Nánari uppl. í síma 567 5088 og www.kaerleikssetrid.is.**

Jólafjöfin í ár! Gjafabréf í einkaþjálfun 1 mán. eða fl. Hjördís Ingvarsdóttir FÍA einkaþjálfari í Veggsport/ Gullinbrú. Uppl. í s. 663 9537.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Til sölu jolepolse

**HEIA HEIA !!**
**TRADISJONEL**
**Norsk jolepolse frá Kjötpól. Fæst í Melabúðinni, Fjarðarkaup og Þín Verslun Seljabraut.**
**Gleðileg jul :)**

## Skötuveisla

Cafe Catalina

**Skötuveisla í Catalinu**
Skötuveisla verður í veitingahúsinu Catalinu, Hamraborg 11 í Kópavogi, á Þorláksmessu þriðjudaginn 23. desember 2008. Opnar kl. 11:00.

**Hlaðborð þar sem í boði verður**
*Vestfirsk skata, skötustappa, saltfiskur, plokkfiskur, rúgbrauð, smjör, hnoðmör, hamsatólg, kartöflur og rófur.*
*Yfirkokkur verður Hendrik Tausen*

Allir velkomnir - Sími: 554-2166

## Til sölu

**Flott Jólagjöf**
Vandað leðurlíki í ýmsum litum



Pantið tímalega fyrir jól
Grjónastólar
**H.S.bólstrun**
Auðbrekku 1 kóp
Pantanir í síma 899-1946

Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið

þannig að ég er beðinn um að koma ekki aftur. Þannig að ég er að verða uppiskroppa með apótek til að hamstra úðann minn í. Ég þræddi apótekin og prúttaði sem óður væri um daginn og er því með fullan skáp af þessu uppi.

**Siggi Stormur:** Ég hef nú ekki hamstrað svona en ég hamstraði evrur. Ég er með hús á Spáni og ég hef farið þrisvar sinnum til útlanda til að koma peningum úr landi. Það er svolítið einkennilegt að eiga peninga inni á gjaldeyrisreikningi og mega ekki taka þá út eða senda þá úr landi. Þetta er eins og að sitja fastur inni í bíl og það er eitthvað að læsingunni.

**Jóhann Páll:** En ef ég ætti að hamstra eitthvað í viðbót þá væri það kaffi og smoothie.

**Siggi Stormur:** Hvað myndi ég hamstra. Nú er ég í vandræðum… jú, hundamat.

**Jóhann Páll:** Heyrðu kattamat! Guð fyrirgefi mér að gleyma því. Hann er að sjálfsögðu í fyrsta sæti. Ég er með tvo ketti, stjórnarformann fyrirtækisins sem heitir Randver og svo er það endurskoðandi fyrirtækisins: Breki. Þetta er algjört grundvallaratriði.

**Siggi Stormur:** Já, dýrin hafa ekkert gert af sér. Við verðum að fóðra þau. Og þegar ég væri búinn að hamstra hundamatinn myndi ég sennilega hamstra blóðþrýstingslyfin mín, svo ég hangi lifandi eitthvað lengur, og jafnvel ýsu fyrir fjölskylduna.

**Jóhann Páll:** Ætli ég bæti þá ekki líka sefandi geðlyfjum á listann svo ég geti tekist á við taugaveiklun rithöfunda í jólavertíðinni. Og svo gæti ég gefið höfundunum með mér.

**Dapurleg ör**

*Óvissa ríkir um tónlistar- og ráðstefnuhúsið við hafnarbakkann. Ef svo fer að ekkert verður af glerhjúpi Ólafs Elíassonar – hafið þið þá tillögu um hvað gera megi við rústirnar? Eða aðrar hálfkláraðar byggingar á höfuðborgarsvæðinu.*

**Jóhann Páll:** Þetta er auðvitað óendanlega erfið spurning og sorgleg. Það er ómögulegt að sjá nokkra lausn á þessu því það eru sár út um allan bæ og reyndar út um allt land og maður sér ekki glóruna í því að reisa öll þessi hús því það verður enginn til að búa þar. Og ekki verða fyrirtæki til að vera í atvinnuhúsnæðinu því líkast til munu þau fara á hausinn á næsta ári eins og spilaborg. Við eigum samt varla engan kost annan en að klára tónlistarhúsið því þetta svæði er nú svo hrikalegt ör á miðborginni.

Ég fór í sumar í skoðunarmiðstöð þessa svæðis og hitti þar fyrir mjög fróða konu sem var gestum til leiðbeiningar um þessar byggingar. Ég spurði hana hvað myndi gerast ef ekki fyndist peningur til að klára húsin og hún benti mér á að þeir peningar yrðu hreinlega að finnast. Búið væri að grafa og klára allar undirbúningsvinnu þarna og það væri engin leið til baka.

Það yrði einfaldlega að reisa tónlistarhúsið og hið íslenska World trade center. Ég er ansi hræddur um að það sé mikið til í þessu. Ég sé ekki hvernig er annars hægt að græða þessi sár.

**Siggi Stormur:** Ef tónlistarhúsið mun rísa þarna, verður alltaf ákveðin depurð yfir því. Ég sé fyrir mér svipað ástand og þegar Loðvík XIV. í Frakklandi réð ríkjum og frúin hans horfði á alþýðuna berjandi hliðin og biðja um brauð og hún lagði til að fólkið borðaði kökur. Það er alveg úr takti að búa til minnisvarða núna þegar fólk er að missa vinnu sína, framfærslugetu og eigur.

Ég held það væri ódýrast meðan á þessu ástandi stendur að það mætti með einhverjum hætti varðveita þessar menjar með því að grafa þær og búa til grænt svæði þar til betur árar. Það yrði bara mokað þarna sandi ofan í og tyrft yfir. Fólk gæti verið þarna og fylgst með hafnarlífinu. Það væri sárt að sjá glæsibyggingu rísa á þessum tíma, þetta er svo nálægt okkur. Ég á fimm systkini, þar af eru þrjú búin að fá uppsagnarbréf.

**Jóhann Páll:** Ég er hjartanlega sammála því. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að það hríslist um mann sársauki þegar maður sér þetta, hvort sem það er tjaldað yfir eða ekki. Öll gleði yfir þessu er farin út í veður og vind.

**Siggi Stormur:** Það væri flott að láta einhvern listamann fá það hlutverk að loka þessu og búa til grænt svæði. Svo er bara að taka upp skófluna þegar betur árar.

**Jóhann Páll:** Það er kannski líka spurning – þar sem það er nú verið að skera niður í fangelsunum – ætti kannski bara að loka þá þarna inni sem bera ábyrgð á því hvernig komið er fyrir þjóðinni? Gera þetta að fangelsi fyrir þá? Hverju munar þá hvort þetta er hálfklárað.

**Siggi Stormur:** Já, ég er með ákveðna fangelsismálastefnu þar. Við göngum í Evrópusambandið, leggjum niður Seðlabankann og þar er þá framtíðarfangelsið. Þetta er vandað hús, vel byggt og erfitt að komast út úr því. Þetta hlýtur að vera draumur í dós fyrir fangana – frábært útsýni. Það væri búið að leysa fangelsismálin fyrir lifandis löngu ef menn hefðu hugsað eitthvað.



**SEÐLABANKINN FANGELSI** Siggi stormur leggur til að Seðlabankinn verði fangelsi en Jóhann Páll er þeirrar skoðunar að hálfkláraðar bygginga væru fínar til þess brúks.

**Svolítið í molunum**

*Að lokum. Hvernig mynduð þið skreyta jólatré hvor annars?*

**Siggi Stormur:** Jólatréð hans Jóhanns yrði bara með stórum, rauðum kúlum og engu öðru. Stílhreint og ég held ekki mikið glingur. Svo myndi ég koma hjartalaga pokum fyrir með sælgæti á nokkrum stöðum. Hvað heitir súkkulaðið aftur þarna…

**Jóhann Páll:** …Lindt og Anton Berg.

**Siggi Stormur:** Já, einmitt. Hann er svolítið í molunum held ég.

**Jóhann Páll:** Ég á reyndar svolítið erfiðar minningar þegar kemur að jólatrjám því ég er alltaf orðinn svo úttaugaður þegar kemur að því að setja upp jólatréð. Ég hef orðið að ákaflega litlu liði við það en hef þó oft neyðst til að reyna að koma trénu í fótinn. Ég verð því að finna einhverja létta lausn með jólatréð hans Sigga og ég ætla því hreinlega bara að kaupa mér glimmerbrúsa og spreyja yfir það hvítum snjó.


Velkomin í Jólaþorpið

SÍÐASTA JÓLAÞORPSHELGIN!

Fjölbreyttur varningur til sölu í Jólaþorpinu: Heimagerðir hattar, leikföng, fallegt handverk, skart og margvíslegt fleira.

Minnum einnig á að Mæðrastyrksnefnd tekur á móti jólapökkum og framlögum í Jólaþorpinu um helgina.

JÓLATÓNLEIKAR KÓRS FLENSBORGARSKÓLA OG FLENSBORGARKÓRSINS
Í Hamarssal Flensborgarskóla Laugardaginn 21. desember kl. 20
Stjórnandi: Hrafnhildur Blomsterberg
Forsala aðgöngumiða Súfistanum Hafnarfirði og Reykjavík og hjá kórfélögum

JÓLADAGSKRÁ FJÖLSKYLDUNNAR ÁSVALLALAUG FRÁ 19 TIL 23. DESEMBER.
Kynnið ykkur skemmtilega dagskrá á www.hafnarfjordur.is.

SUÐURBÆJARLAUG 22. DES KL. 20
Blásarakvintettinn Gabrieli spilar fyrir sundlaugargesti

ARKITEKTASAMKEPPNI UM STÆKKUN BÓKASAFNSINS
Sýning á tillögum í Pakkhúsi Byggðasafns Hafnarfjarðar.
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 11–17.

Dagskrá Jólaþorpsins
20.12. – 23.12. 2008

OPIÐ FRÁ KL. 13–18
20.12. Laugardagurinn 20. desember
14:00 **Kór Öldutúnsskóla** syngur fyrir gesti.
Börn úr **Skólahljómsveit Víðistaðaskóla**.
**Jenný, Stella og Sunneva** syngja jólalög.
Hljómsveitin **Nafnabreytingar** stígur á stokk.
15:00 Hljómsveitin **Buff** spilar lög af nýútkomnum geisladiski sínum og áritar.
**Jólasveinninn sem týndi fötunum sínum** – Seinheppinn jólasveinn týnir fötunum sínum og þarf hjálp við að finna þau aftur.
**Lalli töframaður** sýnir galdra og sjónhverfingar.
16:00 **Gunni og Felix** koma í heimsókn, taka nokkur vel valin jólalög og skemmta börnunum.
**Gömul gildi gleymast ei** –Tveir gamlir jólasveinar koma til byggða, heilsa upp krakkana í Jólaþorpinu og fræðast um nútímann.

OPIÐ FRÁ KL. 13–18
21.12. Sunnudagurinn 21. desember
14:00 **Raggi Bjarna** syngur fyrir gesti Jólaþorpsins lög af nýjum diski sínum *Lögin sem mega ekki gleymast*
**Kór Flensborgarskóla** syngur nokkur lög.
**Jaðarleikhúsið** skemmtir gestum á frumlegan hátt.
15:00 **ÚTI-JÓLABALL – Söngvaborg** slær upp jólaballi.

OPIÐ FRÁ KL. 16–22
23.12. ÞORLÁKSMESSA, 23. desember
18-22 **TÓNLEIKAR í samvinnu við ABC-barnahjálp.** Sjá nánari dagskrá hér til hliðar.
19:30 **Jólaganga Hafnarfjarðar** leggur af stað frá Fríkirkjunni og endar í Jólaþorpinu rétt fyrir kl. 20.
**Kammerkór Hafnarfjarðar** leiðir sönginn.

TÓNLEIKAR TIL STUÐNINGS ABC-BARNAHJÁLP
Í Jólaþorpinu á Þorláksmessu kl. 18–22

Landsþekktir skemmtikraftar koma okkur í sannkallað jólaskap í ævintýralegri rökkurstemmingu Jólaþorpsins. Meðal listamanna sem koma fram á tónleikunum eru hinar einu sönnu Frostrósir, Lay Low, Regína Ósk og Herbert Guðmundsson.
ABC kynnir starfsemi sína og minnir á sitt góða starf.

DAGSKRÁ TÓNLEIKANNA:
18:00 The Revelation
18:20 Sigríður Guðnýjardóttir
18:30 Sönghópurinn Norðurljós
19:00 Unnar Gísli trúbador
19:20 María og Mamas Bag flytur sálar- og djasstónlist
19:50 Kammerkór Hafnarfjarðar leiðir jólagönguna inn í Jólaþorpið og syngur ásamt gestum
20:10 Frostrósir
20:30 Regína Ósk ásamt Keith Reed & Family Band, syngja amerísk jólalög
21:00 Herbert Guðmundsson og hljómsveit
21:30 Lay Low og hljómsveit
22:00 Dagskrálok

Mætum öll og gleðjumst saman í ævintýralegu andrúmslofti Jólaþorpsins.

FABRIKAN

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

Sjáumst í Jólaþorpinu!
Jólamarkaður og fjölbreytt skemmtidagskrá í miðbæ Hafnarfjarðar
Nánari upplýsingar, myndir o. fl. á www.hafnarfjordur.is

Jólaþorpið í Hafnarfirði

## Jólin koma gildistími 20. - 24. des



PINNACLE LA-Z-BOY STÓLL
**109.980**
verð áður 159.980

30% AFSLÁTTUR

**PINNACLE** LA-Z-BOY stóll leður á öllum flötum, B:85 D:90 H:104 cm.
Vínrauður, brúnn eða tan.



GRJÓNASEKKIR 150L
**7.984**
verð áður 9.980

20% AFSLÁTTUR

**SAKWA** grjónasekkir margir litir og margar stærðir.

# GLÆSILEGT ÚRVAL GJAFA

**bodum MIDORA**



NÚNA 55% AFSLÁTTUR

**THERMOSKÁL** 33 cm.
**3.980**
Verð áður: 8.980

**bodum BARRIQUE**



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**VÍNKARAFLA** 1 L
kr. **2.490** áður kr. ~~4.980~~

**VÍNKARAFLA** 1,5 L
kr. **3.490** áður kr. ~~6.980~~

**VÍNKARAFLA** 0,5 L
**1.490**
Verð áður: 2.980





KERTI 40% AFSLÁTTUR

**bodum CHAMBORD**



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**SYKUR & RJÓMASETT**
**2.990**
Verð áður: 4.990

OPIÐ TIL KL. 22.00 ÖLL KVÖLD FRAM AÐ JÓLUM

HÚSGAGNAHÖLLIN



BODUM KAFFISETT
**6.980**
verð áður 11.980



SANTOS KAFFIKANNA
**5.980**
verð áður 9.980

bodum GJAFASETT
**CHAMBORD** pressukanna frá Bodum, 8 bolla og 2 thermoglös saman í setti.

bodum SANTOS
**SANTOS** kaffikanna frá Bodum



# VÖRU Á FRÁBÆRU VERÐI

eva solo



NÚNA
35%
AFSLÁTTUR

**POTTALEPPAR** silikon.
**2.890**
Verð áður: 4.490

eva solo



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

**BRAUÐKASSI** grár eða svartur.
**7.990**
Verð áður: 11.980

ZONE DENMARK



NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

**PIPARKVÖRN** svört eða hvít
**4.990**
Verð áður: 8.980

**SALTKVÖRN** svört eða hvít
**4.990**
Verð áður: 8.980

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

EXPO

# Svartipéturinn fastur á Íslandi

**Sérfræðingar Seðlabankans töldu lífsnauðsynlegt fyrir íslensk heimili og fyrirtæki að setja á víðtækar gjaldeyrishömlur í kjölfar hruns fjármálakerfisins. *Brjánn Jónasson* kynnti sér hvaða áhrif jöklabréf og aðrar eignir erlendra fjárfesta hér á landi höfðu á þessa ákvörðun, og hvernig sérfræðingar sjá fyrir sér að íslenska hagkerfið geti losnað við þennan svartapétur.**

Seðlabankinn telur að erlendir fjárfestar eigi um 550 milljarða króna í skuldabréfum og innistæðum hér á landi. Sérfræðingur greiningar Glitnis segir það mat síst of lágt, talan sé mögulega um 100 milljörðum króna hærri.

Síðan bankarnir hrundu hafa eigendur þessa peninga ekki fengið að fara með þá úr landi. Ástæðan er sú að stjórnvöld óttast að þeir muni allir ryðjast út um dyrnar í einu með þeim afleiðingum að gengi íslensku krónunnar sökkvi neðar en íslensk heimili og fyrirtæki geti þolað.

Sá ótti stjórnvalda að peningarnir muni hverfa úr landi við fyrsta tækifæri er eins og sverð sem hangir yfir rústunum á íslenska fjármálakerfinu, segir Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. Eitt af stærstu verkefnum Seðlabankans er því að finna leiðir til að koma þessum svartapétri út úr hagkerfinu án þess að krónan hrapi.

Skipta má eignum erlendra fjárfesta hér á landi í fernt. Þeir eiga innistæður í bönkum, ríkisskuldabréf, íbúðabréf og svokölluð jöklabréf. Seðlabankinn telur að innistæður þeirra nemi vel ríflega 100 milljörðum króna og að skuldabréfaeign þeirra nemi um 400 milljörðum króna.

Jöklabréfin hafa verið mikið í umræðunni, en þau eru í raun skuldabréf í íslenskum krónum sem erlend fyrirtæki gáfu út til að fjármagna sig.



**GJALDEYRIR ÚR LANDI** Stjórnvöld og Seðlabankinn eru í úlfakreppu. Það verða að byggja upp traust á fjármálakerfinu, sem gengur afar illa meðan gjaldeyrishöftin eru til staðar. Gjaldeyrishöftin er aftur á móti varla hægt að afnema nema traust á fjármálakerfinu verði byggt upp fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ein stærsta útlánabólan**

Ferlið var nokkuð flókið. Útgefandinn gaf út skuldabréf í krónum, sem íslenskir bankar keyptu fyrir evrur, með þeim afleiðingum að bæði erlendi útgefandinn og íslenski bankinn gátu fjármagnað starfsemi sína örlítið ódýrar en ella hefði verið mögulegt. Í sem einfaldastri mynd voru því jöklabréfin einfaldlega erlend lán sem bankarnir tóku.

„Jöklabréfin voru hluti af útlánabólunni sem var á Íslandi,“ segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur á rannsóknar- og spádeild hagfræðisviðs Seðlabanka Íslands.

„Það hefðu engin jöklabréf verið gefin út hefðu íslensk heimili, fyrirtæki og bankar ekki verið að taka háar fjárhæðir að láni. Hér hefur átt sér stað ein stærsta útlánabóla sem um getur og jöklabréfin voru einn angi af þeirri bólu,“ segir Þorvarður Tjörvi.

Lánabólan var þó ekki séríslenskt fyrirbæri þótt íslensk fyrirtæki og einstaklingar hafi trúlega nýtt sér framboðið af ódýru lánsfé í meiri mæli en aðrir.

Við hrun bankakerfisins læstust allar þær krónur sem erlendir fjárfestar áttu hér á landi inni, alveg eins og krónur Íslendinga. Það var svo endanlega staðfest í lok nóvember þegar Seðlabankinn gaf út ítarlegar reglur um gjaldeyrishöft.

Jöklabréfin eru ekki frábrugðin öðrum skuldabréfum í því að við útgáfu er ákveðið hvaða dag bréfin verði innleyst aftur, og þá á útgefandinn að fá krónurnar sínar til baka. Stórir gjalddagar voru fram undan á fyrstu mánuðum næsta árs, þegar greiða átti tæplega 100 milljarða króna til baka.

**Alger óvissa um framhaldið**

„Miðað við hvernig gjaldeyrishöftin eru núna eru þessir fjárfestar fastir hér inni, örugglega í mörgum tilvikum gegn vilja sínum,“ segir Þorvarður Tjörvi. Höftin koma í veg fyrir að útgefendur jöklabréfa fái peningana sína á gjalddaga, og framlengja því í raun líftíma skuldabréfanna.

Í dag ríkir í raun alger óvissa um hvað gerist þegar gjaldeyris-

FRAMHALD Á SÍÐU 52

## Mega ekki koma fé sínu úr landi

Seðlabanki Íslands setti nýjar reglur um gjaldeyrisviðskipti 28. nóvember síðastliðinn. Samkvæmt þeim mega fjárfestar sem eiga jöklabréf eða aðrar fjárfestingar hér á landi ekki koma fé sínu í erlenda mynt og úr landi. Reglurnar verða endurskoðaðar reglulega, í síðasta lagi í mars 2009.

Í reglunum er fjárfesting með erlendum gjaldeyri óheimil, sem og að gefa út eða selja verðbréf, hlutdeildarskírteini og fleira þar sem uppgjör fer fram í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu.

Þá eru lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila bannaðar, nema um sé að ræða viðskipti með vöru og þjónustu, sem eru heimil innan ákveðinna marka.

Í reglum Seðlabankans er einnig lögð sú kvöð á útflytjendur að þeir komi gjaldeyri til innlendra fjármálastofnana innan tveggja vikna frá því hans var aflað.

## Fyrirkomulag útgáfu jöklabréfa*




*Myndin sýnir mjög einfaldaða mynd af flóknu ferli þar sem ýmsir millimenn koma að.

## ➜ BELGÍSKU TANNLÆKNARNIR TAPA Á HRUNI KRÓNUNNAR

Jöklabréfin svokölluðu hafa verið á vörum fjármálasérfræðinga, seðlabankastjóra, ráðherra og almennings frá því fyrstu bréfin voru gefin út árið 2005. Þessi skuldabréf hafa verið kölluð jöklabréf og krónubréf jafnhendis, en í grunninn eru þau skuldabréf gefin út í íslenskum krónum, af erlendum fjárfestum. Sambærileg bréf, gefin út í öðrum myntum hafa gengið undir öðrum nöfnum.

Útgáfa jöklabréfa er flókið fyrirbæri, en til að einfalda málið má segja að um sé að ræða tvö fjármálafyrirtæki sem noti skuldabréf til að fjármagna sig. Þau taka hvort um sig lán í sitthvorum gjaldmiðlinum, og skipta svo á peningunum svo hvort um sig fái peninga í þeirri mynt sem þeim hentar með ódýrari hætti en ef útgáfan færi fram í eigin gjaldmiðli.

Fyrirkomulagið virkar þannig að erlendur aðili með gott lánstraust gefur út skuldabréf í íslenskum krónum. Erlendur fjárfestir kaupir bréfin, og en áður þarf hann að kaupa íslenskar krónur með erlendum gjaldeyri.

Milligönguaðili semur svo við íslenskan banka um gjaldmiðlaskipti. Íslenski bankinn tekur lán í erlendri mynt og lætur féð í staðinn fyrir krónurnar.

Bæði útgefandi jöklabréfanna og íslenski bankinn geta þegar upp er staðið verið tryggðir fyrir gengisáhættu, og náð að fjármagna sig á lægri vöxtum en þeir hefðu annars getað.

**Sitja uppi með áhættuna**

Þeir sem sitja uppi með áhættuna vegna breytinga á gengi krónunnar eru erlendir fjárfestar. Þeir kaupa skuldabréfin og eiga þannig möguleika á að fá vexti sem eru hærri en þeir eiga annars möguleika á. Þeir græða ef vextirnir eru hærri en sem nemur falli krónunnar á lánstímanum. Ef krónan fellur of mikið geta þeir hins vegar tapað.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur á rannsóknar- og spádeild hagfræðisviðs Seðlabanka Íslands, áætlar að um þriðjungur þeirra sem reyna að hagnast með því að kaupa jöklabréfin af útgefendum, í gegnum millimenn, séu svokallaðir stofnanafjárfestar, þó ekki vogunarsjóðir. Restina kaupir hópur sem stundum hefur verið kallaður belgísku tannlæknarnir, það er, hópur vel stæðra einstaklinga, yfirleitt í Evrópu, sem fjárfestir hluta af sínum sparnaði með þessum hætti.

Þeir sem högnuðust af útgáfu jöklabréfa voru því erlendu útgefendurnir og íslensku bankarnir, sem gátu fjármagnað sig með ódýrari lánum en þeir hefðu annars getað. Þeir sem keyptu jöklabréfin högnuðust einnig um tíma. Þeir sem áttu bréf þegar krónan hrundi og gjaldeyrishöft voru sett brunnu í raun inni, og hafa tapað í stað þess að hagnast af sinni fjárfestingu, segir Þorvarður Tjörvi.

Til þess að ábatasamt sé að gefa út jöklabréf þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Vextir þurfa að vera háir í samanburði við það sem býðst á meginlandi Evrópu og eftirspurn eftir lánsfé hér á landi þarf að vera til staðar. Væntingar um gengisþróun ættu einnig að skipta máli.

**Brenndum fjárfestana illa**

Mjög takmarkað aðgengi íslenskra banka að erlendu lánsfé frá því að alþjóðlega kreppan hófst varð til þess að útgáfa jöklabréfa nær stöðvaðist með öllu fyrr á þessu ári. Þorvarður Tjörvi segir líklegt að útgáfa þeirra heyri sögunni til, í bili að minnsta kosti.

„Ég held að áhugi fjárfesta á því að eiga skuldabréf í krónum verði takmörkuð um sinn, við erum búnir að brenna þessa fjárfesta mjög illa. En það er aldrei hægt að segja aldrei,“ segir Þorvarður Tjörvi.

Eftir að gjaldeyrishöftunum verður aflétt mun útgáfa bréfanna ekki koma til nema erlendir fjárfestar treysti krónunni og treysti fjármálakerfinu hér á landi.

Þótt það virðist ekki líklegt eins og staðan er í dag bendir Þorvarður Tjörvi á að skömmu eftir að Rússland og Argentína urðu gjaldþrota, með þeim afleiðingum að ríkin gátu ekki staðið við sínar skuldbindingar, hafi þau aftur byrjað að gefa út ríkisskuldabréf, og áhugi fjárfesta hafi verið umtalsverður.

Þó er augljóst að ef ákveðið verður að krónan eigi sér ekki framtíð sem gjaldmiðill landsins verður að sjálfsögðu ekkert af frekari útgáfu jöklabréfa, enda krónan forsendan fyrir þeirri útgáfu.

# ➜ JÖKLABRÉF Í HNOTSKURN








FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




FRAMHALD AF SÍÐU 50

höftunum verður aflétt. Sérfræðingar eru þó sammála um það að verði þeim aflétt strax muni þeir erlendu fjárfestar sem geta, flestir losa sig við krónurnar sínar þar sem traust þeirra á krónunni og íslenska fjármálakerfinu geti varla verið minna en það er í dag. Eflaust muni einhverjir íslenskir fjárfestar fara sömu leið.

Hvað sem gerist er það afleitur kostur að hafa gjaldeyrishöft hér í langan tíma, segir Gylfi Magnússon. Hann segist raunar setja spurningarmerki við það hvort rétt hafi verið að setja gjaldeyrishöftin til að byrja með.

Kannski er viðráðanlegt að koma fé þessara erlendu fjárfesta úr landi án þess að gengi krónunnar hrynji, en stjórnvöld vilja greinilega að hægt verði að koma hagkerfinu á lappirnar aftur áður en höftunum verður aflétt, segir Gylfi.

Það ráðrúm sem stjórnvöld og Seðlabankinn hafa fengið með því að setja gjaldeyrishöftin verða þau að nota til að efla trú á íslenskt efnahagslíf og fjármálakerfi. En bara sú staðreynd að sett hafi verið gjaldeyrishöft mun fylgja Íslandi eftir lengi, segir Gylfi.

### Skellurinn kemur einhvern tíma

Undir það tekur Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá greiningu Glitnis. Hann segir mikinn skaða hafa verið unninn með því að banna fjárfestum að fara með peninga sína eins og þeim sýnist, það hafi skaðað ímynd Íslands verulega. Eins og staðan sé núna sé erfitt að sjá annað en að krónan muni þurfa að taka verulegan skell á einhverjum tímapunkti þegar fé erlendra fjárfesta hverfur frá landinu.

Sérfræðingar eru sammála um að byggja þurfi upp trúverðugleika áður en höftin verði afnumin. Stjórnvöld verði að setja fram trúverðuga langtímasýn á gjaldeyrismál, hvort sem framtíðarsýnin verði fljótandi króna, myntráð, eða upptaka erlendrar myntar í stað krónunnar. Í dag hefur enginn hugmynd um hvað tekur við.

Þorvarður Tjörvi hjá Seðlabankanum segir vissulega mikilvægt að byggja upp traust á fjármálakerfinu og gjaldmiðlinum. Það megi gera með því að koma fram með trúverðuga efnahagsáætlun og skýra framtíðarsýn, sem geti verið með eða án íslensku krónunnar.

### Í klemmu milli trausts og hafta

Seðlabankinn kannar einnig hvernig hentugast sé að létta þrýstinginn vegna erlendu fjárfestanna, og hvernig hægt verði að aflétta gjaldeyrishöftunum.

Stjórnvöld og Seðlabankinn eru í raun í talsverðri klemmu. Erfitt er að byggja upp traust á meðan gjaldeyrishöft eru til staðar og illmögulegt að afnema höftin nema traust hafi skapast.

Þannig þarf að feta einhvern þröngan meðalveg að því að byggja upp traustið, en Þorvarður Tjörvi segir ekki hægt að greina frá því hvaða aðferðum verði beitt til þess á komandi vikum og mánuðum. Jákvæður vöruskiptajöfnuður næstu misserin mun þó efla mótspyrnu gengis krónunnar gegn mögulegu útflæði fjármagns en trúverðug stefna skiptir mestu segir Þorvarður Tjörvi.

Jón Bjarki segir að greining Glitnis reikni ekki með því að mikill þrýstingur skapist á gengi krónunnar vegna jöklabréfanna. Þrýstingurinn muni frekar koma vegna ríkisskuldabréfa og innistæðna erlendra fjárfesta hér á landi.

Jöklabréfin voru notuð til að fjármagna viðskiptabankana sem nú eru komnir í umsjá skilanefnda og í raun í þrot. Erlendir útgefendur bankanna létu íslensku bankana fá krónur í skiptum fyrir evrur, og áttu að fá krónurnar til baka þegar jöklabréfin væru innleyst.

Þar sem bankarnir eru komnir í þrot bætast kröfur erlendu útgefendanna á langan lista yfir kröfur kröfuhafa í þrotabú þeirra. Þar sem erlendu útgefendurnir seldu kröfurnar áfram þurfa þeir að kaupa krónur til að standa við skuldbindingar sínar við þá sem keyptu krónurnar. Á móti þurfa þeir ekki að borga íslensku bönkunum til baka þær evrur sem þeir fengu í skiptum fyrir krónurnar.

### Krónur inn og krónur út

Ástæðan fyrir því að jöklabréfin munu ekki hafa mikil áhrif á gengi krónunnar er sú að þó þeir sem keyptu kröfurnar af erlendu útgefendunum vilji selja krónurnar þegar þeir geta, þurfa útgefendurnir að kaupa krónur til að standa við sínar skuldbindingar. Áhrifin á gengi krónunnar verða því lítil, segir Jón Bjarki.

Ekki er björninn unninn þótt það verði raunin, enda eiga erlendir fjárfestar á bilinu 300 til 400 milljarða hér á landi sem gætu horfið undraskjótt þegar gjaldeyrishöftin verða afnumin á ný.

## ÚTGEFENDUR SEM ÁTTU JÖKLABRÉF Í BYRJUN DESEMBER 2008




### MEIRIHLUTI FRÁ SVISS OG ÞÝSKALANDI

Útgefendur jöklabréfa eru einkum erlendir fjárfestingabankar, sem gefa út skuldabréf í fjölmörgum myntum í gegnum milligönguaðila. Fyrir nokkru tók Seðlabankinn saman þjóðerni þeirra sem gefið höfðu út jöklabréf.

Stærstur hluti útgefenda kom frá Sviss eða Lichtenstein, rúmur þriðjungur. Þýskir fjárfestar áttu um fimmtung til viðbótar, og Ítalía litlu minna. Aðrir útgefendur komu meðal annars frá Benelúxlöndunum, Bretlandi og Bandaríkjunum.

## Lánsfjárbóla í vítahring en viðbrögðin engin

Jöklabréfin gerðu íslensku bönkunum kleift að fjármagna sig með örlítið ódýrari hætti en þeir hefðu annars getað. Afleiðingarnar voru hins vegar alvarlegar fyrir fjármálakerfið og þess vegna landsmenn alla.

Þetta var ekki séríslenskt fyrirbæri, enda bréf svipuð jöklabréfum gefin út í öðrum löndum þar sem vextir voru háir. En áhrif jöklabréfanna og annarra lána í erlendri mynt sem flæddu inn í landið voru alvarleg fyrir fjármálakerfið.

Seðlabankanum er uppálagt að halda verðbólgu um 2,5 prósent, sem bankanum hefur svo gott sem aldrei tekist frá því verðbólgumarkmið voru tekin upp vorið 2001. Bankinn hefur ýmsar leiðir til að halda verðbólgu niðri, en ein sú öflugasta átti að vera hækkun stýrivaxta.

Erlend lán íslenskra fyrirtækja veiktu verulega áhrif stýrivaxta Seðlabankans, þar sem þeir hafa að mestu áhrif á óverðtryggð innlend skammtímalán. Stýrivextirnir bíta því ekki á erlend lán sem fyrirtæki og einstaklingar tóku.

Þegar eftirspurn eftir lánum jókst stanslaust þrátt fyrir ítrekaðar stýrivaxtahækkanir hefðu viðvörunarbjöllur átt að hringja í Seðlabankanum, segir Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá greiningu Glitnis.

Hann segir að lánsfjárbólan hafi orðið að nokkurs konar vítahring. Augljóst hafi verið að miklar líkur hafi verið á að þessi bóla myndi springa, með hræðilegum afleiðingum. Ójafnvægið á fjármálamarkaðinum hafi aukist hratt, en stjórnvöld hafi ekki brugðist við eins og þau hefðu getað gert.

Jón Bjarki segir að í því árferði hefði Seðlabankinn átt að selja krónur og styrkja með því gjaldeyrisvarasjóð sinn, eins og fjölmargir aðilar hafi ítrekað bent á.

Hefði Seðlabankinn farið að þeim ráðum hefði bankinn staðið gegn hækkun krónunnar, en sérfræðingar virðast sammála um að gengi krónunnar hafi verið allt of sterkt á tímabili.

Jón Bjarki segir það klárlega mistök hjá bankanum að sitja með hendur í skauti við þessar aðstæður.

# Mikið úrval

## af snyrtivöru gjafakössum






**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir herra
með andlitskremi, rakageli og hreinsigeli
í smart tösku.




**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir herra
með andlitskremi, sem gefur góðan raka
og hreinsigeli fyrir andlit.




**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir dömur
Collagen filler sem gefur fínum línum
fyllingu og góður maskari.




**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir dömur
með Revitalift andlitskremi sem vinnur
gegn fínum línum og andlitshreinsi.




**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir dömur
með brúnkukremi sem gefur góðan raka
og maskara sem lengir og þykkir.




**Maybelline** gjafaaskja fyrir dömur
með XXL 2ja þrepa maskara með næringu
og girnilegu glossi.




**Maybelline** gjafaaskja fyrir dömur
með volume maskara, sem gefur augnhárunum
3x meira umfang og girnilegu glossi.




**Maybelline** gjafaaskja fyrir dömur
Sky High Curves maskari, sem gefur augnhárunum
fallega sveigju og aukna lengd og girnilegt gloss.




**Maybelline** gjafaaskja fyrir dömur
með Lash Stylist maskara og girnilegu glossi.

Ekki fáanlegt á Eiðistorgi, í Borgarnesi eða Njarðvík.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*



**FJÖR Í ÁRBÆJARSAFNI** Hurðarskellir og Gáttaþefur skemmtu börnum í Árbæjarafni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# *Jólaveðrið kemur með jólaskapið*

Snjórinn hefur klætt Reykjavík og nágrenni í jólabúning þessa vikuna. Mótmælendur eru þó ekki komnir í jólafrí og héldu aðgerðum gegn stjórnvöldum áfram. *Ljósmyndarar Fréttablaðsins* voru á ferðinni með myndavélina.



**8. BEKKKUR Í ÖSKJUHLÍÐARSKÓLA** Setti upp helgileik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÚTFÖR Í BEINNI** Útför Rúnars Júlíussonar var sjónvarpað í Fríkirkjunni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MÓTMÆLI** Aðgerðaleysi stjórnvalda var mótmælt í þessari viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




OPNUNARTÍMAR

Alla daga til Jóla

10:00 - 19:00

Aðfangadag

Lokað

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is









NORDICPHOTOS/GETTY

# Jólin hér og jólin þar

Ertu búinn að skipuleggja og undirbúa jólin í þaula með tilheyrandi tilliti til efnahagsþrenginga. Eða áttu eftir að kaupa allar jólagjafirnar og það er að renna upp fyrir þér það ljós að tíminn til að gera allar heimatilbúnu gjafirnar er á þrotum. Finndu þinn innri jólamann í þessu jólaprófi.

**1 Það er komið að smákökubakstrinum og nú á að baka spesíur fyrir kvöldið. Smjör, egg, sykur og hveiti hafa verið dregin fram, er þér nokkuð að vanbúnaði?**
a) Nei, ég hefst handa um leið.
b) Jú, það vantar flórsykur, ég hætti við.
c) Það er útilokað að ná almennilegum spesíum. Deigið þarf að standa í ísskáp áður en það er hægt að baka. Hætti við smákökubakstur og kaupi kökur.

**2 Rautt er jólaliturinn en hver er jóladrykkurinn í ár?**
a) Malt og appelsín, ekki spurning!
b) Rauðvín, hvort sem er heitt í glöggi eða við stofuhita.
c) Vatn, ókeypis og hollt.

**3 Það er aðfangadagur og enn á eftir að pakka inn jólagjöfunum, hvernig leysir þú úr þeim vanda?**
a) Fer út í blómabúð og læt pakka inn fyrir mig.
b) Virkja skipulögðu nágrannana til þess að pakka inn með mér.
c) Pakka ekki inn gjöfunum, fel þær bara inni í skáp fram að úthlutun gjafa.

**4 Þú átt ekkert nýtt til að vera í þessi jólin. Hvernig forðastu að lenda í jólakettinum?**
a) Jólaköttur smjólaköttur, verð bara í því sama og í fyrra.
b) Kaupi mér nýjan fylgihlut, þar með er jólakötturinn úr sögunni, og gamla dressið virkar sem nýtt.
c) Ég held andlitinu fram á Þorláksmessu, þá missi ég mig í Sævari Karli og kaupi það flottasta sem til er.

**5 Jólaborðið segir mikið um þinn innri mann. Þitt er vanalega:**
a) Skreytt á mismunandi hátt ár hvert.
b) Alltaf eins, til hvers eru hefðirnar nema til að halda þær á jólunum.
c) Með diskum, hnífapörum og glösum.

**6 Jólalagið sem kemur þér í ekta jólastemningu er:**
a) Jólahjól
b) Jóladagarnir þrettán (Á jóladaginn fyrsta hann Jónas færði mér…)
c) Heims um ból

**7 Það er komið að síðustu helgi fyrir jól. Meðal þess sem þú ætlar að gera er að:**
a) Fara með fjölskylduna í Heiðmörk að höggva jólatré, föndra og pakka inn gjöfum.
b) Skella mér í partí, fara í bæinn, tékka á jólatónleikum.
c) Slappa af enda enn fjórir dagar til jóla.

**8 Matur er mannsins megin, hvað er á boðstólum um jólin hjá þér í ár?**
a) Það eru enn fjórir dagar til jóla – óþarfi að ákveða matseðilinn strax.
b) Sama og í fyrra og hittifyrra og alla tíð.
c) Íslenskt lambalæri.

**9 Jólagjafir**
a) Eru stórlega ofmetnar
b) Eiga að vera heimatilbúnar annars er ekkert í þær varið.
c) Er best að viða að sér allan ársins hring.

**10 Þorláksmessukvöld er hátíð út af fyrir sig. Hvernig er dæmigert kvöld hjá þér?**
a) Bæjarrölt með einu glögglasi eða fimm.
b) Reddingar og tiltekt út í eitt.
c) Uppi í sófa eftir rosalegt skötuát dagsins.

**11 Uppáhaldsjólasveinninn þinn er?**
a) Kertasníkir – hann er svo séður.
b) Ketkrókur – aldrei svangur.
c) Stúfur – hann er svo mikið krútt.

**12 Um jólin finnst þér skemmtilegast að…**
a) Opna pakkana.
b) Borða matinn.
c) Vera með fjölskyldunni.

**13 Efst á óskalistanum þínum þessi jól er:**
a) Kerti og spil.
b) Nýtt nærfatasett.
c) Að fara ekki á hausinn.

**14 Jólatréð setur mestan svip sinn á stofuna. Hvernig verður þitt tré í ár?**
a) Ég dreg fram gervitréð sem ég hef notað í nokkur ár og sé enga ástæðu til þess að breyta út af venjunni.
b) Ég kaupi tré og skreyti, einfaldara verður það ekki.
c) Það er svo mikið rusl sem fylgir jólatrjám að ég sleppi þeim yfirleitt.

**Stig**

| | | |
|---|---|---|
| **1.** a)2b)1c)3 | **6.** a)1b)3c)2 | **11.** a)3b)1c)2 |
| **2.** a)2b)3c)1 | **7.** a)2b)3c)1 | **12.** a)1b)3c)2 |
| **3.** a)3b)2c)1 | **8.** a)3b)2c)1 | **13.** a)1b)2c)3 |
| **4.** a)2b)1c)3 | **9.** a)1b)2c)3 | **14.** a)2 )3c)1 |
| **5.** a)3b)2c)1 | **10.** a)3b)1c)2 | |

## ÞÚ ERT:

### Elma eyðslukló

**56-70:** Allt er best í óhófi er þitt mottó. Þú ert sannarlega jólabarn en vegna þess hve þú ert óskipulagður/lögð þá hættir þér til þess að eyða allt of miklum peningum í jólahaldið. Það skilar sér í angist um mánaðamótin janúar/febrúar. Til að forðast það ættir þú að taka með þér peningaseðla í jólagjafakaupin og neysluna á lokasprettinum.

### Halla hefðbundna

**37-55:** Þú þræðir hinn gullna meðalveg í jólahaldinu, ert útsjónarsamur/söm og heldur tryggð við hefðirnar án þess að þær séu að sliga þig. Þú hefur gaman af því að dekra við þig og leyfir þér það í aðdraganda jóla. Þú þarft samt ekki að óttast að jólin setji þig á hausinn því yfirleitt ertu búin/n að leggja til hliðar fyrir jólaeyðslunni.

### Nilli nirfill

**14-36:** Þú ert afar skynsamur/skynsöm og eyðir mjög litlu í jólin. Þess vegna er engin hætta á því að þú setjir þig á hausinn vegna fjárútláta. Stundum fer sparsemin þó út í öfgar, til dæmis þegar þú hættir við að gefa gjafir, kaupa jólamat eða sú hugsun hvarflar að þér að halda ekki jólin. Vertu aðeins afslappaðri og jólin verða skemmtilegri.



## JÓLUNUM REDDAÐ

Ekki eru allir jafn klárir í jólaundirbúningnum og sumir vakna jafnvel við vondan draum á Þorláksmessu, í óskreyttri íbúð og matarlausir. Engin ástæða er þó til að örvænta. Jólahaldið þarf ekki að vera flókið. Hér eru ráð fyrir þá sem vilja halda jól, en hafa ekki hug á að tapa sér í flókinni matseld og alltof flóknum skreytingum.

### MATURINN

**Hangikjöt** Galdurinn við að sjóða hangikjöt felst í því að sjóða það á hægum hita. Hangikjöt sem er soðið of lengi verður þurrt. Besta leiðin til þess að sjóða hangikjöt er að setja það í pott með köldu vatni, láta suðuna koma upp ofurhægt og slökkva undir pottinum um leið og vatnið fer að sjóða. Lykilatriðið er að láta kjötið kólna í soðinu.

**Uppstúf** Smjör brætt í potti og hveiti hrært saman við. Um það bil matskeið af smjöri á móti matskeið af hveiti. Mjólk hellt rólega út í, hrært og smakkað til með salti og pipar og örlitlu múskati ef vill. Soðnar kartöflur eru skornar í bita og bætt út í



**Ora grænar** Það er ekkert annað en að opna dósina og hella innihaldinu í skál. Einfaldara verður það ekki!

**Rauðkál** Sumir sjóða rauðkál sjálfir en auðvelda leiðin er að taka niðursoðið rauðkál, skella á pönnu með smjörklípu og hita það aðeins, fullkomið!

**Jólaísinn** Kauptu tilbúinn marengs, góðan vanilluís, gott súkkulaði, og rjóma. Láttu ísinn standa aðeins til að linast og brjóttu marengsinn niður í litla bita, þeyttu rjómann og blandaðu öllu saman. Skreyttu með rauðum berjum til að ná jólafíling í réttinn.



### JÓLASKRAUT

**Epli og mandarínur** Epli í skál og mandarínur eru fyrirtaks jólaskraut sem líka má borða yfir jólin, ágætis tilbreyting frá öllum sætindunum sem eru á boðstólum um jólin. Í mandarínurnar má svo alltaf stinga nokkrum negulnöglum og fá þannig klassískt og ilmandi skraut.

**Jólaseríur** Ef redda þarf jólaskrauti einn tveir og þrír þá er einfaldast að kaupa jólaseríur og setja í glugga. Þær gefa jólalega birtu og ekki er verra að hafa þær rauðar eða marglitar.

### JÓLADRYKKIR



**Súkkulaði** Hvað er jólalegra en heitt súkkulaði? Að búa það til er mjög einfalt. Bara bræða súkkulaði í potti og bæta mjólk út í þangað til bragðið er að þínu skapi. Ef fullorðnir eru mættir í súkkulaðidrykkju er ekki verra að skvetta smá koníaki út í. Borið fram með vænni slettu af rjóma.

**Epladrykkur** Eplasafi er hitaður í potti og kryddaður með negulnöglum og rúsínum. Gefur góða lykt í húsið.

## ÞEKKIRÐU LAGIÐ?

**Ertu vel að þér í jólalögunum? Úr hvaða vísum eru eftirtalin brot? Svörin eru neðst á síðunni.**

**1.** Ljúft við vöggu lága
lofum við þig nú.
Undrið ofursmáa
eflir von og trú.

**2.** Undir sig tók hann
alveg feiknamikið stökk,
og á kolasóp
inn í krakkahóp
karlinn allt í einu hrökk.

**3.** Ég mæni út um gráan glugga
og jólasveinninn glottir bak við ský
út í bæði.

**4.** Uppi á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.

**5.** Ég bið þig, ó Drottinn, að dvelja
mér hjá,
að dýrðina þína ég fái að sjá,

**6.** Og stjarna skín gegn um skýjahjúp
með skærum lýsandi bjarma

**7.** Þær sig hneigja, þær sig hneigja
-og svo snúa þær sér í hring.

**8.** Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottni sungu

**9.** Og engan þarf að hryggja
því allir verða með
er börnin far' að byggja sér
bæ og þorp við jólatréð.



**10.** Eftirvænting´ í augum má sjá
allt er eitthvað svo spennandi í dag
jafnvel kisa hún tiplar á tá
þorir tæplega að mala sitt lag

**Svör: 1.** Litla jólabarn. **2.** Snæfinnur snjókarl. **3.** Jólahjól. **4.** Skín í rauðar skotthúfur. **5.** Þá nýfæddur Jesú. **6.** Hin fyrstu jól. **7.** Nú skal segja. **8.** Bjart er yfir Betlehem. **9.** Jólasveinninn kemur í kvöld. **10.** Yfir fannhvíta jörð.




# Fæ hamingjukast á hverjum einasta degi

**Svavar Pétur Eysteinsson** spilar og syngur ásamt Berglindi eiginkonu sinni og fleira góðu fólki í hljómsveitinni Skakkamanage. Nýja platan þeirra, All Over the Face, hefur fengið afbragðsgóða dóma. *Anna Margrét Björnsson* náði í skottið á Svavari á Seyðisfirði og tók hann í þriðju gráðu yfirheyrslu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Svavar Pétur Eysteinsson

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:** Grafískur hönnuður frá því um aldamót og tónlistarmaður frá því um fermingu.

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI?** Ég tók við af Presley árið 1977



**Í HLAÐINU Á SEYÐISFIRÐI** „Það versta sem sagt hefur verið við mig var: Hæ sæta!“ segir Svavar Pétur í Skakkamanage. LJÓSMYND / HELGI ÖRN PÉTURSSON

*Hvenær varstu hamingjusamastur?*
Ég fæ hamingjukast á hverjum degi yfir því að eiga sæmilega heilbrigt líf, umvafinn skemmtilegum viðfangsefnum og helling af ást.

*Ef þú værir ekki tónlistarmaður hvað myndirðu þá vera?*
Ég myndi vilja vera sérfræðingur í atferli katta.

*Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?*
Að gefa út plötu er óheyrilega dýrt og stendur engan veginn undir sér. En ofboðslega gaman samt!

*Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?*
Hæ, sæta!

*Ef þú byggir ekki á Seyðisfirði hvar myndirðu vilja búa?*
Ég flutti frá Reykjavík austur á Seyðisfjörð síðastliðið vor og nú bíð ég spenntur eftir að Norræna komi og sigli með mig enn lengra á vit ævintýranna. Ég held það væri stuð að setjast að í Bergen smástund. Stoppar ekki ferjan þar?

*Uppáhaldslistamaður allra tíma og af hverju?*
Matt Groening sem gerði fullorðnum kleift að horfa á teiknimyndir með börnunum sínum og hafa gaman af því.

*Draumahelgin þín í einni setningu?*
Úti á landi með hlæjandi fólki.

*Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tíman gegnt?*
Ég réði mig einhvern tíma í næturvinnu á skyndibitastað en mætti aldrei. Þessi vinna hefði farið með mig til vítis. Ég er annars með lítið þol fyrir leiðinlegum vinnum og hef forðast þær með ágætum í gegnum árin.

*Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni?*
Það þarf að hafa mikið fyrir því að ná mér út úr Seyðisfirði þessa dagana.

*Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustar þú mest á í dag?*
Íslensk nýbylgja fyrr og síðar. Annars er ég búinn að vera með Belsen Was a Gas með Sex Pistols á heilanum í margar vikur og áhrifin leyna sér ekki.

*Ef þú ættir tímavél, hvert myndurðu fara og af hverju?*
27 ár aftur í tímann og ná fram hefndum á skæðum prökkurum sem óðu uppi í Neðra-Breiðholtinu á þeim tíma. Ég myndi svo snúa aftur með sleikjóinn sem þeir stálu af mér.

*Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?*
Gleði morgundagsins.

*Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni hvað myndi það vera?*
Lottótölurnar síðasta laugardag.

*Hvenær fékkstu síðast hláturskast?*
Í gær þegar Berglind konan mín var eftirherma.

*Áttu þér einhverja leynda nautn?*
Ég fer nú ekkert sérstaklega leynt með mínar nautnir en reyni samt að bæla niður þær allra skæðustu. En ég sting til dæmis öllu steini léttara upp í eyrað á mér og klóra mér til blóðs á bakinu með gaffli svo eitthvað sé nefnt.

*Uppáhaldsbókin þessa stundina?*
Heimsljós er rosaleg saga og eltir mig hvert sem ég fer og svo fannst mér áhugavert að lesa Alkasamfélagið um daginn. Þar er ekki allt sem sýnist.

*Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?*
Konunnar minnar.

*En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki?*
Ég hunsa alla labbakúta og leiðindaseggi áður en þeir ganga of nærri mér. En það er nóg af þeim þarna úti. Jeminn eini!

*Uppáhaldsorðið þitt?*
Þremillinn.

*Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?*
Pallbíll.

*Hvaða einu lagi verður þú að taka „cover“ af áður en þú deyrð?*
Ég dey ekki sáttur nema ég sé búinn að koma saman Dire Straits „cover“ bandi þar sem ég fæ að vera Knopflerinn, beinstífur með svitabandið í Money for Nothing.

*Hvað verða þín frægu hinstu orð?*
Money for Nothing.

*Hvað er næst á dagskrá?*
Ætli ég verði ekki hérna glamrandi á gítarinn þangað til ég læt renna í jólabaðið.

## MÆLISTIKAN

### Á uppleið



**Jólaboð** Nú byrjar gamanið af fullri alvöru og má búast við ómældu partístandi næstu tvær vikur.

**Sérrí** Ömmulegur drykkur alla hina mánuði ársins en er einhvern veginn svo notalega jólalegur.

**Veitingastaðurinn Segurmo á Boston** Skemmtilega heiðarlegur matur, góð stemning og ekkert okur.



**Geimverur** Kvikmyndin the Day the Earth Stood Still leiðir huga okkar frá kreppunni og að alvörumálum eins og árás á jörðina. Keanu Reeves er líka fullkominn í hlutverki fámáls geimbúa.



**Síðrokk** Hljómsveitir eins og Mogvaí, Godspeed og Kimono hljóma vel í eyrum á tímum volæðis og tilvistarkreppu.

### Á niðurleið



**Litaðar sokkabuxur** Nóg komið af flippuðum stelpum í allri litadýrð regnbogans. Leggir eru einfaldlega fallegri í svörtu.



**Barir** Ef maður heldur partí í staðinn heima hjá sér þá ræður maður tónlistinni, reyknum og fólkinu. Þurfum við að ræða þetta eitthvað frekar?

**Skræpóttar hettupeysur** Grafískir hönnuðir og krúttflipparar takið til athugunar að þetta fyrirbæri er svo 2006.



**Dýr jólamatur** Horfum framhjá hérum, akurhænum og fasönum um hátíðarnar og gæðum okkur frekar á hangikjöti og hamborgarhrygg. Ekki fá jólaofgnóttarsamviskubit.

**Alveg hvít eða alveg svört málverk** Hlutverk listarinnar hlýtur að vera annað en þessi súrrógasjón fyrir… ekkert.

habitat
Holtagörðum og Akureyri

# Nýjar vörur
## – 40% afsláttur
VORUM AÐ TAKA UPP SENDINGU



## Allar jólavörur með 60% afslætti

STUBBASMIÐJAN
Holtagörðum og Akureyri

**Jólasveinar** um helgina í Holtagörðum kl. 15-16

## ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

Barnahúsgögn, ljós, lampar, stólar, leikföng, fatnaður, meðgöngufatnaður og margs konar smávara.
Fallegar og vandaðar vörur í jólapakkann.

**Nýr haust- og jólafatnaður með 10% afslætti.**

www.stubbasmidjan.is

Stubbasmiðjan er spennandi verslun sem sérhæfir sig í húsgögnum og alhliða lausnum fyrir barnaherbergi.

Opið til kl. 22 til jóla og til kl. 23 á Þorláksmessu
í Habitat og Stubbasmiðjunni!









# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

**Góð vika …**



**… fyrir mótmælendur** Loks fengu harðir mótmælendur andlit á mótmælin þegar Jón Gerald Sullenberger mætti sólbrúnn og sællegur frá Flórída til að leggja lambhúshettufólkinu lið. Auk þess að láta ráðherra þurfa að hrökklast bakdyramegin inn í ráðherrabústaðinn tókst einum mótmælenda að kasta snjóbolta í hausinn á Jóni Ásgeiri. Einnig hætti Tryggvi Jónsson í Landsbankanum daginn eftir hörð mótmæli í tveimur útibúum bankans. Segið svo að mótmæli hafi engin áhrif.



**… fegurðardís** Ásdís Rán leynir á sér og gerði velheppnað grín að þjóðarsálinni. Þegar hún birtist hjá Loga í beinni gátu áhorfendur engan veginn dregið aðra ályktun en að búlgarskir lýtalæknar hefðu gert hræðileg mistök á vörunum á henni. Voru þessar afskræmdu varir á allra vörum á kaffistofum og bloggum um hríð, eða þar til glaðhlakkaleg kynbomban leysti frá skjóðunni á bloggi sínu: Hún hafði meikað sig svona sérkennilega, „bara svona að gamni“.

**Slæm vika …**



**… fyrir ritstjóra með hatt** Æ sjitt, var stráksskrattinn að taka þetta upp?!, hlýtur að hafa verið það fyrsta sem Reynir Traustason hugsaði þegar Kastljós spilaði tveggja manna tal hans við fyrrum blaðamann DV, Jón Bjarka Magnússon. Það er erfitt að reyna að ljúga sig út úr svona klúðri, eins og Reynir ætti að vita eftir umfjöllun sína um Árna Johnsen á sínum tíma. Reynir gerir samt sitt besta og ætlar sko aldeilis að vera harður við vondu karlana framvegis. Einmitt.



**… fyrir Færeyjasérfræðing** Jens Kr. Guð, bloggari og höfundur fræðiritsins Poppbókin, í fyrsta sæti, er mikill sérfræðingur um Færeyjar og menninguna þar. Hann vill meina að Geir Ólafsson sé ekkert vinsæll í eyjunum þrátt fyrir fréttir um annað. Elís Poulsen hjá færeyska ríkisútvarpinu segir Geir hins vegar mjög vinsælan, enda í „A-rótasjón“ með jólalagið sem hann gaf færeysku þjóðinni, „Jólamaðurinn kemur í kvöld“. Inn í þessa sérkennilegu jöfnu verður þó að taka að Elís samdi texta lagsins og Geir bakkaði nýlega á Jens.

# FRÉTTAGETRAUN VIKUNNAR



1. Glitnir ætlar að hætta að heita Glitnir og snúa sér aftur að Íslandsbanka. Hvenær varð Íslandsbanki að Glitni?
2. Íslensk söngkona er nú meðal bestu nýliða á iTunes. Hvað heitir hún?
3. Hver segist ekki vera nógu mikið karlmenni til að leika Nelson Mandela, fyrrum forseta Suður-Afríku?
4. Dýrasta bók landsins er uppseld. Hvað bók er það?
5. Hvaða hljómsveit fékk flestar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna?
6. Veigar Páll Gunnarsson er að fara að spila fótbolta með franska úrvalsdeildarliðinu FC Nancy. Hver lék fyrstur Íslendinga í frönsku úrvalsdeildinni og með hvaða liði spilaði hann?
7. Hver er mest seldi mynddiskurinn þessa vikuna?
8. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði fékk í vikunni afhentar undirskriftir 5.014 íbúa. Hvað vildu þessir Hafnfirðingar?
9. Meint skattalagabrot athafnamanns var í vikunni vísað frá héraðsdómi, þar sem þegar hafði verið ákveðin refsing fyrir brotin. Hver er athafnamaðurinn?
10. Yfirlýsingar Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur um Evrópumál í norsku dagblaði komu mörgum á óvart, og sagði Þorgerður að blaðið hafi haft rangt eftir sér. Sama dagblað sagði frá skömmum forseta Íslands á fundi hans með sendiherrum hér á landi og hótunum hans um að afhenda Rússum aðgang að Keflavíkurflugvelli. Hvað heitir þetta dagblað?
11. Hvern útnefndi tímaritið Time sem mann ársins?
12. Ritstjóri DV lenti í hremmingum í vikunni þegar fyrrum blaðamaður DV sakaði hann um ritskoðun. Ritstjórar DV eru tveir og meira að segja feðgar. Hvað heita þeir?
13. Ólafur Stefánsson handboltakappi er hættur við að fara til Danmerkur og spila handbolta þar með AG Handbold. Hvert ætlar hann frekar að fara?
14. Hljómsveitin U2 hefur boðað nýja hljóðversplötu á nýju ári. Nánar tiltekið í febrúar. Þetta er fyrsta platan sem kemur út síðan How to Dismantle an Atomic Bomb kom út fyrir fjórum árum. Hvað mun nýja platan heita?
15. Rúmlega þúsund nýjar dýrategundir hafa fundist í Suðaustur-Asíu undanfarinn áratug. Meðal þeirra er kanínutegund, en hvað er nýtt við hana?








**Lausnir**

**1.** Mars 2006 **2.** Lay Low **3.** Leikarinn Will Smith **4.** Flóra Íslands eftir Eggert Pétursson **5.** Sigur Rós **6.** Albert Guðmundsson sem lék með FC Nancy **7.** Mamma Mia **8.** Nýja íbúakosningu um álverið í Straumsvík **9.** Jón Ólafsson **10.** Klassekampen **11.** Barack Obama, verðandi forseti Bandaríkjanna **12.** Reynir Traustason og Jón Trausti Reynisson **13.** Rhein-Neckar Löwen **14.** No Line on the Horizon **15.** Þessar kanínur eru röndóttar

# FINNDU ORÐIN

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| P | Í | B | D | T | H | Y | Æ | J | F | Æ | K | M | Æ | Ö |
| O | G | X | R | Ð | G | E | J | Í | Ö | S | V | I | G | Þ |
| S | N | J | Ó | S | L | E | Ð | I | N | Í | Þ | É | M | D |
| S | K | Í | Ð | I | R | T | P | J | Ú | I | Y | Æ | R | F |
| K | Ó | Í | Q | R | T | G | Ó | J | Ð | T | K | H | S | J |
| A | A | G | Ð | H | H | Þ | U | Í | Í | R | J | K | N | K |
| U | S | T | Ð | A | O | F | K | J | N | O | Í | I | J | I |
| T | J | Á | F | T | G | S | M | U | H | Ð | H | K | Ó | M |
| A | B | F | A | Y | U | L | R | H | A | A | K | N | B | N |
| R | R | G | E | G | L | B | E | S | E | R | Y | K | R | Ö |
| Ð | Á | C | N | R | Ð | A | T | R | J | I | H | Þ | E | Æ |
| S | T | Ö | K | K | K | A | L | K | A | K | Ó | Í | T | G |
| O | G | B | D | F | F | H | J | Ó | N | U | L | K | T | N |
| B | S | P | T | I | Ð | Í | K | M | T | Þ | G | N | I | H |
| Ó | P | Ú | R | J | G | I | L | Á | K | S | Ö | U | Ý | F |

SKÍÐI
SNJÓBRETTI
SNJÓSLEÐI
GÖNGUSKÍÐI
SNJÓÞOTA
SKAUTAR
SVIG
BRUN
STÖKK
STÓLALYFTA
TROÐARI
SKÍÐASTAFIR
SKÍÐAGLERAUGU
KAKÓ
SKÁLI

Orðin geta verið á ská, upp, niður, afturábak eða áfram.



# Jólaleikur Fréttablaðsins

## Skráning á visir.is




FORLAGIÐ

vísir.is

Ekki missa af jólaleik Fréttablaðsins á visir.is. 220 heppnir vinningshafar fá glaðning alla daga fram að jólum. **Í vinning eru 100 bækur frá Forlaginu, 100 bíókort frá Sambíóunum og 20 gjafakort í Þjóðleikhúsið.** Skráðu þig núna á visir.is og fylgstu með útdrættinum í Fréttablaðinu, en nöfn vinningshafa birtast einungis þar.

FRÉTTABLAÐIÐ



*Okkar ástkæri,*

**Björgvin Jósteinsson**

kennari, Grandavegi 45, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala aðfaranótt 18. desember.

**Guðrún Steingrímsdóttir**
**Dóra Björgvinsdóttir**
**Ingi Steinn Björgvinsson** **Vera Buus-Nilsen**
**Dagný Björgvinsdóttir** **Jóhann S. Bogason**
**Bryndís Björgvinsdóttir** **Brjánn Ingason**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Guðmundur Páll Þorvaldsson**

Furuvöllum 14, Hafnarfirði,

sem lést laugardaginn 13. desember, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Helga Aðalbjörg Þórðardóttir**
**Þóra Dröfn Guðmundsdóttir**
**Þórður Rafn Guðmundsson**
**Jakob Darri**
**Markús Blær**
**og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær faðir minn, sonur, bróðir, mágur, frændi og vinur,*

**Þór Rúnar Baker**

Hafnarbraut 21, Höfn í Hornafirði,

sem lést af slysförum í Berufirði, sunnudaginn 7. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn í Fossvogskirkju mánudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Marteinn Steinar Þórsson**
**Elín Sigríður Markúsdóttir**
**Guðleif Bender & Guðmundur Aðalsteinn Gunnarsson**
**Friðrik Örn Guðmundsson**
**Eva Dögg Guðmundsdóttir**
**Brynjar Freyr Guðmundsson**
**Pálína Sighvatsdóttir**



*Okkar bestu þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur hlýhug, vináttu og samúð við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa, langafa og frænda,*

**Hilmars Friðþórssonar,**

vélstjóra, Dalbæ, Dalvík.

Þökkum starfsfólki Dalbæjar fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Magnús Þór Hilmarsson** **Anna Þ. Ingólfsdóttir**
**Gunnar Jón Hilmarsson** **Hildur I. Sölvadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn, frændfólk og aðrir aðstandendur.**



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Sigurðar Guðmundssonar**

Funafold 75, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Landspítala - háskólasjúkrahúss fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Bergþóra Skúladóttir**
**Trausti Sigurðsson** **Hanna Björk Ragnarsdóttir**
**Stefanía Hrönn Sigurðardóttir**
**Erla Sigurðardóttir**
**Margrét, Snædís og Sólrún Traustadætur.**

**JOHN STEINBECK RITHÖFUNDUR LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1968.**

*„Hugmyndir eru eins og kanínur. Þú færð nokkrar og lærir að stjórna þeim og áður en þú veist af ertu búinn að fá 12 nýjar hugmyndir.“*

***John Steinbeck fékk Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1962. Frægastur er hann fyrir skáldsögurnar Mýs og menn og Þrúgur reiðinnar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. DESEMBER 1930

## *Ríkisútvarpið stofnað*

Ríkisútvarpið var formlega stofnað 20. desember 1930. Fyrsti útvarpssjóri var Jónas Þorbergsson og fyrsti fréttamaður Ásgeir Magnússon. Ári síðar tók séra Sigurður Einarsson til starfa þar og sá um erlendu fréttirnar.



Afnotagjald útvarpsins var 30 krónur á ári í upphafi og hélst það til 1943. Algengustu útvarpstækin voru tveggja lampa Phillips og þriggja lampa Telefunken og kostuðu þau um 200 krónur sem var nálægt mánaðarlaunum verkamanns í Reykjavík. Það var því ekki á færi allra að kaupa þau. Enda var aðeins eitt tæki skráð á hverja 28 íbúa í lok fyrsta starfsárs Ríkisútvarpsins, eða 3.880 tæki.

Mikill áhugi var samt á útvarpinu og hópaðist fólk á kvöldin heim til þeirra sem áttu tæki og hlustuðu þar. Útvarpstækjum fjölgaði fljótt eftir því sem árunum leið og árið 1938 voru tækin orðin 15.543 eða eitt á hverja sjö íbúa.

**Heimild/Nýjustu fréttir/Guðjón Friðriksson**

**SIGURÐUR BERGSVEINSSON:** Á SAFN TÖLVA SÍÐUSTU ÞRJÁTÍU ÁRA

# Fólk framtíðarinnar metur hvað því finnst merkilegast

„Ég er búinn að vinna við tölvur í 30 ár og fór fljótlega að hafa áhuga á að láta ekki allt glatast sem þeim viðkemur því að þróunin í þeim er mjög ör. Því fór ég að stinga til hliðar tölvum sem áttu að fara á haugana og til að hafa eitthvert utanumhald einskorðaði ég mig við IBM þar sem ég starfaði um langt árabil hjá því fyrirtæki.“ Þannig lýsir Sigurður Bergsveinsson tölvugúrú tildrögum þess að hann hóf að safna í kringum sig tölvum og á nú orðið hátt í 50 hluti, að jaðartækjum eins og prenturum og skjám meðtöldum.

Svo Sigurður sé rétt titlaður þá er hann framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Vigor sem er hluti af Nýherjasamstæðunni. Hann kann sögu tölvuvæðingar á Íslandi upp á sína tíu fingur og byrjar á að lýsa því að tölvur skiptist í þrjú svið; stórtölvur, miðtölvur og örtölvur. „Örtölvur er það sem allir þekkja því þær eru á skrifborðinu hjá hinum almenna notanda,“ útskýrir hann og heldur áfram. „Þær eru með eina vél. Miðtölvur eru fjölgjörva, sem kallað er, og svo eru stórtölvurnar fjölgjörvavélar sem þurfa kælda sali til að vinna í. Þær mörkuðu upphafið. Komu fram strax á 6. áratugnum. Síðan tóku miðtölvurnar við. Þetta gekk hægt og rólega fyrstu árin en á síðari hluta 8. áratugarins komu litlar og ódýrar miðtölvur á markað og þá varð eiginlega sprenging í tölvuvæðingu. Á árunum 1980 til 1988 má segja að flest íslensk fyrirtæki hafi tölvuvæðst.“



**VIÐ TÖLVUSAFNIÐ** Sigurður Bergsveinsson situr fyrir framan IBM Portable PC sem er upphaf fartölvunnar því hún er færanleg og stundum kölluð saumavélin að sögn Sigurðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Safnið hans Sigurðar er að hluta til í húsnæði Vigor en síðustu vikur hefur það verið almenningi til sýnis í Þjóðarbókhlöðunni í tilefni af 40 ára afmæli Skýrslutæknifélagsins. Hverja telur hann merkustu gripina í þessu safni? „Ég hef ekki flokkað það en við eigum alla skjái, allar PC-vélar frá upphafi og töluvert af miðtölvum. Það er svo fyrir fólk framtíðarinnar að meta það hvað því finnst merkilegast.“

**gun@frettabladid.is**


www.andlat.is

Andlát.is er vefur til að aðstoða fólk þegar andlát ber að höndum og vettvangur til að koma á framfæri tilkynningum, minningargreinum og kveðjum.


AFMÆLI



**SUNNA BORG** leikkona er 62 ára í dag.



**FLOSI EIRÍKSSON** viðskiptafræðingur er 39 ára í dag.



**TEITUR ÞORKELSSON FJÖLMIÐLAMAÐUR** er 39 ára í dag.



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ágústína Guðrún Ágústsdóttir**

Fellsmúla 2, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 8. desember, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 22. desember kl. 15.00.

**Gísli Baldur Jónsson**
**Kristrún B. Jónsdóttir** **Magnús Sigurðsson**
**Romeo D. Rosario**
**Ágústína Guðrún Pálmarsdóttir**
**Einar Bergur Pálmarsson**
**Árni Stefán Gylfason**
**Romeo Ágúst Rosario**
**Ágústína Sara Rosario**
**Sverrir Florente Rosario**
**Lydia Guðrún, Bryndís Theresía, Kristrún Ýr og fjölskyldur.**



*Okkar bestu þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar og tengdaföður, afa og langafa,*

**Trausta Guðjónssonar**

frá Skaftafelli í Vestmannaeyjum, síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Grund.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Grund.

**Ragnheiður Jónsdóttir**
**Halldóra Traustadóttir** **Einar Jónasson**
**Guðjón Traustason** **Kristín Erlendsdóttir**
**Kornelíus Traustason** **Elín Pálsdóttir**
**Símon Eðvald Traustason** **Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Sólveig Traustadóttir** **Sigurður Wiium**
**Vörður Leví Traustason** **Ester K. Jacobsen**
**G. Ingveldur Traustadóttir** **Geir Jón Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

BÓKMENNTAVERÐLAUN
starfsfólks bókaverslana 2008
Besta ævisagan: 2.-3.sæti

# ÞRÁINN BERTELSSON

## EINN DÁÐASTI RITHÖFUNDUR ÞJÓÐARINNAR

ÉG EF MIG SKYLDI KALLA er númer eitt á metsölulista Eymundsson yfir ævisögur og í öðru sæti á Aðallista Eymundsson yfir allar seldar bækur vikuna 10. - 17. desember

**Ég ef mig skyldi kalla**
**Seinþroskasaga**
**Bók sem iðar of hlátri og engist af sársauka**






“Hrífandi bók, sjálfshæðin í bland við djúpan sársauka.”
**Sigurður G. Tómasson, útvarpi Sögu**

“Þráinn hefur með árunum komið sér upp frábærum persónulegum stíl, sem virðist svo áreynslulaus, hlýr, beittur, kankvís og kryfjandi.”
**Hrafn Jökulsson, DV**

“Þetta er frábær bók sem gaman er að lesa. Einlæg og hlý, átakanleg, falleg og fyndin. Gott ef hún gerir lesandann ekki að betri manneskju.”
**Birna Karlsdóttir, SFR Blaðinu**

★★★★½
***Hrafn Jökulsson, DV***

★★★★
***Árni Matthíasson, Morgunblaðinu***

sögur ÚTGÁFA








NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

# Bráðum kemur Bóndinn heim

Pallbíllinn hefur verið í andlitslyftingu á verkstæði norður í landi undanfarnar vikur. Þvottadrengurinn saknar hans skiljanlega, sérstaklega núna þegar tók að snjóa og ófærðar fór að verða vart á götum borgarinnar. En nú styttist í að Bóndinn, eins og drengurinn nefnir bílinn sinn kæra, komi heim. Við sækjum hann um jólin.

Vegna söknuðar eftir Bóndanum að ég hélt, hafði þvottadrengurinn trassað að fara í klippingu og var kominn með myndarlegan lubba. Hann lét allar ábendingar um órækt ofan á kollinum á sér sem vind um eyru þjóta og horfði bara dreymandi augnaráði út um gluggann, tautandi eitthvað um að bráðum kæmi Bóndinn. Mér þótti nóg um söknuðinn. Um daginn var svo gráa dúnvestið hans komið fram úr skápnum og hékk við hliðina á vetrarúlpunum. Seinna sá ég að svarta derhúfan með hundamyndinni var líka komin fram. Mér þótti þessi fatnaður frekar skjóllítill miðað við árstíma og spurði drenginn út í þetta. Lítið varð um svör en ég þóttist sjá glampa í augum drengsins.



Hann tilkynnti mér svo loks að hann ætti pantaðan tíma í klippingu. Við ætlum einmitt að eyða jólunum norður í landi með foreldrum mínum svo ég varð fegin að drengurinn yrði vel snyrtur. Við munum svo aka á pallbílnum heim. Þegar drengskömmin kom svo heim úr klippingunni skildi ég hvað á undan hafði gengið. Dúnvestið og derhúfan höfðu með endurkomu pallbílsins að gera og auðvitað ótæpileg hársöfnunin líka. Drengurinn er kominn með Mullet!

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# X-mas í Hafnarfirði

Hinir árlegu jólatónleikar X-ins 977, X-Mas, verða haldnir á Dillon sportbar í Hafnarfirði á mánudagskvöld. Á síðasta ári voru tónleikarnir haldnir á Nasa og því ljóst að X-ið hefur minnkað aðeins við sig.

„Það var alveg ljóst að það yrðu svolítil kreppu X-mas,“ segir Þorkell Máni Pétursson hjá X-inu. „Við ákváðum að leita til IMF um að finna hentugan tónleikastað. Það eru allir að leita til þeirra og af hverju ekki við?,“ segir hann og er ánægður með útkomuna. „Þetta er rosalega flottur staður orðinn og þarna eru vinalegir menn við stjórnvölinn.“

Fjöldi öflugra hljómsveita kemur fram á tónleikunum, eða Dr. Spock, Sign, Dikta, The Viking Giant Show, Our Lives, Ultra Mega Technobandið Stefán, Vicky og Hooker Swing, auk þess sem Ragnar Sólberg stígur á svið. Einnig mun óvæntur gestur mæta á svæðið. „Þetta eru þau bönd sem hafa verið hvað vinsælust á árinu hjá X-inu,“ segir Þorkell Máni. Allur ágóði rennur til samtakanna HIV-Ísland.

- fb



**ÞORKELL MÁNI PÉTURSSON** Þorkell Máni lofar skemmtilegum jólatónleikum á mánudaginn.

# Jim Carrey kann enn að djóka

Það er ekki bara Tom Cruise sem kann þá list að skandalísera í sjónvarpi. Jim Carrey hefur hugsanlega fylgst með framgöngu hinnar smávöxnu stórstjörnu í sjónvarpi undanfarin ár og ákveðið að leika sama leik. Carrey er hins vegar mun meiri húmoristi en Cruise litli og gerði því áhorfendur spjallþáttastjórnandans Ellen deGeneres kjaftstopp þegar hann bað unnustu sinnar, Jenny McCarthy, í beinni útsendingu.

Carrey var gestur Ellenar en hann er að kynna kvikmyndina sína, Yes Man. Carrey kom öllum á óvart þegar hann kallaði Jenny á svið til sín, skellti sér á skeljarnar og bað hana að giftast sér. Áhorfendur supu gjörsamlega hveljur við uppátækið enda Carrey ekki þekktur fyrir að bera tilfinningar sína á torg, ólíkt Cruise. En um leið og Carrey hafði tjáð Jenny hversu mikið hann elskaði hana og virtist á góðri leið með að bera upp bónorðið þá skellti Ellen inn auglýsingum.

Uppátækið hefur vakið mikla lukku þar vestra enda augljóst að Carrey var þarna að skjóta illilega á Tom Cruise sem hefur haft það fyrir sið að líta út eins og asni í sjónvarpi. Carrey hafði enda lýst því yfir að hann hygðist aldrei ganga inn kirkjugólfið með unnustu sinni.



**ALLT Í PLATI** Bónorð Jim Carrey til Jenny McCarthy í sjónvarpsþættinum Ellen var bara grín enda ætla þau aldrei að gifta sig.



**GEFUR ÚT PLÖTU** Bergljót gefur nú út sína fyrstu plötu, en hún hefur áður skrifað nokkrar barnabækur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stafakarlar á söngleikjaplötu

„Platan er sérstök að því leyti að hver stafakarl í sögunni fær sitt eigið lag, þannig að allt stafrófið er kynnt til sögunnar,“ segir Bergljót Arnalds, en hún gaf nýverið út 35 laga plötu um Stafakarlana. „Stafakarlinn sem syngur í hvert skipti fjallar um allt sem hefst á þeim staf.“

Bergljót segir plötuna ekki aðeins vera kynningu á stafrófinu, heldur einnig á ýmiss konar tónlist. „Stafakarlinn S er að dansa salsa, og Ó er að syngja óperu. Við erum með rokk og popp og djass líka. Ég þekki karlana svo vel orðið að ég vissi alveg hvernig þeir vildu hljóma, svo þetta kom rosalega hratt til mín. Það var samt mikil vinna að koma þessu saman.“

Öll lögin á plötunni eru eftir Bergljótu sjálfa, auk þess sem hún syngur nokkur laganna. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson syngur eitt lag, auk þess sem hann útsetti plötuna með Vigni Snæ Vigfússyni. Það er þó Björgvin Franz Gíslason sem syngur flest lögin, eða þrjátíu talsins.

- þeb

# Robbie Williams gerir plötu

Breska ólíkindatólið Robbie Williams er á leiðinni í upptökuver til að taka upp nýja plötu. Þetta þykir sæta nokkuð tíðindum því breskir fjölmiðlar hafa verið uppfullir af fréttum um að hann vildi ganga til liðs við Take That-flokkinn á nýjan leik. Nú hefur þeirri endurkomu verið ýtt út af borðinu og Robbie hyggst gera plötuna í byrjun janúar. „Ég myndi byrja fyrr ef ég gæti en upptökuverið er upptekið og ég verð því bara að bíða þótt ég sé ekkert sérstaklega þolinmóður maður að eðlisfari,“ segir Robbie.

Síðasta plata söngvarans, Rudebox, fékk ákaflega misjafnar viðtökur en hún kom út árið 2006. Margir spáðu því að ferli hans væri hreinlega lokið.



Jóladagatal Norræna hússins www.nordice.is
alla dagaklukkan 12:34
í gær var Ásdís Sif Gunnarsdóttir
Hver verður í dag?







**!**

**Kl. 20.00**

*Fjórir tenórar, Jóhann Friðgeir, Snorri Wium, Garðar Thor Cortes og Gissur Páll Gissurarson halda seinni tónleika sína í Íslensku óperunni í kvöld. Þeir bjóða til sín gestum og eru á efnisskrá perlur, bæði sönglög, aríur og jólalög. Uppselt var á fyrri tónleikana og er sala fyrir kvöldið langt komin. Þeir munu síðan koma fram á svölum Gamla Málarahússins á Þorláksmessukvöld eins og hefð er komin á.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Mozart við kertaljós


**TÓNLIST** Camerarctica

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum nú rétt fyrir jólin og voru fyrstu tónleikarnir í gærkvöldi. Hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós í sextán ár en hann skipa að þessu sinni þau Ármann Helgason klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari ásamt góðum gestum, þeim Eydísi Franzdóttur óbóleikara og Einari Jóhannessyni sem leikur á eitt af uppáhaldshljóðfærum Mozarts „bassetthornið".

Tónleikarnir verða sem hér segir: Kópavogskirkju í kvöld, Garðakirkju annað kvöld, og loks í Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudagskvöldið 22. desember. Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast allir klukkan 21.00.


**MYNDLIST** Frá verðlaunafhendingunni í gær MYND FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# VEITT ÚR DUNGALSSJÓÐI

**Í gær voru veitt árleg verðlaun úr Dungals-sjóði sem Gunnar Dungal og Þórdís Sigurðardóttir stofnuðu til minningar um Margréti og Baldvin Dungal kaupmann. Sjóðurinn hefur árlega styrkt unga myndlistarmenn til dáða með fjárhæð.**

Að þessu sinni ákvað dómnefndin að veita þrjá styrki, tvo að upphæð kr. 300.000: Ragnari Jónassyni, Sirru (Sigrúnu Sigurðardóttur) og Bjarka Bragasyni sem fær 500.000 í styrk. Öll eru þau útskrifuð frá Listaháskóla Íslands og sóttu sér framhaldsnám til erlendra og innlendra stofnana; Ragnar við Glasgow School of Arts, Sirra við Háskóla Íslands, og Bjarki hóf í haust nám við Cal Arts í Los Angeles.

Ragnar er ekki málari í hefðbundnum skilningi. Nær er að segja að hann vinni með eiginleika málverks. Hann vinnur jöfnum höndum með tvívíð og þrívíð verk. Útkoman eru litskrúðug efniskennd verk oft án striga eða undirlags sem tengja sig beint við sýningarrýmið. Með sérstæðum litum og formum nær hann að skapa heim sem hefur skírskotun til litagleði popplistar sjöunda áratugarins.

Sirra skapar innsetningar þar sem hún tengir saman ólík efni eins og veggmálverk, spegla, gler, ljós, og vídeómyndir. Mörg verka hennar setja valda ljósgjafa og tvívíða hluti í þrívíða nálgun þar sem verkið sjálft, umhverfi þess og rými mynda eina heild. Hún sækir efnivið sinn meðal annars í tölulegar staðreyndir, vísindakenningar og rannsóknir. Með myndvörpum og speglum býr hún til hreyfingu í innsetningum sínum sem framkalla sjónhverfingu, einhvers konar aflvaka sem hrífur áhorfandann með sér á vit upplifunar. Úr öllu þessu tekst henni að skapa persónulegan myndheim.

Á þeim stutta tíma sem leið frá því Bjarki útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands þar til hann hóf framhaldsnám í Bandaríkjunum tók hann þátt í fjölda sýninga á Íslandi og erlendis, nú síðast Listahátíð í sumar. Hann kenndi og hélt fyrirlestra við Listaháskóla Íslands, Listaháskólann í Bergen og í Vilníus. Árið 2005 bjó hann einnig og vann að myndlist í Berlín. Með náminu vinnur Bjarki að sýningarverkefnum bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hann hyggur á vinnustofudvöl í Kaliforníu og Finnlandi á næsta ári. Í myndlist sinni skoðar Bjarki samhengi og tengsl ólíkra hluta. Hann segir: „Ég skoða umhverfi mitt í gegnum myndlist, en að móta umhverfi innan þess er mikilvægara. Ég vinn í mörgum mismunandi miðlum, en bakgrunnur minn er í arkitektúr og teikningu. Í nýjustu verkum mínum og verkefnum sem eru í gangi í augnablikinu er ég að skoða þýðingu, tungumál og allt það sem misskilst og hvernig það öðlast sjálfsstætt rými."

Afhending styrkjanna fór fram í gær í Listasafni Reykjavíkur þangað sem þessir listamenn eiga vafalítið eftir að leita með verk sín til sýninga.

pbb@frettabladid.is

OPIÐ um helgina kl. 11-17
Kolaportið verður í jólafríi helgina 27-28 desember.
Kolaportið opnar svo aftur 3 janúar.
Óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar
KOLAPORTIÐ

# Vinsælar jólagjafir

Jólin vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

OPIÐ TIL 22:00
alla daga til jóla




**Laddi áritar:**
Smáralind
*kl. 14:00 Í DAG*
Kringlu
*kl. 16:00 Í DAG*
Kringlu
*kl. 14:00 sunnudag*
Smáralind
*kl. 16:00 sunnudag*




**Raggi Bjarna**
- Lögin sem mega ekki gleymast

**Raggi Bjarna áritar:**
Kringlu
*kl. 14:00 Í DAG*
Holtagörðum
*kl. 16:00 Í DAG*
Smáralind
*kl. 18:00 Í DAG*
Holtagörðum
*kl. 15:00 sunnudag*
Kringlu
*kl. 16:00 sunnudag*
Smáralind
*kl. 18:00 sunnudag*




**Páll Óskar**
- Silfursafnið DVD og CD

**Páll Óskar áritar og spilar:**
Smáralind
*kl. 15:00 Í DAG*
Smáralind
*kl. 14:00 sunnudag*




**Raggi Bjarna**
- Gleðileg Jól




**Buff**
**Árita og spila**
í Smáralind kl. 17:00 sunnudag




**Stafakarlarnir**
**Bergljót áritar**
í Kringlu kl. 15:00 Í DAG




**Sálin hans Jóns míns**
- Hér er draumurinn
**Árita** á Akureyri kl. 16:00 Í DAG




**Ragnheiður Gröndal**
- Bella & her black coffee




**Hjaltalín**
- Sleepdrunk seasons
**Árita og spila**
í Smáralind kl. 13:00 sunnudag




**Í minningu Vilhjálms Vilhjálmssonar**
**Friðrik Ómar áritar**
í Skeifunni kl. 15:00 í DAG
á Akureyri kl. 20:00 sunnudag




**Baggalútur**
- Nýjasta nýtt
**Árita**
í Smáralind kl. 17:00 í DAG
í Kringlu kl. 15:00 sunnudag










**Sveppi áritar**
Kringlu kl. 17:00 í DAG




**Gísli áritar**
Borgarnesi kl. 16:00 í DAG

Gildir til 21. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*






# Niðurskurður á borgarstyrk

Að ósk Reykjavíkurborgar hefur verið gert samkomlag, milli borgarinnar og Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, um nær 50 milljóna króna lækkun framlaga borgarinnar til leikhússins á næsta ári frá gildandi samningi en framlag borgarinnar var áætlað 431 milljón.

Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri hafði þetta um niðurskurðinn að segja í gær: „Eðli málsins samkvæmt er nær 50 milljóna króna niðurskurður á fjárframlögum til leikhúss mikið áfall. Staðan í samfélaginu er hins vegar þannig að við litum svo á að við gætum ekki skorast undan þegar Reykjavíkurborg bar fram ósk um viðræður um frávik frá gildandi samningi. Borgarleikhúsið er hluti af samfélaginu og vill leggja sitt lóð á vogarskálarnar á erfiðum tímum. Aðsókn undanfarið hefur verið sú mesta í sögu félagsins og af þeim sökum erum við betur í stakk búin að taka á okkur svona skell án þess að það komi niður á leikárinu. .“

Þrátt fyrir niðurskurðinn hefur Borgleikhúsið svigrúm til þess að halda starfsemi sinni óbreyttri vegna þeirrar miklu velgengni sem leikhúsið hefur átt að fagna undanfarna mánuði. Nauðsynlegt er að aðlaga starfsemi og skipulag breyttum tímabundnum aðstæðum en ekki verður gripið til þess ráðs að fella niður eða fresta verkefnum. Áætlun leikársins stendur því óhögguð. Aldrei hafa fleiri gestir sótt leikhúsið en undanfarna mánuði og mikil sala er á sýningar fram undan. Áskriftarkortasala leikhússins ellefufaldaðist í haust og meira en tvöfalt fleiri jólagjafakort hafa verið seld en áður.

Tilkynnt var um niðurskurð á framlögum borgarinnar á fundi með starfsfólki á fimmtudag.


**LEIKLIST** Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri er hvergi banginn þrátt fyrir harkalegan niðurskurð til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu.

Niðurskurðurinn er augljóslega mikið högg fyrir rekstur leikhússins og ljóst að það mun taka á starfsfólk að mæta honum. Líta stjórn og stjórnendur svo á að það sé skylda leikhússins að leggja sitt af mörkum og axla ábyrgð. Starfsfólk var ánægt með ákvörðun stjórnar leikhússins og sýndi beiðni borgaryfirvalda fullan skilning.

Samstarf Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur á sér ríflega aldarlanga sögu og tímabundnar breytingar á samkomulaginu hafa engin áhrif á það góða samstarf í 111 ár. Rekstrarframlag borgarinnar til leikhússins á næsta ári verður því um 370 milljónir króna sem er vel undir 45 prósentum af heildartekjum leikhússins sem þykir afar lágt opinbert framlag miðað við sambærileg leikhús af þessari stærð hérlendis og erlendis. Lítið má því út af bera með aðsókn að verkefnum.

Eftir ítarlega skoðun á fjárhag leikhússins, þarf ekki að skera niður verkefni yfirstandandi leikárs eða fresta sýningum. Sýna þarf mikla ráðdeild í rekstri leikhússins. „Í engu verður hvikað frá kröfum um listrænan metnað,“ segir Magnús. Mögulegt er að halda óbreyttri starfsemi vegna þess góða árangurs sem þegar hefur náðst í miðasölu og sölu áskriftarkorta. Hinn 1. desember höfðu yfir 80.000 gestir sótt leikhúsið heim sem er meira en nokkru sinni í sögu þess og áskriftarkortasala hússins ellefufaldaðist milli ára og varð þar með sú mesta í íslensku leikhúsi fyrr og síðar.

Verkefnin fram undan eru ólík: Rústað (Blasted) eftir Söru Kane, eitt af umdeildustu leikskáldum seinnni tíma, verður frumsýnt 30. janúar. Pétur Jóhann Sigfússon undirbýr einleik sinn, Sannleikann. Leikrit Friederichs Dürrenmatt, Milljarðamærin snýr aftur, stóð upphaflega til að frumsýna í desember en sökum gríðarlegrar aðsóknar á Fló á skinni og Fólkið í blokkinni var ákveðið að færa sýningartíma verksins. Frumsýning er 27. febrúar. Undirbúningur fyrir Söngvaseið hefur staðið í allan vetur og skemmst er að minnast þess að fjögur þúsund börn freistuðu gæfunnar í áheyrnarprufum. Önnur verkefni sem frumsýnd verða á leikárinu eru Harry og Heimir, Rachel Corrie og Ökutímar. Þegar hafa verið sýndar yfir 50 uppseldar sýningar á Fólkinu í blokkinni og yfir 120 uppseldar sýningar á Fló á skinni, sunnan og norðan heiða. Sýningar á báðum þessum verkum halda áfram á næstu mánuðum og virðist velgengni þeirra gefa Leikfélagi Reykjavíkur styrk til að taka þessum niðurskurði.

pbb@frettabladid.is



# Áritanir í Skífunni!



S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

100% ÍSLENSKT

**Skífan Laugavegi 26 laugardagur 20. des**

**14:00** **Lay low** - áritar og tekur á móti platínuplötu fyrir Please Don´t Hate Me og gullplötu fyrir Farewell Good Night's Sleep.
**15:00** **Tómas R.** - áritar og tekur lagið
**16:00** **Sigurður Guðmundsson** áritar og fær afhenta gullplötu fyrir Oft spurði ég mömmu




## GEFÐU GÓÐA ÍSLENSKA JÓLAGJÖF SEM GLEÐUR



Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
lau. 20/12 þrjár sýningar, uppselt
sun. 21/12 þrjár sýningar, uppselt
**Uppselt í desember!**

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
**Frumsýning 26. desember**
lau. 27/12 örfá sæti laus
sun. 28/12 örfá sæti laus

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
**Sala hafin á sýningar í janúar**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
**Sýningar í janúar komnar í sölu**

Kardemommubærinn
Sértilboð á gjafakortum
til áramóta.

Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf sem gleður alla
www.leikhusid.is





GEFUM GÓÐAR STUNDIR



ÍSLENSK BARNAFÖT
Þórsgötu 13
Opið 12 til 22
17. til 23. des
s. 6983066
www.pjakkar.is
PJAKKAR
Íris Bjarnadóttir





Krakkajól
Jólalög
Jólasögur
Jólamatur
Jólafréttir
jol.is



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# Ú á farsímann og fleiri hljóð

Þetta er tvískipt vara; bók með 21 myndljóði og hljóðdiskur með 20 hljóðaljóðum. Einblínum á bókina. Skáldskapur hennar verður ekki skilinn frá myndunum, hvort styður annað líkt og dægurlag dægurlagatexta eða rímnalag rímnastagl, áhrifin felast í heildinni, hvorugt má án hins vera án þess að missa mátt.

Þetta er skáldskapur sem hafnar lýrík, skáldskapur sem efast um sígilda hæfni ljóðsins til að tjá sannleik síns tíma og leitar sér stuðnings í sjónáreiti, minnir (með öfugum formerkjum) á "konseptið" í myndlistinni sem þoldi ekki samanburðinn við ritlist og hugvit á sínum tíma og gekk í raðir óvinarins í stað þess að sigra hann á eigin klassísu bragði (fórnaði ímyndunarafli og skyni fyrir skilning, rök og sögn). Hér er það textinn sem lúffar fyrir myndinni og rennur inní hana sjálfviljugur, krefur hana frjóvgunar í fullvissu þess (væntanlega) að afkvæmið endurspegli brenglaða póst-x-móderníska heimsmynd neytandans, glötuð gildi hennar og fallin goð, tómið og tittlingaskítinn í blöðum og máli manna.

Þess vegna er tilgangslaust að "skrifa um" þessa bók – en sjálfsagt að lesa hana og skoða; hún er bráðfyndin, háðsk og orðheppin, líka ósvífin og örvandi, orð í tíma töluð. Texti hennar (og sambúð við mynd) er þeirrar náttúru að hann frábiður sér "gagnrýni", biðst undan "túlkun og greiningu", krefst þess að mæla aðeins eigin tungu, sem er sjálfgefið af því hann getur ekki annað. En sérkenni bókarinnar er skemmtileg þversögn (nema hvað): Ástæða þess hve "ljóðin" kveikja víðtækan og "fullvita" þanka er falin í takmörkun þeirra og "barnaskap"; krakkalegt tölvu-teiknimyndayfirbragðið kveikir andstæðu sína í kolli lesandans (með aðstoð vísana og tákna) uns mannkynssagan sem og Íslandssagan opnast víða með nýjum (ó)kunnum (ó)hljóðum og (ó)rannsakanlegum (ó)vegum. Lúmskt "bragð" og virkar með vaxandi styrk.



**BÓKMENNTIR** Eiríkur Örn Norðdahl ljóðskáld og þýðandi

Þekkt er sú hugmynd að helsti aflvaki skáldskaparþroska sé ó- og meðvitaður mislestur og vanskilningur á skáldskap fyrri (stór)skálda. Sjónarmið þetta gefur skotleyfi á afbakanir og útúrsnúninga, hvetur framtíðarskáldið til að gleypa strax alla veisluna í farangrinum og gera sér mat úr dritinu. Þetta er í tísku núna og ekki bara fyndið, hefur nokkuð hrífandi slagkraft í þessari bók. Það endurmat og sú afhjúpun sem þessu fylgir eru nefnilega bandingjar og tálbeita ljóðsins í byltingunni (sem ávallt býr í brjósti þess) og óumflýjanlegt vopn ungskáldsins gegn þjóðhollum ósigrandi skólaljóðum með óþolandi söngluðrablæstri og alltof háum hólum. Skáldið okkar er hér í fylkingarbrjósti, baðar hetjur gærdagsins háði, býður þeim birginn og nauðgar þeim uppá nöturlegan (tilgangslausan) nútímann með framandi tungum.

Aðför bókarinnar að viðteknum smekk og (meintri)úreltri óskhyggju smáborgarans/elítunnar felst líka í því að "lækna líkt með líku", rifa saman slitinn skrokk með slitnum þræði, afhjúpa fordóma með fordómum, hirta gula pressu með því að mála heiminn hlandgulan og siga óhljóðum á hávaða, bregða fæti fyrir höfuðstaf með öðrum verri. Þetta er tvíeggja aðför og svolítið pirrandi, reynir að stinga uppí þá eftirsóknarverðu málssókn (goðsögn?) að ljóðið sé auðmjúkt og leiti þess ávallt að sigra hið harða með mýkt, þaggar niður í sögulegu herópi þess gegn hávaða og stríðsfyrirsögnum sem fella þarf heilan skóg til að prenta á blað. En þá ber að hafa hugfast að bókin vantreystir ljóðum yfirhöfuð.

Á hljóðdisknum er "illt eðli fasismans tvíundirstrikað og tíundað án afsláttar" einsog segir á kápu. Kröftugur seiður að vestan. ***

**Sigurður Hróarsson**



**BÓKMENNTIR**
**Ú á fasismann – og fleiri ljóð.**
Eiríkur Örn Norðdahl
Forlagið
★★★

Aðför að viðteknum smekk

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 20. desember**

### Tónleikar



Tvennir tónleikar verða í Langholtskirkju við Sólheima þar sem kór kirkjunnar ásamt Gradualekórnum flytja jólalög. Einsöngvarar með kórnum verða **Eivör Pálsdóttir**, **Ólöf Kolbrún Harðardóttir** og **Bragi Bergþórsson**. Fyrri tónleikarnir eru kl. 20. en þeir seinni kl. 23.

**20.30** **Bubbi Morthens** verður með tónleika í Hátíðarsal Menntaskólans í Borgarnesi. Á efnisskránni verður nýtt efni í bland við eldra. Húsið opnar kl. 20.

**21.00** **Vinir Dóra** verða með jólablúsgjörning á Rúbín í Öskjuhlíð (við hlið Keiluhallarinnar). Gestir tónleikanna eru Ragnheiður Gröndal og Davíð Þór Jónsson.

**21.00** **Kammerhópurinn Camerarctica** verður með tónleika í Kópavogskirkju þar sem flutt verða verk eftir Mozart og Hoffmeister.

**22.00** **Bogomil Font** verður með jólatónleika á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg, þar sem sérstakur gestur verður Sigríður Thorlacius.



**23.00** Jólatónleikar **Páls Óskars** verða á Nasa við Austurvöll. Húsið opnar kl. 23.

**23.30** **Sprengjuhöllin** og **Bob Justman** verða með tónleika á skemmtistaðnum Kaffi Kúltúra við Hverfisgötu 18.

**23.30** Tónleikar verða í tilefni af eins árs afmæli Jóns Jónssonar ehf. þar sem bandaríska tvíeykið **Ratatat** spilar á Broadway við Ármúla. **FM Belfast** hita upp. Húsið opnar kl. 23.30.

**00.00** **Stóns Tribute** verður á Dillon Sportbar við Trönuhraun í Hafnarfirðinum. Húsið opnar kl. 23.

**00.00** **Sálin** spilar á Sjallanum við Geislagötu á Akyreyri.

### Fyrirlestrar

**13.00** **Dr. Terry Gunnel**l þjóðfræðingur flytur erindi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins um trú og siði kringum íslensku jólin í aldanna rás. yrirlesturinn er á ensku. Aðgangur ókeypis. Þjóðminjasafnið við Suðurgötu.

### Síðustu Forvöð

**Jólakjólar**, sýning á 14 jólakjólum sem jafn margir íslenskri hönnuðir létu sauma fyrir sýninguna, lýkur sunnudaginn 21. des. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41.

### Opið Hús

**Listamenn í Auðbrekku 6**, Kópavogi, opna vinnustofur sína fyrir gestum og gangandi frá kl. 14-17.

### Markaðir

**Norðurport**, markaður á Dalbraut 1 á Akureyri hefur verið opnaður þar sem boðið er upp á margskonar varning. Opið um helgina kl. 11-17.

**Fjarðarportið** að Kaplahrauni 2 (hjá FH vellinum) í Hafnarfirði er opið lau.-þri. kl. 12-18.

### Uppákomur

**11.00** **Jólasveinarnir** koma við á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu, alla daga fram að jólum. Í dag kemur Bjúgnakrækir til byggða. Aðgangur ókeypis.

**12.34** **Lifandi jóladagatal** í Norræna húsinu við Sturlugötu. Í dag verður tuttugasti glugginn opnaður.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**




Gleðilega jólahátíð
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
www.kirkjugardar.is

Tilkynning frá Kirkjugörðum
Reykjavíkurprófastsdæma

Þjónusta á Þorláksmessu og aðfangadag

Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00 verða starfsmenn að störfum í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði, Hólavallagarði og munu þeir leiðbeina eftir bestu getu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **www.gardur.is**

**Þjónustusímar**
Skrifstofan í Fossvogi, sími 585 2700 og skrifstofan í Gufunesi, sími 585 2770, eru opnar á Þorláksmessu og aðfangadag frá kl. 9:00 til 15:00

Ratkort er hægt að fá afhent á skrifstofunum eða prenta út á **www. kirkjugardar.is**

Upplýsingar eru veittar í síma allan desembermánuð á skrifstofutíma. Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 09:00 til 12:00

**Á aðfangadag frá kl. 09: til 15:00 er allur akstur um kirkjugarðinn í Fossvogi óheimill, nema fyrir hreyfihamlaða.**



DVD
í Skífunni!
S·K·Í·F·A·N
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
WALL·E
BOÐSMIÐI
CITY OF EMBER
THE DARK KNIGHT
KUNG FU PANDA
Með hverri Wall-E DVD fylgir miði á bíó-myndina City of Ember
GEFÐU SKEMMTILEGA DVD JÓLAGJÖF
CLONE WARS
EINNIG Á Blu-ray Disc
MIKE MYERS
THE LOVE GURU
NARNIA
VINCE VAUGHN PAUL GIAMATTI
FRED CLAUS
INDIANA JONES AND THE KINGDOM OF THE CRYSTAL SKULL
EINNIG Á Blu-ray Disc
SAVING THE WORLD... AND LOVING IT.
GET SMART
NIM'S ISLAND
IRON MAN
EINNIG Á Blu-ray Disc

## > TÍSKUTEIKNINGASÝNING

Um helgina opnar skemmtileg sýning á tískuteikningum Hildar Yeoman í versluninni Thelmu Design að Garðastræti 2. Myndirnar eru af fyrirsætum klæddum fatnaði frá hönnuðum eins og Rodarte, Chloe og Soniu Rykiel. Myndirnar eru teiknaðar og málaðar á efni og svo er saumað út í þær.

# stíll

utlit@frettabladid.is

VERSLUNIN SÆVAR KARL



OKKUR LANGAR Í ...

AFRÍSKUR KJÓLL



SNYRTIVÖRUR






## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Sebrabuxurnar*

Á þessum árstíma sakna ég þess alltaf ógurlega að vinna ekki í fatabúð. Minnist áranna með söknuði þegar ég hjálpaði þjóðinni að dressa sig upp. Það fylgir því ákveðin útrás að kveðja glaðan kúnna með falleg föt í poka. Að vinna á Þorláksmessu fannst mér líka ótrúlega gaman, þá fylltist búðin af örvæntingarfullum eiginmönnum sem höfðu sirka 24 tíma í að bjarga jólunum með gjöfum til eiginkvennanna. Þegar ég spurði herramennina hvernig eiginkonurnar litu út var svarið alltaf á svipaða leið „Hún er ótrúlega svipuð þér“ og svo var maður mældur út.



Það eru þó ein jólin sem toppa allt. Á Þorláksmessukvöld heimsóttu þrír vinir verslunina. Þeir voru nýkomnir úr skötuveislu og höfðu eflaust þurft að marinera sig vel í ákavíti til að koma fisknum niður. Hressleikinn hreinlega draup af þeim þegar þeir tilkynntu mér hátt og skýrt að þeir væru allir í sömu erindagjörðum: Að leita að gjöf handa eiginkonunum. Þeir þurftu þó ekki að hugsa sig tvisvar um þegar þeir rákust á loðnar sebrabuxur frá hinu sívinsæla vörumerki Tark. Á augabragði ákváðu þeir að gefa eiginkonunum þremur það sama og létu það fljóta með að þær hefðu hvort sem er vanið sig á það að skila öllu sem þeim væri gefið. Mestu máli skipti að gjöfin væri ekki of ódýr og aumingjaleg. Þeir hugsuðu sér líka gott til glóðarinnar þegar eiginkonurnar færu að hringja sín á milli og myndu komast að gríninu sem fylgdi loðnu sebrabuxunum.

Þó svo að það sé hægt að selja örvæntingarfullum eiginmanni 27 stykki af sömu skyrtunni reyndi ég þó alltaf að vera heiðarleg þótt ég væri á söluprósentum.

Ég verð þó að játa að ég var reyndar með pínu samviskubit þegar herramennirnir þrír löbbuðu út með loðnu sebrabrækurnar því þær voru ekki alveg það klæðilegasta sem hægt var að eignast. Ég huggaði mig við það að þeir hefðu algerlega tekið þessa ákvörðun sjálfir.

Eftir jólin beið ég spennt að sjá hvort dömurnar mættu til að skila buxunum en þær létu á sér standa svo ég geri ekki ráð fyrir öðru en þær hafi bara verið alsælar með jólagjafavalið. Þegar ég hugsa til baka minnist ég þess þó ekki að hafa nokkurn tímann mætt konu í þessum buxum en kannski hafa þær bara farið allar út á land…


**SLAUFA** Ómótstæðilegir hælaskór frá Prada.


**FÁGUN** Kynþokkafullur svartur samfestingur frá MiuMiu.


**ÆVINTÝRALEGUR** Fínlegur kjóll úr blúndum og neti við grófar netasokkabuxur frá Rodarte.

BLÚNDUR OG HÆLAR:

# Glamúr og þokki yfir hátíðarnar

Nú hefst tímabil jólaboðanna og næg tækifæri fyrir konur að taka fram sparikjóla og fallega hæla. Svarti liturinn er alltaf klassískur en í vetur eru gamaldags blúndur áberandi sem og gegnsætt siffon og neta- og blúndusokkabuxur. Himinháir hælaskór sáust hvarvetna á tískupöllum og oft með þykkum botni. Slíkir skór eru bæði fallegir við fína kjóla en eru líka skemmtilegir við sokkabuxur og víða peysu þegar maður vill ekki vera of uppstrílaður. Nú er líka um að gera að seilast í rauða varalitinn og punta sig í skammdeginu. - amb


**GOTH** Sexí og frumlegur kjóll úr leðri og siffoni frá Rodarte.


**GRAFÍSKT** Frumlegur kjóll úr ferhyrndu neti frá MiuMiu.


**BLÚNDUR** Gullfallegur hnésíður blúndukjóll frá Prada.


**SEXÍ** Himinháir svartir hælar frá Rodarte.







fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN.IS

vera
tískuvöruverslun



-20%
OPIÐ
LAUG. 10 - 22 | SUNN. 10 - 22
laugavegur 49 | sími 552 2020




DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

## > ÓSKALÖG Í BRÚÐKAUP

Leikkonan Anne Hathaway hefur sett saman óskalagalista fyrir brúðkaup sitt þrátt fyrir að hún hafi ekki enn fundið hinn eina rétta. Á listanum eru lögin Maps með Yeah Yeah Yeahs, Walken með Wilco og You Are the Best Thing eftir Ray Lamontagne. „Það á eftir að verða aðalbrúðkaupslagið næstu 25 árin,“ segir hún um síðastnefnda lagið.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Grunaði ekki að Freddie væri hommi

Gítarleikari rokksveitarinnar Queen og góðvinur Nylon-flokksins, Brian May, hefur stigið fram með merkilegar upplýsingar. Hann segist nefnilega aldrei hafa grunað að Freddie Mercury væri hommi. Freddie hafi nefnilega átt urmulinn allan af kærustum. May og Mercury voru ákaflega nánir félagar á upphafsárum hljómsveitarinnar og May hafði ekki hugmynd um að félagi hans og vinur væri fyrir stráka. „Ég meina, ég deildi herbergjum með Freddy á tónleikaferðum og kynntist mörgum af hans kærustum og hann átti svo sannarlega enga kærasta,“ segir May í samtali við Daily Express.

May segir jafnframt að eftir að Mercury áttaði sig á samkynhneigð sinni þá hafi hann farið mjög leynt með hana á opinberum vettvangi. „Hann viðurkenndi aldrei bókstaflega að hann væri samkynhneigður heldur sneri sig út úr spurningum um það efni. Freddie var enginn asni,“ segir May og bætir því við að þeir sem sjái sögu Freddie Mercury eingöngu í ljósi samkynhneigðar séu á villigötum. „Freddie elskaði bara tónlist og hann vildi ekki að neitt gæti stoppað hann í þeirri ástríðu sinni,“ segir May.



**GÓÐIR VINIR** Freddie Mercury og Brian May voru góðir vinir á meðan Freddie lifði en hann dó úr alnæmi 1991. May segist aldrei hafa grunað að vinur sinn væri samkynhneigður.




GEFÐU UPPLIFUN Í JÓLAGJÖF
GJAFAKORT
ESKIMOS
www.eskimos.is, eskimos@eskimos.is
Símar: 414-1500 / 8220033


# Anita Briem í stjörnupartíi

**Íslenska leikkonan Anita Briem var meðal boðsgesta þegar hinn glæsilegi staður, The Conga Room, var enduropnaður eftir miklar breytingar fyrr í þessum mánuði.**

Meðal eigenda The Conga Room eru sjónvarpsleikarinn Jimmy Smiths sem áhorfendur Skjáseins kannast við úr Caine, söng-og leikkonan Jennifer Lopez og körfuboltahetjan Baron Davis. Enginn hörgull var á stórstjörnum í partíinu en meðal þeirra sem skemmtu sér konunglega voru leikkonurnar Eva Longoria og Jessica Alba. Þá skorti ekkert upp á smástirnin sem þrífast á mannfögnuðum á borð við þennan en þeirra á meðal var fyrrum Boston Legal-stjarnan Dylan McDermot.

Kvikmynd Anitu, Journey 3-D, mæltist vel fyrir og fékk ágætis viðtökur í bandarískum kvikmyndahúsum. Leikur hennar í annarri seríu af The Tudors hefur einnig vakið mikla athygli og samkvæmt síðustu fréttum mun Anita leika eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni The Storyteller á móti Idol-stjörnunni Katherine McPhee.

The Conga Room er á besta stað í Los Angeles, beint á móti Staple Center, heimavelli Los Angeles Lakers. The Conga Room var upphaflega hugsað til að koma tónlistarmönnum frá Suður-Ameríku á framfæri og var starfrækt á árunum 1997 til 2006. Nýir eigendur staðarins hafa í hyggju að færa aðeins út kvíarnar og bjóða upp á aðeins „almennari“ skemmtiatriði.

freyrgigja@frettabladid.is



**Í FYLGD MEÐ FRÆGUM** Meðal gesta við opnun The Conga Room voru auk Anitu, Eva Longoria, Jessica Alba, Andy Garcia og fyrrum Boston Legal-hetjan Dylan McDermott og October Road-leikkonan Laura Prepon. Eigendurnir Baron Davis og Jimmy Smiths voru að sjálfsögðu meðal gesta en lítið sást til Jennifer Lopez sem á víst í hjónabandsvandræðum um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY



JESSICA ALBA OG BYRON DAVIS



EVA LONGORIA OG AMAURY NOLASCO



JIMMY SMITHS OG FRÚ


AÐVENTUDAGSKRÁ Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU
Ókeypis aðgangur



© Fjölskylda Halldórs Laxness

Í dag, laugardaginn 20. desember

Tónleikar við jólatréð:

**Kl. 16: Gissur Páll Gissurarson**, tenórsöngvari, og Nýi-kvartettinn flytja sígild jólalög, innlend og erlend.

Sunnudagur 21. desember

Brúðuleiksýning, bókakynning og samvera við jólatréð:

**Kl. 14:** Brúðuleiksýningin *Jesúbarnið*. **Sögusvuntan** flytur hugljúfa sögu byggða á jólaævintýri eftir Leo Tolstoy. Hentar börnum í kringum 5–6 ára aldur.

**Kl. 15: Jón Baldur Hlíðberg** og **Sigurður Ægisson** kynna bók sína *Kynjaskepnur.* Myndskreytingar úr henni eru til sýnis í móttöku og veitingastofu Þjóðmenningarhússins. Hentar allri fjölskyldunni.

**Kl. 16:** Samverustund við jólatréð í samvinnu við Alþjóðahúsið.

**Bækur, tónlist, kerti og spil og annar fallegur varningur í verslun.**
**Sala Kærleikskúlunnar stendur frá 5.–19. desember.**

**Þjóðmenningarhúsið – The Culture House**
*National Centre for Cultural Heritage*
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími 545 1400 • www.thjodmenning.is
**Sýningar - leiðsögn - verslun**

**Sýningarnar Handritin, Surtsey og Ljósmyndir Halldórs Laxness eru opnar alla daga frá kl. 11 til 17.**
Veitingastofan er opin á sama tíma á virkum dögum.

**Þjóðmenningarhúsið verður opið frá kl. 9 til 12 á aðfangadag og gamlársdag. Lokað á jóladag og nýársdag.**



ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ







Til sölu
nokkur verk eftir
Kristján Davíðsson
Uppl. í síma 893 8968

Regatta
GREAT OUTDOORS™

# STÖNDUM SAMAN GEGN KREPPUNNI !

# OKKAR FRAMLAG

# 50% AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM VÖRUM TIL JÓLA

**OPIÐ**
virka daga 10 – 18
lau. 20. des. 10 – 18
sun. 21. des. 13 – 17
mán. 22. des. 10 – 20
þorláksm. 10 – 22
aðfangad. 10 – 12

www.utivistogsport.is

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

# Engin börn hjá Scarlett



**Bandaríska leikkonan með skandinavíska eftirnafnið, Scarlett Johansson, hefur útilokað barneignir í nánustu framtíð. Hún segist einfaldlega ekki hafa tíma til þess. Scarlett og leikarinn Ryan Reynolds gengu í það heilaga í september á þessu ári en börn virðast ekki á næsta leiti. „Ég er 24 ára gömul, ég á enn mikið eftir ógert og hef nægan tíma til að spá í börn,“ sagði Scarlett í samtali við Entertainment Tonight. Scarlett útilokar hins vegar ekki að verða mamma einn daginn. „Einhvern tímann, en ég er ekki tilbúin fyrir það núna.“**

# Hilton líkt við Monroe

Slúðurblöð væru fátækleg ef Parisar Hilton og hennar yfirlýsinga nyti ekki við. Hinn 27 ára hótelerfingi hefur nú upplýst heimsbyggðina um að hún hafi alltaf vitað að hún yrði fræg ljóska. „Ég var elsta barnabarnið og amma mín var alveg viss um að ég yrði næsta Marilyn Monroe eða Grace Kelly. Hún hélt þessu statt og stöðugt fram alla mína æsku. Og svo var alltaf verið að taka myndir af mér,“ útskýrir Paris.

# Slökkviliðið fækkar fötum

**Slökkviliðsmenn á höfuðborgarsvæðinu útbjuggu dagatal með myndum af fjórtán fáklæddum slökkviliðsmönnum og selja í fjáröflunarskyni.**



**DAGATALSMYNDIRNAR** Fjórtán slökkviliðsmenn prýða myndir fyrir mánuðina tólf. Það er bráðatæknirinn Sveinbjörn Berentsson sem tók myndirnar í dagatalið.

„Við erum slökkviliðsmenn á höfuðborgarsvæðinu sem förum þessa fjáröflunarleið í stað þess að fara í fyrirtæki að biðja um peninga,“ segir Kristmundur Carter slökkviliðsmaður. Hann er einn þeirra fjórtán slökkviliðsmanna sem prýða dagatal slökkviliðsmanna. „Við gerðum þetta í fyrsta skipti fyrir tveimur árum og það tókst afbragðsvel.“

Slökkviliðsmennirnir eru að afla fjár til þess að fara á heimsleika lögreglu- og slökkviliðsmanna, sem verða haldnir í Vancouver í Kanada í júlí á næsta ári. Þangað fara 32 slökkviliðsmenn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, auk lögreglumanna. „Þar er keppt í 64 keppnisgreinum, bæði greinum sem tengjast slökkviþættinum og líka í íþróttum,“ segir Kristmundur.

Slökkviliðsmennirnir létu prenta þrjú þúsund eintök af dagatalinu, og Kristmundur segir að vel hafi gengið að selja það. „Það hefur gengið rosalega vel og dömurnar taka vel í þetta. Við erum aðallega að selja þetta í Smáranum og á bás í Kringlunni, frá fjögur til tíu fram að jólum. Við erum sprækir og otum þessu svolítið að fólki.“

thorunn@frettabladid.is



**RATATAT** Spilar á Broadway í kvöld.

# Rafrænt rokk og ról

Rafræna rokksveitin Ratatat frá Bandaríkjunum spilar á Broadway í kvöld á tónleikum sem eru skipulagðir af Jóni Jónssyni ehf., sem heldur upp á eins árs afmælið sitt um þessar mundir.

Ratatat hefur áður spilað hér á landi á Iceland Airwaves-hátíðinni við góðar undirtektir. Hróður sveitarinnar hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og hefur hún meðal annars spilað með Björk Guðmundsdóttur.

FM Belfast og Sexy Lazer koma einnig fram á tónleikunum, sem hefjast klukkan 23.30.

# Fergie í hjónaband

**Söngkona Black Eyed Piece, Fergie, hyggst ganga í það heilaga með leikaranum Josh Duhamel í næsta mánuði, að sögn vefsíðunnar Access Hollywood. Parið trúlofaði sig í desember í fyrra og hefur nú ákveðið dagsetningu fyrir stóra daginn. Fergie hefur rætt um hversu mikið hana langi að eignast fjölskyldu og nú virðist stóri dagurinn innan seilingar.**

**Access Hollywood segist hafa heimildir fyrir því að vígslan fari fram í Suður-Kaliforníu helgina 9.-11. janúar.**


# KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS KYNNIR ÚTSKRIFTARVERK NEMENDA



**EINELTI**
Sameiginlegt verkefni

Hvað geta foreldar gert þegar börnin lenda í einelti?
**Leikstjórn og hljóðvinnsla:** Haukur H. Þorsteinsson. **Lýsing og aðstoð við kvikmyndatöku:** Gunnar Gunnarsson. **Leikmynd:** Jón Andri Guðmundsson. **Handrit:** Einar Kárason. **Aðstoðarframleiðandi:** Jóhann Ottesen Þórisson. **Aðstoðarleikstjórn og klipping:** Gunnar B. Guðbjörnsson. **Leikarar:** Páll Pálsson, Lára Sveinsdóttir, Ágúst Elí Ásgeirsson, Pétur Einarsson, Ellert A. Ingimundarson, Jakob van Oofterhout.

Brautskráningarverk nemenda af kvikmyndabraut verða sýnd í dag í Bæjarbíói Hafnarfirði kl. 13:00. Allir velkomnir!



**ANGORA**
Jón Andri Guðmundsson

Sumt fóLk ætti ekki að búa til bíó.



**BIÐSTOFAN**
Jóhann Ottesen Þórisson

Hvað gerir maður sem finnur sér fyrst lífsförunaut þegar hann er dáinn?



**HIMINNINN ER AÐ HRYNJA...**
Gunnar B. Guðbjörnsson

Skyggnst inn í heim Ólafs Arnalds á tónleikaferðalagi hans um Bretland.



**KERAMIK**
Haukur H. Þorsteinsson

Fólk skilur stundum ekki hvað okkur er kærkomið og hvað ekki.
Og hverjum er ekki sama?



**LJÓSMYNDARINN**
Gunnar Gunnarsson

Áhugaljósmyndari kemur í lítið þorp þar sem fleira en ljós og skuggi festast á filmu hans...



**SLUGS**
Sindri Eldon

Tvö tónlistarmyndbönd með afar óvinsælli hljómsveit. Fyrir misskilning komst annað þeirra í spilun í sjónvarpi.

www.kvikmyndaskoli.is

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

★ ★ ★ ★

# “Áhrifamikið listaverk sem skilur áhorfandann eftir djúpt snortinn.”

***Páll Baldvin Baldvinsson/DV***

★ ★ ★

**“Íslenskt meistaraverk”**
***Ólafur H. Torfason/Rás 2***

★ ★ ★ ★

**“Nýtt viðmið í Íslenskri kvikmyndagerð.”**
***Fréttablaðið***

★ ★ ★ ★

**“Nýjum hæðum er náð hvað kvikmyndaleik og samtöl varðar”**
***Heiða Jóhannsdóttir/Mbl***




## MEISTARAVERK RAGNARS BRAGASONAR OG VESTURPORTS

sem hlotið hafa á annan tug verðlauna og viðurkenninga. Yfir 130 mínútur af áður óséðu efni!
Þar á meðal 33 atriði af klippigólfinu, viðtöl við aðstandendur, frá upptökum myndanna ofl.
Yfirlestur (Commentary) leikstjóra og aðalleikara. Íslenskur, Enskur, Spænskur,Danskur texti.

## Skyldueign kvikmyndaáhugamannsins

**Leikstjóri og leikarar árita í Eymundsson**
**Smáralind milli 15:00 – 18:00 Laugardaginn 20.des.**
**og Eymundsson Austurstræti 23.des.**
**Myndirnar eru á tilboðsverði hjá Eymundsson á aðeins 3899 kr.**

SAMFILM Vesturport Eymundsson

# SENA MEÐ LÍFSMARKI

Þó að íslenskt hip-hop sé ekki fyrirferðarmikið í meginstraumnum eru menn að rappa og búa til flotta takta úti um allan bæ eins og þær tvær plötur sem hér eru til umfjöllunar sýna vel.

Beatmakin Troopa er listamannsnafn Pan Thorarensen, en hann hefur verið að búa til hæggenga og stemningsfulla instrúmental hip-hop tónlist í mörg ár og á að baki nokkrar plötur bæði einn og með dúóinu Stereo Hypnosis. Search For Peace er í anda sólóplötunnar Peaceful Thinkin sem kom út fyrir nokkrum árum. Þó að tónlist Beatmakin Troopa sæti ekki beint tíðindum og minni töluvert á trip-hoppið sem var áberandi fyrir tíu árum eða svo þá stendur hún samt vel fyrir sínu. Troopa hefur góða tilfinningu fyrir grúvi og er flinkur að finna flott sánd til að vinna með. Ágæt plata sem rennur ljúft í gegn.

Introbeats er DJ Intro úr Forgotten Lores. Tívolí Chillout er upptökustjóra-plata. Intro sér um taktana en fær svo alls konar rappara til að rappa yfir þá. Þetta er skrambi vel heppnuð plata. Án efa skemmtilegasta íslenska rappplatan í langan tíma. Taktarnir eru frekar einfaldir, en mjög ferskir og flottir og rappararnir fara margir á kostum, enda eru margir af færustu röppurum landsins á plötunni. Dóri DNA og Danni Deluxxx úr 1985! eru þarna og Byrkir B og Diddi Fel úr Forgotten Lores, 7berg, Bent o.fl. Það er fullt af flottum lögum á Tívolí Chillout, t.d. Lukka Lukka, Eins og..., Lúkurnar upp, Sjáðu og Borg Óttans. Besta lagið er samt Á vökunni sem Dóri DNA rappar. Algjört dúndur og Kæfan sem 1985! rappar í er litlu síðra. Sú sveit verður nú að fara að kýla á plötu, fjandinn hafi það.

Á heildina litið er Tívolí Chillout frábær íslensk hip-hop plata. Hún fær bestu meðmæli.

Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**
**Search for Peace**
Beatmakin Troopa
★★★
Önnur fín "chill"-plata frá Troopa.




**TÓNLIST**
**Tívolí Chillout**
Introbeats
★★★★
Skemmtileg hip-hop plata með glás af flottum röppurum.


NÝ FORVITNILEG BÓK

FRIÐARSÚLAN Í VIÐEY

Hver er hugmyndin að Friðarsúlunni? Úr hvaða jarðvegi er slík hugmynd sprottin? Hvaða tilfinningar eru í ljósgeislanum?




Bókin segir frá hinni upphaflegu hugmynd að Friðarsúlunni og þróun hennar, bakgrunni Yoko Ono og Johns Lennon, kynnum þeirra og lífi.
Meginefni bókarinnar fjallar hinsvegar um friðarbaráttu Johns Lennon og Yoko Ono, upphaf og uppákomur, New York árin og um frið á jörðinni.
Höfundar texta: Yoko Ono, Sigtryggur Magnason, Gunnar Hersveinn o. fl.



Bókin sem er 100 blaðsíður er gefin út af Íslandspósti í tilefni útgáfu frímerkis 9. október s.l. um Friðarsúlunni í Viðey.
Henni fylgir DVD diskur frá Yoko Ono um efnið og frímerkjaörk.

Bókin er einnig gefin út á ensku.
Fæst í helstu bókabúðum, á pósthúsum og víðar.
**Dreifing: Útgáfufélagið Heimur hf.**

PÓSTURINN




**LÖGÐU WEST HAM Í RÚST** Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon eru hluti af því tíu manna teymi sem lagði fjárhag West Ham í rúst að mati The Sun.
NORDICPHOTOS/GETTY

# The Sun vandar Íslendingum ekki kveðjurnar

**„Heyra mátti öskur frá blóði drifnum Upton Park þegar Íslendingarnir tilkynntu að þeir hygðust selja West Ham." Svona hefst stór úttekt sem birtist í breska blaðinu The Sun.**

The Sun stillir þeim Björgólfi Guðmundssyni og Eggerti Magnússyni upp í tíu manna byrjunarliði 1, sem hafi lagt fjárhag hins fornfræga knattspyrnufélags West Ham í rúst. Eins og kom fram í fjölmiðlum á fimmtudag hefur Eggert kært Björgólf fyrir að standa ekki við lokagreiðslu upp á 200 milljónir íslenskra eftir að hann var rekinn úr starfi stjórnarformanns knattspyrnufélagsins. The Sun dregur þá báða til ábyrgðar fyrir „Hammers house of Horrors" eins og það er orðað í blaðinu en það myndi útleggjast á íslensku sem hryllingsmynd Hamranna. En félagið er alla jafnan kallað Hamrarnir á Bretlandseyjum.

„Ólíkt flestum hryllingsmyndum er ekki bara einn vondur karl. Heldur eru þeir tíu. Tíu Drakúla greifar sem hafa mergsogið West Ham," skrifar blaðamaður The Sun. Þeir Björgólfur og Eggert eru þar efstir á blaði ásamt fyrrum stjórnarformanninum Terry Brown og íranska kaupsýslumanninum Kia Joorabchian. Blaðamaðurinn skautar yfir skrautlegan tíma Íslendinganna hjá Lundúnaliðinu. Segir að Eggert hafi eytt þvílíkum fjárhæðum í leikmenn að það hefði mátt halda að hann óttaðist að leikmannakaup kæmust brátt úr tísku. „Alan Curbishley var bara afhentur útfylltur tékki og boðið að kaupa hvern þann leikmann sem hann vildi," skrifar blaðamaður The Sun.

Eggert var síðan látinn víkja úr stóli stjórnarformannsins í september 2007 og Björgólfur tók við. Að sögn blaðamannsins kom það honum í opna skjöldu hversu miklum peningum Eggert hafði eytt. „En maður hlýtur að spyrja sig af hverju enginn úr stjórninni tók í taumana þegar menn sáu í hvað stefndi," skrifar blaðamaður The Sun og bætir því við að það eigi ekkert að koma Björgólfi sérstaklega á óvart hversu illa til hafi tekist, hann hafi ágætis reynslu af slæmum fjárfestingum eins og ævintýrinu í kringum ferðaskrifstofuna XL sem hafi þegar kostað West Ham fimm milljónir punda. The Sun leyfir sér að efast um að það gangi eitthvað vel að finna kaupanda, sá hinn sami þurfi að súpa seyðið af dómsmáli Carlos Tevez.

freyrgigja@frettabladid.is

# Jólaplönin í háaloft hjá Madonnu og Guy

Hjónakornin fyrrverandi, Madonna og Guy Ritchie, höfðu tilkynnt börnum sínum að þau hygðust halda jólin saman. Svona rétt til að smáfólkið fengi eitthvað fyrir sinn snúð eftir að hafa upplifað erfiðan skilnað. Nú er það skipulag í lausu lofti eftir að enski leikstjórinn neitaði Madonnu um að gista á gamla sveitasetrinu þeirra í Wiltskíri. The Sun greinir frá málinu og segir að Guy hafi óttast að of margar minningar frá hveitibrauðsdögunum myndu rifjast upp í kjölfarið.

Blaðið hefur eftir heimildarmanni sínum að Guy sé mjög mikið í mun að hafa börnin hjá sér yfir hátíðarnar. Madonna og Guy eiga soninn Rocco saman auk þess sem þau ættleiddu David Banda. Lourdes, dóttir Madonnu af fyrra sambandi, lítur jafnframt á Guy sem pabba sinn. „Guy þráir ekkert heitar en að eyða jóladeginum með krökkunum og er reiðubúinn til að gera nánast hvað sem er. Hann vill þó ekki eyða nóttinni undir sama þaki og Madonna, það myndi kalla fram sárar minningar," segir heimildarmaðurinn við The Sun.

Að sögn blaðsins eru því öll jólaplön í uppnámi en Guy mun hafa boðist til að fljúga til New York. Madonnu ku ekki hafa fallist á það og því eru hin gleðilegu jól nú í uppnámi hjá stjörnufjölskyldunni.



**Í HÁTÍÐARSKAP** Guy er mikill jólakarl og vill hafa börnin hjá sér á jóladag. Hann vill hins vegar ekki sofa undir sama þaki og eiginkonan fyrrverandi.


„Sá sem alltaf hækkar flugið hlýtur einhvern- tíma að hrapa"
ekki aftur snúið"
Að sjúga rokk og ról
Gaman að byrja aftur á núlli
BUBBI MORTHENS
Þorláksmessutónleikar 2008 í Háskólabíói
Vodafone og Bylgjan kynna
Árlegir Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens verða í Háskólabíói þann 23. desember og hefjast kl. 22
Miðasala í verslunum Vodafone og á vodafone.is
Miðaverð kr. 2.900
allar nánari upplýsingar á www.vodafone.is og www.prime.is
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA
vodafone
BYLGJAN 989

# Með burðardýr í startholunum

Fyrsta upplagið af plötu FM Belfast, How to Make Friends, er í þann mund að klárast og vinnur hljómsveitin nú hörðum höndum að því að útvega fleiri eintök.

Beitir hún til þess öllum ráðum og kemur til greina að fá vin vinkonu Árna Hlöðverssonar, sem býr í Berlín, til að fljúga heim með eintökin. „Ég veit ekki nákvæmlega hver það er,“ segir Árni um burðardýrið. „Þetta verður sent heim til vinkonu minnar í Berlín og sótt þangað ef þetta næst ekki með pósti.“

Um tvö þúsund eintök er að ræða, sem er jafnmikið og platan hefur selst í jólavertíðinni. „Þetta er ennþá mjög óskýrt. Ég er ekki viss um að þetta náist, við erum bara að bíða,“ segir Árni og vonar það besta. „Það er verið að kanna báðar leiðir.“

Hljómsveitin sá alfarið sjálf um framleiðslu plötunnar og þarf því sjálf að redda þessum viðbótareintökum. Árni játar að vissulega yrði það leiðinlegt ef platan næði ekki til landsins í tæka tíð en er samt ekkert að stressa sig. „Við erum búin að selja meira en við bjuggumst við þannig að við erum sátt. En það er leiðinlegt ef einhver vill kaupa plötuna fyrir jólin og getur það ekki.“

Spurður hvort þau græði eitthvað á útgáfunni segir Árni: „Við komum allavega út í plús. En það má alveg tína til kostnað undanfarinna ára og segja að þetta sé í mínus.“

- fb



**FM BELFAST** Árni Hlöðversson, Lóa Hjálmtýsdóttir og félagar í FM Belfast reyna að útvega fleiri eintök af nýju plötunni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Rúnar Júl á stuttermabol

**Listamaðurinn Jón Sæmundur Auðarson er í óða önn að hanna stuttermaboli með myndum af Rúnari Júlíussyni. Ágóði bolanna rennur til nýs minningarsjóðs Rúnars.**

„Þetta er hugmynd sem við ákváðum saman, ég og fjölskylda hans, og ég veit að hann hefði líka fílað þetta sjálfur,“ segir Jón. „Rúnar kom alltaf hérna ef það voru tónleikar, þá dressaði ég hann upp,“ segir hann. „Hann var hér fastagestur og kom oft hérna á mánudagsrúntinum.“

Mismunandi myndir af Rúnari verða á bolunum, þar á meðal portrett og mynd af honum með bassann. Salan á fyrstu bolunum er hafin og smám saman munu fleiri tegundir bætast við. Verðið er í kringum fimm þúsund krónur.

Orðrómur hefur verið uppi um að minningartónleikar um Rúnar séu fyrirhugaðir. Bjartmar Guðlaugsson, einn besti vinur Rúnars, segir að ekkert hafi verið ákveðið um það en býst við að slíkir tónleikar verði haldnir. „Það er minningin sem hann skilur eftir sig, þetta frábæra þriggja diska safn sem er bara innihald og umbúðir, alveg meistaraverk. Það er það sem maður vill að sé haldið fram í minningunni í dag,“ segir Bjartmar. „Hann lifir með þjóðinni í verkum sínum alla tíð. Hann víkur ekki úr huga manns þessa dagana, þessi dásamlegi maður. Höggið er mikið og söknuðurinn mikill, það finnur maður svo víða.“

Bjartmar segir að útgáfufyrirtæki Rúnars, Geimsteinn, sé í miklum blóma um þessar mundir. „Þessar afurðir sem hafa komið frá honum hjá elsta útgáfufyrirtæki landsins hafa verið svakalega flottar á síðustu árum. Svo var það sem hann hafði gefið út sjálfur. Maður horfir sjálfsagt svolítið öðruvísi á það núna en maður gerði. Hann var ofboðslega kaldur að fjalla bæði um dauðann og ástina. Hann virtist ekki óttast neinar tilfinningar,“ segir Bjartmar, sem er í góðu sambandi við fjölskyldu Rúnars. „Það er svo mikið af góðum minningum sem má ekki gleyma því það koma svo mörg bros fram í sorginni.“

freyr@frettabladid.is



**MINNAST RÚNARS**

**Jón Sæmundur Auðarson** í stuttermabol sem hann hannaði með mynd af Rúnari Júlíussyni. **Bjartmar Guðlaugsson** saknar Rúnars sárt.





| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| YES MAN Forsýning | kl. 8 DIGITAL | 7 |
| YES MAN Forsýning | kl. 8 | VIP |
| BOLTI 3-D Forsýning m/ísl. tali | kl. 4 DIGITAL 3D | L |
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6 - 8:10 - 10:20D | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 10:20 | |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:30 - 2D - 3:30 - 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 2 - 4 - 6 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 3:40 síð sýn | L |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
| YES MAN Forsýning | kl. 10:20 | 7 |
| BOLTI 3-D Forsýning m/ísl. tali | kl. 6 DIGITAL 3D | L |
| BOLTI 3-D Forsýning m/Ensku tali | kl. 8 DIGITAL 3D | L |
| TWILIGHT | kl. 5:50D - 8:10D - 10:30D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2D - 4D | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| BOLT Forsýning m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| TWILIGHT síð sýn | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| IGOR m/ísl. tali | kl. 2 - 6 (kr.500) | L |
| PRIDE AND GLORY | kl. 8 síð sýn | 16 |
| TRAITOR | kl. 10:30 síð sýn | 12 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
| YES MEN Forsýning | kl. 10:20 | 7 |
| BOLTI Forsýning m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 2 - 8 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| ZACK AND MIRI... | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| NICK AND NORAH'S | kl. 10:10 | L |
| IGOR m/ísl. tali | kl. 2 - 6 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 1 - 4 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ! | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 - 5.40 | 14 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.30 | L |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| BOLT 3D - FORSÝNING | kl. 4 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 – ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 3 og 5 | L |











**ULLARHATTARNIR** Hljómsveitin Ullarhattarnir verður með árlega jólatónleika sína á Þorláksmessukvöld.

# Ullarhattar í ellefta sinn

Hljómsveitin Ullarhattarnir verður með árlega jólatónleika sína á Þorláksmessukvöld á skemmtistaðnum Nasa. Þetta er í ellefta skipti sem Hattarnir stíga á stokk en eins og margir vita spila þeir bara einu sinni á ári.

Bæði jólalög og þekktar dægurperlur verða á dagskránni og meðal annars mun Jens Hansson flytja sína útgáfu af laginu White Christmas. Einnig verður leynigestur á staðnum. Meðlimir Ullarhattanna eru Jón Ólafsson, Stefán Hilmarsson, Friðrik Sturluson, Eyjólfur Kristjánsson og Jóhann Hjörleifsson. Forsala aðgöngumiða fer fram á Nasa á mánudag milli 15 og 17. Einnig fást miðar í Respekt í Firðinum. Miðaverð er 2.000 krónur.



**WHITNEY HOUSTON** Stjúpmóðir Whitney vill að hún skili peningunum sem faðir hennar lét eftir sig.

# Stjúpmóðir höfðar mál

**Stjúpmóðir Whitney Houston hefur höfðað mál gegn söngkonunni vegna milljón dollara líftryggingar sem faðir Houston lét eftir sig þegar hann dó fyrir fimm árum.**

**Barbara Houston segir að stjúpdóttir sín hafi átt að nota meirihluta upphæðarinnar til að borga upp húsnæðislán föður síns. Hún býr sjálf í húsinu og segir að hún hafi sjálf átt að fá afganginn af peningunum. Í málshöfðuninni segir hún að Whitney hafi haldið arfinum fyrir sig og þar með brotið lög.**







## > Komst í gegnum niðurskurðinn

Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, hélt uppteknum hætti á öðrum keppnisdegi Opna Suður-afríska meistaramótsins í golfi í gær og lék á 72 höggum eða á pari vallarins. Birgir Leifur fór fyrri hringinn í fyrradag á einu höggi undir pari og er því samanlagt á einu höggi undir pari en það dugði honum til þess að komast í gegnum niðurskurðinn. Hann er í 64.-76. sæti af 155 kylfingum en mótið er liður í Evrópumótaröðinni og er hans þriðja mót eftir endurkomuna úr meiðslum. Hann komst ekki í gegnum niðurskurðinn á fyrri tveimur mótunum.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HLYNUR BÆRINGSSON HJÁ SNÆFELLI:** MEÐ 7,7 STOÐSENDINGAR AÐ MEÐALTALI Í SÍÐUSTU ÞREMUR LEIKJUM

# *Reyni að dreifa boltanum og ábyrgðinni*



Snæfellingar fóru illa með Njarðvíkinga í Ljónagryfjunni á fimmtudagskvöldið og annar þjálfara liðsins, Hlynur Bæringsson, var líka mjög sáttur við liðið sem hefur nú unnið 3 af síðustu 4 leikjum sínum. „Við hittum rosalega vel í fyrri hálfleik, fengum mikið af opnum skotum og settum þau niður. Ég var mjög ánægður með hvað boltinn gekk vel á milli manna," sagði Hlynur sem er í nýju hlutverki sem spilandi þjálfari. „Það er að venjast að vera líka þjálfari og við erum sæmilega sáttir með það að fara með sex sigra og fimm töp inn í jólafríið. Það voru tveir heimaleikir á móti Keflavík og ÍR sem voru slakir hjá okkur og það er eftirsjá að hafa ekki klárað þá," segir Hlynur sem segir nýja hlutverkið vera krefjandi. „Það getur verið mjög erfitt að vera spilandi þjálfari og það er svo margt sem manni yfirsést þegar maður er sjálfur í einhverjum barningi. Þetta er samt allt að koma til," segir Hlynur sem er í hópi stoðsendingahæstu leikmanna deildarinnar og hefur gefið 23 stoðsendingar í síðustu þremur leikjum, eða 7,7 að meðaltali í leik. „Ég tek bara það sem mér gefst og er ekki að reyna að þröngva neinu. Skrokkurinn er ekki í alveg nógu góðu standi og þá reyni ég bara að dreifa boltanum og ábyrgðinni," segir Hlynur og einn af þeim sem er að njóta góðs af sendingum hans er Jón Ólafur Jónsson sem hefur líklega aldrei spilað betur en í vetur. „Það er ótrúlegt hvað Nonni fær mörg opin skot því leik eftir leik er honum alltaf gefið skot af einhverjum ástæðum. Þá hikar maður ekkert við það að gefa á hann strax. Það eru ekkert sérstaklega margir sem spila betur en hann í vetur. Hann hittir mjög vel, hefur bætt hjá sér vörnina og er búinn að styrkja sig með lyftingum undanfarin ár," segir Hlynur ánægður með sinn mann.

Hlynur segir Snæfell ætla sér að komast ofar á nýju ári. „Stefnan hjá okkur er, eins og hjá þessum liðum sem eru á eftir Grindavík og KR, að ná að komast í fjórða sætið og við vonumst til þess að það takist. Við erum sæmilega brattir eftir fyrri hlutann miðað við allt og allt og ég held að þetta batni bara hjá okkur," sagði Hlynur að lokum.

## ÚRLSITIN Í GÆR

### *N1-deild karla í handbolta*

Víkingur-Fram 25-26 (11-13)

**Mörk Víkings:** Sverrir Hermansson 9/3, Einar Örn Guðmundsson 6, Hreiðar Haraldsson 4, Þröstur Þráinsson 3, Davíð Georgsson 1, Sigurður Örn Karlsson 1, Hjálmar Þór Arnarson 1.

**Mörk Fram:** Halldór Jóhann Sigfússon 9/4, Rúnar Kárason 8, Guðjón Finnur Drengsson 3, Haraldur Þorvarðarson 2, Brjánn Guðni Bjarnason 1, Andri Berg Haraldsson 1, Magnús Einarsson 1, Jóhann Gunnar Einarsson 1.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fram** | **11** | **7** | **2** | **2** | **307-292** | **16** |
| Valur | 11 | 6 | 3 | 2 | 307-263 | 15 |
| **Haukar** | **11** | **7** | **0** | **4** | **319-287** | **14** |
| HK | 11 | 5 | 2 | 4 | 292-299 | 12 |
| **Akureyri** | **11** | **6** | **0** | **5** | **288-299** | **12** |
| FH | 11 | 5 | 2 | 4 | 322-322 | 12 |
| **Stjarnan** | **11** | **2** | **2** | **7** | **274-295** | **6** |
| Víkingur | 11 | 0 | 1 | 10 | 282-334 | 1 |

### *Iceland Express karla*

Grindavík-ÍR 92-78 (48-41)

**Stig Grindavíkur:** Guðlaugur Eyjólfsson 20, Páll Axel Vilbergsson 16, Brenton Birmingham 15, Páll Kristinsson 12, Þorleifur Ólafsson 10, Arnar Freyr Jónsson 9 (12 stoðs.), Björn Brynjólfsson 6, Helgi Jónas Guðfinnsson 4.

**Stig ÍR:** Hreggviður Magnússon 28, Sveinbjörn Claessen 11, Ómar Sævarsson 10 (10 frák.), Steinar Arason 9, Ólafur Ingvason 9, Ólafur Þórisson 6, Eiríkur Önundars. 3, Davíð Fritzson 2.

Tindastóll-Breiðablik 79-83 (32-31)

**Stig Tindastóls:** Svavar Birgisson 23, Ísak Einars son 11 (9 stoðs.), Helgi Rafn Viggósson 10, Axel Kárason 9, Friðrik Hreinsson 9, Soren Flæng 6, Óli Barðdal 5, Hreinn Birgisson 3, Halldór Halldórsson 3.

**Stig Breiðabliks:** Kristján Rúnar Sigurðsson 32, Nemanja Sovic 25, Halldór Halldórsson 12, Rúnar Ingi Erlingsson 8, Loftur Þór Einarsson 3, Daníel Guðmundsson 3.

Skallagrímur-Keflavík 52-97 (28-44)

**Stigahæstir:** Landon Quick 17 (9 frák.), Igor Beljanski 13 - Sigurður Gunnar Þorsteinsson 24, Hörður Axel Vilhjálmsson 18 (11 frák.), Þröstur Jóhannsson 12.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **11** | **11** | **0** | **1093-793** | **22** |
| Grindavík | 11 | 10 | 1 | 1076-903 | 20 |
| **Keflavík** | **11** | **7** | **4** | **948-834** | **14** |
| Tindastóll | 11 | 6 | 5 | 874-899 | 12 |
| **Snæfell** | **11** | **6** | **5** | **883-805** | **12** |
| Njarðvík | 11 | 6 | 5 | 865-938 | 12 |
| **Breiðablik** | **11** | **5** | **6** | **885-950** | **10** |
| ÍR | 11 | 5 | 6 | 888-872 | 10 |
| **Þór Ak.** | **11** | **4** | **7** | **879-970** | **8** |
| Stjarnan | 11 | 3 | 8 | 914-946 | 6 |
| **FSu** | **11** | **3** | **8** | **936-955** | **6** |
| Skallagrímur | 11 | 0 | 11 | 649-1043 | 0 |

# Getum náð langt í vetur

**Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, var sáttur eftir að hans menn enduðu sjö leikja sigurgöngu ÍR með 14 stiga sigri í Grindavík í gær. Guðlaugur Eyjólfsson var sjóðheitur í leiknum og setti niður 6 af 8 þriggja stiga skotum sínum.**

**KÖRFUBOLTI** Fyrir leikinn voru Grindvíkingar með 18 stig í 2. sæti deildarinnar, en þeir hafa einungis tapað gegn ósigruðu liði KR. Breiðhyltingar hafa verið að fikra sig upp töfluna eftir erfiða byrjun. Þeir töpuðu fyrstu fimm leikjum sínum í deildinni en eftir það hafa þeir unnið sjö leiki í röð í deild og bikar og leikurinn var því ágætis prófraun fyrir þá gegn sterku liði Grindavíkur.

ÍR-ingar féllu hins vegar á prófinu því heimamenn höfðu nokkuð þægilegan sigur, 92-78, og fylgja KR sem skugginn við topp deildarinnar.

„Fyrir utan fyrsta leikhluta var ég ánægður með vörnina og heilt yfir var þetta nokkuð fín frammistaða, ég er mjög sáttur," sagði Friðrik Ragnarsson þjálfari Grindavíkur að leik loknum. „Þegar við skiptum yfir í svæðisvörn þá hikstuðu þeir í sókninni og við fengum trúna á okkar leik. Síðan spiluðum við fína maður á mann vörn allan seinni hálfleikinn og þetta var góður sigur," bætti Friðrik við.

ÍR-liðið hóf leikinn af krafti og ætlaði greinilega að selja sig dýrt. Þeir héldu hættulegustu skotmönnum Grindavíkur í skefjum með öflugum varnarleik og spiluðu svo skynsamlega í sókninni. Eftir fyrsta leikhluta var staðan 23-25. Þegar staðan var orðin 35-27 fyrir ÍR tók Friðrik Ragnarsson þjálfari Grindavíkur leikhlé. Hann las aðeins yfir sínum mönnum, gerði breytingar í vörninni og það hafði góð áhrif því þeir skoruðu 21 stig gegn 7 það sem eftir lifði leikhlutans og staðan 48-41 í hálfleik.

Grindvíkingar hófu þriðja leikhluta af svipuðum krafti og þeir enduðu fyrri hálfleikinn. Þeir juku muninn jafnt og þétt og Guðlaugur Eyjólfsson var heitur fyrir utan þriggja stiga línuna, en hann setti niður öll fjögur þriggja stiga skot í leikhlutanum. ÍR náði ekki að minnka muninn í síðasta leikhlutanum og Grindvíkingar höfðu að lokum góðan sigur.

Þetta var síðasti leikur liðanna í fyrri umferð deildarinnar og Friðrik var sáttur við hlut Grindvíkinga: „Við erum með tíu sigra og eitt tap gegn sterku liði KR þannig að ég get ekki verið annað en sáttur. Við verðum bara að halda áfram að vinna í okkar málum og gera betur í næsta leik. Við höfum trú á því að við getum náð langt í vetur," sagði Friðrik að lokum.

Breiðablik hélt áfram góðu gengi sínu á útivelli þegar liðið vann fjögurra stiga sigur á Tindastól á Króknum í gær. Með sigrinum komust nýliðarnir upp í 7. sætið en þetta var annar útisigur liðsins í röð og sá þriðji í fjórum leikjum. Keflavík tryggði sér síðan þriðja sæti yfir jólin með 45 stiga sigri í Borgarnesi. **-sjj**



**HEITUR** Guðlaugur Eyjólfsson hitti úr 6 af 8 þriggja stiga skotum sínum í sigri Grindavíkur á ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÁTTA MÖRK** Rúnar Kárason skoraði 8 mörk gegn Víkingi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

N1-deild karla í gærkvöldi:

## Fram á toppnum um jólin

**HANDBOLTI** Framarar verða í toppsæti N1-deildar karla um hátíðirnar eftir eins marks sigur, 26-25, á botnliði Víkinga í Víkinni í gær. Leikurinn var æsispennandi en Framara voru þó lengstum skrefinu á undan. Með þessum úrslitum er ljóst að Fram mætir HK í undanúrslitum deildarbikarsins á milli jóla og nýárs og að í hinum leiknum mætast Valur og Haukar. **- óój**

Jólamót í Sundhöllinni:

## Keppt í dýfingum á sunnudag

**DÝFINGAR** Fyrsta árlega jólamótið í dýfingum verður haldið í Sundhöll Reykjavíkur sunnudaginn 21. desember. Keppt er í opnum flokkum karla og kvenna. Í karlaflokki eru fjögur stökk, þrjú stökk af eins metra bretti úr mismunandi flokkum og eitt stökk af þriggja metra bretti úr handstöðu. Í kvennaflokki eru þrjú stökk af eins metra bretti úr mismunandi flokki.

Keppendur skrá sig með tölvuskeyti á jonas@hugmot.is en þeir þurfa að tilkynna stökkin fyrir mótið og aðstoð við greiningu stökka er í boði af hálfu dýfinganefndar. Mótið verður dæmt af íslenskum dýfingadómurum og er dómgæsla á mótinu liður í dómaranámskeiði. **- óój**




Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is


Njarðvíkurliðið hefur endurskrifað sögu sína í fyrstu ellefu leikjum sínum í vetur:

# Þriðja metið í stórum skellum

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar settu á fimmtudagskvöldið enn eitt óvinsælt met hjá félaginu í úrvalsdeildinni á þessu tímabili, þegar liðið tapaði með 30 stigum fyrir Snæfelli í Ljónagryfjunni, 55-85. Þetta er stærsta tap Njarðvíkur á heimavelli í sögu félagsins í úrvalsdeild karla en gamla metið var frá því 28. október 2001 þegar liðið tapaði með 24 stigum á móti nágrönnunum í Keflavík.

Fyrr í vetur hafði liðið tapað með 25 stigum fyrir FSu í Iðu á Selfossi í fyrstu umferð sem þá var stærsta tap liðsins í úrvalsdeild og bætt það met með því að tapa með 55 stiga mun á móti KR í DHL-höllinni. Það tap var ekki aðeins langstærsta tap liðsins í úrvalsdeild heldur einnig stærsta tap liðsins á Íslandsmóti.

Njarðvíkurliðið virðist mega illa við því þegar Logi Gunnarsson er að hitta illa fyrir utan þriggja stiga línuna en kappinn er með 40,1 prósent (18 af 44) þriggja stiganýtingu í sex sigurleikjum liðsins en er síðan aðeins með 21,6 prósent (8 af 37) þriggja stiga nýtingu í tapleikjunm fimm. Hér munar 19,3 prósentum en Logi er auk þess að skora 8,8 stigum meira í sigurleikjunum en í tapleikjunum.



**VERÐUR AÐ VERA HEITUR** Logi Gunnarsson þarf að hitta vel til að Njarðvík vinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það dugar heldur ekki mikið þótt Friðrik Stefánsson sé að skila sínu en hann er með 16,0 stig, 13,0 fráköst og 58 prósent skotnýtingu í þessum skellum á móti FSu, KR og Snæfelli.

Njarðvíkingar hafa unnið fjóra af síðustu sex leikjum sínum en stigatalan í þeim er samt - 40 stig þar sem töpin tvö á móti KR og Snæfelli hafa verið svo risastór og sigrarnir flestir naumir. Liðið er sem stendur í 6. sæti með jafnmörg stig og Snæfell en miklu verri á innbyrðisviðureignum. **- óój**



# Áramóta annáll Markaðarins

**Kemur út 30. desember**

## Meðal efnis í blaðinu:

- Innlendur og erlendur viðskiptaannáll.
- Viðskiptamaður ársins valinn og ítarlegt viðtal við hann birt í blaðinu.
- Bestu og verstu viðskiptin á árinu.
- Greinar frá forkólfum viðskiptalífsins. Árið gert upp og horft fram á veginn.




## Auglýsendur athugið!

Tryggið ykkur auglýsingapláss í tíma. Nánari upplýsingar veitir Örn Geirsson, netfang: orn@frettabladid.is, sími: 512 5448.

FRÉTTABLAÐIÐ



**ADEBAYOR** Telur Arsenal líklegt í Meistaradeildinni. NORDIC PHOTOS/AFP

Emmanuel Adebayor:

## Af hverju ekki?

**FÓTBOLTI** Framherjinn snjalli Emmanuel Adebayor hjá Arsenal hefur trú á því að Lundúnafélagið hafi burði til þess að vinna Meistaradeild Evrópu.

„Af hverju ekki? Við vorum óheppnir í fyrra gegn Liverpool og það vantar nú aðeins tvo frá Arsenal-liðinu sem lagði AC Milan þá. Liðið hefur breyst til hins betra núna og við sýndum það til að mynda með því að skella Fenerbahçe í Tyrklandi,“ segir Adebayor. - óþ

Dregið í UEFA-bikarnum:

## Bremen og AC Milan mætast

**FÓTBOLTI** Dregið var í 32-liða úrslitum UEFA-bikarsins í gær og þar voru ensku félögin Aston Villa, Tottenham og Man. City í pottinum. Villa mætir CSKA Moskva, Tottenham mætir Shakhtar Donetsk og City leikur gegn FC Kaupmannahöfn. Stórleikur umferðarinnar er þó viðureign AC Milan og Werder Bremen. - óþ



### UEFA-BIKARINN

**32-liða úrslit**

| |
|---|
| PSG-Wolfsburg |
| FC Kaupmannahöfn-Man. City |
| NEC-Hamburg |
| Sampdoria-Metalist |
| Braga-Standard Liege |
| Aston Villa-CSKA Moskva |
| Lech-Udinese |
| Olympiakos-St. Etienne |
| Fiorentina-Ajax |
| AaB-Deportivo la Coruna |
| Werder Bremen-AC Milan |
| Bordeaux-Galatasaray |
| Dynamo Kiev-Valencia |
| Zenit St. Pétursborg-Stuttgart |
| Marseille-Twente |
| Shakhtar Donetsk-Tottenham |

# Framarar verða ekki ríkir á að selja Rúnar Kárason

**Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, er bjartsýnn á að samkomulag náist á milli Fram og Fuchse Berlin um söluna á Rúnari Kárasyni. Hann segir reksturinn erfiðan og að endursamið hafi verið við leikmenn.**

**HANDBOLTI** Framarar segja hart í ári hjá þeim eins og mörgum öðrum handknattleiksfélögum þessa dagana. Þeir óttast ekki að þurfa að segja upp samningum en hafa farið þá leið að endursemja við leikmenn.

Ekki hefur enn verið gengið frá sölu á Rúnari Kárasyni til Fuchse Berlin þó svo að Rúnar hafi samið við félagið fyrir nokkru síðan.

„Þeir sendu okkur tilboð sem við svöruðum með gagntilboði. Við bíðum svars við því núna. Þetta tekur smá tíma og sérstaklega á milli landa. Svona viðræður eiga það til að taka tíma. Ég myndi segja að þetta væri á áætlun. Það liggur ekkert mikið á líka enda fer Rúnar ekki fyrr en næsta sumar,“ sagði Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, en hann vildi ekki gefa upp hvað Fram vildi fá fyrir Rúnar.

Jón Eggert segir að reksturinn hjá Fram sé á floti og hann er bjartsýnn á að Fram klári þetta rekstrarár með sóma.

„Það er samt ekkert launungarmál að þetta er erfitt en við reynum að láta þetta malla. Við höfum farið yfir stöðuna með leikmönnum og höfum endursamið við flesta leikmenn. Ég sé ekki fram á að við missum neina leikmenn vegna vanefnda á samningi. Við höfum skorið mikið niður hjá okkur í bæði karla- og kvennaliðinu. Ég held að staðan hjá okkur sé ekkert verri eða betri en hjá öðrum,“ sagði Jón Eggert sem segir Framara stefna ótrauða á að landa Íslandsmeistaratitlinum næsta vor.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Fram ekki gengið vel að efna launasamninga við leikmenn félagsins.

„Við höfum verið að semja við menn aftur og þá upp á eitthvað sem við teljum okkur geta efnt. Við tilkynntum mönnum í haust að það yrði erfitt að efna launagreiðslur fram að áramótum og leikmenn höfðu skilning á því. Nú er verið að fara yfir þessi mál og það eru einhverjar útistandandi skuldir. Við erum að semja um þær skuldir við leikmenn og loka þeim málum þannig að það séu ekki einhverjir draugar að elta okkur.“



**GULLKÁLFUR** Peningarnir sem væntanlega fást við söluna á Rúnari Kárasyni til Berlínar munu hjálpa handknattleiksdeild Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jón Eggert segir ekki mikið fjárstreymi vera inn í rekstur handknattleiksdeildarinnar og því ljóst að salan á Rúnari muni hjálpa mikið til við reksturinn.

„Það er mjög fínt að fá þessa peninga inn og skapar rekstrargrundvöll fyrir deildina. Okkar markmið er að vera með sem flesta uppalda leikmenn í bland við aðkeypta. Við erum að borga einhverjum mönnum fyrir að spila og það er gott að geta selt menn út. Það er staðfesting á því að við séum með gott starf og hjálpar einnig til við reksturinn. Engu að síður er alveg ljóst að við verðum ekkert ríkir á því að selja Rúnar út,“ sagði Jón Eggert.

Horfurnar eftir áramót eru ágætar að mati Jóns Eggerts en Framarar ætla að gera ýmislegt til þess að fá pening. Til að mynda verður farið í uppskipun á rækju skömmu eftir áramót.

„Við vonumst líka til að komast í úrslitakeppnina og fá einhvern pening þar. Við teljum okkur í það minnsta vera komnir með grundvöll fyrir því að reka þetta svona út tímabilið.“.

henry@frettabladid.is



**CECH** Telur Chelsea hafa burði til þess að vinna tvöfalt. NORDIC PHOTOS/AFP

Petr Cech, Chelsea:

## Metnaður til að vinna tvöfalt

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn Petr Cech segir leikmenn Chelsea hungraða sem aldrei fyrr að vinna ensku úrvalsdeildina aftur eftir tveggja ára bið og enn fremur Meistaradeildina í fyrsta skipti í sögu félagsins.

„Enska úrvalsdeildin og Meistaradeildin eru erfiðar keppnir en auðvitað setjum við stefnuna á að vinna á báðum vígsstöðum. Það er erfitt að segja til um hvernig þetta fer en við höfum unnið ensku úrvalsdeildina áður og höfum náð í úrslitaleik Meistaradeildarinnar þannig að ég tel að við búum yfir reynslunni sem þarf til þess að vinna báðar keppnirnar,“ segir Cech í viðtali við Sky Sports. - óþ

Aron Pálmarsson:

## Skrifar undir hjá Kiel í dag

**HANDBOLTI** Hafnfirska undrabarnið Aron Pálmarsson mun skrifa undir samning við þýskalandsmeistara Kiel í dag samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Aron hefur dvalið í Kiel síðustu daga ásamt fjölskyldu sinni, sá Kiel pakka Göppingen saman í bikarnum og mun svo fylgjast með stórleik Kiel og Flensburg í dag.



Aron mun skrifa undir fjögurra ára samning við þýska stórliðið. - hbg






Sænska kvennadeildin í fótbolta hefst 1. apríl og lýkur sjö mánuðum seinna:

# Fyrsti Íslendingaslagurinn er ekki fyrr en í þriðju umferð

**FÓTBOLTI** Augu Íslendinga verða örugglega á sænsku kvennadeildinni í fótbolta í sumar þar sem átta íslenskar stelpur mun vera í sviðsljósinu. Svíarnir eru búnir að setja saman leikjadagskrána á tímabilinu sem hefst 1. apríl og lýkur heilum sjö mánuðum síðar. Deildin fer reyndar í tveggja mánaða frí frá 26. júlí til 26. september vegna Evrópumótsins í Finnlandi.

Öll Íslendingaliðin eru á útivelli í 1. umferðinni og ekkert þeirra mætast. Fyrsti Íslendingaslagurinn af 20 í sænsku úrvalsdeildinni í kvennafótbolta fer fram 13. apríl þegar Kristianstad tekur á móti Djurgården. Leikurinn er í þriðju umferð en aðeins einn Íslendingaslagur er á dagskrá í fyrstu fjórum umferðunum.

Elísabet Gunnarsdóttir mun mæta þremur fyrrum læridætrum sínum í fyrstu sex umferðunum. Hún mætir Guðbjörgu Gunnarsdóttur og félögum í Djurgården í 3. umferð, Dóru Stefánsdóttur og félögum í LdB FC Malmö í 5. umferð og svo Margréti Láru Viðarsdóttur og félögum í Linköping í 6. umferð.

Mest verður um að vera í 6. og 7. umferð sem fram fara 10. og 17. maí en tveir Íslendingaslagir verða í hvorri umferð.

Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir verða síðastar af Íslendingunum til þess að mæta löndum sínum en fyrsti Íslendingaslagurinn hjá Örebro er ekki fyrr en í 7. umferð þegar liðið sækir Kristianstad heim 17. maí. Sá leikur verður hins vegar fjórði Íslendingaslagurinn sem Elísabet Gunnarsdóttir og hennar stelpur spila á tímabilinu, þar af sá þriðji á heimavelli. - óój



**MÆTAST FYRST** Elísabet Gunnarsdóttir mætir Guðbjörgu Gunnarsdóttur í fyrsta Íslendingaslagnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



DVD
í Skífunni!
100%
ÍSLENSKT
S·K·Í·F·A·N
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
Bjarni Haukur er Pabbinn
„Gargandi snilld!"
DAGVAKTIN
EIN VINSÆLASTA LEIKSÝNING ALLRA TÍMA!
LADDI 6-TUGUR
EFTIR GÍSLA RÚNAR OG LADDA
GOSI
GEFÐU SKEMMTILEGA DVD JÓLAGJÖF
GRÍSIRNIR ÞRÍR
HANCOCK
what happens in VEGAS
FJÖLSKYLDUPAKKI
HORTON
ÍSÖLD
ÍSÖLD 2
The Simpsons
PATRICK DEMPSEY
MADE of HONOR
21
SKJALDBAKAN & HÉRINN
MAKE IT HAPPEN
THE X FILES
ADAM SANDLER
ZOHAN
THE HAPPENING
FUTURAMA
Bender's Game
All-New Feature-Length Quest
JÓN GNARR
ÉG VAR EINU SINNI NÖRD
BRÚÐGUMINN
10 bestu
FAMILY GUY
SEASON SEVEN
auga fyrir auga

## 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu

***Fyrri leikir:*** 24./25. feb. ***Seinni leikir:*** 10./11. mars

| | |
|---|---|
| **Arsenal** ENG<br>*Besti árangur:* 2. sæti 2006<br>8 liða úrslit 2007-2008 | **Roma** ÍTA<br>*8 liða úrslit* 2007 og 2008<br>8 liða úrslit 2007-2008 |
| **Atletico Madrid** SPÁ<br>*8 liða úrslit* 1997<br>Ekki í Meistaradeild 2007-2008 | **FC Porto** POR<br>*Sigurvegari* 2004<br>*16 liða úrslit* 2007-2008 |
| **Inter** ÍTA<br>*Undanúrslit 2003*<br>16 liða úrslit 2007/08 | **Manchester United** ENG<br>*Sigurvegari* 1999 og 2008<br>*Sigurvegari* 2007-2008 |
| **Lyon** FRA<br>*8 liða úrslit* 2004, 2005 og 2006<br>16 liða úrslit 2007-2008 | **Barcelona** SPÁ<br>*Sigurvegari* 2006<br>*Undanúrslit* 2007-2008 |
| **Chelsea** ENG<br>*2. sæti* 2008<br>*2. sæti* 2007-2008 | **Juventus** ÍTA<br>*Sigurvegari* 1996<br>*Ekki í Meistaradeild* 2007-2008 |
| **Real Madrid** ESP<br>*Sigurvegari 1998, 2000 og 2002*<br>16 liða úrslit 2007-2008 | **Liverpool** ENG<br>*Sigurvegari* 2005<br>*Undanúrslit* 2007-2008 |
| **Sporting Lissabon** POR<br>*16 liða úrslit* 2008-2009<br>Stig riðlakeppni 2007-2008 | **FC Bayern** ÞÝS<br>*Sigurvegari* 2001<br>*Ekki í Meistaradeild* 2007-2008 |
| **Villarreal** SPÁ<br>*Undanúrslit* 2006<br>*Ekki í Meistaradeild* 2007-2008 | **Panathinaikos** GRI<br>*Undanúrslit 1996*<br>*Ekki í M.deild* 2007-2008 |

***8 liða úrslit:*** 7./8. og 14./15. apríl ***Undanúrslit:*** 28./29. apríl og 5./6. maí.
***Úrslitaleikur:*** 27. maí á Ólympíuleikvanginum í Róm

Heimild: UEFA, Infostrada Sports © GRAPHIC NEWS

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
VIÐ STÆKKUM fiskbúðina
KÆST SKATA
VESTFIRSK SKATA
HNEFAÞYKKUR SALTFISKUR
STÓR JÓLAHUMAR
FISKISÚPA HAFBERG
Veljum íslenskt



Opið alla helgina
laugardag 10-18
sunnudag 12-18

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

# Stríð Englands og Ítalíu

**Dregið var í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar í gær en ensku félögin Arsenal, Chelsea og Man. Utd mæta ítölskum félögunum. Liverpool fékk Real Madrid.**

**FÓTBOLTI** Margir áhugaverðir leikir fara fram í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar en dregið var í Nyon í Sviss í gær. Liverpool mætir Real Madrid og þá verður gríðarleg orrusta milli enskra og ítalskra félaga þar sem Arsenal mætir Roma, Chelsea mætir Juventus og Man. Utd og Inter eigast við.

Meistaradeildarmeistarar Man. Utd hitta fyrir gamlan erkióvin, þegar þeir mæta Inter í 16-liða úrslitunum, sem er knattspyrnustjórinn litríki José Mourinho, sem áður stýrði Chelsea og Porto.

Mourinho vann sem kunnugt er Meistaradeildina með Porto tímabilið 2003-2004 en þá varð United einmitt á vegi Portúgalanna í 16-liða úrslitum keppninnar. Mourinho fagnaði jöfnunarmarki Francisco Costinha á síðustu mínútu seinni leiks félaganna á Old Trafford, sem sendi Porto áfram í 8-liða úrslitin, á eftirminnilegan hátt með því að hlaupa eftir hliðarlínunni með hendur á lofti.

United á hins vegar góðar minningar frá því síðast þegar félagið mætti Inter í Meistaradeildinni. United hafði þá betur í viðureign félaganna í 8-liða úrslitum tímabilið 1998-1999 og vann svo að lokum keppnina eftir dramatískan úrslitaleik gegn FC Bayern.

„Það er áhugavert að mæta Mourinho á nýjan leik. Hann er frábær karakter og okkur kemur vel saman utan vallar. Hann sló okkur hins vegar út úr keppninni með Porto á sínum tíma og núna vonumst við til þess að lukkan verði á okkar bandi,“ segir Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, eftir að drátturinn varð ljós.



**FORNIR FJENDUR OG FÉLAGAR** Sir Alex Ferguson og José Mourinho hafa marga hildina háð innan vallar í gegnum tíðina en eru góðir mátar utan vallar. Þeir eigast brátt við á nýjan leik. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Sagan á bandi enskra

Síðast þegar Liverpool og Real Madrid mættust var í úrslitaleik Evrópubikarsins árið 1981 og þá fór enska félagið með sigur af hólmi, 1-0. Liverpool státar enn fremur af góðum árangri gegn spænskum félögum og hefur aðeins tapað einum af fimm leikjum sínum á Spáni í Meistaradeildinni. Rafa Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, hefur því ærna ástæðu til bjartsýni þegar hann heimsækir Madrid þar sem hann þjálfaði bæði unglingalið og varalið Real.

Arsenal hefur gengið vel gegn ítölskum félögum upp á síðkastið og haldið hreinu í síðustu fjórum leikjum sínum gegn þeim í Meistaradeildinni. Roma hefur enn fremur gengið afleitlega gegn enskum félögum og aðeins unnið tvo af tólf leikjum sínum gegn þeim í keppninni. Arsenal og Roma mættust síðast í keppninni tímabilið 2002-2003 og þá vann Arsenal útileikinn en gerði jafntefli á heimavelli sínum.

Knattspyrnustjórinn Claudio Ranieri hjá Juventus mætir sínum gömlu lærisveinum í Chelsea en hann var látinn fjúka þegar Mourinho á sínum tíma.

### Ranieri skýtur á Chelsea

„Chelsea er einbeitt í því að vinna Meistaradeildina og ná hátindi heimsins fyrir Roman Abramovich en okkar markmið er náttúrulega að koma í veg fyrir það. Annars yrði það algjört reiðarslag fyrir Chelsea ef félaginu myndi mistakast ætlunarverk sitt enn og aftur,“ segir Ranieri í stríðnistóni á blaðamannafundi í gær.

**omar@frettabladid.is**



**ÓGNA ENSKUM** Þremeningarnir Alessandro del Piero hjá Juventus, Francesco Totti hjá Roma og Raúl hjá Real Madrid. NORDIC PHOTOS/AFP

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ



ÍSLENSKT HEILSURÚM
120X200CM
VERÐ FRÁ:
49.900 KR.
Sérstakt tilboðsverð á meðan birgðir endast
Opið laugardag og sunnudag frá kl. 11-16
Rúm Gott
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · 200 Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**> Jennifer Lopez**

„Ég vissi snemma hvað ég vildi. Ég ætlaði að syngja og dansa og gera kvikmyndir og ekkert gat stöðvað mig nema dauðinn.“
Lopez kemur fram ásamt fjölda annarra söngkvenna á tónleikunum Saturday Night Divas sem sýndir eru á Skjá einum í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI SAKNAR KJAFTFORRA ÚTVARPSMANNA**

## *Grín er aftappandi og nauðsynlegt í kreppu*

Mikið rosalega sakna ég kjaftforra og skemmtilegra útvarpsþátta, þar sem einn eða tveir útvarpsmenn láta móðan mása um þjóðfélagsmálin og það sem hæst ber í umræðunni. Hvað gæfi maður ekki fyrir Tvíhöfða eða Górilluna í því snarbilaða móðursýkisþjóðfélagi sem við erum stödd í núna!?

Þegar Górilla Davíðs Þórs og Jakobs Bjarnar byrjaði á Aðalstöðinni í byrjun 10. áratugarins var samkeppnin ýkt hressir tappar eins og Jón og Gulli. Kjarngóð kaldhæðnin óð uppi um hríð hjá Górillu og síðar King Kong. Þarna voru menn með putta á púlsinum sem slógu nýjan tón. Þessi tónn var eitthvað sem vantaði og þátturinn fann sér fljótt dyggan áheyrendahóp. Svo tóku við kyndlinum Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr í Tvíhöfða. Að mínu mati náði útvarpsþáttagerð á Íslandi hámarki sínu í öll þessi ár sem Tvíhöfði var á öldum ljósvakans. Á einhverjum tímapunktum var kannski komin þreyta í snilldina, en á spennutímum í þjóðfélaginu náðu þáttarstjórnendur fullum dampi og sáu síferska fleti á líðandi atburðum.

Svo virðist sem spenna í þjóðfélaginu sé það eldsneyti sem knýr góða grínista áfram og fær þá til að toppa. Sjáið bara Spaugstofuna sem nú hittir ítrekað í mark og hefur ekki verið betri árum, jafnvel áratugum, saman. Í samtímanum, í því ógnarástandi hruns – með tilheyrandi tortryggni, móðursýki og samsæriskenningum – sem ríkir eru góðir grínistar algjörlega nauðsynlegir. Grínið tappar af ergelsi og spennu og einn góður brandari segir meira en fullur Moggi af misfúlum aðsendum greinum. Á Netinu standa menn sína plikt. Baggalútur, ýmsir skrípókarlar eins og Henrý Þór, þjóðarátak Frímanns Gunnarssonar og vídeóblogg Þorsteins Guðmundssonar er aftappandi tímastytting fyrir þjakað kreppufólk.



En lengi má bæta við og ég vil Tvíhöfðann minn aftur. Vonandi fæ ég einhverja líkn minna mála með Skaupinu, sem mér skilst að þeir Jón og Sigurjón séu viðriðnir.

## EKKI MISSA AF



▶ **14.45 Bolton - Portsmouth, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.40 Kötturinn með höttinn** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.45 America's Funniest Home Videos** SKJÁREINN



▶ **20.30 Sex and the City** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.40 Silver Bells** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Húrra fyrir Kela!, Leirkarlinn með galdrahattinn, Trillurnar, Millý og Mollý, Tobbi tvisvar og Þessir grallaraspóar.
**10.27 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**10.35 Kastljós** (e)
**11.10 Kastljós - Samantekt**
**11.40 Káta maskínan** (e)
**12.10 Kiljan** (e)
**13.00 Gleymdu börnin í Malaví**
**13.45 Frábært fólk** Vuokko.
**14.15 Ævintýri Stikilsberja-Finns** (e)
**16.00 Síðasti fyrirlesturinn** (e)
**16.45 Danska skáldið** (e)
**17.05 Mótorsport 2008**
**17.35 Táknmálsfréttir**
**17.45 Útsvar** (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veður**
▶**19.40 Kötturinn með höttinn** (Dr. Seuss: The Cat In The Hat) Bandarísk ævintýramynd frá 2003. Sally og Conrad leiðist en líf þeirra tekur stakkaskiptum þegar talandi köttur heimsækir þau.
**21.05 Úr dagbók slökkviliðsins**
**21.20 Flugstöðin** (The Terminal) Bandarísk bíómynd frá 2004. Austurevrópskur innflytjandi verður strandaglópur á Kennedyflugvelli.
**23.30 Tónleikar á Menningarnótt**
**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 New Suit**
**10.00 Inspector Gadget**
**12.00 Field of Dreams**
**14.00 New Suit**
**16.00 Inspector Gadget**
**18.00 Field of Dreams**
**20.00 Yes** Dramatísk mynd um konu sem er föst í ástlausu hjónabandi og ákveður að upplifa rómantískt ástarævintýri með ókunnugum manni.
**22.00 The Last King of Scotland**
**00.00 Break a Leg**
**02.00 Straight Into Darkness**
**04.00 The Last King of Scotland**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Hlaupin og Jesús og Jósefína.
**08.00 Algjör Sveppi** Galdrabókin, Lalli, Þorlákur, Sumardalsmyllan, Gulla og grænjaxlarnir, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.
**09.40 Krakkarnir í næsta húsi**
**10.05 Íkornastrákurinn**
**10.30 Bratz**
**11.00 Markaðurinn með Birni Inga** Frétta- og umræðuþáttur um viðskipti, efnahagsmál og pólitík. Opin dagskrá.
**12.00 Sjálfstætt fólk** Seinni hluti viðtals við Höllu Linker, stúlkuna frá Hanfarfirði sem fór út í heim og varð skær stjarna í kvikmyndum vestanhafs.
**12.35 Bold and the Beautiful**
**12.55 Bold and the Beautiful**
**13.15 Bold and the Beautiful**
**13.35 Bold and the Beautiful**
**13.55 Bold and the Beautiful**
**14.20 The Celebrity Apprentice**
**15.45 ET Weekend** Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**16.30 Sjáðu**
**16.55 Sjálfstætt fólk** (13:40)
**17.30 Markaðurinn með Birni Inga**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
**19.00 Lottó**
**19.10 Santa Clause 3. The Escape Clause**
▶**20.40 Silver Bells** Ekkillinn Christy Byrne kemur til New York til að selja jólatré með börnunum sínum. Elsti sonur hans stingur af og kynnist ekkjunni Catherine og þeim verður vel til vina. Ári síðar kemur Christy aftur til New York og kynnist Catherine. Aðalhlutverk: Tate Donovan, Anne Heche og Michael Mitchell.
**22.20 The Squid and the Whale** Gamanmynd sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna um tvo bræður sem takast á við erfið vandamál tengd skilnaði foreldra sinna. Með aðalhlutverk fara Laura Linney, Jeff Daniels, Jesse Eisenberg og Owen Kline.
**23.45 Home for the Holidays**
**01.25 The American President**
**03.15 Smile**
**05.00 ET Weekend**
**05.45 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.45 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Sampdoria og Sevilla.
**09.25 Utan vallar með Vodafone**
**10.15 NBA körfuboltinn** Útsending frá leik Miami og LA Lakers.
**12.15 NFL deildin. NFL Gameday** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**12.45 US Open 2008** Útsending frá lokadegi US Open í golfi.
**17.20 Race of Champions - Hápuntkar**
**18.20 Spænski boltinn. La Liga Report** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
**18.50 Spænski boltinn. Real Madrid - Valencia** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**20.50 Chevron World Challange** Útsending frá Chevron World Challange mótinu í golfi.
**23.00 Box** Útsending frá bardaga Oscar De La Hoya og Manny Pacquiao.
**00.15 Spænski boltinn** Útsending frá leik Real Madrid - Valencia.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.15 Premier League World 2008/09** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**09.45 Goals of the Season 2007** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**10.40 PL Classic Matches** Liverpool - Arsenal, 97/98.
**11.10 PL Classic Matches** Liverpool - Arsenal, 01/02.
**11.40 PL Classic Matches** Arsenal - Liverpool, 03/04.
**12.10 Premier League Preview 2008/09** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
**12.40 Enska 1. deildin** Bein útsending frá leik Birmingham og Reading.
▶**14.45 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Bolton og Portsmouth.
**17.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik West Ham og Aston Villa.
**19.30 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Blackburn og Stoke.
**21.10 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Hull og Sunderland.
**22.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Fulham og Middlesbrough.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**13.00 Vörutorg**
**14.00 Dr. Phil** (e)
**14.45 Dr. Phil** (e)
**15.30 Rules of Engagement** (1:13) (e)
**16.00 The Contender** (5:10) (e)
**17.00 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (17:27) (e)
**17.50 Survivor** (11:16) (e)
**18.45 Game tíví** (15:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
**19.15 30 Rock** (14:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum (e)
▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (34:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.10 Saturday Night Divas** Nokkrar af stærstu söngdívum veraldar taka hér höndum saman á frábærum tónleikum. Meðal þeirra sem koma fram eru Celine Dion, Jennifer Lopez, Alicia Keys, Chaka Khan, Girls Aloud, Jamelia, Natasha Bedingfield og Leona Lewis. Kynnir er söngkonan Myleene Klass.
**21.10 House** (15:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. (e)
**22.00 Heroes** (6:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. (e)
**22.50 Law & Order. Special Victims Unit** (18:22) (e)
**23.40 Hardball**
**01.30 Sugar Rush** (5:10) (e)
**02.00 Jay Leno** (e)
**02.50 Jay Leno** (e)
**03.40 Vörutorg**
**04.40 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# JÓLAHÁTÍÐ – JÓLAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG

**Sunnudaginn 21. Desember kl. 17**

Snillingarnir Ómar og Óskar Guðjónssynir skemmta. Léttar veitingar.








Gallerí BORG

**Uppboðsverkin verða sýnd í Gallerí Borg, SKIPHOLTI 35, laugardag kl. 13 til 17 og sunnudag frá kl. 13 til 16**

Gallerí BORG

**Skiptholti 35 • 105 Reykjavík • Sími: 511 7010 • petur@galleriborg.is**

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.10**

**Santa Clause 3: The Escape Clause**



Jólamynd fyrir alla fjölskylduna. Undanfarin ár hefur Scott Calvin staðið vaktina sem einn besti jólasveinn allra tíma. Hann hefur nú komið sér vel fyrir á Norðurpólnum ásamt nýbakaðri eiginkonu sinni, Carol, og er að undirbúa jólin. En þá rekur kuldabolinn Jack Frost inn nefið og allt fer á annan endann.
Leikstjóri: Michael Lembeck
Leikarar: Tim Allen, Eric Lloyd, Elizabeth Mitchell og Martin Short.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Markaðurinn með Birni Inga**
**Stöð 2 kl. 11.00 og 17.30.**



Jónas Haralz, fyrrverandi bankastjóri ræðir um Ísland og ESB, áhrif kreppunnar og það hvernig okkur mun ganga að vinna okkur til baka úr efnahagsvandanum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ræðir um stöðu ríkisstjórnarinnar, niðurskurðinn í ríkisfjármálum og hvort hætta sé á klofningi í Sjálfstæðisflokknum. Þá munu Árni Þór Sigurðsson alþingismaður, Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, og Ólöf Nordal alþingismaður tjá sig um breytt landslag í íslenskum stjórnmálum, mögulegar kosningar og árið sem fram undan er. Þátturinn er í opinni dagskrá og endurtekinn kl. 17.30.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Stef
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Heimur óperunnar
**19.50** Sagnaslóð
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Eftirminnilegt sumar: Ævintýri í sveitinni
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (81:260)
**16.25 Hollyoaks** (82:260)
**16.50 Hollyoaks** (83:260)
**17.15 Hollyoaks** (84:260)
**17.40 Hollyoaks** (85:260)
**18.05 Help Me Help You** (9:13)
**18.30 Smallville** (16:20)
**19.15 Justice** (10:13) Þættir sem gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
▶ **20.30 Sex and the City** (11:12) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.00 Sex and the City** (12:12)
**21.30 E.R.** (15:25)
**22.15 The Daily Show. Global Edition**
**22.40 Help Me Help You** (9:13)
**23.05 Smallville** (16:20)
**23.50 Justice** (10:13)
**00.35 Sex and the City** (11:12)
**01.05 Sex and the City** (12:12)
**01.35 E.R.** (15:25)
**02.20 The Daily Show. Global Edition**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Hugspretta** Andri Heiðar Kristjánsson og Stefanía Sigurðardóttir
**19.30 Guðjón Bergmann**
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir
**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson
**21.30 Fólið á kassanum** Ástþór Magnússon
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Grasrótin** Daníel Haukur Arnarsson
**23.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson

## DR 1

**10.00** Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.11** Troldspejlet **11.30** Boogie Update **12.00** Pigerne Mod Drengene **12.35** Family Guy **13.00** Robin Hood **13.45** Grinchen - Julen er stjålet **15.25** Historier fra Danmark - Anders og Julius **15.40** Før søndagen **15.50** Nissernes Ø **16.20** Held og Lotto **16.30** Julefandango **17.00** Max **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Nissernes Ø **19.00** Dyrlægens plejebørn **20.45** Miss Marple **22.40** Head in the Clouds **00.35** En sag for Frost

## NRK 1

**09.15** NRKs sportslørdag **10.50** Sport i dag **11.05** V-cup alpint **12.40** V-cup hopp **14.30** V-cup langrenn **16.00** V-cup skiskyting **16.45** Sport i dag **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Superjulevangeliet **17.30** AF1 **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** OL i Beijing 2008. Da Kina viste verden **20.35** Med hjartet på rette staden **21.20** Fakta på lørdag **22.00** Kveldsnytt **22.15** Chicago **00.10** Prinsene

## SVT 1

**11.00** Vinterstudion **11.10** Alpint **12.30** Vinterstudion **13.10** Skidskytte **14.25** Längdskidor **16.00** Vinterstudion **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Pomos piano **17.45** Julkalendern **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Svensson, Svensson **21.00** Brottskod. Försvunnen **21.40** Dom kallar oss artister **22.10** Nätet **00.00** Sändningar från SVT24




## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Níundi var Bjöggi Thor,
brögðóttur og snar.
Hann bruggaði í Pétursborg
og komst í álnir þar.

Hann keypti hitt og þetta
og komst hjá Forbes á blað.
En hvarf á einkaþotunni
er landið sökk á kaf.



# Samningur RÚV og Ólafsfells í hönk

Ólafsfell, fyrirtæki Björgólfs Guðmundssonar, mun á næstu dögum fara þess á leit við forsvarsmenn Ríkisútvarpsins að tvíhliða samningur þeirra um framleiðslu á leiknu efni verði tekinn til endurskoðunar. Samningurinn var gerður til þriggja ára og átti að tryggja fjármagn til sjálfstæðra framleiðenda sem vildu framleiða leikið efni fyrir RÚV.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Ólafsfells, vildi ekki staðfesta hvort samningnum yrði rift, eingöngu að hann yrði tekinn til endurskoðunar. Hann sagði á hinn bóginn að nú væri leitað allra leiða til að standa við þann samning sem gerður var við framleiðslufyrirtækið Pegasus vegna spennuþáttaraðarinnar Hamarinn. „Ólafsfell ætlar að reyna að efna þann samning, það verður smá dráttur á greiðslum en við stöndum við samninginn,“ segir Ásgeir. Þannig mun samningur RÚV og Björgólfs skila af sér þremur þáttaröðum; Mannaveiðum, Svörtum englum og Hamarnum. „Ég hef ekki heyrt frá þeim formlega að þeir ætli sér að rifta samningnum og því hef ekkert um málið að segja,“ voru viðbrögð Þórhalls Gunnarssonar, dagskrárstjóra RÚV, við þessum fréttum.

Hins vegar verður sýningum á Hamrinum hugsanlega frestað fram á næsta haust. Upphaflega stóð til að þeir yrðu settir í sýningu í byrjun næsta árs. Þórhallur Gunnarsson staðfesti að það væri verið að skoða það mál. „Við erum að endurskoða fjárhagsáætlunina fyrir árið 2009 og þetta er eitt af því sem kemur til greina,“ segir Þórhallur. Leikstjóri þáttaraðarinnar, Reynir Lyngdal, segir að hugsanlegar tafir á sýningunum hafi engin áhrif á framvindu verksins. „Við erum búnir að klippa fyrsta þáttinn af fjórum og hann lítur bara mjög vel út,“ segir Reynir. **- fgg**



**STUTT GAMAN** Samningur RÚV og Björgólfs Guðmundssonar var undirritaður fyrir rúmu ári og var hann til þriggja ára. Hann verður endurskoðaður á næstum dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2. sót, **6.** klafi, **8.** útgerðarstaður, **9.** nugga, **11.** númer, **12.** yndi, **14.** gróðabrall, **16.** kallorð, **17.** hár, **18.** fiskur, **20.** samtök, **21.** svall.

**LÓÐRÉTT** 1. mælieining, **3.** átt, **4.** leiðbeining, **5.** dýrahljóð, **7.** dýrasjúkdómur, **10.** for, **13.** þvottur, **15.** útungun, **16.** ull, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ösku, **6.** ok, **8.** ver, **9.** núa, **11.** nr, **12.** nautn, **14.** brask, **16.** hó, **17.** ull, **18.** áll, **20.** aa, **21.** rall.

**LÓÐRÉTT: 1.** tonn, **3.** sv, **4.** kennsla, **5.** urr, **7.** kúabóla, **10.** aur, **13.** tau, **15.** klak, **16.** hár, **19.** ll.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 112 milljarðar.
2. Í Office 1.
3. Davíð Smári Helenarson.




**HLJÓMSVEITIN SKEMMTIR EYJAMÖNNUM** Eftir tónleikana sauð upp úr og Gunni Bjarni og Grétar gítarleikarar flugust á MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

### GRÉTAR BULGRETZKY: ÞAÐ VAR BARA FLOGIST Á - ROCK'N ROLL

# Íslenskir Guns N' Roses gítarleikarar slást í eftirpartíi

„Þetta var bara eitthvað orðaskak. Já, það má kannski segja að þetta hafi verið pólitískur tónlistarlegur ágreiningur,“ segir Grétar Bulgretzky annar gítarleikara hinar íslensku Guns N' Roses hljómsveitar. Grétar er annars þekktur fyrir að hafa spilað undir hjá Kalla Bjarna idolstjörnu á sínum tíma og er sagður með síðasta hárið í bransanum um þessar mundir.

Eftir tónleika í Eyjum, á nýjum stað sem heitir Volcano Café, að kvöldi fimmtudags fór hljómsveitin, að hætti rokkhljómsveita, til að fá sér örlitla viskílögg í eftirpartýi sem haldið var á hóteli fyrir ofan staðinn. Þar sauð upp úr milli gítarleikaranna Grétars og Gunna Bjarna sem þekktastur er fyrir að vera í Jet Black Joe. Aðrir í hljómsveitinni gengu á milli en þeir eru Snorri Snorrason kenndur við Idol, Herbert Viðarsson sem er í Skímó og Birgir Nielsen trommari sem hefur meðal annars verið í Landi og sonum.

„Já, það er rétt. Ég var í partýinu. Þessi slagsmál voru stöðvuð mjög smekklega en ég vil ekki tjá mig um málið að svo stöddu,“ segir Birgir. Grétar, sem bjó áður í Grindavík en er nú fluttur út í sveit hjá Selfossi, segir þetta hafa verið eitthvert orðaskak. „Þetta voru nú engar kýlingar. Bara, svona, glíma á gólfinu. Ég vil lítið tjá mig um þetta. Það kom upp einhver ágreiningur og það var bara flogist á. Þetta var ekta rock'n roll.“

Sé hægt að fallast á það þá er Gunni Bjarni lykilmaður í slíkum væringum en frægt er þegar Jet Black Joe lenti í slagsmálum á Ísafirði fyrir um áratug. Hljómsveitin kom til meginlandsins í gær utan að Gunni Bjarni var eftir úti í Eyjum. Ekki er vitað á þessu stigi hvort þetta mun verða til þess að aflýsa þurfi fyrirhuguðu „giggi“ á Skaganum sem búið er að bóka 10. janúar. Grétar segir að það verði að athuga hvernig ástandið á mönnum er og hvernig framtíð bandsins lítur út. „Þetta hlýtur að smella allt saman,“ segir Grétar en ekki munu neinir áverkar vera á gítarleikurunum eftir áflogin. „Það verður tekinn feitur hljómsveitarfundur,“ segir Birgir.

Hljómsveitin er til þess að gera ný-stofnuð. Hún var að koma fram fjórða sinni og var fullt hús í Eyjum líkt og hefur verið á Selfossi, í Grindavík og á Nasa þar sem mættu tæplega sex hundruð manns til að sjá hljómsveitina.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rithöfundarnir **Ólafur Gunnarsson**, Arnaldur Indriðason og Einar Kárason hittast reglulega á Holtinu og skiptast á skoðunum. Allir eru þeir með bók í jólabókaflóðinu og fyrr í vetur gantaðist Ólafur þar með það við Arnald að þetta yrði hörkukeppni milli hans og sín. Ólafur taldi sig fara í tvö þúsund seld eintök en Arnaldur tuttugu þúsund. Þessi spá Ólafs ætlar ekki að reynast rétt því Dimmar rósir stefna í þrjú þúsund eintaka sölu og Myrkáin ætlar að slá öll met og fara yfir þrjátíu þúsund.



Nú sem aldrei fyrr eru menn að koma listrænum afurðum sínum á framfæri og er ýmsum brögðum beitt. Þó er nú kannski einfaldleikinn sem dugar best. Þannig barst hjartnæm kveðja í Óskastundina, sem **Gerður G. Bjarklind** hefur umsjón með á Rás 1, frá harmonikkuleikaranum Sigurði K. Leóssyni í gær til allra vina og þeirra sem keypt hafa nýju plötu hans Ómur kyrrðar sinnar, með samnefndu lagi.



**Reynir Traustason** er í ólgusjó og ýmsir hafa sagt að í ljósi vendinga að undanförnu sé honum tæplega sætt sem ritstjóri DV. Þannig hafa fyrrum ritstjórar þess blaðs, Illugi Jökulsson og Mikael Torfason, báðir sagt að í þessari stöðu væru þeir hættir. En ekki Reynir. Í ljósi þessa er vandséð hvernig Reynir getur farið fram á afsögn ráðamanna í leiðurum sínum en gamli skipstjórinn lét ekki bíða eftir sér með það. Með „tvisti" því í gær talar hann um að umræða um afsögn Björgvins G. Sigurðssonar sé á villigötum og nær væri að Geir Haarde tæki skellinn. Spurt er hvort Reynir sjái sig í sporum Björgvins (en ekki til dæmis Árna Johnsen) en hver er þá Geirinn í ritstjórastétt? **- jbg**




FORLAGIÐ vísir.is

# JÓLALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS VINNINGSHAFAR

**Bækur frá Forlaginu**

Ásta Kristjánsdótttir
Daltún 6

Bjargey Guðmundsdóttir
Hringbraut 80

Eiríkur Ólafsson
Hlíðargata 8

Elín Aðalsteinsdóttir
Aðalgata 18

Eygló Björnsdóttir
Hrafnhólar 8

Heiðrún Guðmundsdóttir
Hvassaleiti 25

Hlynur Geir Guðmundsson
Lómasalir 21

Ingþór Jónsson
Stuðlasel 3

Jónas Hall
Akurbraut 34

Sigríður K. Bjarnadóttir
Prestastígur 11

Vilborg Rafnsdóttir
Ljósheimar 14-18

Þóra Þorgrímsdóttir
Ljósheimar 18a

**Bíókort frá Sambíóunum**

Fanney Steinþórsdóttir
Reykjabyggð 10

Hulda Björk Stefánsdóttir
Tjarnarbakki 6

Inga Dröfn Sváfnisdóttir
Eskivellir 5

Kristín Sördal
Smáraflöt 39

Margrét Halla Johnson
Breiðavík 18

Ómar Örn Aðalsteinsson
Bollagörðum 83

Salka Eyfeld Hjálmarsd.
Reynigrund 83

Sigríður Gísladóttir
Aðalstræti 20

Sigurjón Sveinsson
Reynimelur 90

Valur Oddgeir Bjarnason
Bjarkargata 10

Þorkell Ingi Ingimarsson
Laufengi 70

Ævar Bragason
Efstahjalli 13

**Gjafakort frá Þjóðleikhúsinu**

Anna Björg Thorsteinsson
Álfatún 35

Guðmundur Aronsson
Prestastígur 11

**Taktu þátt á visir.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vinninga skal nálgast í móttöku Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24.
Opið alla virka daga frá klukkan 8-17.


# Auðunn Blöndal hitti Messi

„Þetta er alveg svaðalegt efni sem við fengum frá Barcelonaferðinni,“ segir Auðunn Blöndal. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu þá hefur Auðunn verið að fylgja eftir lífi og starfi íslenskra atvinnumanna. Auðunn var á dögunum á Spáni og hitti þar fyrir tvo af fremstu íþróttamönnum þjóðarinnar: Ólaf Stefánsson og Eið Smára Guðjohnsen. Ferðin til Barcelona var þó eflaust toppurinn því þar fylgdist sjónvarpsmaðurinn með leik Barcelona og Real Madrid sem öllu jöfnu gengur undir nafninu El Clasico.

Eftir leikinn fékk Auðunn að sækja æfingu hjá stjörnuprýddu liði Barcelona og spjallaði lengi um Eið við miðjumanninn Xavi, Lionel Messi og Thierry Henry en franska ofurstjarnan og Eiður eru að sögn spænskra fjölmiðla hinir mestu mátar. Auðunn fékk því miður ekkert að reyna sig á æfingunni sjálfri. „Nei, ég reyndi en þeir litu varla við mér.“ **- fgg**



**STÓRSTJARNA** Auðunn spjallaði stuttlega við Lionel Messi um framgöngu Eiðs með Barcelona.

# Funheit útsala er hafin

# 20-60%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

OPIÐ TIL KL. 22
OPIÐ AÐFANGADAG KL. 10-13

FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## *Lambhúshetta*

Þegar mótmælendur fóru að birtast hér á landi í eftirleik bankahrunsins með lambhúshettur á höfði, óþekkjanlegir, hafði vinur minn á orði að þetta væri hið besta mál. Lambhúshetturnar gerðu nefnilega óánægðum stjórnarþingmönnum og hugsanlega fólki í ábyrgðarstöðum í embættismannakerfinu kleift að mótmæla án þess að þekkjast.

**NÚ** gæti fólk sem alla jafna þyfti annars að segja sem minnst, vera rólynt og yfirvegað, fengið útrás fyrir reiði sína út af kreppunni, dregið lambhúshettuna niður, steytt hnefann, arkað af stað og látið undursamleg og frelsandi ókvæðisorðin dynja á kerfinu. Lambhúshettan er hér fullkomið lykilatriði, en einnig er mikilvægt fyrir fólk sem er mjög þekkt að breyta röddinni þegar öskrað er.

**AUÐVITAÐ** er talsverð áhætta í þessu fólgin. Ekki vill grandvar millistjórnandi í opinberri fjármálastofnun eða í einhverju ráðuneytanna láta afhjúpa sig með egg í lófa og heldur væri það neyðarlegt fyrir, segjum, stjórnarþingmann ef lambhúshettan yrði dregin af honum í miðju hrópi, frammi fyrir sjónvarpsmyndavélum. Þá held ég að yrði athyglisvert Kastljósið um kvöldið og margur Simminn og Seljan setti í brýrnar. Fyrir hinn afhjúpaða yrði þó líklega einna erfiðast að ákveða hvenær væri besti tímapunkturinn til að hætta að breyta röddinni.

**VISSULEGA** fela þessar pælingar í sér einungis kæruleysislegt grín í dumbungslegu skammdegi, en í þessari spegulasjón um gildi lambhúshettunnar í hinni bagalegu stöðu sem upp er komin, felast þó ákveðnir bitastæðir hlutir. Það eru nefnilega fleiri reiðir í samfélaginu en bara mótmælendur úti á götu, þeir sem brjóta rúður eða kasta eggjum. Fólk sem situr bak við skrifborðin eða við fundarborðin í húsunum sem fá eggin á sig er ekki síður reitt.

**MIG** grunar að einhverjir séu alla vega búnir að kaupa lambhúshettu, hvað sem síðar verður. Kannski er hún geymd í skrifborðsskúffunni. Ef hún finnst er viðkomandi hugsanlega búinn að koma sér upp afsökun í huganum. Maður gæti jú þurft lambhúshettu ef maður ákveður að skreppa skyndilega á rjúpu, eða eitthvað.

**REIÐIN** er víða og hún beinist í nokkuð margar áttir. Reiði mótmælenda er skiljanleg og verður fólki á viðeigandi stöðum vonandi hvatning til aðgerða. En fyrir þjóðfélagið til langs tíma væri synd ef reiðin yrði niðurrifsafl, svo hér syði allt í reiði. Við þurfum ekki keppni í reiði. Það er nóg samt. Við þurfum keppni í snilli, raunsæi, góðum hugmyndum og framsýni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 20. desember 355. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.25 | 15.29 |
| Akureyri | 11.38 | 13.10 | 14.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# Jólin koma



**BARNSLIG PARK** sængurverasett
B150xL200cm/B50xL60cm.
Svart/hvítt **3.490,-**



395,-/6 í pk.
**KALLT** skrautkúlur
Ø7cm. Ýmsir litir



**KALLT** skrautlengjur
L5m. Ýmsir litir **95,-**



895,-/stk.
**FABLER** púðar B37xL40cm.
Ýmsar tegundir, ýmsir litir



1.290,-
**KAFFE** kaffipressa 1 lítri H21cm.
Gler/ryðfrítt stál



**SKIMMER** kertastjakar
H35cm. Silfurlitað **1.790,-/stk.**
**SKIMMER** kertastjaki
H28cm. Silfurlitað **1.690,-**



**TROLLSTA** hliðarborð
B38xL38, H40cm.
Gult **7.990,-**



**KALLT** innpökkunarsett
Inniheldur: 3 rúllur og 9 merkimiða.
Ýmsir litir **495,-/settið**



**KLAPPAR FLODHÄST**
mjúkdýr L65cm.
Grátt **2.490,-**



**KNUBBIG** borðlampi Ø20,
H21cm. Glært gler/svart **2.990,-**



**GRILLA** grillpanna L36xB26,
H5cm. Svart **2.390,-**



**TINDRA** ilmsprittkerti
Ø4cm. Rautt **495,-/36 í pk.**



**MOSES** snúningsstóll.
Sætishæð 42-53cm.
Svart **7.990,-**



**KALLT** borðar L5m.
Hvítt/blátt **495,-/2 í pk.**



695,-
**KALLT** innpökkunarsett. Inniheldur:
6 rúllur og 40 merkimiða. Ýmsir litir

© Inter IKEA Systems B.V. 2008



**Dagskrá helgarinnar**

**Laugardagur:**
Flautuleikur kl. 14 og Álafosskórinn kl. 16
**Sunnudagur:**
Samkór Kópavogs kl. 14
**Laugardagur og sunnudagur:**
Andlitsmálun kl. 11-18
Börn fá ókeypis mynd af sér með jólasveininum kl. 12-18
Jólakortagerð barnanna allan daginn

**Helgarsteik**
Kjúklingabringur m/hrísgrjónum, grilluðu grænmeti og sósu.



695,-
Alla helgina kl. 11:30-20:30
IKEA FOOD

**Börnin borða ókeypis fram að jólum!**
Þegar þú kaupir máltíð, fá börnin, tíu ára og yngri, að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðlinum.



IKEA FOOD Alla daga kl. 11:30-20:30

IKEA®
Opið 11-22 fram að jólum
Veitingastaður opinn 9:30-20:30
Þorláksmessa opið 11-18
www.IKEA.is